

Fólkið

Fjöllin

Fjörðurinn

Meðal efnis:

Elstu ljósmyndirnar frá Grundarfirði

Grundarrétt

Fræðslumál í Eyrarsveit

Mjólkursamlagið í Grundarfirði

Upphaf vélbátaútgæðar í Eyrarsveit

Borga og Dóri

Annáll 2001

Unglingur í Grundarfirði

Hraðfrystihús Grundarfjarðar 1940-1950

Holdsvéikraspítalinn Hallbjarnareyri

Frakkar í Grundarfirði á 18. og 19. öldinni

Fiskimið og kort

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

3. hefti



2002

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 3

© 2002 Eyrbyggjar – Hollvínasamtök Grundarfjarðar

Umbrot og myndvinnsla: Mál og mynd ehf.

Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir

Ljósmynd á kápu: Ólafur Hjálmarsson.

Bæring Cecilsson tók forsíðumynd á bók nr.1.

Prentun og bókband: Steinholt

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

Gísli Karel Halldórsson: Formáli	7
Inga Lára Baldvinsdóttir: Elstu ljósmyndirnar frá Grundarfirði.....	9
Njáll Gunnarsson: Mjólkursamlagið í Grundarfirði 1964–1974.....	19
Einar Skúlason: Tækifærisvísur	36
Arnór Kristjánsson: Grundarrétt	38
Gunnar Kristjánsson: Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit	44
Gunnar Kristjánsson: Úr dagbókum Elimars Tómassonar skólastjóra ...	54
Ingi Hans Jónsson: Frá örbirgð til bjargálna.....	69
Jakob Bjarnason: Nokkrar vísur	93
Bergur Bjarnason: Nokkrar vísur	95
Helga Gróa Lárusdóttir: Svipmyndir úr sögu Grundarfjarðar	99
Björg Ágústsdóttir: Af sveitarstjórnarmálum – Annáll 2001	106
Bernskuár í Grundarfirði: Greinar frá yngri Grundfirðingum	120
Gamlar ljósmyndir	145
Vigdís Gunnarsdóttir: Vísur úr kvenfélaginu	150
Valgerður Haraldsdóttir: Um konurnar í kvenfélaginu	151
Oddur Kristjánsson: Grundarfjarðarævintýrið	155
Sigríður Pálsdóttir: Dagbókarbrot frá 1943.....	166
Ester Þórhallsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson: Gamlar lendingar í Eyrarsveit	172
Erla Dóris Halldórsdóttir: Hospítalseyri.....	186
Ásgeir Guðmundsson: Frakkar í Grundarfirði	197
Guðjón Elísson og Elís Guðjónsson: Fiskimið og kort	253

Formáli

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar, og Sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits. Rit þetta er þriðja heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Einstaklingar í Sögunefnd Eyrarsveitar eru tilnefndir af kjörnum fulltrúum Grundarfjarðarbæjar, en Eyrbyggjar eru frjáls félagasamtök. Í metnaðarfullum samþykktum Eyrbyggja segir í 2. grein: „Tilgangur samtakanna er að vinna að eflingu byggðar, atvinnulífs og menningar í Grundarfirði og standa vörð um sögu svæðisins.“ Félagar í Eyrbyggjum eru bæði brottfluttir Grundfirðingar og heimamenn, þ.e. allir þeir sem vilja vinna að markmiðum félagsins. Starf Eyrbyggja hefur fyrst og fremst snúist um að standa vörð um sögu svæðisins og vinna að eflingu menningar í Grundarfirði. Verkefni eins og efling byggðar og atvinnulífs eru svo stór verkefni að þar kemur bæjarstjórn að málum. Starfandi er í Grundarfirði „Félag atvinnulífsins í Grundarfirði“, skammstafað FAG. Uppi hafa verið heitstrengingar milli forráðamanna FAGs og Eyrbyggja að vinna saman að markmiðum félaganna þar sem það á við. Annars hafa formlegheitin svo sem ekki verið mikið að þvælast fyrir okkur. Allir framangreindir aðilar hafa viljað vinna að framgangi góðra málefna og öll samskipti hafa verið ánægjuleg og árangursrík.

Í þessu hefti eru yfir tuttugu greinar. Við höfum fengið fagfólk til að skrifa nokkrar greinar sem varpa ljósi á sögu Eyrarsveitar frá 17. öld fram á 20. öldina. Vegna skoðunar undanfarin ár á sögu Eyrarsveitar hefur okkur orðið ljósara en áður að margt merkilegt hefur gerst í Grundarfirði.

Inga Lára Baldvinsdóttir, safnstjóri ljósmyndasafns Þjóðminjasafnsins, skrifar grein sem hún nefnir „Elstu ljósmyndirnar frá Grundarfirði“. Fyrsti íslenski ljósmyndarinn var Helgi Sigurðsson, síðar prestur á Setbergi í Eyrarsveit, og

fjórði íslenski ljósmyndarinn var Guðbrandur Guðbrandsson búsettur í Grundarfirði frá 1856.

Erla Dóris Halldórsdóttir, sagnfræðingur og hjúkrunarfræðingur, skrifar áhrifaríka grein um holdsveikraspítalann á Hallbjarnareyri. Greinin varpar ljósi á stöðu heilbrigðismála, fáfræði og fátækt þjóðarinnar á 17.–19. öld.

Ásgeir Guðmundsson cand.mag. vann í nokkur ár við söguritun Eyrarsveitar og liggur fyrir talsvert efni í handriti eftir hann. Markmiðið er að gefa þetta efni út þannig að fólk geti kynnt sér sögu sveitarinnar. Hér er birtur kafli Ásgeirs um veru Frakka í Grundarfirði frá upphafi 18. aldar fram til síðari hluta 19. aldar.

Nokkrir heimamenn hafa lagt mikla vinnu og metnað í sínar greinar. Ingi Hans Jónsson hefur safnað gögnum og skrifar grein um upphaf vélbátaútgerðar í Eyrarsveit. Gunnar Kristjánsson, fyrrum skólastjóri, skrifar tvær greinar, annars vegar um fræðslumál í Eyrarsveit á 20. öldinni og hins vegar birtir hann nokkra punkta úr dagbók Elimars Tómassonar, fyrrv. skólastjóra. Njáll Gunnarsson, fyrrv. bóndi, rekur sögu mjólkursamlagsins í Grundarfirði sem starfrækt var á árunum 1964–1974. Arnór Kristjánsson, bóndi á Eiði, segir sögu Grundarréttar sem er yfir 90 ára gömul, en hefur ekki verið notuð sem fjárrétt síðan 1998. Birtur er útdráttur úr endurminningum Odds Kristjánssonar um uppbyggingu Hraðfrystihúss Grundarfjarðar 1940–1950. Sú uppbygging er ná tengd og raunar forsenda fyrir uppbyggingu byggðarlagsins sem varð á þessu tímabili.

Tveir nemar í landafræði við Háskóla Íslands, þau Ester Þórhallsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson, tóku það sem verkefni í skólanum að kanna og skrifa um gamlar lendingar í Grundarfirði. Þessi grein er fróðleg og dýrmæt í söfnun upplýsinga um gamla samfélagið.

Í hverju samfélagi eru einstaklingar sem eru eftirminnilegir. Helga Gróa Lárusdóttir skrifar hugljúfa grein um þau Borgu og Dóra sem settu svip á samfélagið í Eyrarsveit um miðja 20. öldina.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri skrifar annál Grundarfjarðar 2001. Sigríður Pálsdóttir kennari frá Hömrum birtir dagbókarbrot frá árinu 1943. Vegna þess að sagan er alltaf að gerast, kom upp sú hugmynd að fá nokkra yngri Grundfirðinga, sem ólust upp í Grundarfirði á áttunda og níunda áratugnum, til að skrifa um hvernig þeir upplifðu samfélagið sem unglingar. Greinarnar eru lýs-

andi fyrir hvern höfund fyrir sig, en varpa einnig nokkru ljósi á samfélagið. Feðgarnir Guðjón Elísson og Elís Guðjónsson birta nú í þriðja sinn nokkur kort og lýsingar á fiskimiðum. Lýsingar á fiskimiðum eru að hverfa úr notkun þar sem sjómenn vinna eftir GPS-punktum. Þessi söfnun þeirra feðga er því mikilvæg, því hætta er á að annars myndi þessi fróðleikur glatast. Birtar eru nokkrar vísur eftir ýmsa höfunda í Eyrarsveit. Einnig eru birtar nokkrar gamlar ljósmyndir sem oft segja meira en mörg orð.

Þegar þessi bók fer í dreifingu er fyrirhugað að henni fylgi örnefnaljósmynd sem er 100x33 cm að stærð. Örnefnanefnd Eyrbyggja, einkum þau Gunnar Magnússon frá Kirkjufelli og Hildur Sæmundsdóttir ljósmóðir hafa skráð örnefni inn á myndirnar, en margir fleiri hafa komið þar nærri. Guðjón Elísson sá um alla mynd- og tölvuvinnslu. Eyrbyggjar eru hreyknir af þessu verki. Á þessu plakati eru tvær myndir sem sýna fjallahringinn umhverfis Grundarfjörð. Efri myndin er tekin af bát við Melrakkaey. Myndin sýnir nokkurn snjó í fjöllum. Við myndina hefur verið prentað að hún sé tekin 7. júlí 2001, en það er ekki rétt, því myndin var tekin 25. apríl 2001. Þessi prentvilla uppgötvaðist ekki fyrr en eftir að myndin kom úr prentun. Neðri myndin er fjallasýn frá Hamrahlíð og var hún tekin 10. ágúst 2001.

Eins og áður sagði standa Eyrbyggjar og Sögufnd Eyrarsveitar saman að útgáfu þessa rits. Í Sögufnd Eyrarsveitar eru Dóra Haraldsdóttir, Gunnar Kristjánsson og Ólafur Guðmundsson. Í stjórn Eyrbyggja eru Elínbjörg Kristjánisdóttir, Gísli Karel Halldórsson, Guðlaugur Þór Pálsson, Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, Hildur Mósesdóttir og Ólafur Hjálmarsson.

Vísnanefnd Eyrbyggja hefur safnað vísnum sem birtar eru í bókinni og mun halda áfram að safna vísnum og sögum þeim tengdum. Í vísnanefndinni eru Vigdís Gunnarsdóttir, Páll Cecilsson, Gunnar Njálsson og Halldór Páll Halldórsson.

Örnefnanefnd vinnur að söfnun og skráningu örnefna. Í örnefnanefnd eru Hildur Sæmundsdóttir, Gunnar Magnússon og Gísli Karel Halldórsson. Margir fleiri hafa verið kallaðir til og lagt henni lið.

Með þessari bók fylgir örnefnamynd eins og greint var frá hér að framan. Örnefnanefndin hefur einnig staðið fyrir tölvuskráningu á öllum örnefnaskráum Örnefnastofnunar um sveitabæi í Eyrarsveit. Grundarfjarðarbær og Örnefnastofnun styrktu það verkefni. Nokkrir nemar í grunnskóla Grundarfjarðar unnu verkefnið með dyggri aðstoð kennara. Afrakstur af þeirri vinnu hugðust þau leggja í ferðasjóð. Þegar þetta er skrifað eru örnefnaskrárnar til yfirlestrar hjá Örnefnastofnun, en verða væntanlega komnar inn á heimasíður Grundarfjarðarbæjar og Örnefnastofnunar þegar þessi bók kemur út. Fyrirtækið Loftmyndir hefur lagt örnefnanefnd Eyrbyggja til nokkrar loftmyndir af Eyrarsveit ekki þó af allri sveitinni. Örnefnanefnd hefur verið með í gangi skráningu örnefna inn á þessar loftmyndir og hefur sú vinna gengið mjög vel. Fyrirtækið Loftmyndir er að færa örnefnin á þeim svæðum sem eru tilbúin inn á stafræn kort. Fyrirhugað er að taka loftmyndir sumarið 2002 þannig að hægt verði að fullgera kort af allri Eyrarsveit. Í framhaldi af þessu verður hægt að láta prenta góð kort af Eyrarsveit og útbúa sérkort til dæmis gönguleiðakort eða skipulagskort af allri sveitinni.

Að síðustu vil ég þakka bæjarstjórn Grundarfjarðar og bæjarstjórunum Björgu Ágústsdóttur og Eyþóri Björnssyni fyrir velvilja og stuðning við okkar starf.

Ég vil ennfremur þakka öllum greinarhöfundum, samstarfsfólki í Eyrbyggjum og Sögunefnd Eyrarsveitar fyrir góða samvinnu við útgáfu þessarar bókar.

14. júní 2002.

Gísli Karel Halldórsson.

Formaður Eyrbyggja starfsárið 2001–2002.

Inga Lára Baldvinsdóttir, safnstjóri ljósmyndasafns Þjóðminjasafnsins

Elstu ljósmyndirnar frá Grundarfirði

Það tók ljósmyndun, sem var fyrst gerð lýðum ljós í Frakklandi árið 1839, nokkurn tíma að festa rætur á Íslandi. Þessi nýja tækni barst að vísu fljótt til landsins eða aðeins fáum árum seinna þegar Helgi Sigurðsson (1815–1888) kom heim frá námi í Kaupmannahöfn árið 1846. Ekki er vitað hve mikið eða hve lengi Helgi fékkst við ljósmyndun eftir heimkomuna, en ætla má að það hafi aðeins verið í fáein ár á eftir. Það er þó ekki fyrr en tveim áratugum síðar sem hann gerist prestur á Setbergi í Grundarfirði.



Setberg í Grundarfirði 1858. Ljós.: Houzé d'Aulnoit. Þjóðminjasafn Íslands.


Um líkt leyti tóku erlendir ferðamenn einnig að taka myndir á Íslandi. Að minnsta kosti einn þeirra lagði einmitt leið sína til Grundarfjarðar, Houzé d'Aulnoit, liðsforingi á franska eftirlitsskipinu *l'Artémise*, sem tók mynd af kirkjustaðnum á Setbergi árið 1858. Þar sjást bæði kirkjan með grjóthlöðnum garði umhverfis kirkjugarðinn, upphlaðin leiði sem ull hefur verið breidd á til þerris og íbúðarhúsið, stæðilegt torfhús að sjá. Við kirkjuhornið stendur maður og vera kann að þar sé kominn þáverandi sóknarprestur á staðnum, Jón Benediktsson. Í dyrum bæjarins má einnig greina konu sem stendur í gættinni og gægist forvitin á tilfæringar Fransmannanna, því ekki dugði að hafa minna en tvær ljósmyndavélar með í för og stendur ein í kirkjugarðinum, en myndin er tekin á hina. Þetta eru líklega fyrstu Grundfirðingarnir sem teknar voru ljósmyndir af. Ástæða þess að eftirlitsskipið lagði leið sína til Grundarfjarðar var sú að hann var einn þeirra staða á Íslandi þar sem franskir útgerðarmenn og skipstjórar höfðu hug á að koma sér upp aðstöðu í landi. Því rannsókuðu Frakkar strandlengjuna í Grundarfirði sérstaklega. Árið áður en myndin var tekin lá *l'Artémise* í 25 daga við akkeri í Grundarfirði á meðan áhöfnin var við dýptarmælingar og kortlagningu á siglingarleiðinni inn fjörðinn. Sumarið 1858 var Sylvain Allenou, einn stærsti útgerðarmaðurinn í bænum Paimpol á Bretagne-skaga, búinn að kaupa land í Grundarfirði og stóð fyrir fiskverkun þar.¹

Í kjölfar Helga Sigurðssonar komu tveir ljósmyndarar, Siggeir Pálsson sem hafði lært í Ósló og Jón Chr. Stephánsson timburmeistari. Siggeir fékkst við ljósmyndun á Eskifirði og í nágrenni frá 1857, en varð síðar prestur. Jón lærði ljósmyndun í Rønne á Borgundarhólmi og var við ljósmyndun á Akureyri frá 1858. Guðbrandur Guðbrandsson (1828–1881) borgari í Grundarfirði er næsti maður sem vitað er til að hafi fengist við ljósmyndun. Hann er því fjórði Íslendingurinn sem leggur ljósmyndun fyrir sig.

Það gildir það sama um Guðbrand og flesta frumherja í ljósmyndun á Íslandi að heimildir um þá og starfa þeirra eru fátæklegar og brotakenndar. Það má reyna að raða saman brotunum til að fá grófa hugmynd um heildarmyndina, en smáatriðin vantar og engar ítarlegri frásagnir eru varðveittar til að ljá nákvæmari drætti.

Guðbrandur var fæddur á Kleifum í Gilsfirði 17. september 1828, en foreldrar hans, þau Guðbrandur Narfason og Anna Rafnsdóttir, voru ekki gift. Guð-

*Guðbrandur Guðbrandsson.
Þjóðminjasafn Íslands.*



brandur faðir hans bjó á Kleifum og síðar á Vígholtstöðum í Laxárdal og víðar. Anna giftist síðar Guðmundi Jónssyni bónda í Hvítadal í Saurbæjarhreppi í Dölum. Guðbrandur var því ungur settur í fóstur hjá Jóni Jónssyni hreppstjóra á Skarfsstöðum í Hvammshreppi í Dölum.² Árið 1845 er hann til heimilis hjá föður sínum í hjáleigu frá Dönustöðum í Hjarðarholtssókn.³

Samkvæmt sóknarmannatali var Guðbrandur búsettur í Grundarfirði frá árinu 1856, þá 28 ára, og ýmist titlaður þar borgari eða kaupmaður. Hann er sjálfs sín maður án bústofns. Framan af er hann búsettur í fyrsta húsi í plássinu, en árið 1858 giftist hann Andreu Árnadóttur, sýslumannsdóttur frá Krossnesi í Eyrarsveit, og þau hefja búskap í öðru húsi í Grundarfirði, þá nýbyggðu. Eftir giftinguna eignast hann bústofn: eina kú, eina kvígu og eina hryssu.⁴ Hjónaband þeirra Önnu var stutt, því hún lést ári síðar af barnsförum. Til er skráð frásögn af andláti Önnu sem lýsir yfirskilvitlegum hæfileikum Þorleifs Þorleifssonar læknis í Bjarnarhöfn, en hann var sóttur til Önnu í barnsnauð og sá í gegnum holt og hæðir andlát hennar.⁵

Umrót hefur orðið í lífi Guðbrands við það áfall að missa bæði konu sína og barn og virðist hann flytja tímabundið úr Grundarfirði. Talið er að í framhaldi hafi hann numið ljósmyndun. Oscar Clausen rithöfundur taldi að hann hefði lært ljósmyndun í Kaupmannahöfn,⁶ en í raun er það ekki vitað með vissu. Um áramótin 1860–1861 er Guðbrandur kominn aftur í Grundarfjörð og er þá titlaður „borgar mynd“ en mynd er hugsanlega stytting á orðinu myndasmiður.

Eitt gefur Guðbrandi sérstöðu meðal annarra ljósmyndara þess tíma; úr hans förum hefur varðveist leiðarvísir um ljósmyndun eða kennslubók. Bókin er á frönsku og heitir *La Photographie pour tous. Apprise sans maître*, sem þýðir



Guðrún Hjaltalín, kona Jóns Daníelssonar í Grundarfirði, 1865. Ljósmynd: Guðbrandur Guðbrandsson. Þjóðminjasafn Íslands.

Ljósmyndun fyrir alla, lærð án kennara. Hún er eftir L. Mulot og er gefin út í París árið 1858.⁷ Bókin ber þess merki að hún hefur komist í návígi við ljósmyndasölt, því hún er víða blettótt eftir efni sem hafa slest á hana. Þessi franska kennslubók leiðir eðlilega hugann að því mikla návígi sem Grundfirðingar voru í við Fransmenn á þessum tíma. Sú spurning vaknar hvort Guðbrandur hafi jafnvel verið sjálf lærður ljósmyndari, og lært án kennara líkt og bókin gerir ráð fyrir, en við henni fást ekki svör.

Guðbrandur hefur fengist við myndatökur í Grundarfirði og einnig í Stykkishólmi og á Snæfellsnesi. Hann hefur ferðast um nærliggjandi byggðarlög til að leita uppi viðskiptavini. Þetta sést þegar litið er yfir nöfn þeirra einstaklinga sem myndir eftir Guðbrand eru varðveittar af. Því næst hefur hann ákveðið að leita fyrir sér í Reykjavík þar sem fleiri íbúar voru líklegir til að leita eftir þessari þjónustu hans. Hann var að því leyti óheppinn að nú bar svo við að tveir aðrir ljósmyndarar kepptu samtímis um að fá að mynda íbúa höfuðstaðarins, Rasmus Peter Hall veitingamaður og danskur maður að nafni Friis. Friis hafði að sögn gert tilraun til að fyrirfara sér í Danmörku og gripu vinir hans og ættingjar til þess ráðs að senda hann til Íslands og láta reyna á hvort hann gæti ekki sest þar að og stundað myndatökur sér til lífsviðurvaris.⁸ Allir þrír tóku þeir ljósmyndir í Reykjavík sumarið 1861. Guðbrandur hefur verið búsettur í Austurstræti 8, leigt hjá ekkjunni Guðnýju Möller, en hún hafði fleiri en einn leigjanda.⁹ Hvar Guðbrandur hefur haft aðstöðu til að mynda er óvíst, en myndir hans virðast að mestu teknar utan dyra.

Í auglýsingu í *Íslendingi* í september árið 1861 segir svo: „Þeir, sem fá vilja ljósmyndir (Photographie) geta fengið þær hjá mjer, eptir að póstskip er komið


*Sigurður Dahl Guðbrandsson.
Ljós.: Guðbrandur Guðbrandsson.
Þjóðminjasafn Íslands.*



næsta sinn og skal jeg leitast við, að leysa myndirnar svo af hendi, að hlutað-eigendum líki sem bezt. Þeim, er kynnu að vilja, gefst einnig kostur á að læra af mjer að taka þessar ljósmyndir, bæði – Positive – og – Negative – Reykjavík 2. ágúst 1861. G. Guðbrandsson¹⁰.

Með póstskipinu má ætla að Guðbrandur hafi átt von á nauðsynlegum efnum til að geta gert myndirnar, en þau pöntuðu einstakir ljósmyndarar lengi framan af beint frá heildsölum í Kaupmannahöfn. Í auglýsingunni eru tilnefndar tvær myndgerðir, önnur „positive“ en hin „negative“. Þetta krefst nokkurra skýringa. Sú aðferð sem Guðbrandur notaði til að taka myndir var fundin upp árið 1851. Ljósmyndin var tekin á glerplötu sem var forveri ljósmyndafilmunnar. Ljósnaemt efni var borið á plötuna rétt fyrir myndatöku og myndin framkölluð strax að lokinni myndatöku. Síðan voru gerðar pappírsmýndir eftir plötunni. Einnig var hægt að lakka bakhlið glerplötunnar og ramma hana inn. Var þá myndin einstök og ekki hægt að gera eftir henni fleiri myndir. Neikvæð og jákvæð mynd urðu þá eitt og hið sama. Slíkar myndir voru nefndar ambrotýpur og voru rammaðar inn með sama hætti og fyrsta gerð ljósmyndarinnar sem varð almenn, daguerreótýpan, til að líkja eftir henni. Pappírsmýndir eru því „positive“ en glermyndirnar „negative“ samkvæmt auglýsingunni. Guðbrandur virðist fyrst og fremst hafa gengið frá myndum sínum með þeim hætti að þær yrðu „negative“. Ekki er vitað til þess að neinn hafi svarað tilboði Guðbrands og sóst eftir að læra myndasmíði hjá honum.

Ekki átti fyrir Guðbrandi að liggja að flendast í Reykjavík í þetta sinn og gæti það að hluta helgast af því að hann hafi ekki haft næg viðskipti við ljósmynda-gerðina. Árið 1863 er hann fluttur aftur í Grundarfjörð og titlaður borgari í



*Óþekkt kona á peysufötum.
Ljós m.: Guðbrandur Guðbrandsson.
Þjóðminjasafn Íslands.*

manntali. Ári síðar er hann skipaður hreppstjóri samkvæmt tilnefningu sýslumanns og gegnir þeim starfa til ársins 1867.

Guðbrandur giftist öðru sinni árið 1864, Kristjönu Sigurðardóttur. Þau voru þá bæði 35 ára gömul. Kristjana hafði áður verið gift Benedikt Gabriel Jónssyni amtsskrifara og bónda að Hítarnesi í Kolbeinsstaðahreppi á Snæfellsnesi og víðar, en skilið við hann að lögum. Kristjana átti með fyrri manni sínum eina dóttur, Gabriellu. Guðbrandur

og Kristjana eignuðust tvo syni, Andreas Dahl árið 1865 og Sigurð árið 1868. Við fæðingu þeirra beggja er Guðbrandur titlaður photograph í kirkjubókum, þó stafsetningin sé mismunandi, en það bendir til að á þeim árum sé litið svo á að það sé hans helsti starfi. Fullorðnir fóru synirnir báðir til Vesturheims og flentust þar.

Varðveist hefur dagbók Guðbrands frá Grundarfjarðarárum hans og er hún án efa elsta dagbók skráð í Grundarfirði. Dagbókin er lítil kompa 13,2 cm á hæð en rúmir 8,6 á breidd og nær yfir tímabilið frá 1. janúar 1858 til 25. júní 1859. Hugsanleg skýring á að færslur í dagbókina hætta í júnílok er að fyrri kona Guðbrands deyr 7. ágúst. Bókinni hefur síðan verið snúið við og færð í hana dagbók frá 1. janúar 1866 og henni lokið við árslok 1867. Dagbókin flytur fregnir af veðurfari, messuhaldi, gestakomum, helstu verkum sem unnin eru, skipakomum, samskiptum við Fransmenn, drykkjuskap og fleiru. Síðari hluti dagbókarinnar sem er frá þeim árum sem Guðbrandur var við myndatökur er hins vegar næsta fáorður um ljósmyndun Guðbrands. Aðeins einu sinni er á hana minnst, 21. mars 1867: „austan hægð og kóf ... þessa 4 daga hefi eg verid vid pappirsmýndatoku ad vinna“. Bendir það til þess að strax árið 1866 sé farið að

*Óþekkt kona í dönskum búningi og krínólínu.
Ljós.: Guðbrandur Guðbrandsson.
Þjóðminjasafn Íslands.*

draga úr starfa Guðbrands við myndatökurnar.¹¹

Árið 1869 flyst Guðbrandur alfarinn úr Grundarfirði með konu sína, fósturdóttur og syni tvo og þau setjast að í Reykjavík. Eftir það er Guðbrandur jafnan titlaður ljósmyndari í sóknarmanntali. Þegar hann deyr árið 1881 ber samt svo við í dánarinnskrift hans í kirkjubækur að hann er nefndur „húseigandi, ljósmyndari að fornu“, sem bendir til að hann hafi þá fyrir löngu verið hættur að taka myndir.

Í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittar 27 ambrotýpur og glerplötur frá Guðbrandi og tvær ljósmyndir teknar á pappír og eru flestar þessara myndar, eða 18 þeirra, þangað komnar frá afkomendum Kristjönu Sigurðardóttur, síðari konu hans. Myndirnar hafa borist frá þeim í nokkrum áföngum, sú fyrsta árið 1909 og þær seinustu sem hluti af svonefndu Iðnminjasafni árið 1976. Einnig hefur Oscar Clausen rithöfundur selt safninu þrjár myndir eignaðar Guðbrandi. Pappírsmyndirnar eru útimyndir teknar af húsum í Reykjavík, en hinar myndirnar eru allar af fólki og flestar einstaklingsmyndir eins og þá var almennast eða 24. Um helmingur myndanna er af nafngreindu fólki, en hinn er óþekktur.

Eins og vænta má með ljósmyndir frá þessum tíma eru fyrirsæturnar vandlega uppstilltar, svipbrigðalausar og næsta alvarlegar á svip. Fólkid ýmist situr eða stendur og hvílir aðra höndina á smáborði eða stól, en hin ýmist hvílir í kjöltu eða hangir með síðunni. Eðlilegustu myndunum nær Guðbrandur af stjúpóttur sinni Gabriellu og syni sínum Andreasi Dahl. Áberandi er hve margar kvennanna virðast mittismjóar á myndunum, en það var einmitt nýjasta tíska í Evrópu um 1854 til 1866. Á þeim tíma var lykillinn að mjóu mitti



lífstykkið sem konur reyrdi um sig fyrir ofan mitti og krínólínan sem var ætlað að þenja út undirpilsíð og pilsíð. Þannig bárust tiskusiðir úr hirðsölum Evrópu, þar sem konur vildu ná ákveðinni fjarlægð frá samfylgdarmönnum og vírgirðast, norður til Íslands. Nægt pláss var almennt í ballsölum yfirstéttarfólks í Evrópu til að konur gætu skartað þessum búnaði að vild, en í þröngum vistarverum á Snæfellsnesi eða í Reykjavík hefur dugað að ein kona íklædd krínólínu væri í herbergi til að það fylltist.¹²

Safn mynda Guðbrands er einstakt. Engar frummyndir eru varðveittar frá Helga Sigurðssyni, Siggeiri Pálssyni, Rasmus Peter Hall eða Friis. Myndasyrpa Guðbrands er því sú elsta eftir íslenskan ljósmyndara sem varðveist hefur.

Tilvísanir

¹ Æsa Sigurjónsdóttir: *Ísland í sjónmáli*, Rv. 2000, 48.

² Jón Guðnason: *Dalamenn. Æviskrár 1703–1961*. III. bindi, Rv. 1959, 59.

³ *Manntal á Íslandi 1845. Vesturamt*, Rv. 1983, 160.

⁴ Þ.Í. Snæf. Eyrarsveit. Hreppsþók 1836–1856 og Hreppsþók 1857–1867. Kirkjubækur Setbergs.

⁵ Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi*, Rv. 1950, 86.

⁶ Þjóðminjasafn Íslands. Oscar Clausen: Minnisblað um Guðbrand Guðbrandsson.

⁷ Bókin er varðveitt í myndadeild Þjóðminjasafns.

⁸ Baring-Gould, Sabine, *Iceland, its Scenes and Sagas*, London 1863, 39.

⁹ Árni Óla, *Horft á Reykjavík*, Rv. 1963.

¹⁰ *Íslendingur* II, 80 (10.9. 1861).

¹¹ Dagbókin er í fórum Sveins Einarssonar leikhúsfræðings, en hann er afkomandi Gabrielu stjúpdóttur Guðbrands.

¹² R. Broby-Johansen, *Krop og klær*, Kaupmannahöfn 1985, 187–188.

Njáll Gunnarsson

Mjólkursamlagið í Grundarfirði 1964–1974

Allt frá landnámi hafa bændur alið búfé til mjólkurnytja. Aðallega hafa kýr gefið af sér mjólk til manneldis, en einnig kindur og geitur. Hér í Eyrarsveit hafa bændur alið kýr til mjólkur og þær verið mismunandi margar á bæjum og þá einnig eftir árferði. Segja má að vinnsla og meðferð mjólkur hafi verið hin sama á landinu allt fram að upphafi síðustu aldar. Mjólk var látin setjast í trogum og undanrennan skilin frá. Rjóminn var strokkaður í bullustrokkum og varð þá til smjör. Úr undanrennu var unnið skyr og mysa og áfir nýttar til matar.

Árið 1895 eru fyrst fluttar inn skilvindur og urðu þær almennar á bæjum á fyrstu tugum tuttugustu aldar og þá fara að flytjast til landsins strokkar úr stáli sem voru handsnúinir. Mjaltavélar voru fyrst fluttar til landsins 1927.

Með auknum mannfjölda í kaupstöðum og bæjum komu fram kröfur um hreinlæti mjólkurvara, svo sem gerilsneyðingu mjólkur. Í bókinni *Landið þitt* eftir Þorstein Jósepsson, 1970, er getið um Stefán B. Jónsson frá Kirkjufelli í Eyrarsveit f. 1861, d. 1928. Hann var hugvitsmaður og tæknifræðingur, dvaldist um skeið í Ameríku, kom heim 1899 og hafði síðar brautargöngu um gerilsneyðingu mjólkur.

Í Eyrarsveit voru margar þurrabúðir sem höfðu ekki kýr eða grasnyt og ekki skepnur, hefir fólk þar fengið mjólk á bóndabýlum og þó einkum fyrir börn.

Eftir að þéttbýlismyndun hefst í Grafarnesi um 1940 voru íbúarnir í fyrstu sjálfum sér nógir um mjólk. Áttu kýr sem þeir fluttu með sér úr sveitinni, en

fyrstu íbúar komu meðal annars þaðan. Það mun svo hafa verið um og fyrir 1950, að bæir sem næst lágu Grafarnesi fóru að selja mjólk í þorpið. Um og upp úr 1950 óx ræktun túna í sveitinni sem gaf möguleika á meiri framleiðslu og var þá horft til mjólkurframleiðslu samhliða sauðfjárframleiðslu. Mjólkursala vex frá þeim bæjum sem seldu mjólk og íbúatalan steig einnig í Grafarnesi. Þannig var staðan um 1960 og þar til Mjólkurstöðin tók til starfa.

Mjólkursalan fór þannig fram að hver bóndi hafði sína neytendur og fór lítratalan eftir stærð fjölskyldu og talan 2–6 lítrar ekki fjarri lagi og svo upp í tugi lítra þar sem matsala var og þá á veturnum eins og var í Hraðfrystihúsinu. Rjúma fengu neytendur hjá bændum eftir þörfum. Hver bóndi fór með mjólk sína í hús til neytenda, kom með fullan brúsa og tók tóman. Síðustu árin var farið í húsakynni gamla Kaupfélagsins með brúsana, en þar var komið fyrir hillum undir þá. Bændur fóru daglega með mjólkina eftir mjaltir og gegningar á morgnana og að sjálfsögðu unnu þeir ekki að verkum heima fyrr en þeirri ferð var lokið. Þá gátu þessar ferðir verið erfiðar á snjóavetrum og þegar hvassviðri var og hálka á vegum. Þingholtsbrekkan, Grjótáin og lækirnir milli Spjarar og Bárar voru illræmdust fyrir þá sem lengst þurftu að fara. Hver bóndi átti jeppabíl sem notaður var í flutningana og hægt er að segja frá erfiðum ferðum á þessum árum. Þá er þess að geta að sú mjólk sem framleidd var í sveitinni og ekki seld í Grafarnes var skilin og rjóminn strokkaður og búið til smjör sem var mótað í kílóamótum og selt í verslunum. Hvert heimili átti sitt númer og enn eru þessi mót til á bæjum. Ég hygg að svipuð tilhögun hafi verið í sveitunum og þorpunum austan og vestan við okkur.

Mjólkursala á norðanverðu Snæfellsnesi um 1960

- Neshreppur utan Ennis var sjálfum sér nógur með mjólk. Í Fróðárhreppi voru níu býli og seldu öll mjólk til Ólafsvíkur.
- Í Eyrarsveit voru þrjátíu býli og seldu átta bændur mjólk til Grafarness. Þá voru íbúar í Grafarnesi um 400.
- Í Helgafellssveit voru sautján býli í byggð og af þeim höfðu átta nokkuð örugga mjólkursölu.
- Í þorpunum á norðanverðu Snæfellsnesi var á þessum tíma nokkur kúaeign.

Vegir á norðanverðu Snæfellsnesi

Unnið var að brú og vegi um Mjósund og fyrst farið yfir brúna haustið 1960, en hún vígð í september 1961. Jafnframt var unnið að vegarlagningu um Búlandshöfða og vegurinn opnaður til umferðar síðari hluta sumars 1962. Vegur um Ólafsvíkurenni var tekinn í notkun sumarið 1963.

Mikilsverðar forsendur fyrir einni mjólkurstöð á norðanverðu Snæfellsnesi voru þessar vegabætur.

Aðdragandi að stofnun Mjólkursamlagsins í Grundarfirði

29. júlí árið 1960 var fundur haldinn í samkomuhúsinu í Grafarnesi að tilhlutan hreppsnefndar Eyrarsveitar. Halldór Finnsson oddviti setti fund og stjórnáði. Njáll Gunnarsson ritaði fundargerð, en á þessum árum var ég í hreppsnefnd og þá fundarritari. Ræða skyldi stofnun mjólkurfélags bænda í Eyrarsveit. Mættir voru 16 bændur. Halldór Finnsson oddviti sagði frá áhuga manna á öðrum stöðum í sýslunni á byggingu mjólkurstöðvar á Snæfellsnesi, svo sem Vegamótum, Stykkishólmi og Ólafsvík, að ótöldum Eyrarsveitungum sem vildu byggja mjólkurstöð í Grafarnesi. Halldór sagðist hafa talað við Svein Tryggvason framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs um þessi mál. Hafði Sveinn lýst áhuga sínum á að reist yrði ein mjólkurstöð á norðanverðu Snæfellsnesi og það í Grafarnesi.

Eftir umræður á fundinum var samþykkt að kjósa þrjá menn í nefnd til að undirbúa stofnun mjólkurfélags í Eyrarsveit sem fyrst. Í þessa nefnd voru kosnir Halldór Finnsson oddviti, Gunnar Njálsson, Suður-Bár og Ragnar Guðjónsson, Hópi.

Sunnudaginn 18. september 1960 komu tuttugu og þrjár bændur í Eyrarsveit saman í Samkomuhúsinu. Til fundarins boðaði undirbúningsnefndin sem hafði verið kosin fyrr um sumarið og skyldi þessi fundur vera stofnfundur mjólkurfélags bænda í Eyrarsveit. Ragnar Guðjónsson, Hópi, setti fundinn og stjórnáði og Njáll Gunnarsson ritaði fundargerð. Ragnar las uppkast að lögum félagsins. Nokkrar umræður urðu um uppkastið og stofnun félagsins. Síðan var uppkastið samþykkt með litlum breytingum. Félag þetta var með samvinnusniði og skyldi vinna að stofnun mjólkurstöðvar í Eyrarsveit og hlaut nafnið Mjólkurfélag Eyrarsveitar.



Njáll Gunnarsson.

Kosnir voru þrír aðalmenn í stjórn:

Jóhann Ásmundsson, Kverná,
Njáll Gunnarsson, Suður-Bár,
Ingvar Agnarsson, Kolgröfum.

Til vara:


Gunnar Njálsson, Suður-Bár,
Bjarni Sigurðsson, Berserkseyri,
Ragnar Guðjónsson, Hópi.

Stjórnin skipti með sér verkum og var kosinn formaður Njáll Gunnarsson og meðstjórnendur Ingvar Agnarsson og Jóhann Ásmundsson.

Fljótlega eftir stofnfundinn fór stjórnin á fund Sveins Tryggvasonar framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs og talaði fyrir að reist yrði mjólkurstöð í Grundarfirði sem Sveinn var hlynntur eins og áður segir. Þess skal getið að Framleiðsluráð hafði vald til að ákveða skipan mjólkursölvsvæða og framleiðslu í landinu.

25. september 1960 boðaði stjórn Mjólkurfélagsins bændur í Helgafellssveit til fundar að Skildi. Var mjög góð mæting bænda, en af hálfu Eysrveitunga mættu Njáll Gunnarsson, Jóhann Ásmundsson og Gunnar Njálsson. Eftir líflegar umræður var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum tillaga um að byggð yrði ein mjólkurstöð á norðanverðu Snæfellsnesi. Helgafellingar vildu að stöðin yrði byggð í Stykkishólmi.

1. október 1960 skrifar stjórn Mjólkurfélagsins bréf til Framleiðsluráðs þar sem hún sækir um byggingu mjólkurstöðvar í Grafarnesi. Stjórnin skýrði frá hugmynd sinni um að félagssvæði mjólkurstöðvarinnar yrði sveitirnar á norðanverðu Snæfellsnesi og stöðin rekin með samvinnusniði sem önnur mjólkurbú. Grafarnes væri miðsvæðis með gott byggingarefni og nóg vatn. Stjórninni barst svarbréf frá Framleiðsluráði, dagsett 9. des. 1960, þar sem meðal annars stóð og er vitnað í fundargerð: „Eftir nokkrar umræður samþykkti fundurinn



Mjólkurstöðin í Grundarfirði.

að mæla með stofnun mjólkurstöðvar í Grafarnesi. Einnig að Mjólkursamsalan í Reykjavík tæki að sér framkvæmdir í málinu, þar eð þetta svæði telst til fyrsta mjólkursölusvæðis.“

Þetta bréf vakti mikla gleði í Grundarfirði og var nú unninn hálfur sigur í málinu.

Á þessum tíma var Mjólkursamsalan í Reykjavík ekki búin að ákveða að taka að sér byggingu mjólkurstöðvar eða ákveða stað fyrir stöðina. Nú hófst heima fyrir mikil togstreita um staðarval. Á fyrstu mánuðum ársins 1961 voru sendar ályktanir til Mjólkursamsölnunar frá forráðamönnum sveitarfélaganna í Eyrarsveit, Fróðárhreppi, Ólafsvík og Neshreppi til styrktar staðsetningu stöðvarinnar í Grafarnesi og þá einnig frá bændum á þessu svæði. Stjórn Búnaðarsambands Snæfellinga og stjórn Kaupfélags Stykkishólms mæltu eindregið með Vegamótum. Skógarstrandarhreppur, Helgafellssveit og Stykkishólmshreppur óskuðu ákveðið eftir að Stykkishólmur yrði fyrir valinu.

Hinn 1. maí 1961 var boðað til fundar í Reykjavík að tilhlutan stjórnar Mjólkursamsölnunar þar sem ræða skyldi byggingu mjólkurbús á Snæfellsnesi. Mættir á þennan fund voru Stefán Björnsson forstjóri Mjólkursamsölnunar, Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framreiðsluráðs og Snæfellingarnir

Gunnar Guðbjartsson, Hjarðarfelli, Gunnar Jónatansson ráðunautur, Stykkishólmi, Leifur Jóhannesson ráðunautur, Stykkishólmi, Halldór Finnsson oddviti, Eyrarsveit og Gunnar Njálsson bóndi, Suður-Bár.

Samkvæmt fundargerð þessa fundar voru menn sammála um nauðsyn á stofnun mjólkurbús. Ágreiningur var alger um staðarval, allir þrír staðirnir taldir bestir af einhverjum, en fráleitir af öðrum. Ályktun um aðgerðir til framkvæmda var engin gerð enda ekki samstaða um neitt. Eftir því sem faðir minn Gunnar Njálsson sagði, þegar heim kom, var þetta mikill átakafundur og ekki spöruð stóru orðin og eftir þennan fund komu Vegamót ekki til greina.

Á fundi stjórnar Mjólkursamsölunnar 2. maí 1961 var tekið fyrir erindi Framleiðsluráðs frá 9. des. 1960 þar sem stjórn þess mælir með stofnun mjólkurbús í Grafarnesi og að Mjólkursamsalan í Reykjavík taki að sér framkvæmd málsins.

Stjórn Mjólkursamsölunnar samþykkti einróma að verða við þessum til-mælum og byggð yrði mjólkurstöð í Grafarnesi. Þessi ákvörðun Samsölunnar var studd þeirri skoðun stjórnar og forstjóra að byggð yrði stöð á þeim stað sem hagkvæmastur væri frá skipulagslegu, tæknilegu og viðskiptalegu sjónar-miði. Grafarnes hefði yfirburði á þessu sviði.

Um sumarið fór Stefán Björnsson forstjóri í kynningarferð um Vesturland og kynnti sér aðstæður og um haustið fór hann til Svíþjóðar og pantaði vélar í mjólkurbúin bæði í Grafarnesi og Búðardal þar sem Samsalan tók að sér að byggja stöð á sama tíma.

Uppbygging

Hreppsnefnd Eyrarsveitar ásamt skipulags- og byggingarnefnd hafði tekið frá lóð undir væntanlega stöð, þ.e. milli Hrannarstígs og Eyrarvegar og frá Grundargötu og langt niður í mýri eða þar sem nú er leikskólalóðin, stór lóð og ekki við nögl skörin.

Hinn 6. apríl 1962 fara þeir vestur á Snæfellsnes, Stefán Björnsson forstjóri Samsölunnar, séra Sveinbjörn Högnason stjórnarformaður og Einar Ólafsson, Lækjarhvammi, stjórnarmaður og í þeirri ferð eru ákveðnar byggingarframkvæmdirnar. Ég hefi ekki fundið neitt skriflegt um þessa ferð hér heima, en man að við Halldór Finnsson oddviti tókum á móti þeim í skrifstofu hreppsins

sem þá var til húsa í kjallara blokkarinnar við Grundargötu. Við gengum með þeim út að lóðinni og lýstu þeir mikilli ánægju með staðarvalið. Stórum áfanga var náð í framfaramálum sveitarinnar.

Í júní 1962 voru byggingarframkvæmdir hafnar í Búðardal og Grafarnesi. Byggingarmeistari stöðvarinnar í Grafarnesi var Björn Guðmundsson, Grafarnesi. 8. júní 1961 var Kaupfélag Grundfirðinga stofnað. Kaupfélagsstjóri var Húnbogi Þorsteinsson og stjórnarformaður Gunnar Njálsson. Þeir fóru á fund Stefáns Björnssonar forstjóra og buðust til að kaupa inn það byggingarefni sem til þyrfti í bygginguna og var því boði tekið. Þessi viðskipti voru kærkomin ungu verslunarfélagi og Samsölunni mikils virði. Þess skal getið að fleiri verslunarfélög vildu taka að sér þessa fyrirgreiðslu.


Um fjármögnun bygginganna í Grafarnesi og Búðardal er þess að geta að Samsalan hafði enga sjóði til að leggja í byggingarnar. Eina lánið sem hún fékk til Grafarnesbúsins hér heima fyrir var í Sparisjóði Eyrarsveitar, kr. 500.000. Þau lánsloforð sem Sparisjóður Stykkishólms og bændur í Helgafellssveit höfðu gefið til byggingar mjólkurstöðvar voru dregin til baka þegar stöðin var byggð í Grafarnesi.

Lán á þessum tíma lágu ekki á lausu og 1964 veðsetur Samsalan mjólkurbúin í Búðardal og Grafarnesi, vélar og tæki, vegna lána sem taka þarf vegna þessara mjólkurbúa.

Um mitt ár 1963 var bústjóri ráðinn, Bent Bryde, ungur og duglegur mjólkurfræðingur. Þá þegar var byrjað að flyta mjólk til Borgarness á vegum samsölnunnar. Var mjólk tekin í Fróðárhreppi, Eyrarsveit og Helgafellssveit og farið með hana suður á Vegamót í veg fyrir Borgarnes-mjólkurbíl sem sótti mjólk í sveitirnar sunnanfjalls. Bílstjóri í þessum ferðum var lengst af Guðni Gústafsson, Grafarnesi, sem jafnframt vann við aðdrætti að stöðinni frá Reykjavík meðan uppsetning véla og tækja stóð yfir, en við það vann Bent ásamt öðrum eftir að hann kom.

Við bændur vorum fræddir um starfsemina og man ég að við Bent fórum sumarið 1963 á hvern bæ á svæðinu og sögðum frá fyrirhugaðri starfsemi. Í Neshreppi komum við á Sveinsstaði, Ingjaldshól og Ríf, og minnstæð er mér heimsóknin til Þorgils gamla á Þorgilsstöðum og á fleiri bæi sem nú eru löngu komnir í eyði. Var okkur alls staðar vel tekið.

Föstudaginn 24. janúar 1964 var haldinn fundur í Samkomuhúsinu í Grafar-



Bent Bryde mjólkurfræðingur og bústjóri á skrifstofu sinni 1990–1991. Ljósni.: Dagbjört Guðmundsdóttir.

nesi að tilhlutan stjórnar Mjólkursamsölnnar. Mættir voru Stefán Björnsson forstjóri og stjórnarmennirnir Sverrir Gíslason, Hvammi, Einar Ólafsson, Lækjarhvammi og Sigurgrímur Jónsson, Holti, sem skrifaði fundargerð. Ágúst Lárusson Kötluholti stjórnaði fundi. Stefán Björnsson gerði bændum, sem voru fjóurtíu og fimm, grein fyrir stofnun og væntanlegri starfsemi mjólkurstöðvanna og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Samþykkt var á fundinum að fela Mjólkursamsölnni í Reykjavík að sjá um mjólkurflutninga að búinu. Þá var samþykkt að kjósa tvo bændur úr hverjum hreppi til að sjá um félagsstofnun bænda á svæðinu. Í nefndina voru kosnir:

- Úr Neshreppi Jörundur Þórðarson, Ingjaldshóli, Kristófer Jónsson, Sveinstöðum.
- Úr Fróðárhreppi: Sigurður Hjartarson, Völlum og Ágúst Lárusson, Kötluholti.
- Úr Eyrarsveit: Þorkell Gunnarsson, Akurtröðum og Njáll Gunnarsson, Suður-Bár.
- Úr Helgafellssveit: Haukur Sigurðsson, Arnarstöðum og Bjarni Jónsson, Bjarnarhöfn.

Um kvöldið var haldin vígsluhátíð í samkomuhúsinu í boði Samsölnnar. Mættir voru boðsgestir og bænda fólk og iðnaðarmenn sem að byggingunni komu. Voru veitingar veittar af myndarskap og fór samkoman í alla staði vel fram og allir voru glaðir.

Starfsemi mjólkurstöðvarinnar

Mjólkurstöðin í Grafarnesi tók til starfa 20. febr. 1964 og Mjólkurstöðin í Búðardal tók til starfa 18. mars 1964. Til stöðvarinnar barst mjólk frá 4 hreppum norðanfjalls. Um mitt ár 1964 var tala mjólkurinnleggjenda fimmtíu og frá þeim bárust til samans 691.983 l og 1965 var innleggið 827.116 l. Ef þörf var á meiri mjólk en til samlagsins barst var hún sótt til Búðardals og svo öfugt ef meiri mjólk barst til Grafarnesbúsins en nota þurfti. Á sölusvæði beggja búanna bjuggu nálægt 2400 manns.

Í stöðinni var framleidd gerilsneydd mjólk, rjómi, skyr, súrmjólk, undanrenna og mysa. Aðrar söluvörur komu frá Samsölunni í Reykjavík. Tveir mjólkurbílar voru til flutninganna að og frá búinu. Á morgnana fór annar bíllinn með söluvöru í mjólkurbúð í Stykkishólmi og tók svo mjólk í Helgafellsveit og á nokkrum bæjum í Eyrarsveit í bakaleiðinni. Eftir hádegi fór sami bíll með vörur í mjólkurbúðirnar í Ólafsvík og á Hellissandi og tók svo mjólk hjá bændum í bakaleiðinni. Á morgnana fór hinn bíllinn í Framsveit og sótti mjólk. Aldrei var farið heim á bæi heldur voru mjólkurbrúsarnir teknir af brúsapalli við aðalveg, en þangað fluttu bændur þá sjálfir.

Árið 1964 var mjólkurstöðin fullbyggð og með vélum, bílum og tækjum kostaði hún sex milljónir kr. Mjólkurstöðvarbyggingin var glæsileg. Að innan flísalögð í hólfi og gólf og glansandi vélar í vélasal, olúkyntur gufuketill í ketilhúsi, en gufan frá honum var



*Úr vinnslusal
mjólkurstöðvarinnar,
mynd tekin 1966–
1967.*

*Ljósm.: Dagbjört
Guðmundsdóttir.*



Úr mjólkurbúð 1966–1967.
Ljós.: Dagbjört Guðmundsdóttir.

m.a. notuð við gerilsneyðingu mjólkurinnar.

Mjólkurbúðin var í suður-enda stöðvarhússins og þar falleg afgreiðslustúlka við störf. Innangengt var úr vinnslusal, en inn í búðina að utan var gengið um dyrnar þar sem nú er inngangur Landsbankans. Mjólkurbúðin var opin virka daga frá 10–12 og 14–18. Mjólkinn var seld í lausu máli og komu viðskiptavinirnir með brúsa eða önnur ílát

undir mjólkina. Rjóminn var seldur í flöskum. Um 1970 var tekin í notkun fernupökkunarvél og var það mikið framfaraspor.

Starfsfólk

Bent Bryde var, auk þess að vera mjólkurbússtjóri, mjólkurfræðingur stöðvarinnar og vann á skrifstofu og var svo allt til loka.

Eins og áður er getið hóf Guðni Gústafsson störf 1963. Auk þess að vera bílstjóri vann hann í stöðinni. Eftir að Guðni hætti 1973 tók við Jón Tryggvason. Þegar stöðin tók til starfa í febrúar hóf Kristján Torfason, Skallabúðum, störf og var fram í júní, en þá tók við Sigurður Lárusson, Gröf, og vann allt til loka. Sem aðalbifreiðarstjóri á mjólkurbílnum byrjaði Hálfván Daði Hinriksson, en við af honum tók Friðjón Hjartarson en hann lést 1971. Þá var ráðinn Einar Skarphéðinsson frá Grund og var hann allt til loka. Eftir 1969 unnu í afleysingum í sumarfríum, Hafsteinn Jónsson og bræður hans, Ingi Hans og Hermann. Þeir leystu m.a. af Guðna Gústafsson og fóru á mjólkurbílnum í Framsveit auk þess að

Guðni Gústafsson og Sigurður Lárusson við vinnu sína í mars 1967. Ljósmynd: Dagbjört Guðmundsdóttir.



vinna í stöðinni. Á þessum árum mokaði vegagerðin snjó af vegum á veturna tvisvar í viku. Ef mjólkurstöðin fékk vegagerðina til að moka utan þessara daga varð hún að borga helming kostnaðar. Mik­ið reyndi á mjólkurbílstjórana í snjóaköflum og ekki óalgengt að þá færi maður með bílstjóranum, því oft þurfti að grípa til skóflunnar og handmoka.

Ég tel rétt að nefna nöfn stúlkanna sem unnu í mjólkurbúðinni, en þær tilheyrðu starfsstétt sem nú er ekki lengur til. Sérstakar mjólkurbúðir voru smátt og smátt lagðar niður, sú síðasta 1977, og mjólkurvörur seldar í matvöruverslunum. Fyrstu árin var ein stúlka við störf, en seinni árin tvær og þá önnur alfarið í salnum. Fyrsta stúlkan sem starfaði í mjólkurbúðinni var Jósefína Guðmundsdóttir í um eitt ár, þar næst Birna Pétursdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir sem vann 1966 og 1967. Ásta Jeremíasdóttir og Hulda Jeremíasdóttir. Kristín Sigurðardóttir, Helga Albertsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Sigríður Hallgrímsdóttir unnu allar um lengri eða skemmri tíma. Guðrún Gísladóttir byrjaði að vinna í stöðinni og mjólkurbúðinni haustið 1973, þá 15 ára. Þegar hætt var að taka á móti mjólk 28. febrúar 1974 og neysluvörur fluttar frá Búðardal, varð Guðrún forstöðumaður búðarinnar og starfsmaður Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og hafði mikið kaup, að henni fannst. Í ágúst 1974 hætti Guðrún og fór í skóla. Var búðinni þá lokað, en mjólkurvörurnar seldar í Kaupfélaginu og Versluninni Grund. Um svipað leyti var farið að selja mjólkurvörurnar í matvöruverslunum á hinum



Úr mjólkurbúð. Kristín Þórðardóttir. Sundurmæling á mjólk 1966–1967. Ljósni.: Dagbjört Guðmundsdóttir.

stöðunum.

Eftir að mjólkurstöðinni var lokað voru vélar fluttar eftir þörfum til Búðardals, þar á meðal fernupökkunarvélin og enn eru í notkun þar vélar úr Grundarfjarðarbúinu. Eftir að húsið var sett á söluskrá keypti Olúfélagið Esso húsið og á það enn og hefir frá árinu 1977 rekið þar sölu á bensíni, olíuvörum og matvörum auk annara vörutegunda. Í austurenda hússins, þar sem mjólkurbúðin

var, flutti skrifstofa Eyrarsveitar og var þar þangað til hún flutti í eigið húsnæði í Búnaðarbankahúsinu. Árið 1991 flutti þangað starfsemi Landsbankans og er þar enn.

Félagsmál bænda

Mjólkurfélag Eyrarsveitar starfaði af krafti meðan barist var fyrir því að mjólkurstöð risi í Grundarfirði, sem var eina markmið félagsins. Eftir að byggingarframkvæmdir hófust við stöðina fékk Mjólkurfélag Eyrarsveitar hægan og fagan dauðdaga.

Eins og áður er getið voru á fundi 24. jan. 1964 kosnir sex bændur í nefnd til að vinna að stofnun félags mjólkurinnleggjenda á svæðinu og 11. maí um vorið kom nefndin saman og samdi uppkast að lögum væntanlegs félags og boðaði til stofnfundar 5. júní 1964.

Á þeim fundi var samþykkt uppkast að lögum félagsins með litlum breytingum. Félagið hét Mjólkursamlagið í Grundarfirði, og voru lög félagsins

*Inngangur
mjólkurstöðvarinnar.
Hermann Jóhannesson,
Jón Tryggvason, Helga
Albertsdóttir. Ljós m.:
Kristín Kristjánsdóttir
frá Eiði.*



svipuð þeim lögum sem giltu um framleiðslufélög sem rekin voru með samvinnusniði.

Í stjórn félagsins voru kosnir Ágúst Lárusson, Kötluholti, Björn Jónsson, Kóngsbakka, Bjarni Jónsson, Bjarnarhöfn, Jóhann Ásmundsson, Kverná og Njáll Gunnarsson, Suður-Bár. Kosnir voru varamenn í stjórn, endurskoðendur og varaendurskoðendur. Ágúst Lárusson var kosinn fulltrúi á aðalfund Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík og til vara Björn Jónsson, Kóngsbakka, og voru þeir endurkosnir meðan félagið starfaði. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að formaður var kosinn Njáll Gunnarsson og stjórnaði hann fundum, og ritari Ágúst Lárusson. Var stjórnin óbreytt öll árin nema á aðalfundi 1970 að Ingvar Agnarsson, Kolgröfum, var kosinn í stað Jóhanns Ásmundssonar. Yfirleitt voru aðalfundir haldnir í júní og stjórnarfundir eftir þörfum. Á aðalfundina mættu Stefán Björnsson forstjóri og einhverjir stjórnarmenn og starfsmenn, s.s. Oddur Helgason sölustjóri og einu sinni kom Guðbrandur Hlíðar dýralæknir, en hann var forstöðumaður rannsóknarstofu Samsölnunnar. Allir þessir menn hvöttu til góðrar kælingar á mjólk og hreinlætis auk þess sem Stefán las upp og skýrði reikninga samlagsins. Bændur mættu vel á fundina sem voru fróðlegir.

Mjólkurinnleggið fór heldur minnkandi, t.d árið 1968 var það 823.947 lítrar og ef vantaði mjólk var hún sótt í Búðardal. Innleggjendum fór fækkandi og

árið 1970 voru þeir orðnir þrjátíu og sjö og var það áhyggjuefni þegar um framtíð stöðvarinnar var að ræða. Á árinu 1972 var uppi orðrómur um að búast mætti við að mjólkurstöðin yrði lögð niður vegna lítils mjólkurinnleggs og vatnsskorts sem var farinn að há starfseminni.

Á aðalfundi 1972 var samþykkt ályktun í þá veru að mjólkurstöðin yrði ekki lögð niður. Þá var samþykkt tillaga um að farið yrði í kælitanlavæðingu við fyrstu hentugleika.

Aðalfundur samlagsins 1973 var haldinn 8. maí á Hótel Felli í Grundarfirði. Á þeim fundi sagðist Stefán Björnsson forstjóri hallast að því að mjólkurstöðin yrði lögð niður, en ekkert hefði verið ákveðið í þeim efnunum. Ef svo færi yrði öll mjólk flutt til Búðardals og neysluvörur fluttar þaðan á þéttbýlisstaðina á Snæfellsnesi. Bændur voru á móti því að stöðin yrði lögð niður. Á þessum fundi var samþykkt tillaga um að farið yrði í tankavæðingu sem allra fyrst og jafnframt að þeir bændur kæmu sér upp góðu mjólkurhúsi, sem ekki hefðu það. Einnig að heimreiðarvegir yrðu styrktir til að þola þunga mjólkurbíla. Stefán Björnsson bjóst við að farið yrði í tankavæðingu á þessu svæði seinni part árs 1975, en tankavæðing hefði reynst vel og mjólk væri þá sótt annan hvern dag. Samsalan mundi styrkja bændur til kaupa á kælitanlum.

Endalokin

Þann 1. febrúar árið 1974 var haldinn fundur að Hótel Felli í Grundarfirði. Fundarboðandi var stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og boðaðir voru allir bændur á félagssvæði Mjólkursamlagsins í Grundarfirði. Á fundinn mættu af hálfu Samsölunnar, Oddur Andrésen, Hálsi í Kjós, stjórnarmaður og Oddur Helgason sölustjóri. Stjórnaði Njáll Gunnarsson fundi, en Ágúst Lárusson var fundarritari. Oddur Andrésen lýsti því yfir að þá nýlega hefði verið ákveðið að leggja starfsemina í Grundarfirði niður og myndi Búðardalsbúíð sjá um neysluvörur á þéttbýlisstaðina á Snæfellsnesi. Jafnframt yrði öll mjólk bænda flutt til Búðardals. Ástæðu þess að stöðin yrði lögð niður sagði hann tilfinnanlegan vatnsskort sem væri farinn að há allri starfsemi og kæmi það niður á neysluvörum stöðvarinnar. Hann las bréf frá sveitarstjóra Eyrarsveitar þar sem kom fram að rækjuvinnslan tæki til sín allt tiltækt vatn og yrði svo þar sem engar úrbætur yrðu gerðar í nánustu framtíð til öflunar vatns. Oddur

sagði að of lítil mjólk væri framleidd á svæðinu og bændum fækkaði. Mikil mjólk væri flutt frá Búðardal til að fullnægja neysluþörfinni. Bændur voru ekki ánægðir með afgreiðslu mála og kom á óvart að vatnsskortur yrði einn af bana-bitum stöðvarinnar, en í upphafi var það mikið vatn í Grundarfirði sem veifað var þegar tekist var á um staðarval stöðvarinnar.

Fækkun bænda og minnkandi mjólkurmagn var fyrirsjáanlegt þegar kæli-tankar yrðu teknir í notkun, en sú fjárfesting yrði minnstu framleiðendum ofviða. Sáu bændur fátt til bjargar búinu þótt þeir mótmæltu og tvisvar las Oddur vatnsskortsbréf sveitarstjóra og sló þar með á mótmæli fundarmanna.

Þennan vetur komu Heimir Lárusson mjólkurbússtjóri í Búðardal og Jóhann Sæmundsson formaður á fund stjórnar og kynntu starfsemi Búðardalsbús og buðu einum manni á aðalfund síns félags um vorið 1974.

28. febrúar 1974 var samlagið í Grundarfirði lagt niður og mjólkinn flutt eftir það til Mjólkursamlagsins í Búðardal sem er rekið af Mjólkursamsölu í Reykjavík. Félagssvæði samlagsins í Grundarfirði bættist við svæði samlagsins í Búðardal frá og með árinu 1975.

Innlögð mjólk í Búðardal af svæði Grundarfjarðarbúsins var frá byrjun mars til desemberloka 1974, 672.120 lítrar.

Framleiðsla mjólkur frá hreppunum fjórum var í árslok 1974 þannig:

- Í Neshreppi utan Ennis lauk mjólkursölu 1969.
- Í Fróðárhreppi voru tveir innleggjendur þ.e. frá Hrísum og lauk mjólkursölu þaðan um 1978.
- Úr Eyrarsveit voru þrettán innleggjendur frá ellefu bæjum, þ.e. frá Kverná, Hömrum, Vindási, Suður-Bár, Þórdísarstöðum, Akurtröðum, Nýjubúð, Naustum, Hallbjarnareyri, Eiði og Kolgröfum.
- Frá Helgafellssveit var seld mjólk í árslok frá tíu bæjum, þ.e. frá Hraunhálsi, Ytri Kóngsbakka, Innri Kóngsbakka, Staðarbakka, Arnarstöðum, Helgafelli, Hofstöðum, Þingvöllum, Hrísum og Kárstöðum.

Á árinu 1974 hættu sex bændur á samlagssvæðinu framleiðslu. Í lok þess árs var seld mjólk frá tuttugu og þremur býlum, en 1964 voru býlin fimmtíu. Í dag er seld mjólk frá fjórum bæjum í Eyrarsveit; Nýju Búð, Naustum, Eiði og Kolgröfum og úr Helgafellssveit frá Hraunhálsi, Staðarbakka, Arnarstöðum og Helgafelli.

11. júní 1974 var aðalfundur Mjólkursamlagsins í Grundarfirði haldinn á

Hótel Felli, Grundarfirði, og var þetta um leið félagsslitafundur. Njáll Gunnarsson formaður setti fund og stjórnaði sem endranær og Ágúst Lárusson, Kötluholti, skrifaði fundargerð. Þetta var rólegheitafundur, bændur búnir að sætta sig við áorðnar breytingar. Stefán Björnsson forstjóri mætti á fundinn, óskaði hann bændum allra heilla og þakkaði samstarfið á liðnum árum. Einnig þakkaði Bent fyrir sig. Njáll Gunnarsson formaður ávarpaði Stefán forstjóra og Bent Bryde samlagsstjóra fyrir hönd félagsmanna og þakkaði þeim gott og ánægjulegt samstarf og góð kynni á liðnum árum. Í lok fundarins var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

- „Á þessum fundi er félag mjólkurframleiðenda sem staðið hefir að Mjólkursamlaginu í Grundarfirði lagt niður. Jafnframt eru formenn búnaðarfélaga á svæðinu hvattir til að kosnir verði tveir fulltrúar í félagi þeirra til að mæta á næsta aðalfund Mjólkursamlagsins í Búðardal og þá sem fullgildir félagar.“ Síðan var fundi slitið.

Mjólkursamlagið í Búðardal

Þegar ég lít yfir það sem ég hefi skrifað hingað til um mál mjólkurframleiðslu á Snæfellsnesi, sést að ég hefi verið formaður í tveim félögum sem bæði voru lögð niður. Þau voru góð og gegn á sínum tíma og minnst ég góðra félaga sem gott var að vinna með. Afskiptum mínum af þessum málum var þó ekki lokið. Þau áttu eftir að vara í um tuttugu ár eða til ársins 1994 og voru hluti af ævistarfi mínu og af hégómagirnd og til fróðleiks greini ég nú frá eftirfarandi:

Árið 1975 var svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík stækkað í Þorskafjarðarbotn og þá bættust við félagssvæði Dalamanna, mjólkurframleiðendur í Geiradals- og Reykhólahreppum vestan Gilsfjarðar, auk bænda af félagssvæði Mjólkursamlagsins í Grundarfirði. Á árinu 1974 sat ég í þriggja manna nefnd til að semja lög um stækkað svæði Mjólkurbús Dalamanna.

Á aðalfundi í Búðardal 1975 voru ný lög samþykkt og var nafni félagsins breytt og það nefnt Mjólkursamlagið í Búðardal. Á þennan fund mættum við Arnór Kristjánsson sem fulltrúar Búnaðarfélags Eyrarsveitar. Ég var kosinn í 5 manna stjórn Mjólkursamlagsins og ritari stjórnar og einnig annar af fulltrúum þess á aðalfund Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Gegndi ég þeim störfum til ársins 1994 þegar ég hætti vegna veikinda.

Þegar hagrætt var í mjólkuriðnaðinum fyrir nokkrum árum var mjólkurbúið í Borgarnesi lagt niður, en Mjólkursamlagið í Búðardal hefir aukið framleiðslu á ýmsum tegundum osta og um fjörutíu vörutegundum sem ég hefi ekki þekkingu til að nefna. Það tekur á móti á fjórðu milljón lítra og nær félagssvæðið um alla Barðastrandarsýslu eftir að mjólkurstöðin á Patreksfirði var yfirtekin. Starfsmenn Búðardalsbúsins eru um fjörutíu.

Samlagið í Búðardal hefir tekið þátt í mörgum keppnum og sýningum á framleiðsluvörum sínum innanlands og utan og hefir hlotið marga gullskildi fyrir framúrskarandi vörur. Bændur, fyrrverandi og núverandi, geta verið stoltir af framúrskarandi vel reknu fyrirtæki.

Skrifað í janúar 2002.

Frá Suður-Bár.

Heimildir

Fundargerðir og bréf Mjólkurfélags Eyrarsveitar, Mjólkursamlagsins í Grundarfirði og Mjólkurbús Dalamanna.

Gerðabækur Eyrarsveitar frá 7. áratugnum.

Sigurður Einarsson í Holti (1965). *Saga Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík: 1935 – 15. janúar – 1965*. Mjólkursamsalan í Reykjavík, 301 s.

Mjólkurfræðingafélag Íslands: saga og félagatal (1990). Ritnefnd Geir Jónsson o.fl. Mjólkurfræðingafélag Íslands, 352 s.

Upplýsingar frá mörgum fyrrverandi starfsmönnum Mjólkurstöðvarinnar í Grundarfirði, með kærri þakklæti.

Tækifærisvísur

Einar Skúlason fæddur á Hrafnkelsstöðum í Eyrarsveit 3. desember 1878

Einar var lengst af ævinnar búsettur á Kvíabryggju, en fluttist í Grafarnes (Grundarfjörð) á efri árum.

Eitt sinn á Hvítasunnu var Einar við fermingarmessu á Setbergi. Þá er prestur var í prédikunarstól var honum litið út um gluggann og sér að hestar kirkjugesta voru komnir í túnið. Prestur gefur meðhjálpara bendingu um að koma og hvíslar að honum að senda vikadreng sinn, sem sat aftast í kirkjunni, til að reka hrossin úr túninu.

Meðhjálpari, sem var með skerta heyrn, hélt að prestur vildi taka vikadrenginn til altaris með fermingarbörnunum. Hann brá skjótt við, tók í hönd piltsins og vildi færa hann innar í kirkjuna, nær altarinu, en piltur spyrinti við fótum og sóttist ferðin seint inn kirkjugólfið.

Þegar þeir náguðust prest í stólnum, beygði hann sig niður til meðhjálpara og hvísluðust þeir á, en þó það hátt að Einar taldi sig heyra samtalið og setti það fram í tveim vísum:

Meðhjálpari:

Hér er kominn kynjaþrár
kvöldmáltíðar gestur,
loks mér tókst að togast á,
takið við honum, prestur.

Prestur:

Mér er Geiri minnst til gagns
máltíðar hjá gestum,
ég sagði þér að senda hann strax
og siga í burtu hestum.

Tuttugu og fimm árum eftir að Einar Skúlason var í kirkjunni áðurnefndan fermingardag var hann fluttur frá Kvíabryggju inn í Grafarnes (Grundarfjörð). Einar átti þar bæði kýr og kindur, auk þess vann hann alla daga í hraðfrystihúsinu.

Einn samstarfsmanna hans var Páll Ásgeirsson.

Það var einn dag, er þeir voru að vinna við tilfærslu á fiski. En Palla þótti Einar vinna rösklega. Þá segir Páll: „Mér þykir þú röskur, gamli refur.“ Einari mislíkaði þetta ávarp og svaraði að bragði:

Hér er vers um versta Pál,
af vörunum er það dottið,
hann hefur aðeins yrðlingssál,
en á hann vantar skottið.

Nú var Palla nóg boðið og þótti honum illa til komin yrðlingsnafnbótin. Fór hann nú til Einars og leitaði sátta í þessari refsakák. Einar tók því vel og sátta-tilboðið kom fljótt:

Við skulum sýna viskuvott
í valinkunnu stefi,
aldrei nefna yrðlingsskott
eða gamla refi.

Litlu seinna bætir Einar við:

Mér þykir vænt um þennan Pál,
það virðist eins hjá báðum,
óðauðleg er okkar sál,
að englum verðum bráðum.

Arnór Kristjánsson, bóndi, Eiði

Grundarrétt

Síðast var réttað í Grundarrétt haustið 1998, þá voru liðin rétt níutíu ár frá því hún var tekin í notkun 24. september 1908. Byggingarsaga réttarinnar er til, höfð eftir Kristjáni Þorleifssyni hreppstjóra á Hjarðarbóli, skráð af syni hans Karli Kristjánssyni í tilefni sjötíu og fimm ára afmæli réttarinnar 22. september 1983.

Gamla réttin var orðin úr sér gengin og ekki fjárheld lengur, ennfremur var hún of lítil, því fénu fór fjölgandi sem til réttar kom, sérstaklega sunnanfjallsfé Staðarsveitar. Vaka þurfti yfir Múla- og innbotnasafni hjá Eiðisstöpum og Grundar- og Grafarfjallssafn þurfti að passa í hvammi við Kvernárfoss. Rekið var til réttar að morgni réttardags. Var þá féð orðið svangt og þvælt og var illa undirbúið til rekstrar að afloknum sundurdrætti í réttinni. Gamla réttin stóð utan í grjóturð við Grundarfjall og rann lækur eftir henni miðri í haustrigningum svo aðkoman var hvorki glæsileg né góð. Það var því orðin brýn nauðsyn að gera stóráttak og hefja framkvæmdir á þessu sviði til bóta, það mátti ekki dragast lengur.

Á þessum tíma, 1908, voru ekki til nein landssamtök eða jöfnunarsjóður sveitarfélaga, ekki heldur neinn ríkisstyrktur félagsskapur í sveit og allra síst véltæknikunnátta. Þá dugði ekkert annað en samstilltur vilji, áráði og karlmennska í verki og framkvæmdum. Enginn sjóður til að grípa í nema fátækur og smár hreppssjóðurinn.

Fannst því sumum góðum og gætnum bændum ráðist í kostnaðarsamar og stórtækar framkvæmdir að byggja nýja og stærri rétt, betra væri að stækka þá gömlu. Í hreppsnefnd Eyrarsveitar voru þá fimm bændur, stórhuga og fram-sæknir menn, sem tóku þá ákvörðun að hrinda af stað þessari réttarbyggingu.



Grundarrétt. Ljós.: Hafsteinn Jónsson, 1978.

Þessir menn voru Kristján Þorleifsson hreppstjóri, Hjarðarbóli, Jón Lárusson oddviti, Gröf, Sigurður Jónsson, Látravík, Illugi H. Stefánsson, Stekkjartröð og Runólfur Jónatansson, Naustum.

Hreppsnefndin kaus Kristján Þorleifsson til að sjá um framkvæmdastjórn, útréttingar og verkstjórn. Hann fór þess aftur á leit að mega velja sér tvo aðstoðarmenn og tilnefndi Illuga Stefánsson og Runólf Jónatansson, var það samþykkt. Næsta skref var að hefja starfið. Þeir gerðu fyrst skissu að nýrri rétt, völdu henni stað og staðfestu hana nákvæmlega og mældu út. Þar kom búfræðikunnátta Illuga að góðum notum, en hann hafði lært búfræði hjá Torfa í Ólafsdal. Réttin var færð inn á sléttar grundirnar svo að áðurnefndur lækur í þeirri eldri var úr sögunni. Næsta verk var að fá góðan mannskap og velja þann tíma sem flestir gætu farið frá búönnum sínum, árið 1908 bar 29. júní upp á mánudag og 4. júlí upp á laugardag. Finnst mér sennilegast að þessi vika hafi verið valin af hagkvæmniástæðum, þá var mótakan búin og heyannir ekki

byrjaðar. 64 bæir og hús voru í sveitinni, 77 verktækir menn (20 til 60 ára) og 431 á manntali í Setbergssókn. Því miður vantar heimildir yfir fjölda þeirra sem að verkinu stóðu, en trúlega hafa þeir verið dreifðir um sveitina, en líklega flestir þó úr Eyrarplássinu eða svokallaðri Framsveit. Á sex dögum var réttin hlaðin og hefur þar verið karlmanna og vel að verki staðið. Hver steinn liggur þar sem hann var í vegg settur fyrir 75 árum, það sýnir og sannar best handlagni, snyrtimennsku, listrænt auga og vinnuhraða þeirra er verkið unnu. Hornsteinar í veggjum og stærðarbjörg víða í hleðslunni bera því vitni á þessum tæknilausa tíma, en þar dugði ekkert annað en hagsýni og karlmennska. Grjótið var allt fært og borið til, allir veggir hlaðnir tvöfaldir á milli 14 dilka sem móta svo almenninginn og lögréttu. Réttin er 33 metrar á lengd, 25 metrar á breidd og 1,60 metrar á hæð. Síðan annar lægri í lögréttu með sama útbúnaði. Eins og meðfylgjandi mynd af réttinni sýnir er hún listrænn menningararfur og héraðsprýði genginnar kynslóðar og listaverk sinnar samtíðar.

Nú var hægt að reka safnið til réttar á gangnadag og geyma það í réttinni um nóttina. Sex menn hleyptu því út til beitar í sauðbjörtu að morgni svo að það fékk að bíta og slappa af í 4–5 tíma áður en réttað var kl. 10 f.h. Það var því léttara til rekstrar frá réttinni. Fyrsti réttardagur í nýrri Grundarrétt rann upp fimmtudaginn 24. september 1908 í sól og blíðu. Það var haft eftir Kristjáni Þorleifssyni hreppstjóra að þeir góðu og virku bændur, sem fannst í of mikið ráðist fyrst og vildu ekkert koma nærri þessu verki til að byrja með, hefðu komið með þeim fyrstu í réttina, gengið margoft í kringum hana og síðan til hans og spurt: „Hvað eigum við að borga? Því þetta verk viljum við borga.“ Þetta segir allra best að menn kunnu að meta fagurt og vel unnið verk þegar það var orðið að veruleika.

„Ég undirritaður viðurkenni hér með að hreppsnefnd Eyrarsveitar fardaga árið 1908–1909 hefur greitt til mín og þeirra manna sem með mér unnu að réttarbyggingunni vorið 1908 kr. 330,29 – Krónur þrjú hundruð og þrjátíu og tuttugu og níu aura, hvað fyrir lið hreppsnefndar kvittast, Hjarðarbóli, 15 október 1909, Kristján Þorleifsson.“ Þessar krónur hafa verið fljótur að borga sig, því ennþá eftir 75 ár er réttin í fullri notkun. Þannig sagðist Karli Kristjánssyni frá 1983.

Grundarrétt – Annar hluti

En saga réttarinnar var ekki öll. Árið 1920 fengu Staðsveitingar leyfi til að stækka dilkinn sinn í áttina að réttarhólnum. Sunnanfé fjölgaði árlega, þessi stækkun særði sjónlínu og raskaði hlutföllum í útliti réttarinnar frá réttarhólnum séð, en nauðsyn brýtur lög, þörfin var yfirsterkari, enda fóru skilamenn Staðarsveitar með stóran og fallegan hóp úr réttinni á hverju hausti.

Talið var að safn þeirra Staðsveitunga hafi talið 900–1400 fjár þessi ár 1920–1940. Þetta fé ráku þeir yfir fjallgarðinn, yfir Arnardalsskarð í fyrstu réttum en yfir Lýsuskarð í seinni réttum. Fyrir bílaöldina komu skilamenn úr Staðarsveit labbandi yfir fjallið kvöldið fyrir réttardaginn og fengu að gista á bæjum næst fjallinu um nóttina. Mér er í bernskuminni einn maður sérstaklega, Júlíus Kristjánsson frá Slitvindastöðum, sem kom á hverju hausti og fékk að gista hjá foreldrum mínum, stór maður og fyrimannlegur. Nú síðustu þrjú árin hefur verið mjög fátt í göngum og rekið heim að Hömrum og réttað þar samdægurs. Mörg síðustu árin hefur Hörður Pálsson á Hömrum verið réttarstjóri.

Árið 1900 voru um 60 heimili í sveitinni, öll áttu þau eitthvað af kindum, yfirleitt fáar, fimm til tuttugu hvert, örfáir áttu hundrað og meira, samtals 2700 fjár. Árið 1910 hafði aðeins fjölgað í 2900 hjá sama fjölda eigenda, en lítil breyting varð á þeirri tölu til ársins 1940, en þá fór að fækka í fjárstofni sveitarinnar þegar fólk fór að flytjast af sveitabæjunum í þéttbýlið sem fór að myndast í Grafarnesi og fór að vinna að fiskverkun og útgerð þaðan.

Þá fór að bera á veiki í fénu sem nefnd var mæðiveiki og barst á marga bæi. Mæðiveikin barst hingað til lands frá Bretlandi að Deildartungu í Borgarfirði með hrút sem var fluttur þangað 1936, þaðan barst hún um allt Snæfellsnes og fór illa með fjárstofn manna.

Árið 1949 var ákveðið að skera niður allan fjárstofninn í sveitinni, var það gert og því lokið um miðjan september. Þá var búið að ganga frá kaupum á 6000 líflömbum sem keypt voru á Barðaströnd og í Arnarfirði í samvinnu við aðra hreppa í sýslunni. Í okkar hlut komu 670 lömb sem flutt voru á bát í Grafarnes, en þá var eftir að skipta þeim bróðurlega á milli bænda. Um skiptin sáu þeir Bjarni Sigurðsson hreppstjóri, Berserkseyri, og Bárður Þorsteinsson oddviti, Gröf. Ekki er vitað eftir hvaða reglum var farið með fjölda hvers fjáreiganda, en samkvæmt forðagæsluskýrslum 1948 og 1949 virðist hver hafa fengið um helming af ásettu fé fyrir skiptin, en þá hafði fé fækkað þónokkuð

vegna veikinnar. Bændur þurftu að greiða krónur 150 fyrir hvert lamb, en fengu styrk frá ríkinu til að greiða flutning með bátnum, 15 krónur.

Lömbin voru sett upp á stóru bryggjuna og skiptin fóru þar strax fram. Skiptin fóru þannig fram að í brúsa voru settir miðar með nöfnum þeirra manna sem áttu að fá lömbin. Einn miði fyrir hver fimm lömb og síðan tvö þegar fór að líða á dráttinn. Dregin voru tvö sæmilega stór lömb, tvö minni og eitt lítið í stú og Bárður dró miða úr brúsanum, lömbin voru slegin nafninu sem var á miðanum. Þannig var haldið áfram þangað til fjárhópnum var öllum skipt upp. Þessi aðferð, að skipta lömbunum þannig, kom í veg fyrir ágreining eða missætti um þessi skipti og allir fóru ánægðir heim með sinn litla hóp hver til síns heima.

Þetta vor 1949 þegar þessi lömb voru að fæðast var með eindæmum kalt og gróðurlaust fram eftir sumri og voru lömbin yfirleitt smá sem komu í okkar hlut.

Með þessum fjárskiptum breyttist mjög öll meðferð og umhirða fjár til hins betra, hér áður slepptu menn fé snemma, t.d. strax og snjóa leysti á vorin, og oft urðu menn fyrir afföllum, sérstaklega á nýfæddum lömbum í hrakviðri og gróðurleysi, en eftir fjárskiptin báru allar ær á húsi og var ekki sleppt fyrr en nægur gróður var kominn. Sauðfé fjölgaði nokkuð ört næstu árin. Samkvæmt forðagæsluskýrslum var fjöldinn þessi:

árið 1955, 3034 kindur og 43 fjáreigendur,
árið 1960, 4302 kindur og 40 fjáreigendur,
árið 1970, 4780 kindur og 30 fjáreigendur,
árið 1980, 4031 kindur og 26 fjáreigendur,
árið 1990, 2850 kindur og 22 fjáreigendur,
árið 1995, 1796 kindur og 20 fjáreigendur,
árið 2000, 1353 kindur og 18 fjáreigendur.

Þótt Grundarrétt hafi ekki verið notuð nú í nokkur ár er ekki þar með sagt að hennar saga sé öll, því það getur komið sá tími að bændur fari að framleiða meira af dillakjöti til handa sveltandi heimi en nú er um stundir. Réttina er auðvelt að varðveita í upprunalegri mynd með því að hækka veggina þar sem þeir hafa sigið í tímans rás. Nægt grjót er til staðar í fjallinu og vélar til að flytja

það til. En allir íbúar byggðarlagsins verða að taka höndum saman við að varðveita réttina í þeirri mynd sem hún var í upphafi, komandi kynslóðum til fróðleiks og ánægjuauka.

Skrásettt í mars 2002.
Eiði.

Heimildir

Karl Kristjánsson: Grundarrétt 75 ára.

Forðagæsluskýrslur:

Þorvaldur Þórðarson, Skerðingsstöðum, –1922,

Kjartan Ólafsson, Þórdísarstöðum, –1922,

Hallgrímur Sigurðsson, Látravík, 1922–1946,

Páll Þorleifsson, Hjarðarbóli, 1922–1946,

Þorkell Gunnarsson, Akurtröðum, 1946–1994,

Arnór Kristjánsson, Eiði, 1994–

Gunnar Kristjánsson, Grundarfirði

Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit

Ágrip af sögu skólahalds og skólabygginga

Þegar séra Jens V. Hjaltalín tók við prestsembætti á Setbergi árið 1882 lagði hann strax mikla áherslu á uppfræðslu barna í sókninni. Honum var það mikið í mun að lögum um barnafræðslu frá 9. janúar 1880 væri framfylgt, en samkvæmt þeim lögum kom það í hlut prófaste og presta að sjá til þess að foreldrar veittu börnum sínum þá fræðslu sem lögboðin var. Á ýmsu gekk hjá klerki við eftirreksturinn og aðhaldið að uppfræðslunni, enda ekki mikill skilningur á nauðsyn bóklærdóms á þessum árum. Séra Jens gekk svo langt að neita að ferma börn sem ekki hefðu náð tilskilinni færni í lestri, reikningi og skrift. Svo harður var klerkur í horn að taka að sóknarnefnd og hreppsnefnd sáu sitt óvænna og var skipulagðri barnakennslu komið á fót í Eyrarsveit haustið 1887 eða fyrir tæpum 115 árum síðan. Kennari var ráðinn Guðlaugur Guðmundsson frá Innra-Leiti á Skógarströnd, en hann var búfræðingur frá Ólafsdal. Guðlaugur kenndi 17 börnum af 10 bæjum þennan fyrsta vetur og var kennslutími hvers barns frá 1–4 vikur. En kennslugreinar voru lestur, skrift og reikningur. Ferðaðist Guðlaugur milli heimila barnanna og kenndi hverju barni heima hjá sér nema í Hellnafelli. Um vorið þegar sóknarnefnd og prestur fóru yfir reynslu þessa fyrsta vetrar á aukasafnaðarfundum komust fundarmenn að þeirri niðurstöðu að hópkenntla væri hagkvæmari, ekki voru þó allir á sama máli og töldu sumir að þeir gætu allt að einu látið uppfræða börn sín heima. Niðurstaðan varð sú að Stefán Daníelsson á Grund bauðst til að taka kennar-

ann og 10 börn í sex vikur fyrir vætt í kind og fiski og 3 kr. í peningum hvert barn eða alls 10 vættir og 30 krónur. Skyldi kennslan á Grund vera fyrir börn úr Framsveit. Í framhaldinu voru samþykktir kennslustaðir í Kirkjufelli fyrir 8 börn og að þeim sem eftir væru yrði kennt á Kvíabryggju, Skerðingsstöðum og Neðri- Lág. Guðlaugur var ráðinn áfram til þessarar kennslu og fékk greiddar kr. 35 fyrir veturinn af styrk sem veittur var af fjárlögum til sveitakennara, en 30 kr. fyrir veturinn á undan.

Margra tíma próf

Um vorið gengust börnin og unglingarnir, eða ellefu þeirra, undir próf, en það fór fram að Setbergi 15. maí. Alls munu hafa verið á milli 20 og 30 nemendur sem nutu kennslunnar þennan vetur. Prófin fóru fram í heyranda hljóði og að viðstöddum þeim sem vildu hlýða og stóðu frá 11 fyrir hádegisd til kl. 17 síðdegis. Næsta vetur eða 1889–1890 hófst kennsla ekki fyrr en í janúar og var henni skipt þannig að Torfi J. Thómasson kenndi í Framsveit frá 2. janúar til 2. apríl, alls 12 vikur á þessum bæjum: Móabúð, Vatnabúðum, Suður-Bár og Berserkseyri. Guðlaugur Guðmundsson kenndi á sama tíma í Útsveit á þessum stöðum: Neðri-Lág, Skerðingsstöðum og Kvíabryggju. Prófað var um vorið eða 30. apríl á Setbergi að viðstöddum báðum kennurum, sóknarpresti og sóknarnefnd. Haustið 1890 var Torfi ráðinn kennari í Eyrarsveit til sex mánaða og hófst kennslan 5. október. Kenndi hann í Útsveit til jóla, en í Framsveit eftir áramót. Auk hans kenndi Eyjólfur Magnússon fimm vikur í Krossnesi hausti 1890. Hann er þekktur undir viðurnefninu „ljóstollur“.

Illa gekk að fá greitt fyrir kennsluna

Þótt styrkur væri veittur sveitarfélaginu til kennslunnar gekk kennurunum illa að fá greitt, því sýslumaður hirti styrkinn upp í ógreidd gjöld Eyrarsveitar til sýslusjóðs. Kennararnir þurftu því að snúa sér til hreppsnefndarinnar með greiðslur á styrknum, en hún átti í mesta basli með að borga þeim kaup vegna bágrar stöðu sveitarsjóðs.

Haustið 1891 treystu sóknarnefnd og hreppsnefnd sér ekki til að ráða kennara, en Torfi J. var farkennari á nokkrum bæjum í sveitinni um veturinn og

greiddu foreldrar barnanna honum kaup, en að auki fékk hann 50 króna styrk úr landssjóði. Haldin voru miðsvetrarpróf í mars og vorpróf í apríl. Sem áður voru prófin í viðurvist prestsins og sóknarnefndar. Vandræði í launamálum kennarans urðu til þess að engin kennsla var í sveitinni veturinn 1892–1893, en veturinn 1893–1894 kenndi Þórður Ó. Thorlacius búfræðingur frá Ólafsdal 23 börnum í sex mánuði og fékk fyrir það 50 krónur sem greiddar voru beint til hans frá sýslumanni. Engin kennsla var næsta vetur, en Þórður kenndi aftur 1895–1896 og þá frá 2. október til 2. maí. Kennslunnar nutu 27 börn og unglingar á aldrinum 7–18 ára og fór hún fram á átta bæjum í Eyrarsveit.

Skipuleg kennsla liggur niðri

Skipuleg kennsla lá nú niðri í 13 ár eða frá 1896–1909 og virðist þar fyrst og fremst vera um að kenna bágunum efnahag. Einnig má nefna lélegan aðbúnað kennara og nemenda, erfiðar samgöngur og fleira. Þarna var um sameiginlegan vanda sveitarfélaga á Snæfellsnesi á þessum tíma að ræða, en veturinn 1898–1899 voru 2 farkennarar á öllu Snæfellsnesi, en þeir voru flestir 10 talsins. Á meðan skipulögð kennsla lá niðri var uppfræðsla barna á ábyrgð foreldra þeirra og forráðamanna. Sóknarpresturinn fylgdist með því að þau mál væru í sæmilegu horfi í húsvitjunum sínum. Sá háttur var einnig hafður á í Eyrarsveit frá 1891 til 1918 að áður en börn voru fermd, gengust þau undir opinbert próf að viðstöddum prófdómurum.

Ný fræðslulög 1908

Hinn 1. júní 1908 gengu í gildi á Íslandi ný fræðslulög og leystu af hólmi lög frá 9. janúar 1880 um kennslu barna í skrift og reikningi. Samkvæmt hinum nýju lögum bar heimilunum að sjá um og kosta fræðslu barna til 10 ára aldurs, en þá áttu börn að vera orðin nokkurn veginn læs og skrifandi. Skólaskylda var frá 10 ára aldri til 14 ára. Kveðið var á um að við 14 ára aldur skyldu börn hafa náð ákveðinni lágmarksfærni í hinum ýmsu fögum. Samkvæmt hinum nýju fræðslulögum stjórnaði fræðslunefnd fræðslumálum í hverju fræðsluhéraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins. Í fræðslunefnd Eyrarsveitar áttu sæti þrjú menn sem kosnir voru til þriggja ára, einn af þeim kosinn af hrepps-

nefnd, en hinir tveir kosnir af hreppskilabingi af kjósendum. Í fyrstu fræðslunefnd Eyrarsveitar áttu sæti Illugi Stefánsson Hjaltalín (langafi þess er þetta ritar) í Stekkjartröð fyrir hönd hreppsins og Þorvaldur Þórðarson á Skerðingsstöðum og Ólafur Stephensen á Grund fyrir hönd kjósenda.

Skipuleg kennsla á ný haustið 1909

Farkennsla var tekin upp á ný haustið 1909 og sáu tveir kennarar um kennsluna framan af, en haustið 1919 sá fræðslunefndin sér ekki fært vegna dýrtíðar og fátæktar hreppsins að hafa nema einn kennara fyrir alla sveitina, sá háttur var hafður á til ársins 1932. Það ár var í kjölfar óska frá foreldrum og mikillar umræðu í sveitinni ákveðið af skólanefnd að færa skólaskyldualdurinn niður í 8 ár og bæta við öðrum kennara. Voru kennararnir tveir til ársins 1936, en þá bættist við þriðji kennarinn. Sú skipan hélst óbreytt til ársins 1939 er aftur var fækkað um kennara og í kjölfarið var skólaskyldan færð aftur upp í 10 ár og hélst sú skipan óbreytt uns skóli var lögskipaður í Grafarnesi haustið 1945, en þá voru börn tekin í skólann frá 7 ára aldri. Þótt börn yngri en 10 ára fengju ekki skipulega skólakennslu eftir 1939 reyndi skólanefndin samt að sjá til þess að þessi börn nytu nokkurrar kennslu. Sem dæmi má nefna að síðla árs 1943 réð nefndin Þorgils Þorgilsson til að kenna börnum 6–8 ára sem bjuggu við erfíðar heimilisaðstæður. Á tímabilinu 1909–1945 komu að kennslunni 21 farkennari. Flestir kenndu þetta 1–3 vetur, en þeir sem áttu lengstan kennsluferil á þessu tímabili voru Jóhannes Ó. Þorgrímsson í Krossnesi sem kenndi samfellt í 11 ár og Petrína G. Sæmundsdóttir sem kenndi með hléum í samtals 9 ár.

Kennslustaðir á farkennslutímabilinu 1909–1945

Við val á kennslustöðum reyndi skólanefnd að miða við að kennsla færi fram á bæ sem næstur væri þar sem börnin voru flest. Einnig að kennslan gæti sem lengst farið fram á sama stað eða 2 mánuði á vetri. Misvel gekk að halda þessari skipan og var um tíma rædd sú hugmynd að hafa fasta kennslustaði í sveitinni, í Móabúð fyrir Framsveit, á Grund fyrir Miðsveit, og á Kvíabryggju (Bryggju) fyrir börn í Útsveit. Ekkert varð þó úr þeim áformum. Yfirleitt var meiri stöðugleiki á kennslustöðum í Útsveit á Bryggju og Miðsveitinni að Gröf,

en skiptist meira niður á bæi í Framsveit. Umræða var um að reisa eitt skólahús fyrir alla sveitina en hreppsnefnd taldi slíkt ekki ráðlegt. Árið 1915 komu íbúar í Framsveit saman og ræddu um möguleika á að koma upp skólahúsi. Skrifuðu 27 menn sig fyrir mismörgum dagsverkum við að reisa skólahús í Móabúð í Vatnabúðarplássi. Þessi samþykkt var þó þeim skilyrðum háð að útsveitungar reistu sér einnig skólahús. Í útsveit var fundað um málið og upplesin samþykkt Framsveitunga, en ekki þótti mönnum efni til slíkra bygginga með þátttöku hreppsins þar sem dýrtíð var mikil og verðbólga í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri. Á Bryggju var á þessum tíma eini þéttbýlisstaður sveitarinnar, en þar hafði verið reist hús á árunum 1910–1912, líklega af glímufélagi sem þar starfaði. Húsið var notað undir samkomur og æfingar glímufélagsins. Glímufélagið lognaðist síðan út af árið 1915, en í húsinu fór fram kennsla í Útsveit. Húsið mun hafa komist í eigu hreppsins eftir daga glímufélagsins, en það var rífið upp úr 1940. Árið 1912 keypti hreppurinn þinghúsið á Grund, sem hafði fram að því verið í eigu bóndans á Grund, en hreppurinn leigt afnot af því. Árið 1929 hófst kennsla í þinghúsinu eftir að gert hafði verið við það og var kennt í því allt til þess að fastur skóli komst á í Grafarnesi. Þegar þéttbýlismyndun hófst í Grafarnesi upp úr 1940 var kennt þar í þrem húsum til skiptis, í Íshúsinu, Neshúsi og Svartaskóla (skála), en ekki leið á löngu þar til farið var að huga að skólabyggingu í hinu unga þorpi sem þar var að myndast. Áður en hafist var handa fór fram umræða um hvernig slíkt hús ætti að vera og var meðal annars rætt um að reisa húsnaði fyrir heimavist í tengslum við skólann sem og samkomusal fyrir félög á staðnum sem þá voru Ungmennafélag Grundfirðinga og Kvenfélagið Gley-mér-ei. Niðurstaðan varð sú að reisa hús með tveimur skólastofum og stórum sal sem nýta skyldi til samkomuhalds og leikfimi-kennslu. Fór bygging hússins fram á árunum 1943–1945 og var það sameign Ungmennafélagsins og Eyrarsveitar, en einnig kom Kvenfélagið að byggingu þess. Húsið var nefnt Samkomuhúsið í Grafarnesi.

Lögskipað skólahald í Grafarnesi

Þótt skólahúsnaðið væri ekki tilbúið í samkomuhúsinu var byrjað að kenna þar skólaárið 1944–1945 og kenndi Bergþór Finnbogason allan skólatímann í hinu hálfkláraða húsi, en Petrína Sæmundsdóttir kenndi úti á Bryggju og á

Eiði. Næsta vetur skólaárið 1945–1946, var síðan fastur skólatími lögskipaður í átta mánuði í Grafarnesi og skólastjóri ráðinn Elimar Tómasson. Næstu árin var skólahald í Grafarnesi fyrir öll börn sem náð höfðu 7 ára aldri, en farkennsla var í Framsveit þrjá mánuði á vetri fram til 1952, en eftir það var börnum úr sveitinni komið fyrir í Grafarnesi svo þau gætu sótt skóla þar. Sá háttur var hafður á allt þar til skólaakstur hófst árið 1962.

Nýr skóli vígður 6. janúar 1962

Skólahúsnaðið í Samkomuhúsinu varð fljótlega of lítið vegna örrar fólksfjölgunar í Grafarnesi. Smíði nýs skólahúsnaðis var því reifuð við fræðslumálayfirvöld árið 1956 enda orðið aðkallandi að hús sem eingöngu væri notað sem skóli risi í hinu ört vaxandi byggðarlagi. Í dagbók Elimars Tómassonar segir hann svo frá laugardaginn 3. nóvember 1956: „Þurrt og kaldi á sunnan fram til kl. 2, rigning úr því. Í dag var ekki kennt. Helgi Elíasson fræðslumálastjóri kom hér í morgun um kl. 9¹/₂. Með honum var arkitekt. Við fórum að skoða fyrirhugaðan skólastað og stað fyrir kirkju. Skólinn á að vera á hæðinni hér beint fyrir ofan Sjónarhól. Þeir komu svo til mín og drukku kaffi.“

Haustið 1959 var svo hafin smíði nýs barnaskóla þar sem honum hafði verið valinn staður á holtinu efst við Borgarbraut. Fullbyggt var hið nýja skólahúsnaði, ofan við Sjónarhól, vígt formlega á þrettándanum, hinn 6. janúar 1962. Arkitekt var Guðmundur Guðjónsson. Yfirsmiður skólabyggingar var Björn Guðmundsson. Sigurberg Árnason trésmíðameistari og síðar byggingarfulltrúi í Grundarfirði var nemi á fyrsta ári í trésmíðum og man eftir því að hann vann við að smíða innréttingarnar í skólann á verkstæði Björns sem staðsett var í hlöðunni hennar Kristínar frá Búðum, en hún mun hafa verið vestan við vélsmíðu Bærings eða Smíðjuna sem svo er enn kölluð.

Vígsla hins nýja skóla

Vígsluathöfnin stóð í 2 klst. og fór fram í anddyri skólans. Söngvar voru sungnir við undirleik frú Áslaugar Sigurbjörnsdóttur sem spilaði á nýtt píanó sem keypt hafði verið fyrir vígsluna. Gaf kvenfélagið Gleym-mér-ei 5000 krónur í hljóðfærásjóð við vígsluna. Fluttar voru ræður og ávörp, en að lokum afhenti

oddivitinn, Halldór Finnsson, Svavari Jónssyni skólastjóra lykil að húsnæðinu. Svavar hafði verið ráðinn skólastjóri haustið 1961 eftir að Elimar Tómasson lét af störfum fyrir aldurs sakir. Elimar var við vígsluna og flutti þar ræðu. Kennsla hófst síðan í hinu nýja húsnæði Barnaskóla Grafarness hinn 8. janúar. Nokkru síðar, eða hinn 16. janúar 1962, var í fyrsta sinn hafinn skipulagður akstur barna úr Framsveit. Var það Kristján Jónasson sem var fyrsti skólabílstjórinn.

Enn þarf að stækka

Líkt og fyrr reyndist húsnæði Barnaskólans, sem hafði að geyma 3 kennslustofur auk afdreps fyrir kennara og skólastjóra í lítilli stofu, fljótt of lítið og húsnæðismálin þurfti að leysa með skólahaldi vítt um bæ. Árið eftir vígsluna er rætt í skólanefnd að viðstöddum námsstjóra um „framhald skólabyggingarinnar vegna fjölgunar í skólahverfinu“ eins og segir í fundargerð skólanefndar frá þeim tíma. Árið þar á eftir, eða 1964, er enn rætt um húsnæðisvanda skólans á fundi skólanefndar. Þá eru menn framsýnir og ræða um að ef einsetja eigi skólann þurfi minnst 6 nýjar kennslustofur, auk þess þurfi handavinnustofur og geymslur. Þá er reiknað með 150 börnum í barnaskóla og 30–40 í framhaldsskóla samkvæmt því sem fram kemur í fundargerð skólanefndar, en þegar talað er um framhaldsskóla í fundargerðinni er auðvitað átt við unglingaskóla. Árið 1964 var fyrst farið að kenna á unglingastigi við Barnaskólann. Þótt nýtt skólahús hafi risið er leikfimikennslan áfram í Samkomuhúsinu.

Skólastjóraskipti

Haustið 1965 er Felix Jósafatsson ráðinn skólastjóri að Barnaskóla Grafarness og starfaði hann í eitt ár sem skólastjóri, en haustið eftir er Örn Forberg ráðinn skólastjóri. Örn setti skólann föstudaginn 7. október 1966 í Grundarfjarðarkirkju og var það í fyrsta sinn sem skólaþing fór þar fram. Árið 1967, þann 5. júní, er rætt á skólanefndarfundi að ganga þurfi frá teikningu á viðbótarhúsnæði skólans „á þessu ári“ og skólastjóra falið að hafa samband við húsameistara ríkisins. Jafnframt er rætt um í fyrsta sinn í fundargerð skólanefnda nauðsyn á sundlaug fyrir staðinn, „jafnvel úr plasti“ eins og sjá má í fundargerð sem

séra Magnús Guðmundsson ritar. Þar ber einnig á góma byggingu skólastjóra-
bústaðar sem rætt er um að þurfi að hraða. Ári síðar eða 1968 í júnímánuði
þegar skólanefnd kemur saman er unnið að múrhúðun skólastjórabústaðar og
um það rætt að ef vel gangi muni vera hægt að gera bústaðinn íbúðarhæfan
komandi vetur. Þann 28. júlí 1969 er skólanefndarfundur haldinn að heimili
skólastjóra í skólastjórabústaðnum að Eyrarvegi 25. Um haustið er kjallari
skólastjórabústaðarins tekinn undir kennslu. Auk þess er einnig kennt í kjallara
kirkjunnar.

Skriður kemst á viðbyggingarmál og sundlaug rís

Í mars 1970 er upplýst á skólanefndarfundi að Ormar Þór Guðmundsson arki-
tekt sé væntanlegur vegna fyrirhugaðrar stækkunar skólans. En húsameistari
ríkisins hafði þá nýverið samþykkt að Ormar tæki við hönnunarverkinu. Hinn
14. maí 1970 eru teikningar af skóla, leikfimisal og sundlaug lagðar fram á
skólanefndarfundi. Smíði var síðan hafin árið 1972, en viðbyggingin tekin í
notkun að hluta, eða þrjár stofur, í janúar 1975. Hin nýja viðbygging var ekki
fullgerð fyrr en í janúar 1978 með aðstöðu fyrir kennara og skólastjóra ásamt
rými fyrir skólabókasafn í miðju viðbyggingarinnar.

Á fundi skólanefndar þann 27. apríl 1975 var ákveðið að sundkennsla skuli
fara fram „við Barna- og Miðskóla Grundarfjarðar þegar sundlaug og búnings-
klefar verða fullsmíðuð en reiknað er með því að það verði í síðasta lagi í sept-
ember 1975“ segir í fundargerð og það er Njáll Gunnarsson í Suður-Bár sem
ritar hana. Sundkennsla hafði til þessa farið fram á námskeiðum í Laugargerði,
Stykkishólmi, Ólafsvík og á Hellissandi. Þegar líða tók á sumarið ritar Njáll í
fundargerð þann 12. ágúst 1975: „Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki verður af
sundkennslu í haust í Grundarfirði er ákveðið að koma börnunum annað í
sundkennslu í september.“ Sundlaugin og búningsklefar voru síðan tilbúin og
byrjað að kenna sund í fyrsta sinn í nýrri sundlaug hér þann 12. október 1976
og í fundargerð skólanefndar þann 27. október segir: „Auk þess að börnunum
er kennt að synda er fullorðnu fólki leyft að fara í laugina á auglýstum tíma á
kvöldin og um helgar.“ Sundkennarinn var Pétur Guðráð Pétursson.

Hitnar í kolunum

Vorið 1979 við lok skólaárs gerist það að eldur kemur upp í nýrri viðbyggingu skólans og urðu af honum verulegar skemmdir. Talið var að kviknað hefði í út frá rafmagni. Endurbótum og lagfæringum var þó að mestu lokið samkvæmt fundargerðum skólanefndar þann 5. desember sama ár en þó ýmis frágangur eftir, eins og segir í fundargerð. Sót- og reyklykt hvarf þó aldrei alveg úr hús-næðinu fyrr en eftir að byggt hafði verið ofan á skólann 20 árum síðar. Um þetta leyti, þ.e. sumarið 1979, fara skólastjórahjónin Örn Forberg og kona hans, Guð-rún Ágústa Guðmundsdóttir sem gegndi stöðu yfirkennara frá haustinu 1978, í ársleyfi til náms í Svíþjóð. Við stöðu skólastjóra í eitt ár tók Eysteinn Jónasson, en Birgir Guðmundsson var ráðinn yfirkennari. Þegar líða tók að því að náms-leyfi skólastjórahjónanna lyki fór í gang umræða í skólanefnd og hreppsnefnd um hvort æskilegt væri að breyta skipan mála varðandi skólastjórnina. Eftir fundahöld þar sem meðal annars komu til fundar fulltrúar Menntamálaráðu-neytis, fræðslustjóri, fulltrúar hreppsnefndar, kennarar og skólanefnd var lagt að Erni að hætta hér skólastjórn. Niðurstaðan varð sú að Örn kom aftur til starfa haustið 1980 og starfaði til næsta vors, en fór þá í leyfi aftur og fluttu þau hjónin aftur út til Svíþjóðar. Örn var síðan í framlengdu leyfi til ársins 1984 er hann sagði upp stöðu sinni. Um orsakir þeirra deilna sem réðu því að mál skipuðust á þennan veg verður ekki fjölyrt hér, en ljóst er að slík mál valda skaða í samfélagi skóla hvar og hvenær sem þau koma upp og hver svo sem undirrótin er að slíkum deilum. Haustið 1981 var nýr skólastjóri ráðinn, Jón Egill Egilsson. Yfirkennari hjá Jóni var Hauður Kristinsdóttir í tvö ár og síðan sá er þetta ritar skólaárið 1983–1984, en hann tók við sem skólastjóri haustið 1984. Sama ár var felld niður heimild fyrir stöðu yfirkennara en fékkst aftur árið 1987, en þá var Ragnheiður Þórarinsdóttir ráðinn yfirkennari og gegnir þeirri stöðu enn í dag, nú undir heitinu aðstoðarskólastjóri. Ragnheiður starfaði sem skóla-stjóri í ársleyfi undirritaðs skólaárið 1993–1994 og var Arnhildur Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri hennar. Skólastjóri frá árinu 1997 er Anna Bergsdóttir.

Loksins íþróttahús og síðan enn stækkun grunnskólans

Þann 14. október 1989 var stór dagur í byggingarsögu skólamannvirkja í

Grundarfirði þegar íþróttahúsið, sem verið hafði í byggingu í fjöldamörg ár, var loksins fullbúið og vígt með pompi og pragt. Var þar með loksins hætt íþróttakennslu í Samkomuhúsinu gamla sem í raun hafði aldrei hentað vel til kennslunnar þótt svo lengi hafi verið í notkun. Eftir að íþróttahúsið var komið í gagnið var röðin komin að því að reyna bæta úr húsnaðisþörf skólans sjálfs. Nemendafjöldinn jókst jöfnum skrefum og auk þess jókst pressa á einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Húsnaði fyrir smíðakennslu hafði verið á hrakhólum svo árum skipti og kennslustaðir verið víða um bæinn, sömuleiðis skorti húsnaði fyrir hinar ýmsu sérgreinar. Í kjölfar umræðu um þessa húsnaðisþörf er skipuð nefnd í janúar 1991 og hét hún Undirbúningsnefnd um framtíðaruppbyggingu skólamannvirkja og var jafnan kölluð nefndin með langa nafnið. Niðurstaðan af hennar vinnu varð sú að leitað var til ráðgjafarstofu um uppbygginguna og í framhaldi af því efnt til lokaðrar samkeppni meðal valinna hönnuða um lausn á stækkun grunnskólans. Varð tillaga Teiknistofunnar Kím og Glámu fyrir valinu og ákveðið að byggja eftir henni í nokkrum áföngum. Í fyrsta áfanga var viðbótarrými, svokallað verknámshús, reist við vesturenda gamla barnaskólans. Til að byrja með voru innréttaðar þrjár skólastofur í viðbyggingunni sem tekin var í notkun haustið 1996. Framkvæmdir við næsta áfanga hófust snemma vors 1998, en í þeim áfanga var byggt ofan á viðbygginguna frá 1975 ásamt því að reist var tengibygging og stigahús. Þessu samhliða fór fram breyting á skipulagi neðri hæðar sem tekin var í notkun að hluta haustið 1998 ásamt tveimur stofum á efri hæð. Í lokaáfanganum var stjórnunarrými flutt í gamla skólann að undangengnum breytingum þar ásamt því að lokið var við frágang á efri hæðinni. Þessum áfanga lauk haustið 1999. Skólalóð var hönnuð af Erlu Bryndísi Kristjánsdóttur og unnið samkvæmt þeirri hönnun árið 2000 og síðan haldið áfram við framkvæmdir á skólalóð árið 2001.

Heimildir

- ¹ Óbirt samantekt Ásgeirs Guðmundssonar sagnfræðings um fræðslumál í Eyrarsveit 1882–1960.
- ² Fundargerðir skólanefndar Eyrarsveitar frá 1960–2001.
- ³ Fundargerðir kennarafunda grunnskólans frá 1975–1990.

Gunnar Kristjánsson, Grundarfirði

Úr dagbókum Elimars Tómassonar skólastjóra

Dagbækur frá skólastjóratíð Elimars Tómassonar eru til í varðveislu afkomenda hans. Með þeirra leyfi koma hér fyrir almenningssjónir þau brot úr dagbókum hans sem tengjast skólahaldi í Eyrarsveit, en þessi brot gefa um leið mynd af tíðarandanum, veðurfari og ýmsu því sem er að gerast í þorpinu á þeim tíma sem skrifað er í dagbókina. Við byrjum á því að kíkja í dagbækur hans árið 1950. Elimar lét af störfum sem skólastjóri vorið 1961.

18. des. 1950.

Gott veður, aðeins gola af N.A., létti til undir kvöldið og frysti á blotasnjóinn. Seinasti kennsludagur fyrir jól. Börnin enda orðin hálf óróleg og vilja fá jóla-leyfið, enda held ég að þau hefðu gott af löngu leyfi...

12. jan. 1951.

N-A stinningskaldi, skýjað en él um kvöldið. Í dag kom flugvél á Kirkjufells-sand um kl. 3 og sótti Soffíu Jóhannsdóttur (meðkennara Elimars)... Ég kenndi í dag 8 kennslustundir. Reyni að láta börnin sakna sem minnst, þó ekki sé nema einn kennari dálítinn tíma. En það er ekki hægt til lengdar með öðru móti en því að fá einhverja hjálp fyrir 1. deild.

18. jan. 1951.

N-A kaldi, frost og stundum snjódrif. Hafði mikið að gera, var að undirbúa komu nýs kennara, semja stundatöflu, hitta foreldrana og fleira...

19. jan. 1951.

Nærri logn og heiðskirt á köflum. Kenndi Dúdda Páls með mér í skólanum í 3 tíma...

20. jan. 1951.

Logn og þykkt loft fram undir kvöld, hvessti þá með snjókomu á S-A , síðan rigning. Rólegur dagur í skólanum. Ég las upp fyrir börnin í næstsíðasta tím-anum, þau færðu stólana sína fram að kennaraborðinu og settust þar öll kringum mig og hlustuðu með athygli. Seinasti tíminn var söngur og sungu þau mikið og voru ánægð... Báturinn Páll Þorleifsson fór sinn fyrsta róður hér og fiskaði 2 tonn. Ekki væri ótrúlegt að það yrði happaskip...

2. maí 1951.

Í dag var eitt indælasta veður sem komið getur, sólskin og logn. Í dag sagði ég upp skólanum kl. 2. Söngflokkurinn söng á undan og eftir og voru nokkuð margir viðstaddir...

Mánudagur 3. september 1951.

Í dag kom Stefán námsstjóri og var haldinn fundur hjá Ásgeiri Kristmundssyni og var Soffía ráðin til að kenna með því skilyrði að hún kenndi fram í sveit í þrjá mánuði. Ég er mjög óánægður með þetta fyrirkomulag, áлт að það muni gefast illa eins og mér fannst það gera áður, meðan Loftur og Petrína kenndu þannig. En við munum nú reyna að gera það besta í þessu efni og samræma eftir föngum...

Laugardagur 3. maí 1952.

... Við vorum að undirbúa skemmtunina okkar eftir hádegis. Ég sagði svo upp skólanum kl. 4. Skemmtunin átti að byrja kl. 9 en þá var enginn kominn nema börnin en kl. 9¹/₂ voru nokkrir menn komnir og var þá byrjað... Við höfðum 650 kr. upp úr skemmtuninni með 15 kr. aðgangseyri... Við slitum skemmtuninni kl.

kl. 12¹/₂. Ég er nú æðifeginn að þetta allt er nú um garð gengið því æðimikið er fyrir því haft frá fyrsta til síðasta atriðis. Dagskráin var svona:

1. Ég setti skemmtunina.
2. Söngur (2 lög).
3. Sigurberg Árnason las sögu.
4. Kristján Pétursson og Pálmi Pálsson (Samtal).
5. Óskar Ásgeirsson las sögu.
6. Heiðar Elimarsson las sögu.
7. Heiðar og Ívar fluttu samtalsþátt.
8. Söngur.

23.–30. nóvember 1952.

Þessi vika hefur öll verið óslitið blíðviðri, oftast nærri logn og lítið frost, stundum frostleysa... Það er einlæg ráðagerð með það hjá skólanefndinni að kenna fram í sveit. En þegar til kom og þeir fóru að skoða húsið, sem kenna átti í, var það víst ekki í standi til slíkra hluta, og verður sennilega hætt við öll áform um það. Nú eru farnar að koma jólavörur hér í verslanir, sérstaklega í búð Sigurðar, en mikið er þar af glingri og óþarfavörum... Mér finnst kennslan ganga heldur vel nú um sinn, gott félag í skólanum og engir sérstakir erfiðleikar á neinu sviði. Samt dylst manni ekki, að það er orðið svo að börnin vilja sjálf ráða miklu...

Mánudagur 1. desember 1952.

Sama góða veðrið. Ég hef ekki kennt í dag. Jóhannes Þorgrímsson fór fram í sveit að kenna í dag...

Fimmtudagur 26. febrúar 1953.

Sv. stormur á köflum. Bátar í landi. Það gengur allt mjög rólega í skólanum. Börnin eru heldur ekki ofþreytt af setu á skólabekkjum, þar sem ekki eru nema 4 kennslustundir í einu og stundum ekki meira á dag. Baldur (flóabáturinn) kom hér í dag með kol.

Föstudagur 27. febrúar 1953.

S-A rok í morgun og mikil rigning. Ég fékk bíl í dag til þess að flytja börnin

heim úr skólanum, kenndi ekki eftir hádegi. Lygndi eftir hádegi. Bátar voru á sjó og fiskuðu.

Þriðjudagur 19. janúar 1954.

Norðaustan kaldi, létt loft, lygndi í kvöld. Bátar voru í landi. Eddu rak nær bryggjunni í nótt sem leið. Ég fór til Árna í kvöld að hlusta á ný danslög, sem hann hefur samið og ætlar að senda í danslagakeppnina.

Miðvikudagur 20. janúar 1954.

Gott veður í morgun en hvessti í kvöld af suðaustri. Bátar komu úr róðri í kvöld og höfðu fiskað nokkuð. Mikil vinnugleði var í skólanum í dag er við vorum að undirbúa skreytingu á skólastofunni fyrir móðurmálsdaginn á morgun...

Fimmtudagur 21. janúar 1954.

Gott veður, suðaustan mari, nærri logn. Í dag höfðum við fyrsta móðurmálsdaginn í vetur, eftir skipun menntamálaráðherra. Daginn byrjuðum við með því að koma öll upp í efri skólastofu. Sungum við Ísland ögrum skorið. Þá talaði ég nokkur orð til barnanna um móðurmálið. Síðan var sungið Stóð ég úti í tunglsljósi. Þar næst skiptust börnin í deildir. Ég byrjaði svo á því að segja börnunum frá hvarfi séra Odds í Miklabæ og las síðan kvæði Einars, Hvarf séra Odds. Þá lét ég börnin skrifa upp orðalista. Síðan var ritgerð, í hana fór nokkuð langur tími... Ég held að þessi dagur hafi tekist vel.

Síðan var farið með börnin í sundkennslu í Reykholti

Þriðjudagur 11. maí 1954.

Í dag er gott veður, sólskin annað kastið, við erum að fara í Reykholt. Þessi börn fara: Kristján Pétursson, Lárus Guðmundsson, Pálmi Pálsson, Heiðar Elimarsson, Vilberg Guðjónsson, Kristín Jeremíasdóttir, Kristján Oddgeirsson, Halldóra Hallgrímsdóttir, Guðbjörg Guðmundsd., Erla Jónasdóttir, Gunnar Magnússon, Albert Ágústsson, Óskar Ásgeirsson og Ágúst Elbergsson... Í Reykholt komum við kl. 3 e.h. Þar dvöldum við svo til þriðjudagsins 25. maí. Tíðin var mjög góð og sundnámið gekk vel. Heilsa góð hjá öllum nema Pálma sem fékk illt í eyrun.

Og einnig skólaferðalag

Sunnudagur 13. júní 1954.

Í dag leggjum við af stað í norðurferðina með skólabörnin. Það er sólskin og hiti, logn. Við fórum af stað kl. 9.15 og komum norður á Blönduós kl. 8 s.d. Gistum þar í barnaskólanum. Börnin voru 18 í ferðinni. Við ókum fram fyrir Helgavatn í Vatnsdal á norðurleiðinni.

Mánudagur 14. júní 1954.

Sólskin og blíða. Í morgun kl. 9 fórum við frá Blönduósi. við tókum myndir í Bólstaðarhlíð og við stytta Stephans G. á Arnarstapa. Síðan héldum við austur yfir vötn og til Hóla, vorum þar um kl. 1–2. Að því loknu fórum við til Sauðárkróks, þaðan að Glaumbæ og skoðuðum byggðasafnið og loks að Víðimýri og skoðuðum kirkjuna. Var klukkan 6 er við fórum þangað. Að Reykjum í Hrútafirði komum við kl. 9.35 og gistum þar.

Þriðjudagur 15. júní 1954.

Skýjað loft en gott veður. Fórum af stað kl. 9.50 og ókum til Borðeyrar, ætluðum vestur yfir Laxárdalsheiði en hættum við það og snerum aftur, komum að Bifröst kl. 1.10. Heim komum við kl. 8 s.d. Þessi börn voru í ferðinni: Heiðar Elimarsson, Sigurberg og Ívar frá Hellnafelli, Ólöf Pétursdóttir, Karólína Jakobsdóttir, Rögnvaldur Guðlaugsson, Albert Ágústsson, Óskar Ásgeirsson, Pálmi Pálsson, Ágúst Elbergsson, Halldóra Elbergsdóttir, Alda Sigurðardóttir, Kristín og Svandís frá Þórdísarstöðum, Jón frá Vindási, Jóhann frá Eiði, Magnús frá Kolgröfum og Aðalheiður Rósa.

Þriðjudagur 11. október 1955.

Við settum skólann kl. 2, þar komu 26 börn eða um helmingur. Mörg eru veik af mislingum sem eru að ganga núna. Aðeins 3 konur komu með börnum sínum. Prestshjónin voru viðstödd. Nú er verið að brúa Kirkjufellsá og gera veg báðum megin.

Miðvikudagur 12. október 1955.

Við fengum börnin í skólann kl. 1, skiptum þeim í deildir og létum þau hafa námsbækur. Mörg börn vantaði og eru sum veik en önnur, sem ekki er búið að

fá samastað fyrir (*hér á Elimar við sveitabörninn sem koma þurfti fyrir í Grafarnesi meðan þau sóttu skólann*).

Mánudagur 28. nóvember 1955.

Í dag gátum við ekki kennt sökum kulda í skólanum. Ég hef ekkert unnið að gagni, hef aðeins snúist aftur og fram um þetta litla þorp.

Miðvikudagur 30. nóvember 1955.

Ég varð að hætta kennslu eftir hádegið vegna þess að sýslumaðurinn var að greiða tryggingargjöld og var að því í skólanum.

Sunnudagur 18. mars 1956.

Gott veður. Bátar réru ekki. Soffaníás kom með sinn nýja bát á laugardagsnóttina. Flutt var í skólanum samfelld dagskrá tekin saman af séra Magnúsi til minningar um Hallgrím Pétursson.

Miðvikudagur 21. mars 1956.

Mjög gott veður sólskin og blíða logn. Við fórum í skólagöngu með litlu krökkunum eftir hádegið. Bátar allir á sjó og fiskuðu vel, rúm 13 tonn sá hæsti, það var Páll. Það er nú farið að verða æði mikið los á skólabörnunum í þessu góða veðri og þegar fiskast svo mikið að allir hafa nóg að gera fram á nótt. Auk þess eru margir strákar komnir með stúfa og eru við það allar stundir að þörfu og óþörfu. Eru úti langt fram á nótt.

Laugardagur 28. apríl 1956.

Í morgun var rigning og stormur en gott og blítt veður seinnipartinn. Það er orðið vorlegt, jörð töluvert græn og blíðuslikja á lofti. Í dag var síðasti prófdagurinn. Var því lokið fyrir hádegi. Eftir hádegi reiknuðum við út prófið og færði ég þau inn um leið á einkunnablöðin. Prófið var eins og gerist og gengur misjafnt. Aðaleinkunnir frá 2.17–9.00.

1.–4. október 1956.

Þessa daga var gott veður. Ég var heima, setti ekki skólann vegna þess að ég er að bíða eftir hinum kennaranum. 4. þ.m. fór fram skólaskoðun á börnunum og bólusetning gegn mænusótt.

Föstudagur 5. október 1956.

Í dag var sólskin. Ég fór suður á Akranes á kennarafund. Ég fór með Kristjáni að Leirvogstungu og þaðan með bíl niður á Akranes.

Fundurinn stóð allan laugardag fram á kvöld og fram á hádegi á sunnudag. Þetta var fræðslufundur fyrir kennara á Vesturlandi. Þar sem erindi voru flutt. M.a. talaði Snorri Sigfússon um sparifjársofnun skólabarna og Broddi Jóhannsson flutti erindi um þreytu og manndóm.

1.–16. október 1956.

Tíð umhleyingasöm og miklar rigningar. Það var verið að breyta skólastofunni svo ég gat ekki byrjað að kenna...

Miðvikudagur 17. október 1956.

Sólskin og logn. Í dag setti ég skólann. Börnin komu öll en fátt fullorðið fólk.

Fimmtudagur 18. október 1956.

Í dag var fyrsti kennsludagur og var skipt í deildir. Séra Magnús kennir með mér.

Mánudagur 12. nóvember 1956.

Sæmilegt veður, í dag byrjaði Soffía að kenna, hún kennir aðeins til hádegis fyrsta kastið. Séra Magnús kennir svo fyrir mig 4 tíma á viku og frú Áslaug 2 tíma á viku. Svo nú þarf ég ekki að kenna nema 30 tíma á viku.

Þriðjudagur 18. desember 1956.

Í dag var mjög gott veður. Alheiðskírt loft og er langt síðan svo var. Ég hef verið að snúast fyrir Bókasafnið sem stofnað var á hreppsnefndarfundum á sunnudaginn og eru í stjórn þess: Páll Guðbjartsson, Þorkell á Akurtröðum og ég.

Sunnudagur 17. febrúar 1957.

Norðanstormur. Presturinn hefur nú ekki komið til að kenna síðustu daga og kom ekki í dag heldur til sunnudagaskólahalds. (*Sunnudagaskóli var haldinn í samkomuhúsinu.*) Vegir eru mjög vondir.

Sunnudagur 3. mars 1957.

Gott veður. Messað var í skólanum í dag og var nokkuð margt við messuna...

Fimmtudagur 25. apríl 1957 – sumardagurinn fyrsti.

Gott veður í morgun en hellandi rigning og rok seinni partinn. Við héldum skólaskemmtunina í dag og var margt fólk. Innkoman var nærri 1900 kr.

Daginn eftir hófust prófin og var prófað í salnum niðri

Laugardagur 4. maí 1957.

Í dag lauk ég við að færa inn og skrifa á einkunnablöðin og hafa nú allir fengið sitt – þó skammturinn væri ekki alls staðar jafn.

En svo er komið að ferð í Reykholt

7.–21. maí, Reykholtssferð.

Þann 7. maí lögðum við af stað í Reykholt til sundnáms, þá var sólskin en kuldi og norðanátt. Kristján Jónasson fór með okkur. Í ferðinni voru þessi börn: Aagot Emilsdóttir, Halla Elimars, Salbjörg Jeremíasd., Svandís Jeremíasd., Helga Jónasd., Jóhanna Ingvarsd., Sigurbjörg Karlsdóttir, Sigþór Péturss., Sigurður Pétursson, Snorri Gunnarsson, Aðalsteinn Ásgeirsson, Hjörtur Sigurjónsson, Kristján Gumundss.

Heilsufar barnanna var gott. Alla dagana nema tvo var sólskin en alltaf kalt. Dágóður árangur var mátti heita af sundnáminu og syntu þessi börn 200 m í norrænu sundkeppninni: Sigþór, Sigurður, Kristján, Salbjörg, Svandís og Halla... Daginn sem við komum heim var stormur og skýjað loft.

Sunnudagur 1. september 1957.

Í dag var messað á Setbergi og predikaði séra Árelíus Níelsson. ... Í morgun þegar við vorum nýkomin á fætur kom Helgi Elíasson fræðslumálastjóri með nýja teikningu af skólahúsi hér. Fórum við upp á Holt að athuga staðinn svo drakk hann kaffi og sneri síðan til baka.

Miðvikudagur 2. október. 1957.

Gott veður. Ég setti skólann í dag. Prestshjónin voru viðstödd og var nú töluvert fleira fólk en vanalega enda hafði ég beðist eftir því. Þó vantaði marga foreldra.

Fimmtudagur 3. október 1957.

Í dag fékk ég eldri börnin í skólann og skipti þeim í deildir. Það verða 20 börn í IV. deild en 14 í III.

Laugardagur 5. október 1957.

Þykkt loft og rigning. Í dag fór ég inn í Stykkishólm á kennarafund. Kristján Ólafsson fór með okkur, Soffía var með og Guðmundur Sigurðsson. Fundurinn var settur um kl. 2. Ég var fundarstjóri. Þorleifur Bjarnason flutti erindi um námskrána. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi flutti erindi sem hann kallaði reisu og skýrði það með myndum, Guðmundur Hagalín talaði um skólana og bókmenntir...

Sunnudagur 6. október 1957.

Um kl. 9 fórum við kennararnir út að Bjarnarhöfn og var farin efri leiðin. Á heimleið var farið yfir hraunið skammt frá Berserkjagötu en bíllinn festist á báðum endum í læknum fyrir innan hraunið og vorum við þar hálfan annan tíma. Kl. 2 hlýddum við messu hjá Sigurði Lárussyni og þar eftir var fundi fram haldið. Á sunnudagskvöldinu var kaffidrykkja á Hótelinu í boði Stykkishólms-hrepps, stóð hún til kl. 12. Þar söng Árni Helgason gamanvísur um kennarana o.fl. ...

Flensan herjar

Fimmtudagur 31. október 1957.

... Nú er farið að fækka í skólanum, margir liggja í þorpinu.

Föstudagur 1. nóvember 1957.

Kuldi en lítið frost, í dag vantaði 13 börn í skólann.

Laugardagur 2. nóvember 1957.

Norðan stormur og kuldi. Í dag vantaði 18 börn í skólann og verður nú hætt að

kenna um sinn. Sigurjón reri í dag með línu og fékk rúm 4 tonn af slægðum fiski.

Mánudagur 4. nóvember 1957.

Norð-austan stormur og kuldi. Búið að loka skólanum. Margir liggja í þorpinu, sums staðar heil heimili eða þá einn á fótum af mörgum ...

Föstudagur 8. nóvember 1957.

Þykkt loft, kuldagol. Ég ráfaði um í dag til þess að njósna um heilsufar skólabarnanna. Þau liggja mjög mörg ennþá ...

11.–30. nóv. 1957.

Inflúensan var að réna á þessu tímabili og í lok þess lá enginn. Kennsla hófst aftur í Barnaskólanum fimmtudaginn 14. nóv. Vantaði þá 7 börn í skólann, en þau komu á næstu dögum. Skip kom til að taka fiskimjölið sem eftir var. Atvinna hefur verið lítil. Þó vinna nokkrir menn við verbúðirnar. Það er verið að einangra og múrhúða að innan. Taflklúbbur hefur stundað æfingar tvisvar í viku. Ég hef farið á bókasafnið 2 kvöld í viku og hafa margar bækur farið í útlán. Búið er að kaupa 30 binda af bókum í haust...

1.–13. des. 1957.

Fyrstu dagana í desember var veður mjög milt og gott. Alltaf stillur og töluverð hlýindi. 5. des. gerði snjó nokkurn í hægu veðri en nokkru seinna hvessti og setti snjóinn í skafla og hefur svo verið síðan og þó heldur bæst við. Ófært gerði fyrir bíla út úr sveitinni. Tilraun var gerð til að ryðja snjónum og ætlaði sýslumaður þá að komast hingað sinna og fólksins erinda en eitthvað fór það í handaskolum því hann sneri aftur á miðri leið. Þórður komst ekki tvær síðustu ferðir til Rvk. Hann er nú búinn að setja upp verslun og verslar í Shellskúrnum. Til tíðinda má teljast að tveir Grundfirðingar dóu sama daginn á Landspítalanum. Þeir Elías Jónsson Hallbjarnareyri og Jens Pétursson frá Naustum. Þetta var 11. des...

Börnin eru farin að hlakka til jólaanna og bíða með óþreyju eftir jólaleyfinu. Ég held að jólaös í búðunum hafi tæpast verið eins mikil og í fyrra, enda um litlar vörur að ræða hjá öllum nema þá helst Kaupfélaginu...

Föstudagur 24. janúar 1958.

... Það er hálfgerð ólag á strákunum í dag og undanfarna daga. Þeir hafa brotist

inn í skólahúsið á kvöldin og hamast þar og jafnvel stundað reykingar...

2. til 17. febrúar 1958.

Allt þetta tímabil hefur verið viðvarandi norðanátt, stundum nokkuð hvasst en oftast þó stilla. Nokkuð frost hefur verið hart á köflum. Róið var 11 daga af þessu tímabili og afli var frá 52 upp í 69 tonn. Nokkra daga var sólskin en fleiri þó þykkt loft. Lítið hefur verið um samgöngur og get ég ekki sagt að póstur hafi komið allan þennan tíma utan einu sinni lítill poki sem kom með flugvél. Kennslan hefur gengið sinn vanagang með venjulegum afföllum í námi hjá mörgu barninu... Ég hef verið að undirbúa leikrit fyrir börnin og ætla þau að fara að byrja á æfingum...

Föstudagur 21. febrúar 1958.

Gott veður. Það er mjög lítt snjór á jörð, má heita autt frammi í sveit. Það er allsæmilegt fiskirí nú um sinn, þetta 6–9 tonn af slægðum fiski. Sjaldan berst póstur hingað og er á því hálfgerð miðaldalag. Blöðin koma þriggja vikna gömul og er að því lítið gagn.

7.–15. mars 1958.

Þessa dag var oftast nær norðan átt, heldur lítið frost allajafna en frekar stillt veður hér í Nesinu. Afli úr sjó var jafn en ekki mikill og róið svo að segja hvern dag. Skemmdarstarfsemi hjá drengjum fer mjög í vöxt og birtist í ýmsu. Brotist var inn í kofann þar sem geymt var sprengjuefni frá höfninni. Náðu tveir drengir í eitthvað af því og varð að slysi er fullorðinn maður, Guðni Guðmundsson, tók það af þeim. Missti hann tvo fingur hægri handar.

Úr Reykholtssferð 1958

Sunnudagur 4. maí 1958.

Sólskin og norðangola. Í dag fórum við í Reykholt á tveim bílum. Í hálfkassabíl Þórðar og bíl Ásgeirs Kristmundssonar. Þessi börn fóru:

Auður Elimars, Aagot Emils, Ágústa Emils, Jósefína Guðmundsd., Birna Pétursdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Ágúst Breiðfjörð, Kristinn Jóhannsson, Ragnar Elbergsson, Hjörtur Sigurjónsson, Guðni Hallgrímsson, Aðalsteinn Ásgeirsson, Kristján Guðmundsson, Ólafur Guðmundsson, Lúðvík Jakobsson og Áslaugur Jeremíasson. Við fórum af stað

kl. 1 og komum í Reykholt kl. 5.40.

Mánudagur 5. maí 1958.

Sólskin en heldur kalt. Börnin vöknudu yfirleitt kl. 6¹/₂ í morgun. Það var mikill hugur í þeim að komast í laugina. Þau fóru tvisvar í laugina í dag. Nokkrir drengir fóru niður að Kleppjárnsreykjum til að ná sér í sælgæti. Öll börnin voru komin í kyrrð kl. 11 og heyrðist ekkert eftir það.

Fimmtudagur 8. maí 1958.

Heiðríkja, frost og kuldi. Sundið gengur vel. Stúlkurnar byrjuðu á handavinnu í dag...

Laugardagur 10. maí 1958.

Sólskin, kalt og norðaustan gola. Það gengur heldur vel í sundinu. Dálftill ys var í einu herberginu í kvöld, samt jafnaðist allt fljótlega. Sum börnin virðast hafa mikla peninga til sælgætiskaupa.

Laugardagur 17. maí 1958.

Sólskin, kuldi. Í dag kl. 4 lögðum við af stað heim. Var mikill hugur um morguninn í börnunum að búa sig. Við komum við á Hvítárbrú og Vegamótum á heimleið. Miklu var eytt af peningum í öl og sælgæti. Við komum heim kl. 9. Ég var þreyttur og syfjaður eftir ferðina. Börnin voru öll hraust.

Vakinn upp um miðja nótt

Föstudagur 23. maí 1958.

Nú er heldur að þykkna loft og hlýna. Ég var vakinn upp í nótt kl. 4 til þess að veita húsaskjól í skólanum 60 börnum úr Reykjavík.

Skólabyggingin

Sunnudagur 15. júní 1958.

Sólskin og gott veður... Í kvöld var skóla- og hreppsnefndarfundur og var nú víst ákveðið að standa einhuga að skólabyggingu í sumar. Það verður nú raunar ekki nema byrjunin.

Og aftur var farið í skólaferðalag

Mánudagur 23. júní 1958.

Sólskin en heldur kaldara. Í morgun fór ég í ferðalag með börnunum. Kristján Jónasson var bílstjórinn. Við fórum kl. 9 af stað, tókum Guðna Hallgrímsson í Borgarnesi, stoppuðum svo við Hvítárbrú. Keyrðum síðan upp Lundarreykjadal og yfir Uxahryggi. Fengum sólskin upp dalinn, síðan þykknaði í lofti meir og meir en var mjög gott veður. Við komum á Þingvöll um kl. 4. Þá fórum við um Almannagjá, stundum niðri í gjánni, stundum fyrir vestan eða austan og skoðuðum alla sögustaði. Fengum okkur svo hressingu í Valhöll. Skoðuðum þar eftir Peningagjá, grafreitinn og kirkjuna. Við fórum svo um kl. 8 niður að Ljósafossskóla. Þar gistum við.

Krakkarnir dönsuðu úti um kvöldið og höfðu músik frá segulbandi í gegnum hátalara. Síðan sýndi skólastjórinn Böðvar Stefánsson okkur kvikmynd áður en gengið var til náða....

Þriðjudagur 24. júní 1958.

Þoka í morgun. Við fórum af stað kl. 10 frá skólanum og skoðuðum þá virkjunina við Írafoss. Þá keyrðum við niður að Hveragerði. Fengum okkur hressingu og fórum síðan upp að Grýtu og fengum gos. Við dvöldum í Hveragerði í 2 klukkutíma og héldum svo vestur yfir Hellisheiði. Fengum bjart veður heiðina niður undir Lækjarbotna, þá fór að rigna og rigndi alla leið upp á Kjalarnes, en úr því við komum í Tíðaskarð var sólskin alla leið heim. Við komum heim kl. 10¹/₂...

Grunnur undir nýjan skóla steypur

15.–21. nóv. 1958.

Ekki er mikið líf í útgerðinni. Nokkrar ferðir hefur þó Soffanías farið á Grundfirðingi inn á Kolgrafarfjörð og fengið nokkra síld. Nú er búið að steypa skólagrunninn. Var það gert 18. – 20. þ.m. en ekki verður platan steypd í haust...

Nú er að koma jólahugur í ungu kynslóðina og þá eldri raunar líka. Í búðirnar eru jólavörurnar að koma nú þessa daga. Hefur nú Þórður Pálsson fengið að láni skúr frá Vegagerðarmönnum og flutt verslun sína úr bensínskúrnum og rekur nú verslun af krafti.

Sunnudagur 1. febrúar 1959.

Hvass sunnan en að mestu þurrt. Í nótt var dansað úti í skóla og hefur þar sennilega verið fleira um hönd haft. Þegar komið var til messu í skólanum í dag voru allir gangar og salerni atað í blóði eins og versta sláturhús. Ekki vannst tími til hreinsunar fyrir messu og hefði ég raunar aldrei farið í messu hefði ég vitað hvernig húsið leit út. En sýnt var bíó tvisvar í dag þrátt fyrir öll óþriffin.

Mánudagur 2. febrúar 1959.

Sunnan og suðvestan rok og rigning. Ég kenndi ekki í dag. Neitaði að kenna fyrr en húsið væri hreinsað. Það var svo framkvæmt.

5.–15. febrúar 1959.

Allan þennan tíma hefur verið mjög vond tíð.. stormar, rigningar, snjócoma sitt á hvað og stundum allt sama daginn. Gæftir á sjó hafa því verið stopular og bátar stundum fengið hrakreisur... Kennslan og skólalífið svipað og vant er. Börnin fylgjast betur með hvað gerist í beitningarskúrum en því sem fram á að fara í skólanum...

10.–25. júní 1959.

Þennan tíma voru oftast þurr veður, hitar voru annað kastið miklir 22.–24. júní. 17. júní var afar kalt. Þá átti að vera hér skruðganga barna en fórst fyrir sökum kulda. En um kvöldið frá 3–7 var bíósýning og dans fyrir börn. Mánudaginn 15. júní byrjaði ég að vinna við hreinsun á timbri upp við skólagrunn og stafla nýju timbri og vann ég að því hvern dag þennan tíma. Með mér var Páll Þórðarson.

6.–18. september 1959.

Rigningartíð mikil. Þennan tíma vann ég við að mála skólann með Lofti Loftssyni, Magnúsi Álfssyni og Hirti Karlssyni. Hallgrímur Sigurðsson var með okkur til ýmissa snúninga og annarrar hjálpar...

1.–5. október 1959.

Nú var ég kominn heim og var þá næst fyrir að hefja kennslu. Axel var fyrir í húsinu með kerfi sitt og hætti ekki fyrr en á sunnudeginum 4. október og ekki var hægt að byrja fyrr. Ég fór svo til Ólafsvíkur laugardaginn 4. október á kenn-

arafund. Halldór Finnsson keyrði mig út að Skerðingsstöðum og fór um kl. 10 um morguninn. Svo gekk ég út að Mávahlíð. Þaðan fékk ég bíl út í Ólafsvík, Kalla í Tröð. Þangað var ég kominn kl. 1¹/₂. (*Elimar segir síðan frá fundinum sem stóð í tvo daga með erindum og skyggnu myndasýningum auk þátttöku í messu í Ólafsvík. En eftir fundinn ók séra Magnús í Ólafsvík Elimar inn að Mávahlíð.*) Svo kl. 6.20 um kvöldið lagði ég á Höfðann og fór mér hægt því veður var mjög gott og skemmtilegt að njóta haustblíðunnar. Ég kom svo að Skerðingsstöðum um kl. 8. Þar beið ég Halldórs Finnssonar er sótti mig þangað og var þar með þessari skemmtilegu ferð lokið. Á mánudeginum undirbjó ég svo skólasetninguna þriðjudaginn 6. október. Þar mættu 65 börn. Ennþá vantaði kennara. Við hófum svo kennsluna en lítið var fyrir hverja deild því þær voru 5, einni fleiri en þær hafa áður verið. (*Nokkru síðar er kennarinn sem vantaði mættur en fljótlega kom í ljós að hann hafði ekki vald á starfinu af ýmsum ástæðum, meðal annars sökum skapgerðarþresta og drykkjuskapar. Elimar rekur þessa leiðindasögu ýtarlega og er greinilegt að þetta hefur tekið á hann og ritaði hann m.a. ekkert í dagbók sína um nokkra hríð eða ekkert frá því 6. janúar–20. mars. Kennari þessi var látinn fara eftir að námsstjórninn hafði reynt sitt til að miðla málum.*)

Lokaorðin úr dagbókum Elimars skulum við láta vera þessi

1.–16. desember 1960.

Tíðarfarið hefur verið einmunagott hér um slóðir. Sérstaklega hafa verið sífelld logn. Snjóföl gerði um mánaðarmótin nóv. og des. og varð vond færð um tíma inni á Söndum og í Skarðinu. Mér finnst ég hafa það mjög rólegt í skólanum. Ég hef 7, 9, og 10 ára börn og eru það allt bestu krakkar. (*Og svo er það bara reikna út hverjir voru á þessum aldri 1959.*)

17. desember 1960.

Nú er snjócoma nokkur og kalt veður. Í morgun kl. 5 lagði Halla mín af stað með mannsefni sínu, Friðfinni Friðfinnssyni, norður á Siglufjörð...

Ingi Hans Jónsson

Frá örbirgð til bjargálna

Upphaf vélbátaútgerðar í Eyrarsveit

Nú í ár (2002) eru 100 ár liðin frá því að fyrst var sett vél í fiskibát á Íslandi. Fyrsti vélfiskibáturinn var sexæringurinn *Stanley* frá Bolungarvík. Eigandi hans Árni Gíslason segir svo frá í ævisögu sinni: „Um síðustu aldamót stunduðu bátar frá Esbjerg í Danmörku kolaveiðar frá Flateyri í Önundarfirði. Bátar þessir voru um 25 smálestir að stærð og höfðu hjálparvélar (mótora). Við kola-veiðarnar notuðu þeir opna smábáta með litlum mótórvélum. Varð mörgum starsýnt bæði á stærri skipin og smærri bátana, sem brunuðu áfram bæði í logni og andviðri.“ Síðan segir Árni: „Var ég strax hrifinn af þessari nýjung og óskaði þess að ég ætti eftir að eignast svona farartæki.“

Blaðið *Vestri* birti frétt um þessa nýjung þann 1. desember 1902 og í niðurlagi þessara fréttar segir: „Olíuhreyfivélar þessar hafa á örskömmum tíma rutt sér svo til rúms, að verksmiðjurnar hafa ekki haft við að smíða þær, og brúka Danir þær jafnt í þilskip sem opna báta og gefst ágætlega. Það er engin ástæða til að ætla, að þær eigi ekki eins vel við hér. En ef til vill fer betur, að breyta eitthvað skipalaginu og mun reynslan fljótt kenna mönnum slíkt, ef þess sýnist þörf. Oss Íslendinga vantar svo tilfinnanlega vinnukraft, engu síður til sjós en lands.“

Það er skemmtilegt að lesa lýsingu Árna á ótrú Bolvíkinga á þessari framför og þar sem vænta má að svipað hafi verið annars staðar grípum við aftur niður í endurminningar þessa frumherja vélbátanna: „Almenn ótrú var á þessu fyrir-



Talsverðar líkur eru á því að vélbátaúgerð hafi óvíða bíúð við jafn góð hafnarskilyrði eins og á Kvíabryggju í upphafi vélvæðingarinnar. Þessa mynd tók Hans Christen Hansen á Kvíabryggju 1907.

tæki okkar Nilsens, og í byrjun skopuðust menn að þeirri heimsku, að ætla sér að lenda vélbáti upp í grjótvarirnar í Bolungavík. Ég tók mér þetta ekki nærri, því ég hafði góða trú á þessari nýbreytni. En ekki varð mér um sel, þegar ég lenti fyrst í Bolungarvík á vélbát mínum og sá hóp af mönnum standa á kambinum, en aðeins fáir komu til þess að hjálpa okkur að hífa skipið; og hinir gengu hlæjandi burtu. Þetta var ólíkt Bolvíkingum, en svona voru fyrstu viðtöknar, sem mótorvélin fékk þar.“¹

Ótrúlega lítið er vitað um fyrstu ár þessa mesta framfaraspors íslensku þjóðarinnar. Brýnt er að bæta þar úr svo þessi mikilvægi söguþáttur tapist ekki. Hér verður reynt að grafast fyrir um upphaf þessarar sögu í Eyrarsveit og leggja þar með inn í þann fróðleiksbanka sem verður að verða til ef saga þessi á ekki að glatast. Hér er farin sú leið að leita fyrst og fremst í gömlum skjölum og bókum. Einnig er haft samráð við eldri og fróðari menn.

Einkennisstafirnir verða til

Skráningarskyldu fiskiskipa má rekja til laga frá 13. desember 1895.² Fyrsta skráningarbók tengd þessum lögum var löggilt 1. janúar 1897 af Registering og Skibsmaalings-Bureauet í Kaupmannahöfn. Úti í Kaupmannahöfn átti að skrá í þessa bók öll fiskiskip á Íslandi sem voru 16 brúttólestir eða stærri. En auðvit- að voru mikil vanhöld á skráningum, bæði voru þær lengi að berast og áður en athugasemd eða skráningarskírteini barst til baka hafði skipið kannski skipt um eigendur eða jafnvel farist. Næstu ár fóru því í mikið embættismannaþóf og klögur gengu á víxl. En með þessari ráðstöfun urðu einkennisstafir skipa til og Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla fékk einkennisstafina SH. Þannig fengu skúturnar öll lægstu númerin. Í þeirra hópi var aðeins eitt skip úr Eyrarsveit en það var kúttur *Guðrún* SH 10 frá Kirkjufelli.

Árið 1908 sendi sýslumaður Snæfellinga öllum hreppstjórum sérstök eyðu- blöð til að skrá alla báta í sýslunni. Þá var nýkominn í embætti hreppstjóra í Eyrarsveit Kristján Þorleifsson á Hjarðarbóli. Þann 24. ágúst hóf hinn nýi hreppstjóri skráningu báta í hreppnum. Eyðublaðið „Beiðni um skrásetningu fiskiskips“ var vandlega útfyllt af hreppstjóranum, fyrst úti í Látravík, síðan á Kvíabryggju og þannig innúr. Ferðina endaði hann, 9 dögum síðar, á Hallbjarn- areyri hjá forvera sínum Brandi Bjarnasyni þann 2. september. Þessi snöru handtök og ákveðna embættisfærsla urðu svo til þess að öll lægstu númerin lentu í Eyrarsveit þar sem þeim var úthlutað í sömu röð og þau bárust. Og í sömu röð og Kristján hafði skráð beiðnirnar. Þess vegna leit bátaskrá Eyrar- sveitar svona út þegar hreppstjórinn gekk þennan sama veg til að afhenda skráningarskírteinin og þar með einkennisnúmer bátanna.

Eink.st.	Nafn	Eigandi	Heimili	Bygg.ár	Bygg.staður	Efni	Búnaður
SH 13	<i>Kuldi</i>	Sigurður Jónsson	Látravík	1903	Krossnes	greni	Skautasegl
SH 14	<i>Gustur</i>	Sigurbjörn Helgason	Kvíabryggju	1902	Reykjavík	greni	Skautasegl
SH 15	<i>Bliki</i>	Ólafur Björn Þorgrímsson	Kvíabryggju	1902	Sandi	greni	Skautasegl
SH 16	<i>Sldín</i>	Bergur Þorsteinsson	Kvíabryggju	1902	Gvendarey	greni	Skautasegl
SH 17	<i>Skrauti</i>	Pétur Sigurðsson	Kvíabryggju	1903	Sandi	greni	Vélb./skautasegl
SH 18	<i>Heppinn</i>	Sigurður Hannesson	Kvíabryggju	1902	Ólafsvík	greni	Skautasegl
SH 19	<i>Hjalti</i>	Halldór Indriðason	Kvíabryggju	1898	Kjóeyjum	greni	Skautasegl
SH 20	<i>Una</i>	Einar Skúlason	Kvíabryggju	1903	Ólafsvík	greni	Skautasegl
SH 21	<i>Gæfa</i>	Jakob Jónsson	Kvíabryggju	1903	Hergilsey	greni	Skautasegl
SH 22	<i>Stígandi</i>	Hermann Hermannsson	Kvíabryggju	1907	Látrar	fura	Skautasegl
SH 23	<i>Ágúst</i>	Þorsteinn Ó. Björnsson	Kvíabryggju	1903	Sandi	greni	Skautasegl
SH 24	<i>Björgvin</i>	Pétur Sigurðsson	Kvíabryggju	1906	Bergen, Norge	eik/gre.	Gaffalsigling


SH 25	<i>Friðhjófur</i>	Jón Lárusson	Gröf	1908	Stykkishólmur	eik/fura Vélb./gaffals.
SH 26	<i>Valbjörg</i>	Jón Lárusson	Gröf	1907	Skógarströnd	fura Skautasegl
SH 27	<i>Snorri goði</i>	Ólafur Stephensen o.fl.	Grund	1908	Reykjavík	eik/fura Vélb./gaffals.
SH 28	<i>Höfrungur</i>	Jóhannes Jónsson o.fl.	Framnes	1904	Danmörk	eik Vélb./gaffals.
SH 29	<i>Freyja</i>	Kristján Jónsson	Vatnabúðir (?)	1908	Stykkishólmur	fura Skautasegl
SH 30	<i>Palli</i>	Kristján Jónsson	Móabúð	1902	Bjarnarhöfn	fura Skautasegl
SH 31	<i>Snorri</i>	Elís Gíslason	Vatnabúðir	1908	Eyrarsveit	fura Skautasegl
SH 32	<i>Hreggviður</i>	Gísli Guðmundsson	Vatnabúðir	1902	Vatnabúðir	eik/fura Skautasegl
SH 33	<i>Þolinmóður</i>	Brandur Bjarnason	Eyri/Stykkish.	1906	Akurtraðir	fura Skautasegl
SH 36	<i>Kristján</i>	Kristján Jónsson	Móabúð	1904	Patreksfjörður	fura Vélb./gaffals.
SH 37	<i>Pétur</i>	Brandur Bjarnason	Eyri/Stykkish.	1906	Reykjavík	eik/fura Vélb./gaffals.

Það var skemmtilegt að rekast á þessar beiðnir og skipaskrárskírteini þessara báta á Þjóðskjalasafninu þegar gramsað var eftir upplýsingum um upphaf vélbátavæðingar í Eyrarsveit. Þarna er að finna gögn sem tengja gamla tímann og þann nýja. En galli flestra sagnfræðiritra og æviminninga um þennan tíma er að þær eru flestar skrifaðar til að segja frá þeim atvinnuháttum sem þá voru að leggjast af. Það er því algengt að frásagnir af sjögörpum sem uppi voru um aldamótin endi einhvern veginn svona: „Enda hafði hann þá fengið sér vélbát.“

Vélbátar í Eyrarsveit

Erfitt er að segja til um það hver hafi í raun verið fyrsti vélbáturinn í Eyrarsveit. Ýmsir gallar í gögnum verða til þess að leiða verður líkur að ýmsu og styðjast þá fyrst og fremst við samanburð á heimildum. Af samanburði á gögnum má leiða líkur á að m.b. *Ingólfur* á Kvíabryggju og m.b. *Höfrungur* SH 28 í Grafarnesi geti talist fyrstu vélbátarnir í Eyrarsveit. Ástæða þessarar ályktunar er að elstu löggjörningar í veðmálabókum tengjast þessum bátum, auk þess voru eigendur þeirra þeir einu sem skrifaðir voru fyrir stærri bátum í útdrætti hreppstjóra 1906. Sá útdráttur var unnin úr framtalsbók Eyrarsveitar og átti að sýna bátaeign Eyrarsveitunga það ár.

Frásögn Odds Kristjánssonar í bókinni *Íslenskir athafnamenn* styður þessa kenningu nokkuð. Þar segir Oddur: „...árið 1906 kaupa tveir ungir Grundfirðingar, þeir Jóhannes Jónsson skipstjóri og Jónas Ólafsson sjómaður, lítinn mótorbát 6–8 lestir og ætla að gera hann út frá Grafarnesi. Einnig byggja þeir sér gott timburhús. Þessi útgerð þeirra stóð mjög stutt og Jóhannes flytur til Reykjavíkur.“ Oddur Kristjánsson var sonur Kristjáns hreppstjóra og var fyrsti framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grundarfjarðar.³



Einn framfaramanna sem snemma fengu sér vélbát var Halldór Jónsson á Akurtröðum, fyrst er hans getið er hann eignaðist m.b. Pétur, en síðar lét hann byggja m.b. Ágúst SH 175 og flutti sig þá að Hópi á Kvíabryggju og gerði þaðan út. Myndin hér að ofan er af m.b. Halldóri á siglingu. Úr bókinni Íslensk skip.

M.b. Ingólfur SH 152

Það er athyglisvert að þessi bátur fékk ekki úthlutað skráningarnúmeri eins og ljóst er af töflunni hér að ofan. Þetta vekur athygli fyrir þá sök að vitað er með vissu að Jón Jakobsson eigandi bátsins gaf veð í húsi sínu á Kvíabryggju, Jónshúsi, til tryggingar á hluta kaupverðs vegna bátakaupa þann 6. desember árið 1906.⁴

Fátt er vitað um útgerð bátsins annað en það að þann 5. júní 1908 varð það hörmulega slys um borð í bátnum að þrír áhafnarmeðlimir köfnuðu í hásetaklefa bátsins á landleið. Þar fórst Jón formaður ásamt Indriða bróðir sínum og Guðmundi Skúla Guðmundssyni frá Krossnesi. Jón var þá 29 ára, en hinir tvítugir. Jón var þá kvæntur Guðrúnu, systur Guðmundar Skúla.⁵

Hvernig sem því hefur verið háttað, þá er nokkuð víst að þetta er sami bát-



*Uppbygging í
Grafarnesi hófst með
vélvæðingunni, bærinn
Grundarfjörður varð því
til fyrir sérstaka stöðu
sína og hafnargæði
fjarðarins. Æ síðan hafa
stórhuga menn rutt
bænum farsæla braut
með stórhuga útgerð.
Ljósni.: Gunnar
Kristjánsson (eldri).*

urinn og skráður er á Hellissandi í nóvember þetta sama ár. Þá hlaut hann skráningarnúmerið SH 152, sagður vera 6,7 brl. með 6 ha. vél, byggður úr eik og furu í Fredrikshavn 1907.⁶

Við lestur á gögnum má skilja að Pétur Sigurðsson kaupmaður á Kvía-bryggju hafi verið meðeigandi Jóns, eða eitthvað haft með mál hans að gera, því þann 22. desember 1908 var hann staddur í Stykkishólmi til uppgjörs á skuldum sínum við Tangsverslun. Í veðmálabókinni er talað um 3000 króna víxil sem hann samþykkti fyrir skuldinni við Tangsverslun „bæði privat og verslunarinnar á Bryggju, sem og skuld þeirri er mótorbáturinn *Ingólfur* og kúttur *Björgvin* eru í“.⁷

Þetta er þó ekki vitað með vissu og verður svolítið ruglingslegt þegar Jón Jónsson á Munaðarhóli á Sandi o.fl. selja Pétri Sigurðssyni á Bryggju bátinn með tilheyrandi fyrir 2000 kr. þann 24. 2. 1911.⁸

Ekki hafa fundist gögn um hvernig *Ingólfur* komst í eigu þeirra Sandara, en eftir því sem best verður séð voru Jón Jónsson og Jón Jakobsson óskyldir þannig að ekki skýrir það þátt Jóns Jónssonar á Munaðarhóli í þessu máli. Jón Jakobsson átti bara einn son sem eldri Grundfirðingar þekkja, Pétur Jónsson, sem lengi var kokkur á bátum í Grundarfirði. Að auki til fróðleiks má geta þess að Jón Jakobsson var nýkjörinn í hreppsnefnd Eyrarsveitar þegar hann fórst. Sæti hans í hreppsnefnd tók Sigurður Jónsson í Látravík.

Vélbáturinn *Ingólfur* kemur svo næst við sögu 22. mars 1911 þegar Pétur Sigurðsson, Grundarfirði, veðsetur Hr. Th. Adolps Einke í Kaupmannahöfn bátinn með 2. veðrétti fyrir 781,12 kr.⁹

En hvernig sem þessu var háttað er nokkuð ljóst að á endanum tapast Kvía-bryggja úr landi Krossnes þegar gengið var að veðum vegna þessara bátakaupa.

Í 3. bindi bókanna *Íslensk skip* er báturinn sagður byggður í Danmörku 1906 og vera í eigu Jóns Jónssonar á Munaðarhóli.¹⁰

Höfrungur SH 28

Þegar Kristján hreppstjóri skráði vélbátinn *Höfrung* var hann sagður byggður í Danmörku 1904 og í eigu Jóhannesar Jónssonar í Framnesi o.fl. Það er vitað að Jóhannes þessi var frumbyggi í því byggðarlagi sem nú er Grundarfjörður. Vitað er að hann byggði sér hús í Grafarnesi 1906 og annað 1908. Jóhannes er nefndur sem báteigandi í Framtalsbók Eyrarsveitar árið 1906, en ekki árið 1905. Ljóst er að Jónas Ólafsson hefur verið meðeigandi Jóhannesar í þessum bát, því elsti löggjörningur sem finnst, í veðmálabókum, vegna vélbáta í Eyrarsveit er frá 9. mars 1906. Þá gaf Jónas Ólafsson lausamaður á Höfða í Eyrarsveit út tryggingarbréf til ábyrgðarmanna í Stykkishólmi fyrir láni sem hann þann sama dag fékk hjá Sparisjóði Stykkishólms. Tryggingarbréfið var með veði á 1. veðrétti í 1/3 eignarhluta í vélbátnum *Höfrungi* að andviðri 1075 kr. Þetta veð var þinglesið á Grund 8. júlí 1907 og því var aflýst á sama stað þann 31. maí 1912.¹¹

Svanur SH 44

Auk þess að kaupa vélbátinn *Höfrung* SH 28 með Jónasi Ólafssyni lét Jóhannes Rögnvald Lárússon í Stykkishólmi byggja fyrir sig vélbát veturinn 1907–1908. Þessi vélbátur var nefndur *Svanur* og er öruggt að hann var kominn til Grundarfjarðar í maí 1908, því Jóhannes undirritaði skuldayfirlýsínu þar sem báturinn var veðsettur fyrir uppgjöri byggingarverðs. Þar segir m.a.: „Til tryggingar skaðlausri greiðslu skuldar minnar, ásamt vöxtum og málskostnaði, veðsett ég hér með téðri verslun með fyrsta veðrétti mótorbátinn *Svan* sem gengur á fiskveiðar frá Framnesi við Grundarfjörð.“¹²

Samkvæmt yfirliti Kristjáns hreppstjóra úr framtalsbók Eyrarsveitar var Jóhannes skráður fyrir 2 bátum árið 1908. Ekki er ljós ástæða fyrir því að *Svanurinn* fór ekki inn á bátaskrá á sama tíma og aðrir bátar í Grafarnesi, en þann

11. september 1908 skráir hreppstjórinn bátinn. Þá er báturinn sagður í eigu Árna P. Jónssonar í Stykkishólmi, en formaður er skráður Jóhannes Jónsson. Þeir Árni og Jóhannes voru bræður.

Talsverðar líkur eru á því að þetta sé sami bátur og *m.b. Svanur* BA 168. Sá bátur var endurbyggður á Patreksfirði 1933 og var þá í eigu Jóns Jóhannessonar.¹³

M.b. Framtíðin

Einn frumbyggjanna í þorpinu Grundarfirði var Rafn Júlíus Símonarson. Færslur í veðmálabókum benda til þess að Rafn hafi upphaflega ætlað að koma sér fyrir á Grundarkampi, en síðar byggt sér íbúðarhús í Grafarnesi. Til er eftirrit af lóðarleigusamningi milli þeirra Jóhannesar og Rafns og ágæt lýsing á húsinu sem mun hafa staðið skammt upp af lendingunni norðan Kattarsnaga.

Litla vitneskju er hægt að finna um vélbátinn *Framtíðina*. Í veðmálabók stendur að þann 22. febrúar 1909 hafi Rafn Júlíus Símonarson, Framnesi, keypt bátinn af Jóni Magnússyni, Veghúsum í Reykjavík, fyrir 4500 kr.¹⁴

16. febrúar 1910 veðsetur Rafn bátinn Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi með 1. veðrétti og hús með 2. veðrétti fyrir 2060,42 kr.¹⁵

Þessi bátur finnst ekki í bátaskrá og kann þar að ráða að báturinn hafi verið skráður annars staðar þann stutta tíma sem Rafn staldraði við í Grafarnesi.

Tóta SH 66

Vélbáturinn *Tóta* SH 66 er skrásett í Ólafsvík. Bátsins er getið hér vegna þess að í sögu Ólafsvíkur er sagt að Pétur Finnsson eigandi bátsins hafi keypt hann af Jóhannesi Jónssyni í Grundarfirði. Þar kemur einnig fram að báturinn hafi verið með Dan-vél.¹⁶

Í öðrum heimildum má sjá smíðaupplýsingar um bátinn þar sem hann er sagður smíðaður í Danmörku 1907, úr eik og furu, 3,7 brl.¹⁷

Eins og sjá má fara þessar upplýsingar ekki saman við þær upplýsingar sem fundist hafa um hina báta Jóhannesar, en ekkert verður fullyrt um hvort *Tóta* og *Höfrungur* séu sami báturinn eins og virðist við fyrstu sýn, eða hvort Jóhannes hafi gert út þrjá báta einhvern tíma. Eins er ekki ólíklegt í ljósi þess

að m.b. *Tóta* er fremur lítill bátur að hún hafi verið seld á þeim tíma sem *Svanurinn* er byggður. Engu er hægt að slá föstu um þetta miðað við fundin gögn. En ljóst er að einhver viðskipti hafa þeir átt, Jóhannes og Pétur Finnsson. Til þessa benda sjálfskuldarábyrgðir sem Jóhannes og fleiri gengu í fyrir Pétur þegar hann virðist vera kominn í greiðsluferfiðleika. Sparisjóður Ólafsvíkur eignaðist svo bátinn. Varðveitt eru skjöl þessu tengd.

Gefjun

Þennan bát verður að telja með fyrstu bátunum þó hann hafi aldrei til Grundarfjarðar komið. Stutt saga þessa báts er merki þeirrar áhættu sem fylgdi útgerð á þessum tíma. Í veðmálabók kemur fram að þeir Bjarni Jónsson í Suður-Bár og Andrés Jónsson í Bakkabæ veðsetja Elíasi Stefánssyni í Reykjavík 2/3 úr bátunum ásamt fleiru fyrir skuld á bátunum upp á 2720 kr. þann 1. apríl 1908. Aðrar skjalfestar upplýsingar eru þær að skuldinni var aflýst á manntalsþingi á Grund þar sem lagt var fram kvittað skuldabréfið 6. júní 1913 í kjölfar uppboðs á jörðinni Suður-Bár.¹⁸

Eftir að þeir bræður höfðu gengið frá kaupum í Reykjavík hugðust þeir sigla til Grundarfjarðar en hrepptu afleitt veður og var bjargað um borð í skip og báturinn tekinn í tog. Síðar urðu menn að höggva bátinn frá skipinu og tapaðist hann þar ótryggður. Frá þessu segir Kristján E. Guðmundsson í ágætri grein um Kristlaug Bjarnason í Eyrbyggjabókinni 2001. Allmargir kunnu þessa sögu þó nafn bátsins og kaupár hafi verið nokkuð á reiki.

Skrauti SH 17

Skrauti er skráður byggður á Sandi 1903 og var í eigu Péturs Sigurðssonar á Kvíabryggju. Um *Skrauta* er lítið vitað annað, en samkvæmt skráningarvottorði er um að ræða lítinn vélbát, 1,1 brl.

Friðþjófur SH 25

Friðþjófur er skráður byggður í Stykkishólmi 1908 talinn vera 9,1 brl að stærð. Þennan bát smíðaði Rögnvaldur Lárusson fyrir Jón Lárusson í Gröf, en þeir Jón


og Rögnvaldur voru bræður. Af þessum bát er til mikil saga þó ekki tengist hún vélbátasögu Eyrarsveitar nema að litlu leyti. Jóni mun hafa þótt of áhættusamt að gera út svona stóran dekkbát við þær aðstæður sem þá voru í Grundarfirði. Ekki er ljóst hvenær Jón hafði bátaskipti við Guðmund Bergsveinsson kaupmann í Flatey og fékk í staðinn vélbátinn *Ellíða* (sjá síðar). Við það fékk báturinn nýtt hlutverk og varð fyrsta strandferðaskipið sem sigldi um norðanverðan Breiðafjörð.

Um m.b. *Friðþjóf* segir Bergsveinn Skúlason: „Þegar mótorbáturinn Friðþjófur, 8–10 tonna dekkbátur, smíðaður af hinum góðkunna bátasmið Rögnvaldi Lárussyni í Stykkishólmi, með 10–12 hestafla vél, skreið um fjörðinn þótti hann mikið hafskip. Og í raun og veru var hann það. Strandferðir innanfjarðar á þeim slóðum voru þá óþekktar. Skip sem þær stunduðu, með föstum viðkomustöðum eftir prentaðri áætlun með fólk og flutning, hlaut að vera allt annað í huga fólksins, en litlu fleyturnar, sem menn höfðu lagt sér til sjálfir og orðið að bjargast við fram til þess tíma með misjöfnum árangri.“¹⁹

Þessi bátaskipti hafa átt sér stað fyrir árið 1912 eða fyrr, því varðveitt er ferðaáætlun fyrir bátinn, sem prentuð er í apríl 1913. Ekki er ólíklegt að hvarf m.b. *Snorra goða* (sjá næst) af legunni kunni að hafa haft einhver áhrif á ákvörðun Jóns.

Snorri goði SH 27

Vélbáturinn *Snorri goði SH 27* er í skráningu Kristjáns sagður byggður í Reykjavík 1908, sem er sama ár og báturinn er fyrst skráður. Eigandi bátsins er sagður Ólafur Stephensen á Grund o.fl. Í fyrstu sýndist sem þetta væri sami báturinn og *Valborg* hér næst á eftir, en eins og þar kemur fram er ekki um sama eigendahóp að ræða og greinilegt að Ólafur hefur selt sinn hluta 1908 í m.b. *Valborgu* og þá væntanlega til að kaupa þennan bát ásamt Ingólfi Jónssyni, Ágústi Þórarinssyni og Sæmundi Halldórssyni úr Stykkishólmi. Við samantekt þessara sagnabrota rakst ég fyrst á fiskveiðisjóðslán tengt kaupum á þessum bát. Í þinglýsingarskjalinu kemur fram að fengnar hafa verið að láni 2000 krónur til kaupa á vélbát. Síðar í skjalinu kemur fram að í veði fyrir skuldinni er „mótorbáturinn Snorri goði með öllu tilheyrandi sem nú er skrásettur í Snæfellsnes-sýslu, að stærð 10,5 tonn“.²⁰



Sunnan við Neshúsin var aðaluppsátur fyrir smærri vélbáta. Myndin er af Baldri sem var annar bátur bræðranna Soffaníasar og Bærings Cecilssona. Ljós m.: Bæring Cecilsson.

Fátt er vitað um útgerð þessa báts en svo virðist að hann hafi verið gerður út frá Grundarfirði. Báturinn hvarf af legunni í Grundarfirði og enginn veit örlög hans að öðru leyti en því að varðveitt er beiðni frá árinu 1912 um að strika bátinn út af skipaskrá. Þá er báturinn talinn ónýtur.²¹

Valborg ÍS 303

Ólafur Stephensen átti í félagi við aðra m.b. *Valborgu* ÍS 303. Félagar Ólafs í þeirri útgerð voru Jón Á. Egilsen, Jósafat Hjaltalín og Jósep H. Jónsson, allir í Stykkishólmi. Báturinn kemur fyrst fyrir í veðmálabók 13. nóvember 1908 en þá gáfu þeir félagar út veðbréf í bátnum til Íslandsbanka á Ísafirði. Þar er tilgreint að báturinn sé með 12 hestafla Wotverine-vél. Ekki verður annað séð en Ólafur Stephensen hafi verið eigandi að einum fjórða hlut strax í upphafi. Lítið er vitað um útgerðarsögu bátsins. Af veðbókum má sjá að þann 17. febrúar 1909 afsalaði Jósep H. Jónsson sínum hlut til þeirra féлага Jóns Á. Egilsen og Jósafats Hjaltalín. Einnig afsalaði Ólafur Stephensen sínum hluta 5. september sama ár.²²



Kristján Jónsson í Móabúð var einn fyrsti Eyrarsveitunginn til að koma sér upp vélbát sem hann gerði út ásamt Finni Kjartanssyni á Akurtröðum.

Vélbáturinn *Valborg* er í *Íslensk skip* sagður smíðaður í Danmörku 1906, úr eik og furu og talinn 3,48 brúttólestir. Þegar báturinn var á Ísafirði var hann í eigu Jóns Magnússonar.²³

Kristján í Móabúð var aflasæll formaður, en fáir vita að hann eignaðist einn fyrsta vélbát í Eyrarsveit, m.b. *Kristján SH 36*.

Kristján SH 36

Eigendur þessa báts eru skráðir Kristján Jónsson í Móabúð og Finnur Jónsson Akurtröðum, báturinn er talinn 1,76 brl., byggður á Patreksfirði 1904, úr furu. Lítið annað hefur fundist af rituðum heimildum um þennan bát, en á skráningarblaðinu má lesa að báturinn sé með „2 hesta afl“ og í áhöfn séu 3 menn. Ef upplýsingar um byggingarstað og ár eru réttar kemur nánast ekkert annað til greina en Möllerup-vél. Þær vélar voru algengar á Vestfjörðum á þeim tíma

enda urðu til umboð og vélsmiðja á Ísafirði í tengslum við kaup fyrstu vélarinnar sem sett var í sexæringinn *Stanley*. Í framtölum frá þessum tíma eru vélbátar ekki skráðir sérstaklega, en á Kristján í Móabúð eru taldir 2 sexæringar og 1 tveggjamanna far. M.b. *Kristján* hefur því verið lítill mótorbátur sem gerður mun hafa verið út frá Akurtröðum.²⁴

Pétur SH 37

Smíðaður í Reykjavík 1906 4,32 brl. 8 ha. Dan-vél.²⁵ Vélbáturinn *Pétur* er skráður, í skipaskrá 1908, í eigu Brands Bjarnasonar á Eyri. Báturinn er þar talinn byggður í Reykjavík 1906, úr eik og furu.

Það sem vitað er um þennan bát af öðrum gögnum er að þann 25. maí árið 1909 selur Brandur Halldóri Jónssyni á Akurtröðum helming í bátnum fyrir 1500 kr. Í desember það sama ár kaupir svo Halldór hinn helming bátsins fyrir 1300 kr. Svo virðist sem Brandur hafi skuldað Ingólfi Jónssyni verslunarstjóra í Stykkishólmi 1300 kr. og því hafi hann aðeins getað selt helminginn þá um vorið. Með afsalsbréfi fyrir hinum helmingnum, þann 18. desember sama ár, fylgir sú yfirlýsing frá Ingólfi Jónssyni „að Halldór Jónsson í Akurtröðum hefur greitt mér að fullu skuld þá, er hvíldi á mótorbátnum Pétri og er hann því úr veði leystur“.²⁶

Annar áratugur 20. aldar

Þrátt fyrir að vélbátavæðingin hafi skolið hratt á í íslenskum sjávarútvegi og haft í för með sér gríðarlegar breytingar er alveg ljóst að víða var þetta mjög áhættusöm fjárfesting við hafnlausa strönd. Á Snæfellsnesi virðist sem þessi tækni hafi breiðst út tiltölulega hratt og jafnt á fyrsta áratug aldarinnar. Þá virðist sem annar áratugurinn hafi verið þessari nýjung skeinuhættur og voru áföll víða stór eins og í Ólafsvík þar sem menn neyddust til að hætta vélbátaútgerð og taka aftur upp árar vegna hafnleysis. Svipaða sögu má segja af Sandi, en þar voru til mörg góð áraskip, stutt á miðin og engin sérstök ástæða til að vélvæðast. Svo virðist sem aðstæður til útgerðar vélbáta hafi verið einna bestar á Kvíabryggju við Grundarfjörð og sjást þess nokkur dæmi að framfaramenn í öðrum byggðarlögum hafi veðjað á framtíð þessarar útgerðar þaðan. Samhliða þessu er greinilegur vöxtur í skipasmíðum í Stykkishólmi og Rögnvaldur Lárusson

varð allkunnur skipasmiður og lagði þar grunn að öflugri iðngrein sem skipti verulegu máli í atvinnusögu Stykkishólms fram undir síðustu áratugi 20. aldar.

Það sem hér er að framan rakið eru upplýsingar sem kalla má að séu fyrir elstu manna minni. Allt þetta ber það með sér að fyrst og fremst er stuðst við opinber gögn og ritaðar heimildir. Víst er þó að hér kann nokkuð á að vanta, en nauðsyn þess að taka þetta saman, með þessum hætti, er fyrst og fremst að varðveita merka sögu sem dýpri áhrif hafði á íslenskt samfélag en nokkuð annað í sögu þessarar þjóðar.

Ef við nú höldum áfram komum við fljótt að því að við rekumst á erfiðleika sem einkennt hafa þjóðlífið og getu þess til að nýta sér þessa tækni. Einnig sjáum við fljótt að þörf þess að halda skráningum báta til haga hefur ekki verið mikil hjá yfirvöldum. Athyglisvert er þó að hreppstjórinn í Eyrarsveit hefur staðið sig ákaflega vel á þessu sviði og betur en flestir aðrir. Víðast er algjört tómarúm frá skráningunni 1908 fram til 1932 að skráningar eru teknar föstum tókum. En Kristján Þorleifsson hefur haldið sínu striki og árið 1916 skráir hann 4 báta.

Eink.st.	Nafn	Eigandi	Heimili	Bygg.ár	Stærð brl.	Bygg. staður	Efni	Búnaður
SH 174	<i>Ellíði</i>	Jón Lárusson	Gröf	1911/16	5,19	Flatey/Sth	eik/fura	vélbátur
SH 175	<i>Ágúst</i>	Halldór Jónsson	Kvíabryggja	1912	6,56	Stykkishólmur	eik/fura	vélbátur
SH 176	<i>Friður</i>	Bárður Þorsteinsson	Gröf		3,32			vélbátur
SH 178	<i>Óskar</i>	Sófónías Guðmundsson o.fl.	Kvíabryggja	1916	4,23	Stykkishólmur	eik/fura	vélbátur

Það er hins vegar mikill galli á skráningunni að ekki er gerð grein fyrir afdrifum báta né dagsetningum þegar eigendaskipti fara fram og ekki er heldur alltaf ljóst hvort um sé að ræða sama bát eða bara sama einkennisnúmer. En hér koma þær upplýsingar sem fundist hafa um bátana.

M.b. *Ellíði* SH 174

Þessi vélbátur er nefndur hér fyrir þar sem fjallað er um m.b. *Friðþjóf*. Þegar *Ellíði* var skráður í Grafarnesi 13. apríl 1916 er hann talinn 5,19 brúttólestir og hann er sagður byggður í Flatey og Stykkishólmi 1911 og 1916, úr eik og furu.²⁷ Það er líklegt að báturinn hafi upphaflega verið byggður í Flatey og þá sem róðrarskip en hafi verið endurbyggður fyrir vél í Stykkishólmi. Þennan bát átti, sem fyrir segir, Jón Lárusson í Gröf. Vitað er um endalok þessa báts, en hann

slitnaði upp af legunni og rak á land skammt frá Gröf og mun hafa borið beinin þar.

M.b. Ágúst SH 175

Smíðaður í Stykkishólmi 1910. Eik og fura, 7 brl., 6 ha. Dan-vél. Eigandi Halldór Jónsson Grundarfirði. 1934 var sett í bátinn 18 ha. Tuxham-vél.²⁸ Halldór þessi er sá sami og nefndur er hér í kaflanum um m.b. *Pétur* sem hann keypti af Brandi Bjarnasyni. Þar kemur fram að Halldór sé frá Akurtröðum. Eftir að Halldór eignaðist m.b. *Ágúst* flutti hann sig yfir á Kvíabryggju þar sem aðstaða til útgerðar stærri báta var miklu betri og líklega sú besta við Breiðafjörð á þessum tíma. Halldór hóf þá búskap á Hópi í Bryggjuhlássi og var gjarnan kenndur við þann bæ eftir það.

Þessi bátur er skráður í skipaskrá af hreppstjóranum í Eyrarsveit 11. febrúar 1916 og þar er hann sagður byggður 1912 í Stykkishólmi og vera 6,56 brl.²⁹

Hjálmtýr Árnason fóstursonur Halldórs eignaðist bátinn 20. desember 1935 og nefndi hann upp og báturinn hét *Halldór SH 175* alla tíð síðan eða þangað til hann fórst á Breiðafirði 11. september 1940 með allri áhöfn, 4 mönnum.³⁰

M.b. Fríður SH 176

Við skráningu þessa báts kemur ekki fram hvar hann var byggður, en hann er sagður 3,32 brl., með 3 ha. Dan-vél. Eigandi er skráður Bárður Þorsteinsson í Gröf. Ekkert annað hef ég fundið um þennan bát. En í skráningarreitinn er seinna bætt inn nafni á vélbátinum *Öndinni* (sjá hér næst).

M.b. Öndin SH 176

Þessi bátur var í eigu Þórðar Þorvaldssonar á Skerðingsstöðum og Péturs Jónssonar í Lárkoti. Þessum bát er raðað hér vegna þess að nafni hans og eigendum er bætt inn á skráningablað m.b. *Fríðar*. Þarna er alls ekki ljóst hvort um sama bát sé að ræða eða það að skráningarnúmerið hafi farið á m.b. *Öndina* eftir að m.b. *Fríður* hverfur út af skipaskrá af einhverjum sökum.³¹ En um *Öndina* er vitað að þann bát keyptu þeir félagar frá Ólafsvík.³² Þar sem við komum næst

að tveimur bátum sem báðir hétu *Óskar* má geta þess að á þessu sama skráningarnúmeri SH 176, var til bátur sem hét *Óskar III*. Hans er getið í veðmálabók þar sem Finnbogi Lárusson í Ólafsvík veðsetur bátinn 1927.³³ Það eru auðvitað ekkert annað en getgátur að þetta sé sá bátur sem Þorvaldur og Pétur keyptu einhvern tímann um 1935.

M.b. Óskar SH 178

Þegar hreppstjóri skráir þennan bát er hann sagður smíðaður í Stykkishólmi 1916, eik og fura, 4,23 brl., með 6 ha. Dan-vél. Eigendur bátsins er þar taldir Jón Proppé kaupmaður, Eliníus Jónsson og Sófónías Guðmundsson, allir í Ólafsvík en formaður er skráður Ólafur Guðmundsson á Kvíabryggju. Seinna er fært í eigandareit þessa báts nafn Björns Jónssonar í Látravík. Engin dagsetning fylgir þessari færslu né heldur hvenær eftirfarandi athugasemd er færð inn: „Ónýtur í Lárvaðli“.³⁴ Þetta er augljós villa, því þetta er örugglega sá *Óskar* sem lengi stóð á þurru í Rífi og margir eldri menn muna eftir.

Í *Íslensk skip* er sami ruglingur enda stuðst við sömu gögn, en eftirfarandi er trúlega rétt: „1928 er lengdur og mældist 5 brl. og þá var sett í hann 16 ha. Bolinder-vél. Báturinn var seldur Friðþjófi Guðmundssyni og Steingrími Guðmundssyni í Rífi. Báturinn talinn ónýtur 1954.“³⁵

Eftir að hafa gert grein fyrir þeim bátum sem fóru á skipaskrá 1916 er ekki úr vegi að gera grein fyrir bátum sem finnast ekki þar, en vitað er um af öðrum gögnum. Fyrst er þá að nefna annan bát með Óskarsnafninu sem við sögu kemur, en finnst ekki á skipaskrá í Eyrarsveit, en hlotið hefur skráningu líklega í Ólafsvík.

M.b. Óskar SH 47

Einu gögnin sem ég hef fundið um þennan bát er eftirfarandi þinglýsing frá 29. apríl 1915 þar sem Likvidatorer for Ólafsvíks Handel afsalar bátinn til bræðra Proppé.³⁶ Ekki er hægt af gögnum að slá því föstu að þeir bræður Sófónías og Ólafur hafi verið meðeigendur þeirra Proppébræðra í báðum *Óskurum*, en þessi *Óskar* virðist kominn á Kvíabryggju fyrir 1910. Báturinn er nefndur í *Breiðfirskir sjómenn* og þar eru eigendur hans taldir bræðurnir Sófónías og Ólafur Guðmundssynir. Til glöggvunar má benda á að í þeirri frá-

sögn segir: „Bátur þeirra bræðra liggur nú sem rifjahylki í fjörunni í Látravík.“³⁷ Þessi saga er sennilegi og líklegt að sá sem færði inn í skipaskrána þessar ódagsettu athugasemdir, sem fyrr er vikið að, hafi ekki gert sér grein fyrir að um tvo báta var að ræða með sama nafni. Samkvæmt segulbandsviðtali við Pétur Jónsson flutti Björn með bátinn í Látravík 1930 og gerði hann þar út í einhvern tíma. Þetta er svolítið ruglandi, en greinilegt er að til hafa verið á svipuðum tíma hér og í Ólafsvík 3 bátar sem allir báru Óskarsnafnið.

M.b. Trausti

Felix Arngrímsson, Setbergi, Eyrarsveit, veðsettur þann 13. janúar 1912 séra Jens V. Hjaltalín bátinn fyrir 1000 kr. skuld. Engar frekari upplýsingar hef ég fundið um þennan bát og hann finnst ekki á bátaskrá. En báturinn hefur verið hér í Grundarfirði því í þinglýsingarskjalinu er tekið fram að báturinn liggi í Spjararhópi.³⁸ En Felix Arngrímsson á eftir að koma síðar við sögu vegna útgerðar vélbáts sem hann átti með Cecil Sigurbjörnssyni eins og kemur fram í töflu hér í lokin.

M.b. Hegri BA

Þær opinberu upplýsingar sem ég hef fundið um þennan bát eru frá 15. ágúst 1918 þar sem Ólafur Jóhannesson á Vatneyri afsalar bátinn til Ásgeirs Kristjánssonar, Móabúð, og 4 annarra manna í Eyrarsveit f. 3000 kr.³⁹ Í *Breiðfirskum sjómönnum* er fjallað um þennan bát og þar segir um Pál Þorleifsson: „Fyrsti báturinn sem Páll var meðeigandi að hét *Hegri*. Það mun hafa verið um 1916. Keyptu þeir hann 6 félagar á 6000 kr. og komu þannig 1000 krónur á mann.“ Eigendur voru: Páll og Þorvaldur Þorleifssynir, Ásgeir Kristjánsson mágur þeirra, Runólfur Jónatansson og synir hans tveir, þeir Þorkell og Páll.⁴⁰

Engin gögn finnast um að þessi bátur hafi verið gerður út frá Kvíabryggju, en í minni eldri manna er víst að bátur með þessu nafni var gerður út frá Kvíabryggju og mun Elberg Guðmundsson hafa verið með þann bát.

Höfrungur SH 118

Þessi bátur er skráður í Neshreppi utan Ennis 5. nóvember 1908. Þar er hann sagður í eigu Jens Sigurðssonar í Rifi. Báturinn er sagður byggður í Reykjavík 1905, vera 3,6 brl. Og með 4 ha. vél. Seinna eru færðir inn í eigendareit skráningarbókarinnar nýir eigendur, þeir Skúli Sveinsson, Króki, og Sigurjón Halldórsson, Lágur-Koti. Þessi innfærsla er ekki dagsett. Þessi bátur mun vera fyrsti vélbáturinn í Neshreppi utan Ennis að sögn Karvels Ögmundssonar.⁴¹

Elsta löggjöfning um þennan bát er að finna í veðsetningu frá 13. ágúst 1907. Þar skuldbindur Jens Sigurðsson í Rifi sig til að greiða mismun á reikningi í Tangsverslun vegna mótorbátsins *Höfrungs*, kr. 682,07. Ennfremur til að greiða 6% vexti árlega af 1060 kr. sem hann fékk að láni hjá versluninni 1906.

Eftir undirskriftir í votta viðurvist lætur Jens bóka: „Eftir dagsetninguna bæti ég því við að báturinn sem hér eftir er mín óátalin eign skal tekinn sem trygging fyrir síðari greiðslunni uns hún er goldin.“ Þetta var þinglesið á Sandi 15. 6. 1908. Aflýsing hefur ekki fundist.⁴²

Það væri fróðlegt að vita hvenær þeir Sigurjón og Skúli eignast þennan bát. En eins og þeir sem til þekkja vita er þetta upphafið á farsælli útgerðarsögu aflamannsins Sigurjóns Halldórssonar á *Farsæl*.

Hroðalegir tímar

En hvernig skyldi það nú hafa verið að gera út á þessum árum þegar sæmi- legur vélbátur kostaði á við 2–3 góðar jarðir. Það er ef til vill erfitt fyrir okkur nútímafólkið að gera okkur grein fyrir þeim aðstæðum sem það fólk bjó við sem barðist við að verða sjálfbjarga og hvað það lagði á sig til að byggja það samfélag sem við í dag þekkjum. Og ef til vill vita fáir hve miklu máli sjó- sóknin skipti í lífsbaráttu þess tíma. Einn vitnisburð um stöðu fólks á þessum tíma er að finna í bréfi sem Ásmundur Sigurðsson oddviti sendi varaoddvita sinn, Bárð Þorsteinsson, með til sýslumanns í lok janúar 1918:

„Hjer með leyfi ég mjer að fara þess á leit við yður, velborni herra sýslumað- ur, að þjer hlutist til með að útvega hreppnum allt að 16.000 kr. – sextán þúsund króna dýrtíðarlán hjá landsjóði. Margar umkvartanir hafa hreppsnefndinni borist um matvöruvöntun hjá mönnum nú þegar og einnig hjá mönnum um það að þeir geti ekki keypt vörur þó þær væru fáanlegar. Þetta stafar auðvitað



Vélbátarnir voru ekki bara gríðarleg bylting í öflun lífsviðurværis, þeir voru mikil og góð samgöngutæki. Vélbátar flytja fólk til fermingarguðsþjónustu á Setbergi. Ljós m.: óþekktur.

mikið af því, að fiskafli á síðastliðnu hausti hefur alveg brugðist hjer vegna ótíðar og síðan með jólaföstu hefur ekki verið komið á sjó, en eins og yður er kunnugt eru það flestir sem að einhverju leyti hafa lífsframtæki sitt af sjávarafli og æði margir algerlega, er því beinn voði fyrir höndum allmargra hreppsúa ef þessi tíð heldur áfram.⁴³

Og víst er það að þessi barátta hefur verið hörð og mörg voru bréfin sem Ásmundur þurfti að skrifa vegna þessara harðinda og vöruskorts. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi neitað hreppsnefndinni um lán til vörukaupa tókst Ásmundi með stuðningi sýslumanns að ná frá Landsversluninni töluverðu magni af vörum. Þessar vörur gat fólk svo fengið út á skömmtnunarseðla sem oddviti útbýtti. En baráttan við hafið hélt áfram þrátt fyrir erfiða tíð og þeirri baráttu töpuðu Ásmundur og menn hans 31. janúar 1919.

Í *Þrautgóðir á raunastund* er slysi þessu lýst svona: „31. janúar hvolfdi róðr-
arbatnum *Sunnlendingi* frá Bár í Eyrarsveit, en báturinn var þá nýlega lagður af
stað heimleiðis úr róðri og var með mikinn afla. Slæmt veður var og mun vind-
hviða hafa slegið í öfugt segl bátsins. Sjö menn voru á bátnum og komust sex

þeirra á kjöl. Vélbátur sem var að veiðum skammt frá slysstaðnum kom þegar á vettvang, en vegna þess hve slæmt veður var og illt í sjó hafði alla mennina nema tvo tekið út af kilinum er báturinn kom á staðinn. Tókst að bjarga þeim.“⁴⁴

Við embætti oddvita tók þá Runólfur Jónatansson á Spjör sem samkvæmt bréfabók Eyrarsveitar flutti sig í Grafarnes haustið 1921.

Priðji tugur 20. aldar

Þegar hér er komið eru eldri lesendur farnir að sjá grilla í nöfn sem þeir þekkjá og þó er enn langt í það að við séum farin að sjá tíma sem fólki er í fersku minni. Hér að framan er getið þeirra vélbáta sem ég hef náð vitneskju um með grúski í gömlum pappírnum. Það er athyglisvert að þetta stóra framfaraspor virðist hafa átt sér aðeins aðra slóð hér í Grundarfirði en á Vestfjörðum. Mis-munurinn er nefnilega sá að fyrir vestan byrjuðu menn á að koma vélum fyrir í áráskipunum sínum, en á Snæfellsnesi eru flestir fyrstu vélbátarnir byggðir sem vélbátar og þannig er með nánast alla báta sem fyrr hafa verið nefndir.

Þegar líða fór á 3. tug aldarinnar flutti í Grafarnes Sigurður Þorsteinsson og með honum komu nokkur umsvif.⁴⁵ Feril Sigurðar er ekki svo gott að rekja enda verður það að bíða betri tíma, en fyrst kemur nafn hans fyrir þegar hann keypti íshúsið á Grundarkampi 1909 og síðast þegar hann var skráður sem skipstjóri á *Sindra* SH 9. Um svipað leyti og Sigurður kom í Grundarfjörð fóru menn almennt að setja vélar í báta sína, á árabílinu 1926–31.

Árið 1932 þurfti hreppstjóri Eyrarsveitar, Kristján Þorleifsson, að leggja upp í nýjan leiðangur svipaðan þeim sem hann fór 1908. En þá höfðu allar skráningar frá árinu 1908 verið ógiltar og í þetta sinn átti aðeins að skrá vélbáta. Að þessu sinni byrjaði hreppstjórinn frammi í sveit og leit ekki við árabátum. Hann fór bæ af bæ og skráði vélbátana og úthlutaði þeim einkennisstöfum. Þar sem ég hef ekki fundið frumskjöl hreppstjórans úr þessari för verð ég að reiða mig á skipaskráningarbókina. Það er svo sem ekki annað vandamál en það að sá sem færði skráningu Kristjáns inn var afleitur skrifari, en Kristján hafði hins vegar ágæta skriftarkunnáttu. Því munuð þið sjá að spurningarmerki eru sett þar sem ólæsilegt er eða vafi á réttum lestri. Einnig kunna aðrar villur að leynast í töflunni af þessum sökum. Þá er rétt að bend á annan galla skipaskrárinnar en hann er sá að engar breytingar eru dagsettar og þegar skip hefur verið

strikað út var það gert í bókstaflegri merkingu með því að krossa yfir reitinn, einnig það er ódagsett. Þess vegna er hugsanlegt að bátar sem fyrr hafa verið nefndir, en ekki eru á þessari skrá, hafi eigi að síður verið til þegar þessi skráning fór fram.


Skipaskrá Eyrarsveitar leit því svona út 1932:

Nýskráðir vélbátar í Eyrarsveit 1932

Eink.st.	Nafn	Eigandi	Heimili	Bygg.ár	Stærð brl.	Bygg.staður	Efni
SH 9	<i>Sindri</i>	Hrónn hf	Grafarnes	1934	16	Nyköbing	
SH 17	<i>Sæbjörg</i>	Guðmundur Guðmundsson	Nýjabúð	?	1,34	Stykkishólmur	eik/fura
SH 18	<i>Farsell</i>	Stefán J. Hjaltalín	Garðsendi	end.b 1928	1,16	Naustáll	eik/fura
SH 19	<i>Svala</i>	Ingimundur Gíslason	Vatnabúðir	end.b 1927	0,97	Stykkishólmur	eik/fura
SH 20	<i>Brana</i>	Elís Gíslason o.fl.	Vatnabúðir	end.b.1931	1,31	Stykkishólmur	eik/fura
SH 21	<i>Rána</i>	Gunnar Guðmundsson	Akurtraðir	1920	1,32	Nýbúð	eik/fura
SH 22	<i>Heppinn</i>	Finnur, Jens, Jósep Kjartanss.	Þórdísarstaðir	1930	2,81	Arney?	eik/fura
SH 23	<i>Freyja</i>	Sigurjón Halldórsson o.fl.	Norður-Bár	1926	1,65	Akurtraðir?	eik/fura
SH 24	<i>Polinnmóður</i>	Björgvin Bjarnason	Grafarnes	1927	2,93	Bíldudalur	eik/fura
SH 25	<i>Sjósvalan</i>	Árni Sveinbjörnsson	Hellnafell	1915	1,18	Stykkishólmur	eik/fura
SH 26	<i>Freyja</i>	Lárus Jónsson	Gröf	1921	0,86	Stykkishólmur	eik/fura
SH 27	<i>Lára</i>	Lárus Guðm./Guðm. Bjarnason	Krossnes	1916/1931	1,29	Stykkishólmur	eik/fura
SH 28	<i>Sæbjörg</i>	Guðmundur Bjarnason	Grafarnes	1931	1,57	Grafarnes	eik/fura
SH 29	?????	Felix Arngr./Cecil Sigurbj.	Grundarfjörður	end.b 1928	1,24	Grafarnes	eik/fura
SH 30	<i>Friða</i>	Guðm. Sig./Óskar Arngr.	Kvíabr./Reykjav.	1926	1,91	Naustáll	eik/fura
SH 70	<i>Friðan</i>	Bergur Þorsteinsson	Krossnes	1920	1,31	Sth.?	eik/fura
SH 71	<i>Svalan</i>	Björn Jónsson	Látravík	1912	1,03	??	eik/fura
SH 111	<i>Svanur</i>	Páll Þorleifsson o.fl.	Hamrar	1917	13,86	Bíldudalur	

Athyglisverð breyting

Sú athyglisverða breyting hefur átt sér stað frá fyrstu skráningunni að nú eru nánast allir framsveitungar orðnir vélvæddir og vélbátar varla sýnilegir á Kvíabryggju. Hér er þó rétt að benda á fyrrnefnda fyrirvara um að hugsanlegt er að einhverjir af bátum fyrri töflunnar séu enn til þegar þessi skráning er gerð. Þá er annað sem er augljóst að ekki eru allar skráningarnar síðan 1932, því efstur á töflunni er *Sindri* SH 9, en sá bátur er ekki byggður fyrr en 1934 í Nyköbing og var upphaflega á Norðfirði. Einnig er athyglisvert að ekki er á skránni SH 16 sem var á m.b. *Ármani* á Berserkseyri. Takið eftir því að við suma bátana eru tvö ártöl, þar er augljóslega verið að skrá hvenær báturinn er



Vélbátarnir Sindri og Svanur voru fyrstu vélbátarnir sem gerðir voru út á heilsársgrundvelli frá Grundarfirði.

byggður og hvenær honum var breytt fyrir vél. Þar sem aðeins er eitt ártal er ekki alltaf ljóst hvort það á við byggingarár eða endurbyggingu fyrir vél.⁴⁶ Augljóst er að þarna kann nokkuð á að vanta þar sem löggjörningar virðast ekki alltaf hafa verið eins nauðsynlegir og nú.

Hér til gamans bendi ég á að þótt Sigurjón Halldórsson og Skúli Sveinsson séu skráðir inn í eigendadálk í skráningarbók, við *Höfrung* SH 118, hafa engin gögn fundist um að þeir hafi í raun keypt hann. Einnig vantar hér augljóslega m.b. *Þráinn* frá Kvíabryggju sem bræðurnir Björn og Jóhannes Kristjánssynir frá Höfða gerðu þar út. Þeir bræður fluttu sig með þann bát út í Rif. Þá má geta þess að þeir bræður Sigurþór og Þorkell Runólfssynir keyptu upphaflega m.b. *Polinmód* nýjan og gerðu hann út frá Búðum eða Kvíabryggju. Þá eru ekki heldur nefndir þeir tveir vélbátar sem Sigurður Þorsteinsson kom með til Grundarfjarðar 1927. Þeir hétu *Aldan* og *Björgvin*. M.b. *Aldan* var 5–6 tonna bátur en *Björgvin* eitthvað minni, um 4 tonn. Einnig kom Sigurður með mótorkútturinn *Valnýju* sem líklega var aldrei skráð hér, en hún mun hafa verið í eigu banka. Finnur Sveinbjörnsson var skipstjóri á þeim bát um tíma.

Eins og sjá má eru bátum sem skráðir eru 1932 lítil skil gerð, þó af þeim sé nokkur saga. Sú saga er þónokkuð vel þekkt meðal eldri manna og verður vonandi rakin síðar enda er sú skráning upphafið að þeirri bátaskráningu sem enn er varðveitt og ekki ætti að vera jafn erfitt að taka til umfjöllunar. Eins er rétt að ítreka að þessi samantekt er byggð á rituðum heimildum. Takmörkin eru um löggjörninga og komi einstaklingur eða bátur ekki þar fyrir, vantar þá einnig hér.

Allar ábendingar og frekari upplýsingar eru vel þegnar og geta birst sem viðauki í næstu bók. Það er auðvitað alltaf matsatriði hvar á að draga kaflamörk í samantekt sem þessari, en upphaflega var við það miðað að safna og koma á framfæri upplýsingum um fyrstu vélbátana. Upplýsingum sem voru að glatast og er vafalaust eitthvað glatað. En lesandi góður, taktu þessa vinnu með þeim fyrirvörum sem fyrr er vikið að.

Sindri og Svanur

Svo skemmtilega vill til að *Sindri* SH 9 og *Svanur* SH 111 eru í upphafi og enda þessarar töflu, en einmitt þessir bátar mörkuðu næsta skref útgerðarsögunnar með því að teljast fyrstu bátarnir sem gerðir voru út, á heilsársgrundvelli, frá Grundarfirði. Þeir munu því marka upphafskafla næsta hluta vélbátasögu Grundarfjarðar sem vonandi verður hægt að taka saman fyrir næsta bindi.

Grundarfirði, veturinn 2001–2002.

Við þessa samantekt hef ég hlotið ómældan stuðning og styrk frá Péttri Sigurjónssyni sem lengi hefur haft þessa sögu að áhugamáli. Honum kann ég bestu þakkir og einnig Vilhjálmí Péturssyni sem sýnt hefur verkefninu mikinn velvilja og áhuga.

Tilvísanir

- ¹ *Gullkistan, Endurminningar Árna Gíslasonar, Ægisútgáfan* 1980.
- ² I Henhold til lov for Island om skibes Registrering.
- ³ *Íslenskir athafnamenn*, II. Þorsteinn Matthíasson. Bókhlaðan 1982.
- ⁴ Veðmálabók 9, bls. 51.
- ⁵ *Breiðfirskir sjómenn*, 1. b.

- ⁶ Þj.skj.s. Aðalskipaskrá, askja 12.
- ⁷ Veðmálabók 10, bls. 27–28.
- ⁸ Veðmálabók 10, bls. 450.
- ⁹ Veðmálabók 10, bls. 380–81.
- ¹⁰ Íslensk skip, 3. bindi.
- ¹¹ Veðmálabók 9, bls. 67–68.
- ¹² Veðmálabók 9, bls. 300.
- ¹³ Íslensk skip, Bátar, 3. bindi, bls. 77.
- ¹⁴ Veðmálabók 10, bls. 160.
- ¹⁵ Veðmálabók 10, bls. 153–54.
- ¹⁶ Saga Ólafsvíkur, fyrra bindi, bls. 165. Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1987.
- ¹⁷ Íslensk skip, Bátar, bls. 181.
- ¹⁸ Veðmálabók 9, bls. 196–97.
- ¹⁹ Hvannarek. Bersveinn Skúlason. Víkurútgáfan 1981.
- ²⁰ Veðbók 10, bls. 80–81.
- ²¹ Þjóðskjalasafn. Sýslum. Snæf. Ýmis skjöl.
- ²² Veðmálabók 10.
- ²³ Íslensk skip, Bátar, 3. bindi bls. 135.
- ²⁴ Þjsk.ss Sýslum. Snæf. Ýmis skjöl.
- ²⁵ Íslensk skip, Bátar 3. bindi, bls 168.
- ²⁶ Veðmálabók 10, bls. 84 og 144–5.
- ²⁷ Fiskiskipaskrá Snæfellsnessýslu XXI. 7.
- ²⁸ Íslensk skip, 3. bindi, bls 157.
- ²⁹ Fiskiskipaskrá Snæfellsnessýslu XXI. 7.
- ³⁰ Breiðfirskir sjómenn, 1. bindi.
- ³¹ Fiskiskipaskrá Snæfellsnessýslu XXI. 7.
- ³² Segulbandsviðtal Péturs Konráðssonar við Pétur Jónsson.
- ³³ Veðmálabók 13.
- ³⁴ Fiskiskipaskrá Snæfellsnessýslu XXI. 7.
- ³⁵ Íslensk skip, 3. bindi, bls. 177.
- ³⁶ Veðmálabók 11, bls. 247–8.
- ³⁷ Breiðfirskir sjómenn, 1. bindi, bls. 293.
- ³⁸ Veðmálabók 10, bls. 464.
- ³⁹ Veðmálabók 11, bls. 472.
- ⁴⁰ Breiðfirskir sjómenn, 1. bindi, bls. 283.
- ⁴¹ Sjómansæfi, 1. bindi, Karvel Ögmundsson.
- ⁴² Veðmálabók 9, bls. 109.
- ⁴³ Bréfabók Eyrarsveitar.
- ⁴⁴ Drautgóðir á raunastund, 9. Steinar J. Lúðvíksson, Örn og Örlygur 1977.
- ⁴⁵ Byggðir Snæfellsness, grein eftir Halldór Finnson.
- ⁴⁶ Fiskiskipaskrá Snæfellsnessýslu XXI. 7.

Nokkrar vísur eftir Jakob Bjarnason

Jakob var fæddur í Hellnafelli 14. júlí 1900. Hann var bakari að iðn og vann við það mest af sinni ævi, frá því að hann flutti úr Eyrarsveit, ungur maður og settist að í Reykjavík. Jakob samdi nokkur ljóð og stökur. Hér er eitt sýnishorn.

Grundarfjörður og Eyrarsveit

Yndisfagra, unaðsblíða,
ástarkæra feðrasveit.
Aldrei hef ég augum litið
unaðsfegri sælureit.

Hér leit ég fyrst guðs ljósið bjarta,
ljúfi besti faðirinn
og gladdist barnsins góða hjarta
gaf mér sýn í himin þinn.

Fellið mitt og Hyrnan fríða,
Helgrindur með fannahjúp.
Fjörðurinn speglast fagur víða
við flóans breiða regindjúp.

Ég vil svo að leiðarlokum
leggjast í mína feðrafold.
Þar munu líkamsleifar hvíla
og blandast þinni gróðurmold.

Og svo þegar andinn líður
upp frá þessari jarðarrönd,
annar Grundarfjörður fríður
fagnar mér á lífsins strönd.

Fossahlíð og Grundarfoss

Þú mín fagra Fossahlíð,
þar fossinn fellur ár og síð,
sveipast um þig sólu skírð,
sífelld þúsundlitadýrð.

Ó það fagra ævibil,
var unaðslegt að vera til.
Um þín háu hamraþil
heyrðist fagurt töfraspil.

Þú fellur fram af bergsins spöng,
þar bruna hátt þín vötnin ströng
og syngur þar sinn svása söng
um sumardag í gljúfraþröng.

Þú mín fríða Fossahlíð,
fögur ertu björt og blíð.
Aftansólin um þig skín
á þitt fagra fjallalín,
uns í hafið hæg og fögur dvín.

Jakob Bjarnason bakameistari.

Nokkrar vísur eftir Berg Bjarnason

Bergur var fæddur í Hellnafelli 1. maí 1903. Hann var húsasmiður að iðn og vann við smíðar að mestu leyti frá því að hann fluttist á yngri árum úr Eyrarsveit til Grindavíkur. Á efri árum flutti hann aftur til Grundarfjarðar og dvaldist á Fellaskjóli til æviloka. Bergur samdi mörg ljóð og er hér eitt þeirra.

Grundarfjörður

Hér við fríða fjörðinn minn
fékk ég blíðu mikla.
Um fjallahlíðafaðminn þinn
fossar hlíðar stikla.

Sólin gyllir fagran fjörð
fuglar syngja og kvaka.
Í lóuhreiðrum lyngs um börð
litlir ungar kvaka.

Sólarstrengir, geislaglóð
gyllir engi og marinn.
Sál mín lengi hlustar hljóð
horfinn drengjaskarinn.

Sólarstrengir, vel gerð voð
vermir lengi hjartað.
Ungir drengir gera út gnoð,
þá getur enginn kvartað.

Mýrarhyrnan bringubreið
búin vel til axla.
Á norðurströnd er kerling keik
klofin niður í jaxla.

Kirkjufellið horfir hátt
himins upp í ljóma,
hvassar eggjar, bergið blátt,
bragnar allir róma.

Krossnesbjarg og eyjan er
undrafögur smíði,
stuðlabergið stendur hér
staflað upp með prýði.

Skipin sigla út og inn
á það horfir stöðin.
Sú var tíð að sonur þinn
sat með árablöðin.

Garpar sigla út og inn,
ægir hvesir brúnir.
Berst í skafla brotsjórinn,
brátt til hafnar snúnir.

Nú skal enda búinn brag,
brögnum senda ljóðið,
yfir stendur stuðlaðar
stef úr andans sjóði.

Vetrarvertíð 1925

Á úthafinu ofsaveður geisa,
ægilegir brotsjóir sig reisa
kringum litla fiskifarið mitt.
Drottinn líttu á lífið hér í bátnum,
líttu á mömmu barma sér í grátnum,
vægðu okkur fríði frelsarinn.

Dauðinn býr við borðstokkana báða,
brotsjórinn vill hér öllu ráða
og færa flest í kaf.
Ég hugsa bara heim til móðir minnar,
mildu og hlýju handarinnar þínar
sem að hjarta innsta ylinn bar.

Svo fel ég allt í fagrar hendur þínar,
ó, fyrirgefðu mér allar syndir mínar.
Þig móðgað hef ég margoft, Jesú klár.
Aga þú mig eftir þínum vilja
svo ég læri þig að elska og skilja
um eilíf ár.

Styrk mig herra, styð þú mig að stríða,
í stormum lífs ei svo þurfi að kvíða,
hvar sem hrekst um hafsins víða geim.
Þó brotnað hafi stýri og stjórnarstrengur
í stormum lífsins hlýt að berjast lengur,
áður en held ég heim.

Ég held svo heim í herrans Jesú nafni
og hræðist ei, því Drottinn býr í stafni,
þótt liggi leið um lífsins dimma haf.
Ef ljúfur Jesú leiðir mig og hvetur.
Ég legg á djúpið, enginn stjórnar betur,
en Guð sem oss lífið gaf.

Bergur Bjarnason.

Helga Gróa Lárusdóttir, frá Gröf

Svipmyndir úr sögu Grundarfjarðar

Borga og Dóri

Mig langar til þess að minnst tveggja vina minna frá bernskuárum mínum heima í Gröf. Þau voru vinnufólk, fyrst hjá afa mínum Jóni Lárussyni og ömmu minni Helgu Gróu Sigurðardóttur, sem fluttu að Gröf árið 1905. Síðan hjá foreldrum mínum, Halldóru Jóhannsdóttur og Lárusi Jónssyni, sem tóku við búinu af þeim. Þau hétu Elínborg Magnúsdóttir (f. 1862, d. 1947) og Halldór Kristjánsson (f. 1887, d. 1952). Komu að Ytri Gröf á fyrstu búskaparárum þeirra Jóns og Helgu Gróu.

Fyrstu árin þeirra í Grundarfirði áttu þau heima í litlum bæ við Ytri Gröf, en allt frá því ég man áttu þau heima í bæ, sem byggður var sérstaklega fyrir þau. Bæ þann byggðu Kristján Þorleifsson frá Grund og Björn Jón Lárusson í Ytri Gröf. Veggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti, en þakið klætt bárujárni. Bærinn sá var þar sem nú stendur húsið Grundargata 6 og greinilega merktur með útskornu nafninu GILVOGUR, sem var skorið af Dóra sjálfum, en í kirkjubókum nefndur Ós. Við heima í Gröf kölluðum bæinn alltaf Borgubæ. Inngangurinn var lagður hellugrjóti, en síðan kom þiljuð stofa með viðargólfi og hituð upp með eldavel, sem kynt var upp með mó, en í Grafarlandi var góð mótekja og talin til hlunninda. Tvö rúm undir súð hvorum megin, en borð undir glugga á stafninum.

Sambýli þeirra Borgu og Dóra var þannig háttað að Borga var heitbundin Kristjáni Kristjánssyni eldri bróður Dóra, en Kristján druknaði áður en að gift-



Borga og Dóri.

ingu kom. Borga var þá ung, en giftist ekki, heldur tók hún að sér Dóra, bróður þess sem hún missti, en á þeim var mikill aldursmunur.

Heilsa Dóra var þannig að hann hefði ekki komist af án aðstoðar, en hann var sérkennilegur, eins og síðar mun að vikið.

Borga var hraust og hörkudugleg að hverju því verki sem hún gekk. Ég man enn eftir tilþrifum hennar við heyskap, en við rakstur stóðst henni enginn snúning. Þá var hún ekki síður liðtæk við ullarþvottinn. Hún kenndi mér mörg handtökin og er mér enn í minni þegar hún kenndi mér að sá gulrófnafræi.

Enda þótt þau byggju í sínum bæ, borðuðu þau heima í Gröf, enda í vinnu-mennsku þar. Borga átti sinn fasta sess í stigaprepi, sem lá upp úr eldhúsinu upp á svefnloftið. En eftir að hún var hætt að geta stundað erfiðisvinnu sá hún að mestu um sig sjálf, en hana skorti aldrei mat, því sjómennirnir okkar og margir aðrir sáu um það. Hún var alltaf með eitthvað á prjónunum. Prjónaði margan sjóvettlinginn og fékk þá goldna í fiskmeti. Það var almælt að hún væri sérlega vænleg til áheita. Hvort sem um það réð hjátrú eða ekki, þá þótti það furðu gegna hversu oft hún varð við, eins og það var kallað í mínu ungðæmi. Hún var einkar barngóð og sóttum við systkinin því mjög til hennar. Minnis-


Elínborg Magnúsdóttir.

stætt er mér það, þegar við krakkarnir komum til hennar í heimsókn. Þá var tekid á móti okkur af mikilli alúð og talað við okkur eins og fullorðid fólk og boðid upp á kúmenkaffi og kandíssykur. Björn, elsti bróðir minn, var í miklu dálæti hjá Borgu. Til marks um það nefndi hún uppáhaldshænuna sína Bjössadúllu, en Björn færði henni fisk og annað sem hún þurfti, eftir að hann var orðinn verkstjóri í frystihúsinu. Borga er verðugur fulltrúi hinna dyggustu hjúa, sem allt vildu á sig leggja fyrir húsbændur sína. Hún var ein þeirra mörgu, sem lítið var kennt í bóklegum fræðum. Hjá henni leyndist samt margt og vissu fáir að hún gat fellt hugsun sína í ljóðlínur. Eitt dæmi veit ég þó til þess, en það var þegar ég trúlofaðist og mannsfnið kom í heimsókn til Grundarfjarðar í fyrsta sinn. Rétti Borga þá að mér miða, sem á var rituð með eigin hendi þessi vísa:

Ó, ég mætti óska ykkur
ungum lífs á skeiði.

Hannes minn og Helga mín,
Herrann Jesus leiði.

Þótt miðinn sé orðinn gulnaður og snjáður, er hann mér dýrmætur. Hann er sem varða á vegi minninganna um þá sem hafa kennt mér dyggðir, sem tæpast verða af bókum lærðar.



Ó, ég mætti óska
ykkur ungu lífs
á skeiði.
Hannes minn og
Helga mín,
Herrann Jesus
leiði.

Ó, ég mætti óska ykkur
ungum lífs á skeiði.
Hannes minn og
Helga mín,
Herrann Jesus
leiði.

Borga í Gröf



Halldór Kristjánsson. Manninn með hattinn má greina sem Þorkel Sigurðsson.

Þess má og geta að tveir bræðra minna, þeir Jóhann og Sigurður, létu dætur sínar heita nafni Elínborgar. Finnst mér það lýsa væntumþykju okkar systkininna um Borgu. Þessar tvær frænkur mínar eru báðar góðar og duglegar konur. Einu sinni hét ég á aðra þeirra og hún varð svo sannarlega við áheitinu.

Þegar ég í elli minni fer að rifja upp minningar um vin minn Dóra, finnst mér að alltaf hafi hann verið eins og ég man hann. En eitt er víst, að hann var öðruvísi en annað fólk. En ég er svo

eigingjörn á eigin minningar um vin minn Dóra, að ég vil hafa hann eins og ég man hann. Hann var jafnaldra foreldrum mínum. Hefur því verið á þrítugsaldri þegar hann flytur með Borgu til afa míns og ömmu í Eyrarsveit. Hann hlýtur því að hafa sett svip sinn á mannlífið í þessari sveit, sem aðeins var komist til af sjó, á hestum eða gangandi næstu 20 árin eftir að hann kom í sveitina. Ekki síst fyrir það að stundum brá hann fyrir sig betri fætinum og var nokkrar nætur í burtu og kom á marga bæi, innan sveitar og utan. Þar eð hann var snyrtimenni og ræðinn og lét margt flakka var hann alls staðar velkominn.

Heimkominn úr slíkum ferðum var hann gjarnan spurður fréttu. Við heima fengum sjaldan að heyra nema lítinn skammt í einu, þ.e.a.s. hann blaðraði ekki og sagði sumt undir rós og lét gjarnan toga út úr sér fréttirnar.

Engin var furða þótt spurt væri, því að frá því að ég man fyrst var sími aðeins á prestsetrinu Setbergi, fyrir utan símstöðina heima í Ytri Gröf.

Yfirleitt var hann rólegur, en átti þó til að vera uppstökku og rauk þá á dyr,

Dóri og Borga.

eftir að móðir mín hafði beðið hann að gera eitt-hvað, en kom svo inn aftur og spurði hæverskur: „Dóra, hvað var það sem ég átti að gera?“ Hann kallaði hana alltaf Dóru. „Karlinn hann Lalli var á undan mér að ná í hana Dóru,“ sagði hann oft. Annars virtist hann ekki vera hrifinn af hjónabandi, samanber þessa vísu, sem ég heyrði hann oft tauta fyrir munni sér :

Það er vandi að velja sér
víf í standi þrifa.
Óláns fjandi ef illa fer,
í því bandi að lifa



og hnykkti gjarnan á með því að segja „í því fjandans bandi að lifa“. Hann hafði ýmsum skyldum að gegna heima og tók verk sitt hátiðlega. Enginn skúr-aði stigann og forstofuna betur en Dóri. Þá var notuð grænsápa og sandur í gólfþvottinn. Hann sá alfarið um hænsnin. Í það trúnaðarstarf mátti enginn annar blanda sér og hann reiddist ef við krakkarnir voguðum okkur að hirða egginn. Hann talaði alltaf blíðlega við hænurnar og þær svöruðu honum í sömu tóntegund. Ýms orðtök og málshætti hafði hann á hraðbergi, t.d. „Það er gott að kunna ýmislegt“ og „Fellur þungt þakkarlaust verk“ og „Ekki eru allar ástir í andliti fólgnar“ ef talið barst að ófríðu fólki og „Það er margt manna meinið“ þegar talið barst að veikindum.

Oft var kátt í návist Dóra, enda lét hann margt flakka og var hnyttinn. Eitt



Borgubær (Grundargata 6) og Hölluhús eða Bjarg (Grundargata 8). Ofan við Borgubær er hús Elimars Tómassonar. Takið eftir nautgripunum í fjörunni.

sinn var kominn galsi í mig og Steinþóru mágkonu mína og svöruðum við honum á sömu nótum og vorum farnar að klæmast. Þá sagði hann skyndilega: „Eru þetta frúrnar úr Reykjavík?“ og hló. – Sögð er sú saga að einn sumardag í sól og blíðu áði full rúta af ferðafólki við túnfótinn heima í Gröf. Dóri fór til þess að heilsa upp á fólkið og varð brátt glatt á hjalla. Hafði sig mest í frammi ung og fögur kona og vakti tal hennar mikla kátínu á kostnað Dóra. Þá sagði hann um leið og hann benti á konuna: „Nei, er hún ekki komin hingað hún barnsmóðir mín.“ Konan unga kafroðnaði og snérist hlutverk hennar algjörlega við og vakti ekki minni kátínu, en nú á hennar kostnað.

Dóri var næmur á afbrigði í hátterni og fasi fólks. Gaf hann fólki ýmsar einkunnir og auknefni, sem orðhögum mönnum mætti sómi að vera. Hann átti það til að koma með snarpar athugasemdir, eins og gerðist í kirkjunni að Setbergi við jarðarför Borgu sambýliskonu hans. Þann dag rigndi eins og mest getur orðið í Grundarfirði. Þurftu líkmenn því að vera vel búnir til fótanna svo bera mætti kistuna út í kirkjugarðinn. Björn bróðir minn var einn þeirra og var í bússum. Þegar í kirkjuna var komið sá móðir mín að ekki hafði verið kveikt á



Elínborg Magnúsdóttir (Borga), Kristín Þorleifsdóttir, Hömrum, Halldóra Jóhannsdóttir, Gröf og Helga Halldórsdóttir. Ljós.: Helga Gróa Lárusdóttir (1943).

kertum á altarinu. Það því Björn að kveikja á kertunum. Sem hann var kominn að altarinu í niðurbrettum bússunum heyrðist frá Dóra á aftasta bekk. „Hann var heppinn hann Björn að hafa fengið þessar bússur.“ Skólabróðir eiginmanns míns kom á stúdentsárnum sínum til Grundarfjarðar. Hann sagði svo frá kynnum sínum af Dóra, en hann var einna fyrstur heimamanna til þess að heilsa honum og gerði það á þessa leið:

Ekki lengi að kynna sig, sá djöfull. „Komdu sæll. Ég heiti Halldór og hef verið bryggjuvörður hér í 30 ár. Þú skuldar mér 50 krónur.“ En vel á minnst með 50 krónur. Dóri var alltaf fyrstur manna til þess að greiða útsvarið sitt. Á hann voru alltaf lagðar 50 krónur (gamlar). Enda sagði hann að það væru bara sveitarlimir, sem ekki borguðu útsvar. Bárður Þorsteinsson oddviti í Innri Gröf sá um að hann fengi þessar álögur endurgreiddar, án þess að stolti hans væri misboðið.

Skráð í júlí 2001.

Björg Ágústsdóttir

Af sveitarstjórnarmálum

Annáll 2001

Af nægu er að taka þegar litið er yfir rekstur, framkvæmdir og aðra viðburði á vettvangi sveitarstjórnar á árinu 2001. Hér er ætlunin að draga fram helstu atriðin í starfsemi sveitarfélagsins á árinu. Líta má á umfjöllunina sem tilraun til að varðveita heimildir og setja fram n.k. ígildi ársskýrslu sveitarfélagsins eða greinargerð um starfsemi og viðburði sem með tímanum geta fallið í gleysku. Fyrir vikið verður textinn e.t.v. heldur ítarlegur og með upptalningarblæ, því erfitt er að sleppa úr atriðum eigi heildarmyndin að nást.

Það skal tekið fram að þó sveitarfélagið okkar sé í dag orðið bær, verður hér á eftir talað um sveitarfélag, sveitarstjórn, sveitarstjóra o.s.frv., en ekki bæjarstjórn o.s.frv. Er það í samræmi við orðnotkun og stöðuna eins og hún var á árinu 2001.

Rekstur, framkvæmdir og helstu lykiltölur í ársreikningi

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2001 og skýrslu endurskoðenda til sveitarstjórnar.

Sveitarsjóður

Helstu niðurstöður ársins 2001 voru þær að skatttekjur sveitarsjóðs hækkuðu frá árinu áður um 11,5% og námu 247 millj. kr. eða 258 þús. kr. á íbúa.

Afkoma sveitarsjóðs eftir rekstur málaflokka var betri en árið áður. Rekstrarútgjöld vegna málaflokka námu á árinu 78,6% af skatttekjum, voru 79,4% árið 2000, en í kringum og rétt yfir 70% nokkur ár þar á undan. Rekstrar-

kostnaður pr. íbúa var 203 þús. kr. árið 2001 samanborið við 185 þús. árið 2000 og 166 þús. árið 1999.

Fræðslumálin taka mest til sín eða tæpar 133,2 millj. kr.

Nettó kostnaður við framkvæmdir sveitarsjóðs var 135 millj. kr. á árinu, eða 55% af skatttekjum, og hækkaði um 44 millj. kr. frá fyrra ári.

Stofnanir sveitarsjóðs

Hafnarsjóður. Verulegar framkvæmdir voru á vegum hafnarinnar á árinu. Hagnaður varð af rekstrinum sjálfum um 8,6 millj. kr., en eftir að framkvæmdir hafa verið teknar með er niðurstaðan sú að höfnin var rekin með 15,8 millj. kr. halla. Framkvæmdir hafnarsjóðs námu 132,3 millj. kr. brúttó á árinu, en framlag ríkissjóðs á móti var 107,9 millj. kr. og því féllu á hafnarsjóð um 24,4 millj. kr. nettó.

Vatnsveitan. Rekstur vatnsveitunnar kom betur út en árið áður. Eftir framkvæmdir, sem námu um 3 millj. kr., var niðurstaða rekstraryfirlits jákvæð um 1,2 millj. kr.

Félagslegar íbúðir. Rekstur félagslegra íbúða versnaði á árinu. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð (tap) um 4 millj. kr. á móti 1,3 millj. kr. árið á undan. Þar vegur þungt að fjármagnskostnaður hækkaði verulega milli ára, einkum vegna framkvæmda ársins, sem námu um 37,6 millj. kr. Endurbætur á Sæbólsblokkinni eru þar fyrirferðarmestar, eins og síðar verður rakið.

Samstæðan

Rekstur samstæðunnar (sveitarsjóður, hafnarsjóður, vatnsveita og félagslegar íbúðir) batnaði nokkuð á árinu. Hagnaður fyrir vexti og framkvæmdir var 68,3 millj. kr. eða 23,4% af tekjum á móti 21,6% á árinu 2000. Hins vegar var meira fé ráðstafað umfram tekjur árið 2001, eða 173,8 millj. kr. á móti 78,7 millj. kr. á árinu 2000. Munurinn liggur fyrst og fremst í meiri framkvæmdum og fjárfestingum, en einnig í hærri fjármagnskostnaði og hærri afborgunum lána.

Skuldir samstæðunnar eru samtals 473,5 millj. kr. og er hlutur bæjarsjóðs 45,8% eða 216,7 millj. kr., hafnarsjóður er með 49,3 millj. kr., vatnsveitan 4,6 millj. kr., félagslegar íbúðir 119,7 millj. kr. og íbúðir aldraðra 87,1 millj. kr.

*Byggingu
Smiðjunnar,
Borgarbraut 16, var
lokið á árinu.*



Starfsemin á árinu og einstök verkefni

Smiðjan

Í annál ársins 2000 var gerð grein fyrir kaupum sveitarfélagsins á húsnæði vél-smiðjunnar Bergs að Borgarbraut 16, áður vélsmiðjunnar hans Bærings heitins, og framkvæmdum sem þá hófust við húsið. Þeim framkvæmdum, sem Trésmiðja Guðmundar Friðrikssonar ehf. í Grundarfirði sá um skv. útboði, lauk vorið 2001. Lóðarframkvæmdum lauk í júlí, en þær annaðist Kristján Oddsson, Dodds ehf., í Grundarfirði skv. útboði, en Erla Bryndís Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt í Grundarfirði, hannaði lóðina. Við flutning í nýja húsið gjörbreyttist aðstaða bókasafns og slökkviliðs og er óhætt að segja að starfsemi beggja hafi tekið mikinn fjörkipp í kjölfarið. Einnig fluttu í húsið áhaldahús sveitarfélagsins og starfsemi fjarnáms á framhaldsskólastigi.

Við hátíðlega athöfn föstudaginn 27. júlí, við upphaf hátíðarhelgar okkar Grundfirðinga, var húsið formlega tekið í notkun, þó bókasafn og áhaldahús hafi reyndar verið búin að hreiðra þar um sig nokkrum vikum fyrr. Húsið vígði Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, sem heimsótti prúðbúinn bæ, þrátt fyrir ekta grundfirskt rok og rigningu. Nýskipaður brunamálastjóri, Björn Karlsson, var einnig viðstaddur vígslu hússins og flutti þar tölu, auk fleiri góðra gesta, hönnuða hússins, þingmanna, nággranna og heimamanna. Húsnæðið var síðan opið og til sýnis hátíðarhelgina 27. til 29. júlí.

*Séra Karl V. Matthíasson
sóknarprestur blessaði
nýja bifreið og aðstöðu
slökkviliðsins við Borgar-
braut 25. júlí 2001.
Slökkviliðið ásamt sóknar-
prestinum að athöfn
lokinni.*



Það er vel við hæfi að húsið kallist í daglegu tali „Smiðjan“ með tilvísun til fyrri starfsemi vélsmiðja í húsinu, en það heiti var farið að loða við húsið strax á byggingartíma þess.

Í nóvember setti Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla upp sýningarskápa á Bókasafninu, þar sem m.a. gamlir munir í eigu safnsins verða til sýnis. Er þetta í samræmi við fyrirætlanir Grundfirðinga um að Smiðjan verði menningarhús sem geti hýst margs konar menningarmuni og -viðburði.

Ný slökkvibifreið

Yfir hátíðarhelgina var einnig til sýnis ný slökkvibifreið Grundfirðinga, sem afhent hafði verið sveitarstjórn og slökkviliði þann 18. júlí. Snemma árs 2000 var samið við Almennu vörusöluna ehf. (MT-bíla) í Ólafsfirði um smíði MT-3500 slökkvibifreiðar fyrir sveitarfélagið, en bifreiðin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Bifreiðin er af gerðinni Volvo F12, 4x4, með 380 hestafla dieselvél. Bifreiðin er með tvöföldu áhafnarhúsi, 6 manna, þar af fyrir 4 menn í afturrými í sætum með innfelldum reykköfunartækjum í sætisbaki. Almenna vörusalan ehf. sá um yfirbyggingu bifreiðarinnar sem kom upphaflega með einföldu áhafnarhúsi. Yfirbyggingin er alfarið hönnuð af fyrirtækinu, úr trefjaplasi, og eru hús og tankur sambyggð. Bifreiðin er búin 3500 lítra vatnstanki, 200 lítra léttvatnstanki og 200 lítra froðutanki, háþrýstikerfi og góðum búnaði að öðru leyti.

Gamli Bedfordinn verður enn um sinn í þjónustu slökkviliðsins, þótt hann

hafi nú þjónað sínu hlutverki og ekki sé laust við að hann hafi látið á sjá með árunum.

Innra starf slökkviliðsins hefur eflst mjög, enda skipulega að því unnið frá því síðla árs 2000. Nýja aðstaðan og bíllinn hafa síðan átt stóran þátt í að auka á elju liðsins og þjappa mönnum saman í öflugt og áhugasamt lið.

Landakaup

Í júlí var gengið frá samningi við eigendur Grafarlands um kaup sveitarfélagsins á landinu, að litlum hluta undanskildum. Fyrir átti sveitarfélagið land úr „Hellnafellslandinu“ sem keypt var fyrir um 30 árum, en gat ekki talist ríkt af landi. Á síðari árum hefur sú staða oft skapað meiri fyrirhöfn og erfiðari aðstöðu en ef landið, byggingarlóðir og annað land, væri í eigu sveitarfélagsins sjálfs. Einstök lög og lagaumhverfi í heild hafa m.a. gert þetta að verkum.

Ég vil nota tækifærið og þakka eigendum Grafarlands samskiptin á liðnum árum, því eins og gefur að skilja voru samskipti og samráð þónokkur, milli sveitarstjórnar og landeigenda, um nýtingu landsins. Ég tel að á engan eigendanna sé hallað þó nafn Sigurðar Lárussonar sé sérstaklega nefnt í þessu sambandi, enda var hann oftast í forsvari fyrir hópinn.

Með landakaupunum réðst sveitarfélagið í stórt verkefni með tilheyrandi skuldsetningu. Ég tel þetta þó eitt þarfasta verkefni síðari ára og að fjárfestingin muni skila sér vel fyrir byggðarlagið.

Sæbólsblokkinn

Langþráð andlitslyfting var gerð á blokkinni, Sæbóli 33-35, á árinu. Það var Gráborg ehf. sem sá um framkvæmdir skv. útboði. Ráðist var í að klæða húsið að utan með álklaðningu, skipt var um þakplötur og um alla glugga (og gluggum reyndar fækkað), byggt var yfir allar svalir hússins, lagnir endurnýjaðar og lóð snyrt. Það var Teiknistofan Torgið, Þorsteinn Friðþjófsson byggingatækni-fræðingur, Reykjavík, sem teiknaði hið nýja útlit hússins og Gísli Guðfinnsson, byggingaiðnfræðingur og húsasmíðameistari, Garðabæ, annaðist ráðgjöf og reglulegt eftirlit með framkvæmdunum.

Til utanhússviðgerða fengust lán úr Íbúðalánasjóði á nokkuð hagstæðum kjörum, en ekki til innanhússlágfæringa sem jafnframt var farið af stað með. Ákveðið var að áfangaskipta þeim, en reyndar er nokkuð misjafnt hvað gera

*Endurbætur á
félagslegum
íbúðum,
Sæbóli 33–35,
fóru fram á
árinu.*



þarf fyrir íbúðirnar að innan. Ljóst er að leigutekjur hússins munu ekki standa undir afborgunum lána eftir þessa skuldaaukningu og verður því að koma til framlag úr sveitarsjóði, af almennum skatttekjum, næstu árin.

Grundarfjarðarhöfn

Í annál ársins 2000 var greint frá töfum sem urðu til þess að framkvæmdir við 100 metra lengingu Stóru-bryggju hófust ekki það árið eins og til stóð. Um mitt ár 2001 var hins vegar farið af stað með framkvæmdir og var það verktakinn Ísar ehf. úr Hafnarfirði sem hreppti verkið eftir útboð. Verkið fólst í útkeyrslu kjarnafyllingar og byggingu grjótvagnar utan á hana, rekstri stálpils, steiptum kantbitum á þilið með pollum og stigum og byggingu ljósamasturs og vatns-húss. Á árinu 2002 er fyrirhugaður lokaáfanginn, frágangur lagna og lýsingar og að steipt verði þekja. Verkið gekk ágætlega og munaði þar ekki síst um að grjót var tekið úr nýrri námu rétt innan við Grafarbæina, í nýkeyptu Grafarlandi, sem fyrr er frá sagt. Stálþilið var rekið niður með nýju verkfæri sem gerði það að verkum að reksturinn gekk mun hraðar og á hljóðlátari hátt en áður þekktist. Tæknimenn Siglingastofnunar höfðu yfirumsjón og eftirlit með verkinu. Ég vil nota tækifærið og þakka viðskiptavinum hafnarinnar umburðarlyndið meðan á framkvæmdum stóð, ennfremur íbúum í nágrenni grjótnáunnar sem og öðrum íbúum.



Frankvæmdir við lengingu Stóru-bryggju.

Árið 2001 var 16.200 tonnum landað í Grundarfjarðarhöfn. Til samanburðar má nefna að árið áður var landað 15.511 tonnum, árið 1999 voru tonninn 15.380 og 11.981 tonn komu á land í Grundarfjarðarhöfn 1998. Aukningin á þessu fjögurra ára tímabili er því um 35% sem hlýtur að teljast nokkuð gott. Þess ber þó að geta að tekjur hafnarinnar eru að miklu leyti miðaðar við verðmæti landaðs afla og segir tonnafjöldinn því ekki allt um tekjurnar. Hann gefur samt nokkuð góða vísbendingu, auk þess sem þetta kallar á meiri umsvif annarra þjónustuaðila, s.s. í löndun, flutningum, íssölu o.fl.

Undanfarin ár hefur það verið sameiginlegt keppikefli margra aðila, ekki bara hafnaryfirvalda, að fjölga skipakomum og löndunum í Grundarfjarðarhöfn. Ég tel að við höfum haft árangur sem erfiði, en þegar upp er staðið er það alltaf þjónustan og móttökur almennt, sem hafa úrslitaáhrif á það hvort viðskiptavininn finnst fýsilegt að koma aftur. Og þar held ég að við Grundfirðingar höfum staðið okkur býsna vel. En ekki má sofna á verðinum. Á árinu ákvað hafnarstjórn að höfnin skyldi taka þátt í sjávarútvegssýningunni 2002 og að kannaður yrði áhugi þjónustuaðila á því að vera með, á svipaðan hátt og gert var á síðustu sýningu, í Kópavogi í september 1999, með góðum árangri.

Sorpmóttökustöð og heimajarðgerð

Fleiri skref voru stigin til breytinga í sorpmálum sveitarfélagsins á árinu. Töluverð þróun hefur átt sér stað í þeim málaflokki undanfarin misseri og nægir að minnast á aðalverkefnið, sameiginlegan sorpurðunarstað sveitarfélaganna á Vesturlandi, í Fíflholtum á Mýrum, sem tekinn var í notkun í árslok 1999.

Þann 14. febrúar var opnuð móttökustöð hér heima fyrir tiltekið flokkað sorp, s.s. timbur og brotajárn, sem flytja á til endurvinnslu eða urðunar annars staðar. Stöðin er staðsett við Ártún 6 á nýja iðnaðarsvæðinu og hefur Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt hannað framtíðaraðstöðu stöðvarinnar á lóðinni.

Engin almenn sorphirðugjöld voru lögð á fyrirtæki og rekstraraðila, sem þurfa nú sjálf að sjá um að koma úrgangi á skilastaði. Í maí fengu íbúar þéttbýlisins afhentar nýjar 240 lítra sorptunnur, stærri en áður voru notaðar, og tekin var upp sorphirðing á 10–11 daga fresti í stað vikulegrar hirðingar. Í dreifbýlinu var komið upp pokatunnum og hirðingu, en sorp var ekki hirt í dreifbýlinu áður.

Sorpnefnd lagði til að svæðinu á Hrafnkelsstöðum yrði endanlega lokað, enda hafði gengið illa að halda því sem lokuðu geymslusvæði fyrir sveitarfélagið.

Meginviðfangsefni okkar í sorpmálum á næstu árum verður að minnka sorpmagnið og koma á enn frekari flokkun, auk endurvinnslu og -nýtingar í sem mestum mæli. Liður í því er tilraun með heimajarðgerð sem hleypt var af stokkunum vorið 2001. Auglýst var eftir fjölskyldum sem vildu taka þátt í að flokka lífrænt sorp heimilisins frá öðru sorpi og jarðgera það í sérstökum jarðgerðartönkum sem sveitarfélagið útvegaði fjölskyldunum gegn vægu skilagjaldi. Ríflega 30 fjölskyldur taka þátt í verkefninu og verður fróðlegt að sjá hvernig þeim gengur að temja sér flokkun og minnka þannig sorpmagn frá heimilinu.

Aðrar framkvæmdir

Skólalóð við Grunnskólann var hellulögð og lýsing bætt, en Íraklettur ehf. og Dodds ehf. í Grundarfirði sáu um verkið skv. útboði. Þetta er einn áfangi af fleirum í uppbyggingu og fegrun skólalóðarinnar, skv. hönnun Erlu Bryndísar Kristjánsdóttur, landslagsarkitekts.



Leikskólabörn fædd 1996 í útskriftarferð í Sandvík með Kolbrúnu og Jóni Hans.

Búningsaðstaða fyrir íþróttavöllinn var útbúin í kjallara íþróttahússins, þegar fjarnámsverið flutti í Smiðjuna. Trésmiðja Guðmundar Friðrikssonar ehf. sá um breytingarnar skv. útboði. Er þetta í samræmi við upphaflegar teikningar og áætlun um nýtingu íþróttahússins. Mér var reyndar einhvern tímann sagt að við hönnun íþróttahússins hafi verið gert ráð fyrir kjarnorkubyrgi í kjallaranum. Ekkert hef ég þó heyrt um slík áform á síðustu árum, enda dagar kalda stríðsins taldir.

Félagsmiðstöð unglinga fékk einnig rými í kjallaranum, þar sem áhaldahúsið var áður en það flutti í Smiðjuna. Innrétting á aðstöðunni fór af stað um haustið, en varð reyndar ekki lokið fyrr en eftir áramótin. Sú vinna var að miklu leyti unnin í sjálfboðavinnu ýmissa „hollvina“ æskulýðsstarfs í bænum, iðnaðarmanna og fleiri. Eru þeim einstaklingum færðar bestu þakkir fyrir framlagið og öflugan stuðning.

Stækkun tónlistarskólans, með því að útvíkka umráðasvæði hans yfir í hluta af gamla áhaldahúsinu, var unnin á sama hátt og um leið og félagsmiðstöðin. Skólinn fær þar m.a. ágætis æfingapláss fyrir fyrirferðarmiklar hljómsveitir.

Gatnagerð á iðnaðarsvæði hélt áfram, en verkið hófst árið 2000 og var unnið af Almennu umhverfisþjónustunni ehf. skv. útboði.

Skipulag í Ölkeldudal, tenging Borgarbrautar og Hrannarstígs, var eitt af verkefnum ársins, en var þó ekki lokið í árslok. Það er Erla Bryndís Kristjánsdóttir sem er arkitekt svæðisins.

Fleiri íbúðir eldri borgara eru fyrirhugaðar og var unnin nokkur undirbúningsvinna um hvernig standa skyldi að slíkri byggingu, eftir að gerð var könnun á húsnæðisþörf og óskum fólks yfir sextugu. Íbúðirnar verða að líkindum staðsettar ofan við (sunnan við) núverandi íbúðir við Hrannarstíg.

Starfsfólk

Nokkrar breytingar urðu í hópi starfsmanna sveitarfélagsins. Voru þær helstar að þann 1. ágúst tók Jökull Helgason byggingarfræðingur við starfi bygginga-fulltrúa og Friðbjörg Matthíasdóttir viðskiptafræðingur við starfi skrifstofustjóra af Eyþóri Björnssyni. Eyþór tók við starfi sveitarstjóra í september þegar undirrituð fór í fæðingarorlof.

Að öðru leyti bar það helst til tíðinda að karlmaður var ráðinn til liðs við kvennaríkið á leikskólanum, sennilega sá fyrsti (sem fastráðinn starfsmaður) frá stofnun skólans. Sá er Grundfirðingur og heitir Jón Hans Ingason. Ég segi nú bara að því miður þykir það frétt til næsta bæjar ef karlmaður er ráðinn, svo sjaldgæft er það.

Framhaldsskóli Snæfellinga – fjarnámið

Undirbúningsnefnd um stofnun Framhaldsskóla Snæfellinga vann áfram að því að koma í höfn framhaldsskólatillögum. Nefndin mat það svo að nauðsynlegt væri að leggja í meiri vinnu og greiningu en upphaflega hafði staðið til. Nefndin fékk til liðs við sig Sölva Sveinsson skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla og vann frekari gögn í hendur starfsmanna ráðuneytisins um áætlaða námsskrá og skipulag skólastarfs. Þegar þetta er ritað er einungis hægt að bæta því við að ráðherraskipti urðu snemma árs 2002 og hefur málið verið til skoðunar í ráðuneytinu frá því að Snæfellingar áttu fund með nýjum ráðherra í mars 2002. Við erum auðvitað bjartsýn, það þýðir ekkert annað, og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að knýja áfram þetta mikla hagsmunamál.

Fjarnám á framhaldsskólastigi var starfrækt á árinu. Um haustið hófst þriðja

skólaár þessa sérstæða verkefni með fleiri nemendum en nokkru sinni fyrr, eða fjórtán talsins, í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Smiðjunni. Á vorönn 2002 voru nemendur svo orðnir fimmtán.

Breyting á stjórnsluheit

Eftir nokkurn aðdraganda samþykkti sveitarstjórn á árinu 2000 að láta fara fram könnun meðal íbúa sveitarfélagsins um hvort þeir vildu að stjórnsluheit sveitarfélagsins, *Eyrarsveit*, yrði breytt. Leitað var umsagnar örnefnanefndar um nokkur önnur heiti og fór könnunin fram í maí 2001. Meirihluti íbúa vildi breyta heitinu og flestar tillögur voru um að taka í staðinn upp heitið *Grundarfjarðarbær*. Næstflestar tillögur voru um heitið *Sveitarfélagið Grundarfjörður*.

Sveitarstjórn ákvað að gera aftur könnun þar sem valið væri á milli þessara tveggja heita. Í atkvæðagreiðslu þann 24. nóvember varð heitið *Grundarfjarðarbær* fyrir valinu með 52% greiddra atkvæða (133 atkvæði), en *Sveitarfélagið Grundarfjörður* fékk 119 atkvæði eða 46,5%. Alls voru 565 íbúar á „kjörskrá“ og greiddu 256 atkvæði eða 45,3%.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar var niðurstaða atkvæðagreiðslunnar bindandi fyrir sveitarstjórn og því staðfest á næsta fundi sveitarstjórnar þann 17. desember. Samþykktum sveitarfélagsins var ennfremur breytt skv. þessu þannig að sveitarstjórn varð bæjarstjórn, byggðaráð varð bæjarráð og sveitarstjóri varð bæjarstjóri.

Félagsmálaráðherra staðfesti svo nýtt stjórnsluheit þann 21. janúar 2002.

Eftir sem áður búa Grundfirðingar í Eyrarsveit, sem er örnefni, sem ekki er í valdi sveitarstjórnar að leggja af, þó stjórnslulegu heiti sveitarfélagsins hafi verið breytt.

Íbúaþróun

Íbúum fjölgaði um 7 eða 0,7% frá 1. desember 2000 og voru 959 þann 1. desember 2001. Íbúum hefur fjölgað undanfarin ár í Grundarfirði. Síðustu 3 ár hefur fjölgunin verið hæg en örugg, en mörg ár þar á undan urðu verulegir vaxtarkippir. Meginástæða þess var „innri fjölgun“, þ.e. hve Grundfirðingar voru duglegir við að búa sjálfir til nýja íbúa, en eitthvað virðist hafa dregið úr þeirri elju hin síðari ár. Samt sem áður eru tölur um íbúaþróun hér afar jákvæðar og til að gefa nokkra mynd af því skal eftirfarandi nefnt:

Þann 1. desember 1991 voru íbúar 844 talsins sem þýðir að á 10 árum hefur íbúum fjölgað um 13,6 %. Til samanburðar má nefna að í Reykjavík fjölgaði á sama tímabili (1991–2001) um 12,2%, á Akureyri um 8,3%, á Akranesi um 5,3% en í Hafnarfirði um 29,5% og í Kópavogi um 45%.

Sé tekið 11 ára tímabil, frá 1990–2001, þá er fjölgunin í okkar sveitarfélagi 17,4% (817 íbúar árið 1990) á móts við 14,5% fjölgna í Reykjavík.

Frá 1990 hefur í Grundarfirði orðið mest fólksfjölgun af sveitarfélögum á Vesturlandi. Sé þróunin hér borin saman við þróunina yfir landið allt, þá er Grundarfjörður eina byggðarlagið á Vesturlandi þar sem íbúum hefur ekki fækkað sem hlutfalli af heildaríbúafjölda landsins.

Ýmis hagsmunamál og önnur góð mál

Atvinnuþróunarverkefni

Fyrri hluta árs sótti sveitarstjórn um og fékk styrk Atvinnuráðgjafar Vesturlands til að hleypa af stokkunum vinnu við sérstakt atvinnuþróunarverkefni. Ákveðið var að skipta verkefninu í tvennt, þó þau tengist og lúti sömu verkefnisstjórn sem skipuð var af sveitarstjórn og Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Annar hluti verkefnisins ber yfirskriftina „Eyrbyggja – sögumiðstöð“ og styðst einkum við tvær meginhugmyndir. Annars vegar er það aðstaða til sýningahalds, útgáfu og miðlunar á þjónustu á þessu sviði og eflingu þeirra möguleika sem þar liggja. Hins vegar er svo sögugarður á Grundarkampi þar sem rústir hins forna Grundarfjarðarkaupstaðar yrðu gerðar sýnilegar og aðgengilegar fyrir söguáhugafólk. Sérstaða sögugarðsins er sú að þar yrði endurlífgaður kaupstaður frá tímabili sem ekki hefur mikið verið fjallað um í sögu þjóðarinnar. Verkefnið snýst í raun um að gera söguna að söluvöru. Verkefnisstjórn réð Inga Hans Jónsson sem starfsmann verkefnisins, en hann er okkar fróðasti maður um sögu gamla Grundarfjarðarkaupstaðarinnar og hefur sett fram áhugaverðar kenningar þar um.

Hinn hluti verkefnisins ber yfirskriftina „Tæknibærinn Grundarfjörður“ og starfsmaður þar er Una Ýr Jörundsdóttir, sjávarútvegsfræðingur. Markmiðið var að greina stöðu sveitarfélagsins og hvaða möguleika atvinnulíf og önnur þjónusta hefur til að þróast á tæknisviðinu, m.a. með því að nýta upplýsingatæknina. Ennfremur hvernig samfélagið í heild getur nýtt þá tækni til framfara og hagsbóta fyrir íbúa og ýmsa aðra.

Áætlað er að vinna skv. samningnum við Atvinnuráðgjöfina standi fram á árið 2002. Hvort niðurstaðan leiðir til enn frekari vinnu og nýrra tækifæra verður að koma í ljós, en að því er að sjálfsögðu stefnt.

Vatnaleiðin í stað Kerlingarskarðsvegur

Langþráðar vegabætur urðu á Snæfellsnesi með opnun Vatnaleiðar, en Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígði nýju leiðina 2. nóvember. Nýi vegurinn leysir af hólmi Kerlingarskarðsveginn, sem oft á tíðum hefur reynst vegfarendum erfiður, sérstaklega að vetrarlagi. Vatnaleiðin liggur mjög skemmtilega í fallegu landslagi sem opnast vegfarendum með nýjum hætti. Umfram allt eykur vegurinn þó umferðaröryggi, hann liggur lægra en sá gamli og er vel hannaður. Eins og margir muna, þá gekk á ýmsu í aðdraganda framkvæmdarinnar, m.a. við mat á umhverfisáhrifum nýja vegarins. Snæfellingar stóðu þar vel saman og bentu á kosti framkvæmdarinnar sem þeir töldu vega mun þyngra en það sem haft var á móti henni.

„Á góðri stund“

Áður er hér minnst á Grundarfjarðarhátíðina „Á góðri stund“, sem er orðin árviss viðburður síðustu helgina í júlí og var þetta í fimmta sinn sem hátíðin var haldin.

Of langt væri að telja hér allt það sem Grundfirðingar og gestir þeirra gerðu sér til skemmtunar og upplýftingar. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnst á sögusýninguna „Vélbátaöldin – brot úr sögu vélbátaútgerðar í Eyrarsveit“, sem sett var upp í húsi gömlu verslunarinnar Grundar. Margir áhugasamir einstaklingar lögðu þar hönd á plóginn og eiga þakkir skildar, en ég held að óhætt sé að nefna nafn Inga Hans Jónssonar öðrum fremur, en hann var driffjöður verksins og allsherjarsýningarhönnuður.

Í sama húsi, á fyrrverandi vörulager og í kæligeymslum verslunarinnar, var svo ljósmyndasýningin „Ískaldur veruleiki“ á vegum Eyrbyggja, Hollvinasamtaka Grundarfjarðar, sem safnað hafa þúsundum ljósmynda úr Grundarfirði á tölvutækt form. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á sýningarnar, sem haldið var opnum fram á haustið vegna fjölda áskorana.

Annað

Af öðrum viðburðum sem snerta starfsemi sveitarstjórnar má nefna að á vordögum fékk gamla lögreglustöðin nýtt hlutverk þegar Gallerí Grúsk opnaði þar handverksmiðstöð. Grúsk-hópurinn fékk húsið til afnota fyrir starfsemina skv. samningi við sveitarfélagið og fær að vera í húsinu meðan ekki er sóst eftir lóðinni til byggingar, en lóðin er ein af bestu byggingarlóðunum, í hjarta bæjarins.

Í nóvemberbyrjun var opnuð vínbúð ÁTVR í Grundarfirði, í samstarfi við verslunina Maríu við Hrannarstíg. Opnunin átti sér þann aðdraganda að sveitarstjórn ritaði ÁTVR erindi og bað um að sett yrði á laggirnar vínbúð í Grundarfirði.

Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar, unnu gott starf á árinu, ekki síst með útgáfu ritsins *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* í „Safni til sögu Eyrarsveitar“ annað árið í röð. Meðal annarra verkefna má nefna að stjórn samtakanna veitti Framfaraverðlaun Eyrbyggja fyrir árið 2000 og hlutu verðlaunin að þessu sinni Ragnar og Ásgeir ehf. og Fjarnámsverkefni Eyrarsveitar. Ég vil nota tækifærið og færa stjórn Eyrbyggja innilegar þakkir, f.h. sveitarstjórnar og Grundfirðinga allra, fyrir öflugt og óeigingjarnt starf.

Að lokum

Þegar litið er yfir viðburði ársins sýnist mér að Grundfirðingar hafi vel til sáð á árinu. Fjárfestingar, vinna og hugmyndir eru frækorn sem ættu að geta skilað góðri uppskeru, í formi aukinnar þjónustu, nýrra tækifæra og öflugra samfélags. Verkefnalistinn verður þó seint tæmdur, handtökin eru mörg og hér gildir að sofna ekki á verðinum. Grundfirðingar munu standa saman um að vel takist til, hér eftir sem hingað til.

Björg Ágústsdóttir

Bernskuár í Grundarfirði

**Sagan er skrifuð jafnóðum,
um leið og við gerum og erum**

Við efnisöflun í ritin *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* er jafnan lögð áhersla á að gera sögu Grundarfjarðar skil, festa á blað frásagnir og minningar sem hætta er á að glatist og birta rannsóknir fræðimanna á ýmsu sem viðkemur sögu okkar og uppruna. Á stjórnarfundum Eyrbyggja snemma árs 2002 vaknaði sú hugmynd, þegar rætt var um efni í þetta rit, að fá Grundfirðinga í „yngri kantinum“ til að leggja sitt af mörkum og tók undirrituð að sér umsjón með þessum þætti.

Þó yngri fólkið búi ef til vill ekki yfir minningum og reynslu á við eldra fólkið okkar, þá er engu að síður dýrmætt að fá sýn þess á lífið í Grundarfirði, ekki síst bernskuárin, sem allajafna fá á sig nokkurn ævintýraljóma þegar fólk eldist. Auk þess breytast tímarnir hratt og þó höfundarnir séu enn ungt fólk, hefur margt breyst frá því þau léku sér sem börn og unglingar í Grundarfirði.

Ég hafði samband við nokkra Grundfirðinga sem annaðhvort búa nú í Grundarfirði eða eru „gamlir Grundfirðingar“, en það virðingarheiti fá flestir sem einhvern tímann hafa búið hér, ekki síst ef þeir hafa slitið hér barnsskónum. Að vera „gamall“ Grundfirðingur er því algerlega óháð aldri.

Höfundar voru beðnir um að veita okkur innsýn í hvernig líf og leikur gekk fyrir sig þegar þeir voru að alast upp og/eða setja aðrar hugleiðingar sínar þessu tengdar á blað. Þau fengu algerlega frjálsar hendur um efnistösk; um hvað væri fjallað og hvernig.

Svo gerð sé örstutt grein fyrir höfundum, þá eru þau: *Guðrún Högnadóttir* eða

Gunna Högna, f. 1960, dóttir Högna Guðjóns og Öddu (Ragnheiðar Benediktsdóttur). Gunna býr nú í Keflavík ásamt fjölskyldu sinni.

Bjarni Júlíusson eða *Baddi*, f. 1961, sonur Júlía Gests og Dóru (Halldóru Guðmundsdóttur). Baddi býr í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni.

Brynhildur K. Ólafsdóttir, stundum kölluð *Brynka*, f. 1967, dóttir Óla Guðmunds og Laugu á stöðinni (Guðlaugar Pétursdóttur). Brynhildur býr í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni.

Halldór Sigurjónsson, f. 1972, sonur Jonna (Sigurjóns Halldórssonar) og Hildar Sæmunds. Halldór býr nú í London ásamt fjölskyldu sinni.

Jón Hans Ingason, f. 1978, sonur þeirra Inga Hans og Ólafar Hildar (Jóns). Jón Hans býr nú í Grundarfirði.

Þessu heiðursfólki færi ég bestu þakkir fyrir framlag þess og fyrirhöfn við greinarskrifin og gullaldarmyndirnar sem fylgja með. En látum höfundana sjálfa segja frá.

Guðrún Högnadóttir

Aeskuminningar úr Grundarfirði

Ágætu Grundfirðingar.

Einn rólegan föstudagsmorgun komum við í vinnuna, ég og maðurinn minn, hann Rósant, en við rekum bókhaldsstofuna Bókarann í Keflavík. Þegar við kíktum í tölvupóstinn okkar, þá blasti við mér bréf frá Eyrbyggjum (Björgu Ágústsdóttur) þar sem ég var beðin um að skrifa eitthvað um Grundarfjörð og æskuárin mín þar.

Eftir litla umhugsun ákvað ég að verða við þessu og reyna að hripa eitthvað niður á blað.

Leikir og gaman

Það var mjög gaman að alast upp í Grundarfirði og þegar pabbi og mamma (Högni og Adda) ákváðu að flytja þaðan, þá trúði maður því alls ekki; úr þessari sælu!

Það var svo margt hægt að gera sem barn í Grundarfirði, fara á skíði, að skauta á Steinatjörn, synda inni í Gröf eða úti í Kirkjufelli eða þá að renna sér í Lallabrekku. Ekki veit ég hvað hann Gústi Nínu Jóns gerði eiginlega við þá brekku, en hún var svo stór og mikil þangað til hann keypti húsið og brekkuna. Brekkan bara hvarf, en það þýðir ekki að gráta það.

Við gátum klifrað í trönunum og verið á flekum fyrir framan hundakofann, tjaldað inná litlu brú, tint ber úti á stóru brú, veitt síli úti í Kirkjufelli, stundað álaveiðar í læknum í Gröf og að ég tali nú ekki um að fara niður í fjöru og teikna þar hús í sandinn – og er þá fátt eitt nefnt. Ekki voru nú fáar ferðirnar farnar út á róló til að fara í kýló og hina og þessa leiki og allir máttu vera með.

Ég man vel eftir einu leynifélagi, en í því voru bara strákar. Foringinn var kallaður Ómar Tækni (Ómar Elísson).

Gunna Högná í dag.

Karlarnir og krakkarnir

Eitt af því sem okkur krökkunum þótti gaman í þá gömlu, góðu daga þegar ég ólst upp í Grundarfirði, var að þvælast í skúrnum þar sem nú er Hótel Framnes. Þar voru karlar að beita, skera af netum og fella net. Þetta voru hressir karlar og man ég alveg sérstaklega eftir þremum þeirra, það voru Finni gamli, Kalli Færeyingur og Pétur Konn.

Einu sinni sem oftast fórum við nokkrar vinkonurnar, ég, Skúlla, Guðrún Magg og nokkrar fleiri, að kjafta við Pétur Konn, en hann var í litlum skúr rétt hjá skemmum hans Gvendar Run. Það var alltaf gaman að tala við Pétur Konn, því hann var alltaf svo rólegur og góður við okkur krakkana. Þegar við bönguðum hjá honum bauð hann okkur inn og leyfði okkur að setjast á netahrúgurnar og spjalla við sig. Ég man alveg sérstaklega vel eftir einu atviki þegar við, sem oftast, vorum í skúrnum hjá Pétri. Á hillu einni í skúrnum hafði Pétur mjög gamalt útvarp, en ekki var kveikt á því. Hann sagði okkur að hann hefði ekki kveikt á því síðan í gamla daga, því það hefði verið svo leiðinlegt í því þá. Við krakkarnir fórum þá að suða í honum um að kveikja nú á útvarpinu og lét hann tilleiðast. Og viti menn, í því var þessi líka eldgamla músík og sagði Pétur þá að þetta hefði einmitt verið lagið sem var í útvarpinu þegar hann slökkti á því síðast, í gamla daga, og öll trúðum við honum.

Bryggjan

Eftirfarandi atvik er mér minnisstætt. Það er voða gott veður og fullt af krökkum úti á Stóru-bryggju að veiða. Þetta voru krakkar á öllum aldri. Stóru krakkarnir voru að veiða, minn hópur setti beituna á og yngstu krakkarnir skáru niður beituna. Ég var að setja beitu á öngulinn fyrir Kibba Nínu Jóns sem var orðinn eitthvað æstur og gat ekki beðið eftir að ég setti beituna á. Hann togaði í öngulinn, og ég ekki búinn að setja beituna á, þannig að öngullinn fór á bólakaf í höndina á mér. Það varð smá gól og Kibbi var alveg í sjokki. En þá





Átta ára stúlka með dúkkuna sem hún fékk í jólagjöf.

kom Ásdís dóttir Rögggu og Hinna Elbergs og sagðist vera með naglaklippur og skyldi klippa tauminn. Ég skyldi svo fara heim og láta laga þetta. Ég rölti heim með nokkra gutta á eftir mér. Ég man eftir Jóni í Gröf og Nonna Guggu Þórðar. Þegar heim var komið var þar enginn svo við urðum að leita að mömmu. Hún fannst fyrir rest, ég með höndina út í loftið með öngulinn í og strákarnir á eftir.

Þegar mamma var búin að skoða þetta segir hún að við þurfum að fara til Palla C., hann geti lagað þetta. Hún var alveg undrandi á því hvað strákarnir voru góðir við mig, að fylgja mér út um allan bæ. Hún sneri sér að strákunum og

sagði: „Strákar mínir, þið þurfið ekki að fylgja henni Gunnu meira, ég skal sjá um hana,“ og þakkaði þeim fyrir. Þá sagði Nonni Guggu: „Mér er alveg sama um Gunnu, ég ætla bara að fá öngulinn minn aftur.“ Og mamma hló. Við fórum til Palla, en hann gat ekki tekið öngulinn svo ég varð að fara í Hólminn til læknis. En mamma keypti nýjan öngul og lét mig skila honum til Nonna.

Í skólanum, í skólanum ...

Eitt er mér sérstaklega minnisstætt varðandi skólann á haustin, en það var ákefðin í þeim Ólafíu Hjálmars og Ernu Birnu Forberg, að verða fyrstar í skólann til þess að geta valið sér sæti. Sumir segja að þær hafi verið mættar þetta kl. 5 eða 6 um morguninn.

Ekki tók frændi minn, hann Elli Dodda, þessu skólaveseni svona alvarlega. Alltaf kom hann á síðustu stundu í sínum stuttermabol og gallajakka, hvernig sem viðraði.

Þann 15. október var alltaf farið fram á gang í skólanum og afmælisöngurinn sunginn fyrir skólastjóran, hann Örn Forberg. Þannig vildi nú til að bæði ég og Valgerður Gísladóttir eigum afmæli þann sama dag og sungum við því fyrir okkur en ekki skólastjóran.

... og gamlar ráðgátur eiga sínar skýringar

Mikið var það nú gott fyrir okkur, sem þótti oft leiðinlegt í skólanum, að hafa hann Pétur Kr. Elísson í sama bekk. Pabbi hans, hann Elís Guðjónsson, sá nefnilega um hitakerfið í skólanum og hafði strákurinn lært á galdra þessa hitkerfis þannig að hann gat slökkt á því svo lítið bæri á. Stundum (reyndar mjög oft) varð Pétri mál að pissa í miðri kennslustund, en reyndar svaf hann nú oft í tímum. En það undarlega við þessar klósettferðir hans Péturs var að skömmu eftir þær fór hitinn oft af skólanum. Fengum við því frí vegna kulda og fannst mér það voða gaman.

Eitt var merkilegt við bekkinn minn, en það var að af 24 nemendum áttu 11 þeirra, og kennarinn líka, sömu langömmuna, hana Vilborgu á Vatnabúðum.

Ekki urðu nú nein hjónabönd milli nemenda í mínum bekk, en skýringuna á því heyrði ég hjá honum Halli Pálssyni á Naustum. Hann sagði að þegar strákarnir í bekknum hefðu loks fengið hvolpavitið, þá hefðu stelpurnar löngu verið komnar með aðra stráka (þeir voru svo seinþroska grey, strákarnir í bekknum).

Kjötsúpa með sykri

Mig langar að minnast á eina ferð sem ég og Guðrún Magg (dóttir Magga Álfs og Heiðu) fórum út í Kirkjufell til ömmu hennar og afa. Þegar þangað kom var Gunni í Kirkjufelli, frændi hennar, að fara að smala og spurði okkur hvort við vildum ekki hjálpa sér. Þegar við svo komum þreytt úr smalamenskunni bauð Valgerður amma hennar okkur í mat, en það var kjöt og „eitthvað annað“. Þegar ég var búin að fá mér kjötið á diskinn, þá fékk ég þetta „annað“ sem ég hélt að væri hafragrautur svo að ég spurði Valgerði hvort hún ætti ekki sykur. Jú, hún átt hann nú til. Þá segir Gunni og hlær dátt: „Gunna, þetta er ekki hafragrautur, þetta er kjötsúpa!“ Og Valgerður segir að hún hafi ekki átt nóg af súpujurtum og því notað meira af haframjöli. Nei, þá segi ég að ég viti það nú vel, en við séum vön að nota sykur út á kjötsúpu heima hjá mér – sem vitanlega var ósatt.

Margar fleiri sögur gæti maður sagt, en einhvers staðar verður maður að hætta, enda kannski eins gott, því margar eru vart prenthæfar.



*Vinkonur í hattapartí.
Efri röð frá vinstri: Sibba
(Sigurbjörg
Guðmundsdóttir), Ella
Katla (Elín Katla
Elíasdóttir), Habba
(Hafdís Gísladóttir) og
Guðrún (Magnúsdóttir).
Neðri röð frá vinstri: Lilja
(Mósesdóttir), Dóra
(Halldóra Sigurðardóttir),
Sigga (Sigríður
Halldórsdóttir) og Harpa
(Karlsdóttir).*

Eftirminnilegt fólk

Þegar ég var að alast upp í Grundarfirði voru þar margar eftirminnilegar persónur, svo sem Óski Sæm, Gunna Björns, Gunna og Gjaldi, Bæi, Toni og Jóna á Höfða, Steini á Arnarhóli, Siggí sterki, Júlli galdra, Kalli Færeyingur, Tobba, Elberg og Gonsi og fleiri væri hægt að telja upp. Eftirminnilegust í mínum huga er þó án efa hún Sigga amma mín (Sigríður Elísdóttir). Hún var alltaf svo góð við mig, kát og glöð og var því mikill söknuður í mínum huga þegar hún dó langt um aldur fram.

Miklar breytingar hafa orðið á plássinu frá því að ég átti hér heima, bæði hvað varðar mannlífið og byggðina. En alltaf þykir manni jafn vænt um staðinn. Þegar ég átti hér heima þekkti maður hvern íbúa, en núna þekkir maður varla nokkurn. Kannski einn og einn á stangli. Það sagði við mig maður þegar ég var að kvarta yfir þessu: „Gunna, þú getur farið út í kirkjugarð, þar þekkir þú næstum alla!“

Mér finnst það alltaf vera mikil sæla þegar ég hugsa um það að vera í Grundarfirði að vori, snemma morguns, í stillu. Það er toppurinn.

Þetta uppátæki ykkar með „Á góðri stund í Grundarfirði“ og að gefa út bækurnar er alveg frábær hugmynd. Þið eigið mikið hrós skilið. Til hamingju!

Bjarni Júlíusson

Minningarbrot Börn í Grundarfirði fyrir 40 árum

Ég var svo lánsamur að alast upp í Grundarfirði fyrir nærri 40 árum síðan. Ég segi lánsamur, því ég held að það hafi verið svo miklu meira gaman og frjálsara uppeldið úti á landsbyggðinni, sérstaklega þarna „í gamla daga“. Í dag finnst mér ótrúlegt að rifja upp það frjálsræði sem við krakkarnir bjuggum við og ég er ekki viss um að sum uppátækja okkar þættu góð latína í dag. Það er æði margt sem kemur upp í hugann þegar Grundarfjörður á sjöunda áratugnum er rifjaður upp. Á þessum árum var til dæmis alltaf gott veður á sumrin, bara sól og hiti, en svo voru veturnir miklu harðari. Hafís og bullandi snjór. Svona var það allavega í minningunni.

Leiksvæðin úti um allt

Við vinirnir, Kolli (Kolbeinn Sigmundsson, fullu nafni) og ég, vorum algerar samlokur sem guttar, jafngamlir – báðir fæddir 1961, hæfilega hlýðnir og vorum báðir gefnir fyrir smáævintýri. Við brölluðum ýmislegt saman, sumt alsaklaust, annað vafasamara. Við flæktumst um fjörðinn á gúmmíbát, 8–9 ára pottormar. Fórum í fjallgöngur og svaðilfarir upp í fjöllin fyrir ofan þorpið og þegar við komumst á vinnualdur (minnir að við höfum verið ráðnir við að naglhreinsa timbur fyrir 5 kall á tímann 1968), þá unnum við hlið við hlið öll sumur, næsta áratuginn eða svo.

Okkur krakkana vantaði ekki leiksvæðin í Grundarfirði á þessum árum. Höfnin var til dæmis einstaklega spennandi. Þá var ekki búið að rífa gömlu húsin við bryggjuna. Gamli vigtarskúrinn var þarna ennþá, beitningarskúrarnir og sitthvað fleira. Í minningunni kemur allaf upp mikil og góð fúkkalykt (gamlir kaðlar og alls ekki úr næloni) þegar ég sé gamlar myndir af hafnar-svæðinu. Að sjálfsögðu veiddum við frá bryggjunni eða úr bátum sem voru



Baddi í dag.

bundnir við bryggju. veiðistangirnar voru svona rétt að ryðja sér til rúms, en flestir notuðu samt gamaldags færi og ryðgaðan nagla sem sökku. Það þýddi ekkert að nota grænar blýsökkur, því ufsinn fór beint á allt sem var grænt. En mest spennandi þótti okkur að flækjast um höfnina á gúmmibát. Þegar hæfilega var fallið út, var hægt að skjótast á milli timburstólpanna á litlu bryggjunni, sigla undir hana og renna fyrir kola. Mesta furða að þetta skyldi allt slampast stórslysalaust hjá okkur. Það kom reyndar fyrir að við veltum tuðrunni, en

það var ekki oft og við blotnuðum passlega.

Svo var það beinamjölið. Betri stað fyrir feluleik var varla hægt að finna. Þar var alltaf passlegt myrkur, fullt af felustöðum inn á milli beinamjölspokanna, bak við ketilinn eða einhvers staðar í myrkrinu. Það skemmdi sportið hæfilega að vita af öllum draugunum þarna, því eins og allir Grundfirðingar vita, þá var bálreimt í beinamjölsverksmiðjunni. „Stóru strákarnir“ höfðu sagt okkur að þegar Eddan fórst hafi lík sjómanna sem fórust verið geymd yfir nótt þarna inni og gott ef eitt eða tvö hurfu ekki á dularfullan hátt. Þannig fór alltaf um mann nettur hrollur þegar við vorum þarna í feluleik.

Óbyggðaferðir

En „óbyggðirnar“ toguðu líka í okkur guttana. Á þessum árum (rétt fyrir 1970) náði þorpið eiginlega bara að símsstöðinni. Þaðan var svo ekki hús að sjá fyrr en komið var alla leiðina að Hellnafelli. Okkur þótti mikið í það varið að fara í óbyggðaferð, helst út að Annarri brú, og auðvitað með nesti. Þetta var gönguferð sem tók óratíma. Við gengum framhjá símsstöðinni, framhjá tjörnunum sem voru þar rétt neðan við þjóðveginn (þar sem Bjarni og Ólafía búa núna). Löngu seinna (svona um það bil 300 metrum mælt í dag) var komið að Stóra steini. Þá var tilvalið að setjast niður, borða hluta af nestinu og svo var haldið

*Baddi og Kolli 1966, fyrir utan
Hrannarstíg 3. Í bakgrunni sést
Nesvegur 5, þar sem
Emil Magnússon
kaupmaður bjó.*



áfram. Eftir mikla göngu var komið að Fyrstu brú (það var ekki fyrr en mörgum árum síðar að ég uppgötvaði að áin hét reyndar Búðará innri). Þar var aftur stoppað og reynt að veiða silungaseiði í krukkur. Það tókst oftast en ekki. Skömmu síðar var komið að Annarri brú. Við létum yfirleitt duga að fara þangað. Stundum var reyndar gengið aðeins upp

með læknum að lítilli tjörn sem var á vesturbakkanum. Ég man að við pössuðum okkur á að vera með munninn kyrfilega lokaðan til að tryggja að skollans brunnskluðkurnar stykkju ekki uppí okkur, en ef það gerðist var dauðinn vís, því ólukkans dýrið stundaði það að naga úr manni lifrina. (Ja, þetta sögðu stóru strákarnir og að sjálfsgöðu trúðum við þeim.)

Hauskúpuhelliir – gömul leiðarlýsing

Þegar komið var að Fyrstu brú var oft spáð í að fara uppí Hauskúpuhelli. Ég veit ekki hvort sögurnar um Hauskúpuhelli lifa ennþá meðal grundfirsks ungdoms, en hellirinn lifði góðu lífi á þessum árum. Hann var sem sé langt uppí fjalli við Fyrstu brúar ána, eins og Búðaráin hét hjá okkur þá. Reyndar var farin önnur leið að hellinum. Þá var lagt í hann upp úr þorpinu. Gengið framhjá nýju kirkjunni (ja, hún var ný þá) og vesturenda Steinatjarnar. Framhjá ölkeldunni, sem reyndar lá í vanhírðu um margra ára skeið og þökk sé þeim sem létu verða af því að hreinsa hana upp. Þegar komið var framhjá ölkeldunni var farið upp í fjall. Gengið að Kanínusteini og þaðan upp á milli Brjóstanna. Þegar komið var upp á stærra brjóstið, var haldið „á ská“ þangað til við komum að Fyrstu



Baddi, 1967, fyrir utan Hrannarstíg 3. „Græni Broncoinn hans pabba fyrir utan rafmagnsverkstæðið. Þar er nú vinnuvið og þabbi segist bara kunna vel við það! Bak við Broncoinn sést í Nesveg 3. Þar bjuggu Sigurjón aflaskipstjóri og Björg, afi og amma bæjarstjórans okkar, hennar Bjargar. Þarna er verið að steypa efri hæðina ofan á frystihúsið.“

brúar ánni. Svo var bara að labba nógu lengi upp með ánni þangað til komið var að hellinum. Ég vona að þessi leiðarlýsing dugi hraustum 8 ára Grundfirðingum, en verð reyndar að játa það að við Kolli náðum ekki á leiðarenda

og tókst ekki að finna hellinn, þrátt fyrir langt, langt ferðalag og reyndar var okkur farið að gruna að stóru strákarnir hefðu eitthvað platað okkur.

Harðfiskurinn, maður

Við vorum nú ekki alltaf jafn saklausir félagarnir. Það er varla að ég þori að festa þessar næstu línur á blað, en látum þær flakka. Það kom nefnilega fyrir að við Kolli röltum flóttalegir heiman frá honum (hann átti heima á Eyrarvegi í bláa húsinu þar sem Arnar og Eygló búa núna). Við fórum milli túnendans á Sólvöllum og botnlausu dýsins. Inn á túnið þorði ekki nokkur krakki, Bóbó á Sólvöllum var nefnilega ekkert lamb við að eiga þegar óboðnir gestir renndu sér inn fyrir girðinguna. Ég held honum hafi þótt vænt um allar krúrnar sem urpu í túninu hjá honum og vildi síður að þær væru truflaðar í varpinu. Þaðan var laumast niður í fjöru og svo gengið í áttina að verbúðunum, sem heita reyndar Hótel Framnes í dag. Við pössuðum okkur á að vera alltaf í flæðarmálinu og ekki í sjónlínu. Því nú er ferðinni heitið að hjallinum hjá honum

„Gonnsa“. Það var nefnilega svo, að litlar hendur gátu auðveldlega teygt sig inn fyrir rimlana og náð inn á harðfiskrána. Ég held ég hafi aldrei, hvorki fyrr né síðar, borðað jafn góðan harðfisk og við „kræktum“ okkur í þarna. Ég veit svo sem í dag að líklega hefur þetta ekki verið alveg í lagi, en sökin er örugglega fyrnd. Mörgum árum síðar, þegar Hjálmar og fjölskylda fór að selja harðfisk í Kolaportinu, þá leit maður þar við og keypti stundum nokkur flök. Ég hafði sagt stráknum mínum, honum Júlla, eitthvað af þessum ferðum okkar Kolla og haldið þið ekki að hann hafi látið það flakka við Hjálmar að pabbi hans (það er að segja ég) hefði rosalega oft borðað harðfisk frá honum, en aldrei keypt hann fyrr en nú. Það skal sagt Hjálmari til hróss að hann brást ljúfmannlega við játningum drengsins, stakk feitum steinbíturiklingi að honum og sagðist ekki muna betur en afi hans, hann Júlli rafvirki, kynni örugglega að meta þetta. Segjum ekki fleira af þessum málum, en mig grunar reyndar að þeir hafi verið fleiri en við Kolti sem litu við í hjallinum hans Gunnars!

Vinnan göfgar manninn

Flestir fóru krakkarnir að vinna ýmis sumarstörf á aldrinum 10–12 ára. Við fórum í byggingarvinnu, í frystihúsin og sjómennsku. Lengi býr að fyrstu gerð og þeir eru allnokkrir strákarnir sem voru á okkar aldri sem urðu skipstjórar fyrir vikið, nægir að nefna Jóa Varða, Hadda Garðars og Hjört heitinn á Mýrum. En krakkavinnan er víst horfin. Í dag mega börn ekki vinna fyrr en þau eru komin á bílprófsaldur eða svo og ég efast um að grundfirskir krakkar kaupir fyrsta bílinn sinn með því að vinna á lyftara fyrir Lalla Gvendar í tvo daga (Opel Record '68 sem dugði mér í nærri 2 ár!). Það mætti svo sem líka rifja upp útskipunarfríin þegar skipin frá Sambandinu komu að lesta fisk á veturna. Þá var Raggi rauði ekki kominn með 20 bíla flota eins og nú. Þá hét flutningabílstjórinn Siggí sixpensari og ég efast um að bíllinn hans hafi tekið mikið meira en Skruggu-Blesi sem Halldór Páll Halldórsson lýsti svo skemmtilega í árbókinni árið 2000. Allir flutningar áttu sér þá stað með skipum. Þegar vertíðin stóð yfir og vantaði vinnufúsar hendur voru málin bara leyst með því að taka 14 ára krakkana, gefa þeim frí í skólanum og skella þeim í útskipunarvinnu. Örn skólastjóri var ekkert að hika við það. En ég efast um að þetta gangi í dag, það eru örugglega komnar einhverjar reglur sem banna þetta.

Margt breytt – og þó

Svo liðu árin, ég fór úr þorpínu í skóla, fyrst í Stykkishólm í landspróf, síðar lá leiðin í bæinn í menntaskóla. Ég kom þó heim öll sumur alveg til 1978. Pabbi og mamma fluttu svo í bæinn 1986 og ferðum í Grundarfjörð fækkaði. Þegar ég kom „heim“ aftur eftir nokkurra ára hlé var margt breytt. Það er dálítið sérstök tregablandin tilfinning að sjá gömlu leiksvæðin sín komin undir malbik, öll gömlu húsin við höfnina farin, Steinatjörn horfin, búið að byggja alveg upp að Brjóstum og Stóri steinn er næstum kominn inn í þorpið og er eiginlega ekkert stór lengur. En þorpið er alltaf jafn fallett og fólkið gott. Umhverfið er sem betur fer alltaf eins, enda leitun að fegurra bæjarstæði. Kirkjufellið, Mýrarhyrnan og Helgrindurnar standa vaktina yfir þorpínu enn sem fyrr og fylgjast með uppátækjum og leikjum grundfirskra barna sem vonandi eru ennþá blanda af hæfilega saklausum ævintýrum.

Brynhildur Ólafsdóttir

Í hvers manns koppi


„Er þetta ekki svona pinkulítið krummaskuð þar sem allir vita allt um alla?“ er algeng spurning þegar í ljós kemur að ég er frá Grundarfirði. Og oft heldur spyrjandinn áfram í staðhæfingatón: „Þar sem allir eru með nefið ofan í hvers manns koppi og enginn getur átt sitt einkalíf í friði?“

Jú, jú, ég viðurkenni það fúslega að þetta er lítið þorp þar sem margir vita meira um einkahagi annarra en góðu hófi gegnir og flestir vita að minnsta kosti meira um nágrannann og náungann en í höfuðstaðnum. Iðulega má sjá forvitin augu stara óforskammað á gesti og gangandi. Köflóttar eldhúsgardínur bærast skyndilega lauflétt þegar fólk gengur hjá og stundum heyrir jafnvel pískur bak við tjöldin.

Við vinirnir gerðum okkur það oft að leik á unglingsárunum að standa í hópi fyrir utan heima hjá mestu kjaftatífunum og þykjast ekkert taka eftir því að með okkur var fylgst. Við fundum síðan upp á ýmsu sem við þóttumst viss um að myndi hneyksla nóg til að sagan yrði komin niður í vigtarskúr strax daginn eftir. Það gekk oftast eftir enda fljúga sögur með ógnarhraða í þorpum eins og Grundarfirði: þessi eða hin er ólétt; þessi barði annan; þau eru að hugsa um að flytja; og hin eru að skilja.

Í spurningunni felst að þessi forvitni eða hnýsni sé af hinu slæma og ég var vissulega einnig þeirrar skoðunar, allt þar til eitt fagurt maðkvöld þegar ég hef verið um fimmtán ára gömul.

Ég var að bíða eftir vinkonu minni sem var að koma með rútunni frá Reykjavík. Ég var snemma í því og rölti niður á bryggju til að sjá þegar rútan kæmi yfir Hamrahlíðina. Þetta var ein af þessum fullkomnu stundum þegar tíminn virðist standa í stað. Það var enginn á ferli, algjör stilla og allt var svo undur fallett í húminu. Sumarið og lífið framundan. Ég fylltist einhverri angurværð og hef líklegast verið með fjarrænt augnarád og óræðan dapurleikasvip þegar ég rölti niður eftir Stóru-bryggju, settist á bryggjupolla og horfði djúpt hugsi í hafið.



Brynhildur í dag.

Skyndilega tók ég eftir því að eina mannveran sem var á kreiki og ég hafði gengið framhjá við Hraðfrystihúsið fylgdi í humátt á eftir mér niður bryggjuna. Andartakið var um leið ónýtt og fegurðin drukknaði í geðvonskukasti. „Aldrei fær maður að vera í friði í þessu fokingpleisi,“ hugsaði ég og setti upp minn versta fýlusvip sem var strax þá orðinn nokkuð góður eftir stranga þjálfun unglingsveikinnar.

Maður um fimmtugt, sem ég þekkti alls ekki neitt, gekk ofurrólega eftir bryggjunni, þóttist vera að skoða hitt og þetta en gjóaði augunum til mín öðru hvoru. Hann virtist að lokum telja í sig kjark, gekk til mín, tvísteig vandráðalega og sagði: „Það er falletgt veðrið.“ Ég þóttist varla taka eftir honum, var ennþá öskureið, tuldraði samt eitthvað á móti, en gaf ekkert færi á mér.

„Þú ert dóttir hans Óla, er það ekki?“ sagði maðurinn eftir nokkra þögn. „Þú þekkir mig kannski ekki,“ hélt hann áfram, „en ég vinn hérna í frystihúsinu.“ Svo þagði hann enn meira, horfði ýmist upp til fjalla eða út fjörðinn, en sýndi samt ekkert fararsnið á sér. Eftir langa mæðu sneri hann sér loks beint að mér og spurði hvað ég væri eiginlega að gera þarna niðri á bryggjunni.

Nú var mér nóg boðið. Forvitninni voru greinilega engin takmörk sett, hvergi var friður. Ég ætlaði að fara að snúa upp á mig með skömmum og leit upp, en sá þá í svip hans áhyggjur og umhyggju. Þá fyrst rann það upp fyrir mér að hann var ekkert að hnýsast, hann var að passa mig. Passa að ég færi mér ekki að voða.

Þannig hefur það verið frá því ég man fyrst eftir mér. Sem þjakkur flæktist maður til og frá um allt þorp; niðri í fjöru, uppi á Brjóstum, í húsagrunnum eða inni á vinnustöðum fullorðna fólksins. Og þrátt fyrir að við vinirnir héldum stundum að við færum um frjálsir sem fuglarnir, þá var alltaf einhver nærri sem hafði augun hjá sér og leit eftir okkur. Þessar sjálfskipuðu barnapírur voru ekki bara nánustu fjölskyldumeðlimir, heldur hver sem var nálægt í það og það



Brynhildur (lengst til hægri í miðröð) ásamt bekkjarfélögum í Grunnskóla Eyrarsveitar.

skiptið, allir Grundfirðingar.

Þar sem ég sat þarna á bryggjupollanum þetta maíkvöld áttaði ég mig á því að svona yrði það alla ævi. Þessi maður sem fyrir mér var bara bláókunnugur kall, tók það upp hjá sjálfum sér að passa ungling sem hafði rölt með þunglyndissvip út á ystu nöf á Stóru-bryggju og hann fylgdist með mér úr fjarska allt þar til rútan rann í hlaðið hjá Raggasjoppu.

Já, auðvitað er kjaftað og slúðrað um líf og hagi annarra, en ég veit núna að því fylgir svo miklu, miklu meira. Fólki stendur nefnilega ekki á sama. Það er stolt af manni eða áhyggjufullt, sýnir umhyggju og áhuga.

Það verður alltaf fylgst með mér og passað upp á mig. Ástæðan er einföld. Ég er nefnilega ekki bara dóttir hans Óla, ég er líka dóttir Grundarfjarðar þar sem fólk lítur á það sem samfélagslega skyldu sína að vera með nefið ofan í mínum koppi. Og það er af hinu góða.

Halldór Sigurjónsson

Að alast upp í Grundarfirði

Þó svo að ég sé nú orðinn gamall Grundfirðingur, þá er staðreyndin samt sú að ég hef ennþá eytt meira en helmingi ævinnar í Grundarfirði og er það án efa sá staður sem mig hefur mótað mest. Enn þann dag í dag þegar ég fer vestur, þá færast yfir mig þægileg tilfinning um að vera kominn heim.


Fyrir nokkrum árum kleif ég Kirkjufellið og þegar ég leit í kringum mig á hina ægifygru náttúru fyrir fótum mér, áttaði ég mig á því hve ræturnar eru sterkar. Fyrir neðan mig gat að líta allmörg bæjarstæði forfeðra minna. Þar ber fyrst að nefna Kirkjufell þar sem Herdís langamma er alin upp, Hellnafell þar sem Árni langafi og Herdís bjuggu og Kristín amma er fædd, Lárkot þar sem Sigurjón langafi er uppallinn, Norður-Bár þar sem Sigurjón og Björg langamma mín bjuggu og Halldór afi er fæddur og Grundarfjörð þar sem Sigurjón (Jonni) faðir minn er fæddur og við systkinin, Særún, Sindri, Heiðrún og ég, erum uppalin. Móðir mín, Hildur ljósmóðir, er fædd á Barðaströnd sem sést hinum megin við Breiðafjörðinn, og hefur nú búíð í Grundarfirði meira en hálfa ævina.

Þegar ég hugsa til baka og velti því fyrir mér hvernig var að alast upp í Grundarfirði sem barn og unglíngur, þá er ég á þeirri skoðun að það hafi haft marga góða kosti. Þeir helstu voru að fá að stunda bæði hóp- og einstaklingsíþróttir og einnig það að fá að byrja að vinna ungur með eldra og reyndara fólki. Þessi reynsla hefur hjálpað mér mikið í því að komast áfram, bæði í skóla og atvinnulífínu.

Íþróttir með UMFG

Eitt af fyrstu skiptunum, sem ég man eftir að hafa keppt í íþróttum, var á 17. júní-sundmóttinu í flokki átta ára og yngri. Á þessum tíma voru ég og fleiri í mínum bekk nýbúin að læra að synda. Ári seinna keppti ég í fyrsta skipti fyrir hönd Grundfirðinga á héraðsmóti í sundi. Á því ári og næstu tveimur á eftir unnu Ólsarar stigakeppnina. Mikil gróska byrjaði á þessum tíma í foreldra-

Halldór í dag.



starfi í kringum sunddeildina. Þetta frábæra starf ásamt markvissri sundkennslu varð til þess að við Grundfirðingar unnum héraðsbikarinn og stiga-bikarinn í barna- og unglingaflokki í yfir 10 ár í röð.

Fótbolti var einnig stundaður af kappi, hjá mér var það alltaf meira af kappi en lagni. Við höfðum hörkuliði á að skipa og urðum héraðsmeistarar nokkrum sinnum í okkar flokki. Þegar við vorum í fimmta flokki tókum við þátt í Íslandsmótinu í fótbolta. Sá leikur sem er hvað minnisstæðastur frá þeim tíma, var leikur þar sem ég keppti ekki. Það vildi þannig til að ég og fleiri vorum að keppa í frjálsum og margir einnig í sumarfrí. Leikurinn var á móti Aftureldingu í Mosfellssveit og fór u.þ.b. 29-2 fyrir Aftureldingu, sem var og er að fróðra sögn Íslandsmet. Já, það er sko margt sem við Grundfirðingar getum.

Á veturna var stundaður körfubolti í samkomuhúsinu ásamt því að á hverju ári var danskennsla. Í danskennslunni kom sér mjög vel að vera fljótur að hlaupa, því að í mínum árgangi voru ekki nema u.þ.b. fjórar stelpur, en sextán strákar. Í þá daga tók maður sér stöðu og síðan var það viðbúinn, tilbúinn, nú og svo var hlaupið yfir salinn og lamið frá sér til þess að dansa við réttu stelpuna. Þessir danstímar hafa oft komið að góðum notum seinna og er frábært að þeir skuli nú vera skólaskylda.

Fyrstu skíðin fékk ég um tíu ára aldur og var þá farið upp á „neðra brjóst“ og búinn til stökkpallur, þar sem keppt var í skíðastökki. Einstöku sinnum hafði maður kjark til að labba upp á topp og láta sig renna af stað, en í þeim tilfellum var spurningin aðeins hvenær maður dytti. Foreldrar mínir fóru með mig í Kerlingarfjöll ári seinna, sem var mikið ævintýri. Árið eftir var svo farin hópferð frá Grundarfirði, þar sem um 40 Grundfirðingar mættu á námskeið í Kerlingarfjöllum.

Upp frá þessu tók sig saman stór og góður hópur af fólki, sem hrinti í framkvæmd að kaupa, setja upp og reka skíðalyftu í sjálfboðastarfi. Ég eyddi ófáum



Sundmót í Grundarfirði. Halldór lengst til hægri í efstu röð (fyrir miðri mynd).

stundum uppi í brekku að sniglast í kringum þessar framkvæmdir. Ég man sérstaklega eftir því í kringum jólin fyrsta árið, þegar verið var að koma möstrunum fyrir lyftuna upp. Til þess að koma efsta mastrinu á sinn stað, þurfti að setja það á gamalt bílhúdd og það var síðan dregið með handaflí og talíum. Í fyrstu tilraun tókst að koma efsta mastrinu upp í hálfa brekku, en vegna tíma og veðurs náðist ekki að koma því lengra. Um nóttina og næstu daga snjóaði svo mikið að mastrið týndist. Þar sem enginn hafði nákvæma staðsetningu hvar mastrið væri niður komið, var leitað um stórt svæði með snjóflóðastöngum og skóflum. Einnig komu tveir hugvittssamir menn með dýptarmæli úr trillu á snjópotu til þess að leita. Eftir nokkra daga tókst að finna mastrið og koma því á sinn stað.

Þessi hópur fólks kenndi síðan Grundfirðingum, smáum og stórum, á skíði, hvort sem þeir vildu eða ekki. Þetta fólk gerði einnig við skíðin, byggði skíðahús, keypti skíðatöðara og rak ferðir á jökulinn til að bera kostnaðinn af skíðasvæðinu. Eftir að lyftan komst í gagnið var ég mjög mikið á skíðum. Ég fór meira að segja með dönskubækurnar upp í lyftu daginn fyrir samræmda prófið í dönsku, til þess að geta lært á milli þess sem ég skíðaði.

Ætlaði eitt sinn að verða skipstjóri eins og pabbi, afi og langafi.

Meirihluti af því starfi sem unninn var til þess að styðja við bakið á öllum þessum íþróttum, var sjálfboðaliðsstarf. Ég er öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum ævinlega þakklátur fyrir að hafa gert allt þetta mögulegt. Fyrir hönd þeirra barna, sem eru að alast upp í Grundarfirði í dag, vona ég svo sannarlega að þessi kraftur sé enn til staðar.

Ég er mjög kappsamur að eðlisfari, en sú íþróttaiðkun sem ég átti kost á sem barn og unglingur, hefur reynst ómetanleg til þess að beisla þá orku. Þegar vel gengur í íþróttum eflir það sjálfstraustið, sem er öllum nauðsynlegt til að komast áfram í lífinu. Í hópíþróttum læra börn samvinnu og liðsanda sem nýtist með ýmsu móti. Að „læra að tapa“ er einnig hollt þar sem það kennir manni að gefast ekki upp þótt á móti blási, heldur að undirbúa sig betur og reyna aftur.



Vinna

Fyrsta launaða starfið sem ég stundaði var unglingavinnan og fékk ég tólf ára að mig minnir 26 krónur á tímann fyrir að sópa götur. Fyrir þann tíma bar ég reyndar út *Þjóðviljann* sáluga í stuttan tíma. Ég fékk vinnu í fiski ári seinna hjá Lalla í Stöð, ásamt Sverri Pálmars og Gumma Óla. Þar lærði ég að drekka kaffi vegna þess að við strákarnir vorum skammaðir fyrir það að drekka G-mjólkina eintóma. Júlli Gests var að vinna með okkur strákunum og hann alveg hundskammaði okkur fyrir það að kunna ekki að stála hnífa. Hann sagðist sjálfur hafa verið kominn á togara á okkar aldri. Eftir sumarið notaði ég það sem ég hafði unnið mér inn, til þess að kaupa mína fyrstu PC-tölvu.

Næsta vetur fiskaðist svo vel eina vikuna að það var gefið frí í eldri bekkjum

til þess að forða því að verðmæti eyðilegðust. Ég man eftir því að mér fannst þetta frábært, því það var ólíkt skemmtilegra að vinna í fiski en að híma yfir skólabókunum. Seinna fór ég að vinna við smíðar hjá Pálmari Einarssyni, þar sem var alltaf mikið fjör og ég lærði margt gagnlegt. Allt frá því að skera niður rabarbara upp í að byggja hús, bryggjur og holræsi. Einnig ræddum við pólitík og lærðum að svindla í spilum og var Einsí þar góður lærifaðir þótt svo hann væri stundum búinn að reka okkur alla úr vinnu fyrir hádegi.

Þar sem ég er kominn af skipstjórum í þrjá ættliði var mjög spennandi að komast til sjós. Þegar ég var sextán ára fór ég í nokkrar vikur á grásleppu. Ári seinna fór ég allmarga lausaróðra, bæði á *Krossnesinu* og *Runólfi*, þar sem ég kunni ágætlega við mig. Einnig hef ég farið lausaróðra á skel og net á *Farsæl* og var annað sumar á grásleppu. Samtals er ég með yfir 200 lögskráningardaga á sjó og það er engin spurning að það hefur gefið mér dýrmæta reynslu. Það er sérstakt að vera á vinnustað, þar sem maður byrjar án nokkurrar reynslu og vinnur fyrir sömu laun við hlið þeirra sem hafa áratuga reynslu. Annað sem maður lærir til sjós er að hlýða fyrirmælum hratt og skilyrðislaust. Í eitthvert skiptið á *Runólfi* kom trollið upp, illa rífið í miklu fiskirífi. Runni skipstjóri óskraði í tvær mínútur stanslaust fyrirskipanir í kallkerfið, en það var alveg sama hversu vel ég lagði við eyrað, ég heyrði ekki orðaskil. Menn hlupu fram og til baka eins og þeir skildu hvert einasta orð, þannig að ég spurði einhvern reyndari hvað hann væri eiginlega að segja. Þá var mér tjáð að kallkerfið væri löngu hætt að virka, en þeir vissu alveg hvað kallinn bað um þegar svona stóð á.

Menntun

Minn árgangur, fæddur 1972, í Grunnskóla Eyrarsveitar var bæði frekar stór og „sérstaklega“ kraftmikill. Eins og við var að búast var oft mikið fjör í kringum þennan hóp og kennurum oft vorkunn að reyna að hemja hópinn. Það var ekki fyrir en ég fór sjálfur að kenna við Háskólann í Reykjavík sem ég áttaði mig á því hversu erfitt þetta hefur verið. Það voru einnig töluverð skipti á kennurum á milli ára, sem gerðu hlutina ekki auðveldari.

Árið sem ég byrjaði í skóla var gefin tilskipun frá menntamálaráðuneytinu um að öll verðlaun fyrir góða frammistöðu yrðu lögð af. Þetta kerfi passaði ekki fyrir mig, þar sem ég hafði ekki þroska til þess að skilja að ég væri að læra

fyrir mig sjálfan. Námið byrjaði ekki glæsilega og ég átti í mesta basli með að læra að lesa fyrstu árin. Þetta átti samt sem betur fór eftir að breytast þegar á leið og ég fór að hafa gaman af teiknimyndasögum. Þegar ég komst á kynþroskaskeiðið átti ég auðveldara með að einbeita mér og jókst þá áhugi minn á náminu og árangurinn með.

Í dag, þegar ég horfi til baka til þess tíma sem ég útskrifaðist úr grunnskól-
anum, er mér ljóst hversu skammsýnn ég var og tiltölulega illa upplýstur um
frekari námsmöguleika. Stúdentspróf var t.d. afar fjarlægð. Ég valdi að fara í
rafeindavirkjun við Iðnskólann í Reykjavík, þar sem ég sá fram á að geta út-
skrifast innan fjögurra ára og farið að vinna. Þegar ég hafði klárað sveinsprófið
í rafeindavirkjun og var farinn að vinna, langaði mig strax til að læra meira. Ég
var svo heppinn að Tölvuháskóli Verslunarskóla Íslands gerði undanþágur
varðandi stúdentspróf við inntöku, þannig að ég komst þar inn og lærði kerf-
isfræði. Nú síðast bætti ég svo við mig B.S.-gráðu í tölvunarfræði við Háskól-
ann í Reykjavík, með vinnu.

Eftir því sem ég hef elst, hefur viðhorf mitt til menntunar breyst mjög mikið.
Þegar grunnskóla lauk hafði minn árgangur verið u.þ.b. tveimur vetrum skemur
í námi en jafnaldrar í Reykjavík. Þrátt fyrir ýmsa ágæta kennara sem kenndu mér
við skólann, þá var ég ekki eins vel undirbúinn og jafnaldrar af höfuðborgar-
svæðinu. Ég vona svo sannarlega að Grundfirðingar kappkosti að hafa góða
kennara og alla aðstöðu við grunnskólann og spari hvorki fé né fyrirhöfn, svo
nemendur þaðan standi jafnfætis öðrum þegar til framhaldsnámsins kemur.

Það var mjög holl og góð reynsla fyrir mig að byrja ungur að vinna og sér-
staklega að fá að vinna með mörgu góðu „fullorðnu“ fólki sem ég gat lært af.
Þessi reynsla hefur gefið mér visst forskot á fólk sem ég hef unnið með, bæði á
Íslandi og annars staðar.

Í mínu starfi hef ég verið svo heppinn að hafa fengið að ferðast mjög víða
um lönd, bæði í Ameríku og Evrópu. Það sem mér hefur fundist skemmtilegast
við þá reynslu er að kynnast fólki frá öllum heimsins hornum. Þegar talið berst
frá vinnunni segir fólk gjarnan frá landi sínu og er stolt af sínum æskuslóðum
og er ég þar engin undantekning.

Að fanga dag

Ég hafði gleymt að ganga frá framköllunarvökvunum mínum kvöldið áður og nú flutu margar dánar flugur um í eitrinu. Mér fannst það óviðeigandi dauðdagi þessara vorboða og gekk kyrfilega frá vökvunum svo að framtíðarflugur gætu þá dáið í gluggakistunum mínum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af eiturgildrum.

Það var sunnudagur og ég hafði ákveðið að nota daginn vel, breiða út báða arma og fanga hann allan.

Ég og lítil frænka mín lögðum af stað í leiðangur. Við ætluðum að skoða fuglana í fjörunni og kannski mundum við sjá selinn aftur sem var okkur svo minnisstæður frá síðasta leiðangri. Ekki lét selurinn sjá sig í þetta skiptið, en við sáum máva og krumma og einhverja fugla sem okkur fannst nóg að kalla bara bíbí. Seinna sáum við svo fallegt fjólublátt blóm sem ég bjó til eitthvað skrítið nafn á. Fannst svo tilgangslaus fróðleikur ekki endilega þurfa að vera réttur.

Ég lánaði einhverju ókunnugu fólki svo litlu frænkuna til að gefa henni ís og hún var dregin burt á hrörlegum kassabíl sem var að mér sýndist vörubretti á hjólum. Mér var ekki boðinn ís svo ég stóð eftir og sparkaði í steina.

Einhvers staðar, kannski á Suðurlandi, hafði dýr verið fellt svo að fjölskyldan gæti safnast saman yfir sunnudagssteik – ég mætti mömmu, mér var boðið. Í þann mund kom litla frænkan til baka og var henni bjargað frá frekari fölskum fróðleik og ísáti af ömmu sinni, sem einnig er mamma mín.

Svo að aftur stóð ég eftir og sparkaði í steina.

Mér fannst dagurinn engan veginn fullfangaður svo að eftir að björgunarsveitin hafði ýtt bílnum mínum í gang stýrði ég honum hægt en örugglega út í sveit. Ég vissi af vini mínum sem akkúrat þessa helgi var við sauðfjárrækt á bæ einum ekki langt frá. Ég ákvað að heimsækja hann, en tafðist í nokkra stund við að fylgjast með krumma sem ég hélt að væri örn. Það er jafn gaman að halda að maður sjái örn og í rauninni að sjá örn, sama tilfinning – ef undan eru skilin vonbrigðin ef maður kemst að hvurs kyns er. Ég hugleiddi að kaupa mér gleraugu, þá mundi ég kannski þekkja fuglana. Þegar ég kom að bænum var

Jón Hans Ingason – sjálfsmynd.

uppáhaldsbóndinn minn nýbúinn að stinga út. Hann sat vígreifur á bæjarhlaðinu og sötraði appelsín.

Við tókum upp létt spjall um allskonar og horfðum á hesta. Ég spurði hvort ég mætti fara á hestbak, en það mátti ég ekki. Mér sárnaði aðeins, en lét eins og ekkert væri.

Fann mér strá til að tyggja og spurði hvort ég mætti sjá kindurnar, og það mátti ég. Hann var nú ekki uppáhaldsbóndinn minn fyrir ekki neitt. Í fjárhúsunum benti hann á nokkrar kindur og þuldi um leið algeng kindanöfn. Ég fylgdist frekar illa með og fannst flestar kindurnar vera alveg eins. Þá datt mér aftur í hug að kaupa gleraugu, þá mundi ég kannski þekkja kindurnar, hugsaði ég.

Síðar, á rölti um túnin, sagði hann mér frá nýstárlegum hugmyndum um að gerast rafmagnsbóndi og benti á nokkra fossa. Ég hræddist þessar virkjanahugmyndir og reyndi að beina samtalinu á aðra braut, en hann var komin með einhvern peningaglampla í augun og hélt áfram að tala um stíflur og túrbínur. Ég hálf hætti að fylgjast með og horfði til fjalla.

Við gengum aftur heim að bæ, virkjanahugmyndirnar voru skildar eftir úti á túni í lausu lofti, tilbúnað að berjast í hausinn á næsta bónda sem gengi hjá. Ég óskaði þeim út í hafsauga með næsta sunnan, svo var boðið upp á appelsín.

Klukkan var að verða kvöldmatur og ég kvaddi rafmagnsbónda framtíðarinnar um leið og við skoðuðum hænur og veturgamlan hrút.

Í foreldrahúsum var sunnudagsdýrið komið á borð og börnin biðu með eftirvæntingu eftir að gæða sér á herlegheitunum. Eftir að hafa matast vel fórum við bróðir minn út og spörkuðum bolta.

Við reyndum að halda boltanum á lofti sem lengst. En fljótlega varð ég þreyttur, ég get ekki leikið eins lengi og ég gerði. Ég var vanur að leika mér allan daginn og ég hafði ekki tíma til að borða, hljóp bara um áhyggjulaus.

Nú til dags þarf ég ósjálfrátt alltaf meiri og meiri tíma til að slappa af, tíma til að hafa áhyggjur. Ég sé eitthvert samhengi þarna, ef ég væri upptekinn við



að leika mér tæki ég örugglega ekki eftir eins mörgum hlutum til að hafa áhyggjur af.

Bróðir minn sparkar bolta allan daginn, alla daga. Hann lítur ekki út fyrir að hafa áhyggjur af neinu. Ég hef ákveðið að fara að leika mér meira. Ég ætla að byrja strax á morgun. Ég er kominn heim, ég er þreyttur og ánægður, mér finnst ég hafa tekið mikilvæga ákvörðun, mér finnst ég hafa fullfangað daginn.

Gamlar ljósmyndir



Heyskapur 1957. Ljós.: Jón Pétursson. Frá vinstri: Tveggja hæða hús, Hlíðarv. 8, byggt af Soffa og Palla C. Núverandi eigandi Magnús Soffaníasson. Ein hæð, Hlíðarv. 11, hús Jónasar og Kötlu, núverandi eigandi Ingi Hans Jónsson. Ein hæð, Hlíðarv. 13, hús Halldórs Guðnasonar. Tveggja hæða, Hlíðarv. 15, hús Gísla Magnússonar, er enn eigandi. Fjós og hlaða Jónasar og Kötlu, rífið. Hús Óskars Sæmundssonar. Bílskúr/verkstæði Þórðar Pálssonar og síðar Kristjáns Jónassonar frá Lýsudal, rífið. Hús Ingjalda og Gunnu, framan við það eitthvert útihús þar sem véls. var síðar byggð. Útihús, fjós, hlaða fjárhús og hjallur Kristínar frá Búðum, síðar eign Páls Cecilssonar, rífið. Tilgáta er að konan vinstra megin sé Guðrún Ólafsdóttir.



Íshúsið, síðar heimili margra fjölskyldna, meðan verið var að koma sér upp húsnaði. Sjá má fjós-
ið undir suðurhlið hússins. Ljós.: Helga Gróa Lárusdóttir.



Á síldarplani í Grafarnesi hjá Sveini Benediktssyni 1952. Ljós.: Óþekktur.



Ytri Gröf, rifð 1944. Þar var símstöð til þess tíma. Ljós.: Helga Gróa Lárusdóttir 1940.



Við Sólvallatjörn. Ljós.: Óþekktur.

Að lyfta lofti

Gamlar ljósmyndir

Í fyrsta riti Eyrbyggja, „Safn til sögu Eyrarsveitar 2000“, skrifaði Njáll Gunnarsson grein sem hann nefndi „Að lyfta lofti“. Í greininni er sagt frá því er steyptri loftplötu Kaupfélagsins var lyft upp með tjökkum árið 1958. Þegar greinin var skrifuð fundust engar myndir af þessari framkvæmd, síðar komu fram myndir sem Þórarinn Sigurðsson ljósmyndari hafði tekið.



Hákon Kristófersson verktaki.





Kaupfélagið í smíðum.



Vísur úr kvenfélaginu

Einu sinni sem oftar fórum við í ferðalag, kvenfélagskonurnar. Bílstjóri rútnunnar var ókunnugur og vissum við ekki einu sinni hvað hann hét, en hann reyndist vel og þegar síga fór á seinni hluta ferðarinnar fór Ólöf á Hömrum þess á leit við mig að gera vísu um hann í þakklætisskyni fyrir hvað hann væri frábær. Hlýðin eins og alltaf hnoðaði ég þessu saman. (Bíllinn var númer 101.)

Á hundrað og einum haldið var
í hópferð með kvenfélagið.
Bílstjórinn ungur að árum var
en á þeim kunni hann lagið
Því áður en varði einhver glóð
um allt breiddist kvenna safnið
og skýringu á því fengu fljóð
er þau fréttu að Logi var nafnið.

En það var alls ekki heiglum hent
að hemja þennan kvenna fans
og aldrei hafði hann áður lent
í öðrum eins rokna stífidans.
Þær létu hann ýmst aka í hring eða aftur á bak um langan veg
Ólöf telur hann þarfapung og þökk hennar er hjartanleg.

Vigdís Gunnarsdóttir, nú Hrannarstíg 18, áður Skallabúðum, Eyraarsveit.

Í nokkur ár seldu kvenfélagskonur Sólarkaffi, sem raunar var súkkulaði. Eitt árið var veðrið svo vont að sárafáir mættu, og urðu það endalok Sólarkaffisins, en frá því segir nánar í eftirfarandi ljóði. Salan fór fram í Samkomuhúsinu.

Mottó

Sólarkaffi selja lýð
syndalausu fljóðin
ódrepanði alla tíð
eru að stækka sjóðinn.

Valgerður Haraldsdóttir

—

Þó úti væri vonskuveður,
já, varla nokkrum manni fært,
var innan dyra sól í sinni
og sólskinsbros er lýstu skært.

Hulda setti upp sólar-skó
og svona óð hún snjó og krap
og sentist beint í salinn inn
með sólskinsskap.

Sigrúnu varð svaka kalt
í sólarkjól, sem vera ber
til Kanaríeyja hún svo hélt
að hlýja sér.

Uppi á lofti var úrvalsið
ýmislegt að starfa við,
þeyta rjóma, þvo og sjóða,
þarna laga drykkinn góða
Lauga og Svava listum búnar
þær lituðust allar fagurbrúnar.
Eins og þær hefðu úti legið
í afar heitri sól.

Ein var þar sem illa gekk
og ekki mikið lof hún fékk,
samt hún reyndi sig að vanda
sultu og rjóma við að blanda
en ýmist var það of eða van
og allar taugar fóru á span.
Hún andvarpaði særð og sagði:
„Ég sauðfé heldur fóðra vil.“

Það voru engin þreytumerki
á þessum konum að loknu verki
og afgangana átti að nýta,
ekki var til neins að sýta
þó aðsókn væri ekki næg,
enn eru kvenna ráðin fræg.
Þær ferðbjuggust af miklum móði
og með það sama ruku út.

Ofan á bryggju hélt allur skarinn,
Eldvíkin lá þar veðurbarin,
um borð var hópur hraustra manna.
Það hetjulið var vert að kanna
enda fór það eftir vonum
að aldrei myndu þeir bregðast konum.
Eftir sjóvolk, vos og vökur
voru þeir sólnir í pönnukökur.

Vigdís Gunnarsdóttir

Um konurnar í kvenfélaginu

Lag: Ég sá hann í gær og ég sá hann í dag

Konurnar eru nú komnar á fund
en karlarnir lúra heima,
nú eiga þær loks eina ánægjustund
og amstri og leiðindum gleyma.
Æ æ, ó ó, er ekki gaman,
æ æ, ó ó, að vera hér saman,
þær setja upp sparisvipinn sinn,
þá sýnast þær blíðar í framan.

Þær flýttu sér allar að fara í
flegna og hnésíða kjóla,
við vitum sjaldan hvað veldur því
það vill oft á tískunni bóla.
Æ æ, ó ó, hver einasti svanni,
æ æ, ó ó, með útlit sem glanni,
þær eru hreint ekkert að halda sér til
fyrir harðgiftum eiginmanni.

Hver einasta sem til ferða var fær,
feikn var að líta á hróin,
útskeifar bæði og innskeifar þær
ösla og vaða snjóinn.
Æ æ, ó ó, hvað er nú þetta,
æ æ, ó ó, sig afskræma og gretta,
kannski þær séu í kapphlaupi um
hver verði fljótust að detta.

Sagt er að konur við kaffiborð
kunni frá mörgu að segja,
og láti þar falla ótal orð
en eflaust er betra að þegja.
Æ æ, ó ó, alltaf að snakka,
æ æ, ó ó, um ástir og krakka,
en langi þig til að létta á þér,
þá láttu það bara flakka.

Tíminn líður og kannski kemst
konan á fund á vorin
við skulum láta fyrst og fremst
fenna yfir ljótu sporin.
Æ æ, ó ó, allar í einu,
æ æ, ó ó, allt sé á hreinu,
margt er skrafað og margt er sagt
og margur fær óþarfa skeinu.

Svo þegar konan kemur heim
þá klukkan er sjö eða átta,
karlarnir tauta þó yfir þeim,
það tekur því varla að háttá.
Æ æ, ó ó, hvað er þetta kona,
æ æ, ó ó, því læturðu svona,
að æða eins og trippi út um allan bæ,
ég var alveg hættur að vona.

Valgerður Haraldsdóttir

Oddur Kristjánsson

Grundarfjarðarævintýrið

Útdráttur úr endurminningum Odds Kristjánssonar, fyrsta framkvæmdastjóra Hraðfrystihúss Grundarfjarðar h.f. og eins af stofnendum þess, um hlutdeild hans í þróun Grundarfjarðar sem útgerðarbæjar og nútíma kaupþíns.

Endurminningar Odds, í hans eigin frásögn, birtust árið 1982, skömmu áður en hann lést, í sagnaþáttunum „Íslenskir athafnamenn“, sem Þorsteinn Matthíasson skráði. Reynir Oddsson stytti og dró saman í eftirfarandi grein.

Ég er fæddur á Hjarðarbóli 15. júlí 1903. Hjónin sem þar bjuggu, Ragnheiður Benediktsdóttir og Kristján Þorleifsson, hreppstjóri, voru foreldrar mínir og átti ég þrjá yngri bræður; Karl, Benedikt og Gunnar. Þó bú þeirra teldist í góðu meðallagi mátti ekkert halla undan fæti, svo ekki söfnuðust skuldir hjá kaupmönnum, en oft var erfitt að losna við þær aftur.

Á Hjarðarbóli var gestkvæmt. Þar komu oft menn úr nágrenninu og einnig lengra að, enda þótt býlið lægi nokkuð utan alfaraleiðar. Eitt árið kom til okkar ungur verkfræðingur. Hann hafði verið að mæla upp Grundarkamb. Enskir botnvörpuskipaeigendur höfðu keypt jörðina Grund og hugðust byggja þar höfn og hefja togaraútgerð. Einnig var ákveðið að virkja Grundarfoss. Þótt



Oddur Kristjánsson.



*Kristín og Oddur á Hjarðarbóli 1980.
Ljós.: Kristín Pálsdóttir.*

ungur væri heillaðist ég af fram-
taki þessa unga manns og fannst
að hann mundi ráða yfir ein-
hverjum töfrasprotu. En 1914
braust heimsstyrjöldin fyrri út.
Allar framkvæmdir stöðvuðust og
á Grundarkamb kom – ekki neitt.

Það mun hafa verið í janúar árið
1923, að ég er að hirða hestana
okkar heima á Grund, en þangað
höfðum við þá flust fyrir rúmu ári.
Ég stend í hesthúsdyrnunum og
horfi fram að Kverná, jörðin var
hvít af snjóföli, sem fallið hafði um
nóttina. Ég sé að hópur karlmanna

er að raða sér upp ranann neðan frá bænum áleiðis upp til fjalla. Þetta eru nær
tuttugu vermenn, sem nú eru á leið til Reykjavíkur, ráðnir þar til sjóróðra á stór
þilskip. Allt eru þetta menn á aldrinum 17–50 ára og margir þeirra húsráðendur,
sem eru að afla heimili sínu bjargræðis.

Mér var hugsað: Hve margir skyldu koma aftur heilir heim? Hvers vegna
þurfa þessir menn að leggja land undir fót um einn erfiðasta fjallveg héraðsins
til að leita sér að vinnu? Hvers vegna geta þeir ekki verið kyrrir heima í þessum
fallega firði og sótt þaðan út til fengsælla fiskimiða skammt undan heimabyggð?
Ég var smár og eignalítill. Það hlaut því að vera óskhyggja, sem seint yrði veru-
leiki, að ég yrði þess umkominn að stuðla hér að breyttum vinnuháttum.

Árin liðu og þann 18. maí 1935 kvæntist ég Kristínu Ólafsdóttur og við stofnuðum heimili. Ég hafði eignast stórt, nýtt hús á Leifsgötu 8 í Reykjavík. Húsið
var fjórar hæðir og bjuggum við á jarðhæð. Ég starfaði á þessum tíma hjá Sam-
bandi íslenskra samvinnufélaga og afkoma okkar var fremur góð. Við höfðum
eignast tvo drengi og vorum ánægð með lífið vorið 1940 er hér fylltist allt af
breskum hermönnum. Þeir tóku Skólavörðuholtið og bjuggu þar um sig, svo

þar var komin heil herstöð svo að segja alveg við bæjardyrnar hjá okkur.

Það varð því að ráði að Kristín færi með báða strákana, annan fjögurra og hinn tveggja ára, vestur til Skálavíkur við Ísafjarðardjúp. (Þar bjó faðir Kristínar, Ólafur Ólafsson, stórbúi. Þau Oddur, eins og margir fleiri, óttuðust að til stríðsátaka kæmi í Reykjavík. Eins varð fljótt gífurleg umferð alls kyns stríðstóla og hermanna við herstöðina, sem þau töldu ekki heppilegan leikvöll fyrir unga syni sína.)

Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f.

Það mun svo hafa verið í júlímánuði 1941 að gamall æskufélagi minn, Kristlaugur Bjarnason úr Grafarnesi, kom í heimsókn til mín. Veður var mjög gott og ég bauð honum upp á kaffi, sem við drukkum úti í garðinum heima á Leifsgötu 8.

Kristlaugur var kominn suður í þeim erindum að leita eftir hlutafé í væntanlegt frystihús í Grafarnesi, en þau erindi hans höfðu lítinn árangur borið. Við Kristín höfðum rætt um það að flytja búsetu okkar burt úr Reykjavík vegna hersetunnar. Samtalið við Kristlaug varð því til þess að ég fór að hugleiða Grundarfjörð sem væntanlegan samastað. Að vel hugsuðu máli ákváðum við



Oddshús í byggingu 1942. Takið eftir verslunargluggunum á jarðhæðinni. Oddur rak þar verslun öll árin í Grundarfirði.

Kristín svo að gera þetta og selja húsið á Leifsgötunni og taka þátt í ævintýrinu með sveitungum mínum fyrir vestan. Lét ég Kristlaug vita um þá ákvörðun, sem hann fagnaði mikið.

Ég lagði strax til við Kristlaug að hreppsnefnd Eyrarsveitar fæli skipulagsstjóra ríkisins, sem þá var Hörður Bjarnason, að gera frumdrætti að skipulagi fyrir fimm hundruð manna byggðarkjarna eða kauptún í Grundarfirði. Þegar við ræddum málið við skipulagsstjóra, tók hann okkur mjög vel, en sagði, að við yrðum að hafa í höndunum staðfesta beiðni frá hreppsnefnd til þess að hann gæti eitthvað aðhafst. Við hringdum í Bárð Þorsteinsson oddvita í Gröf og skýrðum fyrir honum hvað í efni væri og að þrem dögum liðnum fengum við í hendur símskeyti, sem staðfesti beiðni hreppsnefndar. Við gengum nú aftur á fund Harðar og það var því líkast sem við hefðum fært honum gulldisk, því hér var um að ræða fyrsta kauptún á Íslandi, sem skipulagt var frá grunni.

Næsta verkefni var að útvega hlutafé. Það gekk vonum framár. Kristlaugur útvegaði, með aðstoð Lúðvíks Kristjánssonar, 10.000 krónur hjá Hrímfaxa h.f. auk smá hlutafjárloforða hjá nokkrum kunningjum. Ég útvegaði hlutafé hjá Olíuverslun Íslands, Hafsteini Bergþórssyni og Ingvari Vilhjálmssyni, stórutgerðarmönnum, ásamt nokkrum smærri upphæðum. Þannig vorum við komnir með hlutafjárloforð í Reykjavík, ásamt mínu framlagi, að upphæð 60.000 krónur, er greiða skyldi í peningum. Heima fyrir stóðu málin þannig, að um áttatíu menn höfðu skráð sig fyrir um 50.000 króna hlutafé og var það bundið því, að sem næst allt féð yrði lagt fram í vinnu.

Næsta skref var það, að við Kristlaugur fórum vestur til að undirbúa félagsstofnun, því hlutafjárloforðin hjá þeim stærri voru auðvitað bundin því, að félagið væri formlega stofnað. Áhuginn heima fyrir var ótvíræður, en fjárhagsgetan lítil. Við vorum þarna á ferð um hásláttinn og því fremur óheppilegur tími til að ná saman mönnum til fundarhalds. Ég kynnti mér því aðeins, af samræðum við nokkra menn, hvers vænta mátti, og lét svo Kristlaug ásamt sínum áhugamönnum það eftir, að ganga frá bráðabirgðafélagsstofnun.

Þegar ég kom suður seint í júlí og fór að kanna málin kom í ljós að ég gat fengið timbur hjá Völundi og Kassagerðinni úr skipi, sem væntanlegt var í ágúst. Einnig gat ég fengið sement hjá H. Ben. & Co., er væntanlegt var á sama tíma, en allt varð þetta að greiðast strax.

Nú var félagið óstofnað og því engir peningar, ekki einu sinni bráðabirgða-

stjórn, sem reynt gæti að slá víxla með eigin persónulegri ábyrgð. En byggingarefnið varð ég að klófesta (byggingarefni var gífurlega eftirsótt á þessum tíma vegna stríðsins).

Þegar hér var komið hafði ég þegar selt húsið mitt á Leifsgötunni og fengið nokkra peningaupphæð útborgaða, einnig hafði ég tvö allstór skuldabréf, er voru tryggð með veði í húsinu. Ég notaði peningana til að greiða timbrið, en gaf út eigin víxil fyrir sementinu og afhenti bankanum bréfin sem baktryggingu.

Í ágústmánuði kom svo skip til Grundarfjarðar hlaðið byggingarefni og nauðsynlegum áhöldum, svo hægt væri að hefja framkvæmdir. Ég fullyrði að það var hjart í huga flestra þeirra, sem tóku á móti þessu skipi og menn spörðu ekki sjálfa sig við að koma efninu í land.

Stofnfundur hlutafélagsins Hraðfrystihús Grundarfjarðar var svo haldinn 2. september 1941. Þá var búið að taka grunninn að húsinu. Upphaflega stóð aðeins til að notast við svokallaðan Svartaskála og byggja við hann en menn fylltust bjartsýni og ákváðu að reisa alveg nýtt hús frá grunni og nota Svartaskála sem geymslu. Stofnfundurinn var haldinn í gamla þinghúsinu inn við Grund. Hann var allvel sóttur af heimamönnum, auk þess voru þar mættir útgerðarmennirnir Hafsteinn og Ingvar úr Reykjavík. Þar lá fyrir uppkast að lögum félagsins, samið af Kristjáni Guðlaugssyni hæstaréttarlögmanni í Reykjavík. Var það samþykkt sem lög handa félaginu með smávægilegum breytingum. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Kristlaugur Bjarnason og var hann formaður, Bjarni Sigurðsson hreppstjóri á Berserkseyri, Þorkell Sigurðsson frá Bár, Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör og Páll Þorleifsson á Hömrum. Finnur og Páll voru formenn á þeim tveim vélbátum, *Svani* og *Sindra*, sem í Grundarfirði gátu talist sóknhæfir á djúpmið. Ég var svo ráðinn framkvæmdastjóri félagsins, og úr því sem komið var varð ekki aftur snúið.

Í september um haustið flutti ég vestur með konu minni og drengjunum tveim, Reyni og Kristjáni. Við fengum húsnæði í Gröf hjá þeim heiðurshjónum Halldóru Jóhannesdóttur og Lárusi Jónssyni. Jafnhliða og frystihúsið var byggt lét ég reisa eigið íbúðarhús, sem var tveggja hæða steinhús. Verslunarpláss á jarðhæð, en íbúð á efri hæð. (Oddur rak þar eigin verslun öll árin í Grundarfirði.)

Framkvæmdirnar um haustið gengu vel, þannig að það hafðist að steypa upp frystihúsið og einnig mitt hús. En þakefni fékkst ekki, svo ekki var hægt að útibygja fyrir en næsta vor.



Sumarnótt 1944. Myndin er máluð milli miðnættis og óttu. Búðatrillan er við bryggjuna, en Svannur og Sindri liggja út á legunni. Málverk eftir Matthías.

Vorið 1942 byrjuðum við að setja þakið á frystihúsið. Við fengum skólastjóra frá Flateyri ásamt tveim sonum sínum til að koma verkinu áfram. Einnig voru sendir menn frá Vélsmiðjunni Héðni í Reykjavík til að sjá um niðurstetningu frystivélanna og með þeim vann Hrólfur Árnason vélstjóri, sem reyndist ágætur maður og starfaði í mörg ár við frystihúsið. Nokkrar tafir urðu vegna þess að torfið er nota skyldi til einangrunar frystiklefanna skemmdist og urðum við að kaupa þurrt torf vestur í Saurbæ og einnig frá Hitaveitu Reykjavíkur og flytja vestur. Þegar þessi vandamál með torfið höfðu loks verið leyst, var byrjað að vinna úr því og það tókst að einangra alla klefana áður en vélamennirnir komu að leggja leiðslurnar. Húsið var svo tilbúið í endaðan september og var þá liðið ár frá því að aðalfundur hafði samþykkt bygginguna.

Hafnarmálin

Á fjölmönnum borgarafundi, sem efnt var til í janúar 1942 voru hafnarmálin tekin til umræðu. Töldu flestir, sem til máls tóku, ekki ráðlegt að stefna að því að leggja út í stórvirki að svo stöddu, heldur halda sig að lendingabótum eða viðbót við litla bryggjustúfinn. Ég og fleiri, þ. á m. Runólfur Jónatansson og Kristlaugur Bjarnason, vorum þessum sjónarmiðum algjörlega ósammála og í mínum málf lutningi kom það fram, að stefna bæri að fullkominni hafskipabryggju og það sem allra fyrst.

Það sem við yrðum að vinna að væri fullkomin hafskipabryggja í Grundarfirði, fá hana samþykkt og henni sett lög á Alþingi. Tækist það, yrðu þessar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði. Málalok urðu þau að samþykkt var tillaga frá mér til hreppsnefndarinnar um að hún tæki málið strax upp á fundi og afgreiddi það á þann veg sem fundurinn hafði samþykkt.

Hreppsnefndin gerði svo þá ályktun að við Bárður oddviti skyldum fara suður til Reykjavíkur og vinna að því við stjórnvöld að höfn í Grundarfirði yrði tekin inn á fjárlög.

Þegar suður kom hittum við að máli Emil Jónsson, sem þá var vitamálastjóri. Hann tók okkur vel og veitti margar mikilsverðar leiðbeiningar. Við lögðum svo leið okkar í Alþingi. Snæfellingar áttu þar ekkert sæti skipað, því þingmaðurinn Thor Thors var orðinn sendiherra og kominn til Washington. Snerum við okkur þá til Péturs Ottesen, sem skildi mál okkar vel og var fús til liðveislu. Bárður var eins og heimamaður í vistarverum Alþingis, gekk þar um ganga og stofur og hitti að máli alla þá, sem líklegt var að gætu eða vildu veita máli okkar stuðning.

Nú líður tíminn fram í maí og ekkert skeður, en þá hringir Pétur Ottesen í Bárð, segir komið að þinglokum og verði hann annaðhvort að koma suður sjálfur eða senda mann, sem hann treysti. Þar sem Bárður var upptekinn vegna anna heima fyrir fól hann mér að fara suður.

Þegar ég kom þar á vettvang voru aðeins tveir dagar þangað til ganga átti frá hafnarlögum. Ég gekk strax til fundar við Pétur Ottesen og Emil Jónsson vitamálastjóra, sem báðir voru málinu hlynntir og einnig hafði ég tal af fleiri þingmönnum.

Málalok voru þau að Grundarfjarðarhöfn var samþykkt inn á fjárlög, en fjárveitingin var aðeins 50.000 krónur. Þetta var þó stór áfangi. Á Alþingi um

haustið voru síðan veittar 350.000 krónur til framkvæmdanna. Um vorið (1943) komu svo menn frá vitamálastjórn og var unnið allt sumarið fram á haust og var þá komin dálftil bryggja. Verkinu var haldið áfram næsta ár og haustið 1944 var komin það góð bryggja að 200–300 lesta bátar gátu lagst þar að.

Vatnsveitan

Fyrstu árin sem við bjuggum í Grundarfirði voru erfið fyrir konu mína, einkum ef taka þurfti á móti mörgum gestum. Segja mátti að neysluvatnið væri því nær ónothæft. Það var tekið úr litlum læk, sem rann gegnum þorpið og oft var mengaður af alls konar sora.

Sumarið 1943 kom til okkar góður gestur, Friðbjörn Björnsson. Hann var starfsmaður hjá ríkinu og ferðaðist um Snæfellsnes á þess vegum, þeirra erinda að athuga ríkiseignir. Hann kom við hjá okkur, því ríkið átti lóðina sem við byggðum á. Yfir kaffibollum inni hjá okkur barst vatnsleysið í tal og var það einkum Kristín kona mín, sem gerði honum ljósan þann vanda, er þetta ylli þorpsbúum.

Við höfðum þegar haft nokkra tilburði í þá átt að ráða hér bót á með því að ná vatni ofan úr Grafargili. Grafinn hafði verið skurður upp mýrina og pöntuð asbeströr. Ennþá var þetta ekki lengra komið og heldur ekki fullkönnuð hin fjárhagslega hlið framkvæmdanna. Þá var líka sá hængur á að járnfestingar þurfti til að skeyta asbeströrin saman og járn fékkst ekki frá Bretlandi í stríðinu, en okkur skorti fé til að fá rörin frá Ameríku. Þegar við höfðum útskýrt þessi mál fyrir Friðbirni, segir hann: „Þið verðið að haga þessu eins og þeir á Arnarstapa. Þá eign átti ríkið. Þeir fengu vatnsleiðslu og ríkið borgaði allt efni og vinnu.“

Ég þakkaði gesti okkar fyrir upplýsingarnar og kvaðst bráðlega verða á ferð fyrir sunnan og þá athuga nánar þessi mál. Eftir tvær vikur var ég kominn til Reykjavíkur og hitti þá Friðbjörn. Hann vísaði mér til Vilhjálms Þór, sem þá var utanríkisráðherra, en undir hans stjórn voru líka þeir sjóðir, sem Friðbjörn fór með.

Vilhjálmur Þór tók mér vel. Vestur í Ameríku voru til reiðu 800 metrar af þriggja tommu járnörum, sem við gátum fengið, hefðum við peninga til að leysa þau út.

Vilhjálmur ákveður að ég skuli panta rörin og láta sig svo vita, þegar þau

komi, svo hægt sé að ganga frá greiðslunni. Þetta gerði ég og var áætlað að rörin yrðu komin að mánuði liðnum.

Ég fer nú heim og ræð mér menn til að ganga frá uppistöðu í gilinu. Þeir sem með mér unnu voru Skarphéðinn Sigurðsson á Grund, Árni Sveinbjörnsson í Hellnafelli og Þorkell Runólfsson á Fagurhóli ásamt sonum sínum. Sigurjón Guðlaugsson bílstjóri flutti til okkar möl og sand svo nærri gilinu, sem komist varð, eftir það fluttum við steypuefnið í pokum. Við unnum myrkranna á milli og einhvern veginn held ég að kaupið okkar hafi ekki verið miðað við nein tímamörk, heldur lögð á það megináhersla að flýta verkinu. Þegar steypunni var lokið og hún orðin hörð hleyptum við vatninu á og allt virkaði.

Járnörin frá Ameríku komu rétt fyrir áramótin og var ákveðið að geyma þau til vorsins. En um miðjan veturinn komu svo asbestörin frá Englandi og járn tengingar með þeim. Þau voru fjögurra þumlunga og fluttu því meira vatn en járnörin. Við ákváðum þá að taka þau og selja járnörin.

Nú gekk ég á fund Vilhjálms Þór til að athuga með lánsfyrirgreiðslu. Þá kom í ljós að ekki mátti lána út á þessa vatnsveitu okkar. Sagði hann mér að ég yrði að fara til Alþingis og sækja þar um styrk til vatnsveitunnar. Ég fór á fund Gunnars Thoroddsen og bað hann að vinna að þessu máli. Hann tók því ljúflega og fyrir hans atbeina og einnig aðstoð Vilhjálms Þór og með ópólitískum stuðningi ýmissa alþingismanna varð niðurstaðan sú, að við fengum 50.000 króna lán með ríkisábyrgð.

Um vorið næsta var svo gengið frá lögninni, sem var um einn km á lengd og í byrjun september var komið vatn í flest hús í Grafarnesi. Var það mikil framför. Fyrir utan þá samstarfsmenn mína við vatnsveituna, sem ég hefi áður getið, var Kristín kona mín þá ekki síst. Hún vissi gerst hversu nauðsynlegt það er hverju heimili að hafa gott neysluvatn og hvatti okkur því óspart til dáða og gaf góð ráð. Hún mun einnig hafa haft góð áhrif á umhverfið í þessu máli, því þrátt fyrir þá augljósu nauðsyn, sem vatnsveita var byggðinni, voru þar ekki allir á einu máli frekar en endranær.

Þetta sama haust fengum við líka lögn frá olúgeyminum niður á bryggju og um leið vatnsleiðslu þangað. Bátar, bæði úr Hólminum og útilegubátar að sunnan og vestan, sem til Grundarfjarðar komu, gátu nú fengið þar hvort tveggja olúu og vatn, sjálfrennandi, beint á tankana í bátunum.

Pegar strákunum lenti saman

Í ársbyrjun 1947 ákvað ég að fara sjálfur í útgerð. Kristlaugur Bjarnason var um þetta leyti staddur suður í Reykjavík og bað ég hann að auglýsa fyrir mig eftir bát. Það gerði hann og fékk tilboð um nýjan 18 lesta bát með góðum kjörum. Ég ákvað að taka bátinn, en þá var eftir að fá formann og áhöfn. Ég hafði augastað á pilti, sem tekið hafði svokallað „pungapróf“ þá um haustið. Hann hafði að vísu aldrei verið formaður áður nema á lítilli trillu og heldur ekki háseti á stærri bátum. Hann var þess vegna ókunnugur á djúpmiðum. En hvað um það, ég hafði trú á piltinum og vildi reyna þetta. Hann var strax fús til þess ásamt bróður sínum, sem vera skyldi vélstjóri.

Ég þekkti bæði dugnað og hyggjuvit þessara drengja, Soffaníasar og Bærings, þar að auki hafði Cecil faðir þeirra verið afburða sjómaður.

Við fórum allir saman suður til Reykjavíkur og þar var gengið frá leigu á bátnum og ég keypti það sem þurfti af veiðarfærum. Þetta gekk allt samkvæmt áætlun. Við vorum fljótlega komnir heim með bátinn og búnir að ráða á hann mannskap.

Daginn fyrir skírdag voru allir bátar á sjó í góðu veðri og minn bátur var þá fyrstur að landi og lenti við litlu bátabryggjuna. Skipverjar voru greiðhentir við löndunina og þegar henni var lokið tóku þeir bjóðin á bílinn og óku niður að bát. Meðan þeir voru að láta þau um borð kom annar bátur að. Hann keyrir þétt upp að bátnum, sem fyrir er, og formaðurinn skipar mínum mönnum að hafa sig sem skjótast frá bryggjunni. (Það var venja að færa sig strax að löndun lokinni við litlu bryggjuna yfir að þeirri „stóru“ og taka bjóðin þar um borð, því það komust ekki nema einn eða tveir bátar að við þá litlu.) Minn formaður kvaðst ljúka við að taka bjóðin um borð, svo geti þeir komist að. Ekki líkar hinum þetta, heldur tekur dálítið aftur á og keyrir svo áfram á festarnar, sem halda bátnum að aftan við bryggjuna. Landformaðurinn, sem þar stendur, sker þá á böndin svo bátinn rekur frá og upp í klappirnar, en hinn nær plássinu.

Minn maður nær þó bátnum af klöppunum án aðstoðar og er nú orðið heitt í hamsi. Hyggst hann ekki gefa eftir og ætlar að gera hinum sömu skil og keyra milli báts og bryggju og ná bjóðum sínum um borð. En nú var enginn til að skera á festarnar, svo bátarnir rekast saman með þeim afleiðingum að sá, sem fastur var, brotnaði allmikið að aftan, en á mínum bát sá ekki neitt.

Sama kvöldið var sýslumaður mættur á staðinn og hélt sjórétt. Brotni bát-

urinn fór í Stykkishólm til viðgerðar og tafðist þess vegna frá róðrum í hálfan mánuð. Engin útgjöld hafði ég af þessu og heyrði aldrei neinn úrskurð í málinu.

Síðar frétti ég að þessir ungu menn, sem þarna áttu hlut að máli, hefðu oftast elt grátt silfur, jafnvel á miðum úti. Þeir voru báðir kappsfullir og metnaðargjarnir, en varla mun þó missætti þeirra hafa átt djúpar rætur, því þeir voru náfrændur, hins vegar mun það ekki hafa dregið úr keppninni á milli þeirra.

En þessa finnst mér vert að geta, því pilturinn, sem ég trúði fyrir formennsku á mínum bát, varð ekki einasta aflasælasti formaður við Breiðafjörð heldur líka annar mesti aflakóngur landsins. Mér þykir gott til þess að hugsa að hafa borið gæfu til að velja þennan reynslulausa dreng, sem svo vel dugði, þegar ég í eitt skipti á ævinni gerði út fiskibát.

Að lokum

Er ég kom í Grundarfjörð aftur 1941, sem fullorðinn og vel fjáður maður, þá kom ég þeirra erinda fyrst og fremst að gera tilraun til að bæta hag fólksins í byggðinni og byggja upp á félagslegum grundvelli atvinnutæki, svo menn þyrftu ekki að klífa ófær fjöll um hávetur og vera langdvölum frá heimilum sínum til að útvega búi sínu björg.

Þangað kom ég bjartsýnn á framtíð byggðarinnar og árin sem ég var þar styrktu þá trú. Á þessum stutta tíma, 8 árum, tókst mér ásamt mínum samstarfsmönnum að fá því komið í verk, sem ekki hafði verið unnt áður, og hagar fólksins batnaði mikið. Mér þykir vænt um Grundarfjörð og Eyrarsveit, sem ég alltaf lít á sem mína heimabyggð, og átti sem ungur maður enga ósk heitari en þá að vinna henni eitthvert gagn. Og víst tókst mér að vinna Grundarfirði gagn, því á þeim hornsteinum, sem lagðir voru í minni tíð, hefur byggðin síðan þróast, og fyrir það er ég þakklátur.

Sigríður Pálsdóttir frá Hömrum, kennari

Dagbókarbrot frá 1943

Föstudagur, 7. maí. Norðan stinningskaldi, frost 5 gráður í morgun. Ég fór hingað að Kverná til að vera barnfóstra.

Miðvikudagur, 12. maí. Ég skrapp heim eftir hádegi, fékk far með íshúsbílunum, en hann var að fara fram að Setbergi með menn sem voru að fá lánuð hey hjá prestinum, því nú eru margir orðnir heyllausir og sárafáir sem hafa nóg fyrir sig.

Föstudagur, 14. maí. Það var indælt veður í morgun, þykkt loft og hlýviðri. Ég mjólkaði með Steinunni og svo fór ég upp að Grundarfossi, mig langaði svo til að ná mynd af honum í klakaskrúðanum. Það var ís á öllum lækjum, aðeins farið að þiðna efsta borðið, en fuglarnir sungu og voru svo glaðir yfir hlýjunni. Fram hjá fossi á grastó milli snjóskafla sá ég ofurlítið fiðrildi, það fyrsta sem ég hefi rekist á í vor. Ég tók þrjár myndir af fossinum.

Sunnudagur, 6. júní. Sjómannadagur. Slysavarnarfélagið hélt skemmtun í þinghúsinu en veitingar voru heima á Grund. Þetta er í fyrsta skipti sem haldið er upp á sjómannadaginn hér. Sigurður Daðason skemmti með vísum eftir sjálfan sig. Runólfur Jónatansson og Oddur Kristjánsson fluttu ræður á skemmtuninni og svo báðu karlaskammirnar okkur stelpurnar að syngja (en létu okkur ekki vita um það fyrirfram). Við gerðum það nú fyrst fjórar, Imba, Gugga, Ása og ég. Við fórum bara nokkrum sinnum út af laginu, svo sungu allir og það var nú ólíkt skárna.

Þriðjudagur, 15. júní. Norðan andvari, sólskin og hiti 20 gráður. Sigurður og Skarphéðinn á Grund fóru í morgun fram að Hjarðarbóli til að taka upp mó. Við Hörður fórum fram eftir á hádegi. Við fórum með Skeggja og Rauð, ég reið á undan með matinn til Sigurðar, en Hörður kom á eftir með Rauð fyrir kerr-

Sigríður Pálsdóttir.

unni. Það er tekið upp rétt fyrir norðan Markið og er reitt suður á Markið. Hörður fór með hestinn, en ég tók í sundur, það er stutt að reiða og ég hafði rétt við. Fía og Palli á Kampinum voru líka að reiða út, Fía fór með hestinn, en Palli tók í sundur.

Í kaffihléinu fóru strákarnir að fljúgast á við Sigurð, að lokum gátu þeir dregið hann niður að læk svo hann fór með fæturna ofan í. Þá skar Sigurður sig í vinstri fótinn, það voru gömul flöskubrot í læknum.

Strákarnir urðu auðvitað að hætta en við Fía bundum um fótinn, þetta var ekkert alvarlegt.

Miðvikudagur, 16. júní. Andvari af norðri, og mikill hiti. Við Hörður fórum í móinn og Fía og Palli, en Sigurður og Skarphéðinn voru ekki í dag. Fía hafði með sér myndavélina sína og ætlaði að taka mynd af áflogunum í dag (það eru alltaf áflog í mógröfunum) en henni varð ekki kápan úr því klæðinu. Við ákváðum að fara upp á Lambahnúk, þegar „klukkan væri komin“, en við hættum kl. 19, en það vantaði víst dálítið á að klukkan væri komin, en krakkarnir fullyrstu að hún væri komin og ég hafði ekkert á móti að fara, því við vorum búin að reiða álíka mikið og í gær. Við riðum upp að Nátthvöld, skildum hestana þar eftir, Fía var með reiðhjól, en Hörður teymdi það fyrir hana upp holtin. Það var mjög skemmtilegt að ganga á hnúkinn, veðrið var líka svo yndislegt, blæjalogn og sólskin og hvergi ský á himni. Af hnúknum sáum við inn yfir Helgafellssveit, Skógarströnd og yfir Hvammsfjörð og vestur yfir allan Breiðafjörð, en eyjarnar að vestanverðu eygðum við ekki, en ég held það hafi verið af því að sólin var gengin svo langt til vesturs. Við krotuðum stafina okkar í móberg í austanverðum hnúknum. Syðst í hnúknum fann Hörður grasgeira, sem gekk upp í móbergshvilft og myndaði lítinn hvamm. Það voru svo fallegar steinaraðir í móberginu af svörtum, hnöttóttum steinum sem lágu langs í röðum og voru fljótt á að líta eins og dökkar perlur á ljósum grunni.





*Grundarfoss í klakaböndum 15. maí 1943.
Ljós.: Sigríður Pálsdóttir.*

Þennan litla hvamm langar mig að heim-
sækja aftur, ég skírði hann Perluhvamm.
Við renndum okkur á rassinum niður
brekkuna að vestanverðu í hnúknum á
niðurleið og hlógum okkur máttlaus
hvert að öðru. Síðan héldum við heim,
glöð og ánægð yfir fjallgöngunni.

Fimmtudagur, 1. júlí. Sunnan gola,
heiður himinn, hitinn í dag var 20 gráð-
ur og þar yfir. Helga frænka kom í
morgun með vegavinnubílnum (íshús-
bílnum). Við Dúdda mjólkuðum og
fórum svo fram í mó að hreykja. Hörður
og Veiga komu líka, Hörður var að
keyra út mó fyrir Veigu, en Sigurður

Daðason og Skarphéðinn tóku hann upp um daginn. Það var alveg ógurlega
heitt þarna á Markinu þar sem mórinn var. Veiga sólbrann alveg voðalega
mikið. Dúdda fór heim með Dadda og Skeggja kl. 2 því pabbi og Sigurður
Daðason þurftu að fá þá út í Gröf. Við Veiga urðum að ganga heim, því
Sigurjón kom ekki á bílnum eins og hann ætlaði. Ég var orðin þreytt þegar
heim kom.

Föstudagur, 2. júlí. Við fórum öll þrjú fram í mó í dag, nema nú var Dúdda
ekki með. Við vorum komin fram eftir kl. rúmlega 10, ég hreykti fram á hádegi,
en þá fór að rigna svo ég varð að hætta. Ég sótti þá hestana, við vorum ríðandi,
og fór heim á Dadda, það var komin úrhellisrigning þegar ég kom út að Eiði
og ég varð holdvot á heimleiðinni. Veiga og Hörður vildu ekki hætta strax, en
komu einum tíma seinna en ég og þá var ekki þurr þráður á þeim.

Í dagbók frá 3. júlí '43 segir frá því að von er á listamönnunum Barböru og
Magnúsi Árnason, þau eru með 4 ára son sinn, Vífil, með sér. Þau fá til afnota
herbergi í kjallara hússins og elda á olúvél í þvottahúsi. Þau ferðuðust þannig

*Í Arnardalsskarði
31. ágúst 1943.
Vinstra megin er
Barbara og hægri
megin er Magnús
Árnason með Vífil
son sinn fyrir
framan sig.*



víða um land, fengu að búa á bæjum, eða tjölduðu við bæi og máluðu svo landslagsmyndir. Þau hjónin voru auþúsugestir, kát og upplífandi, léku sér með okkur krökkunum og vinátta þeirra í okkar garð entist ævilangt.

4. ágúst. Við Barbara fórum upp á Mön eftir kl. 9 um kvöldið, það var mjög skemmtilegt. Við vorum báðar á strigaskóm og ég setti mína í sundur á niðurleiðinni, en nú er afar vont að fá strigaskó.

6. ágúst. Við Barbara fórum kringum Eyrarfjall í kvöld. Ég sótti hestana upp á Botn og fór út að Kverná um leið og sótti Barböru, við riðum berbakt, henni var alveg sama, hún er dugleg á hestum. Við fórum á Rauð og Dadda, komum við á Arnarhóli, ég var að borga Steina útsæðiskartöflur, sem mamma fékk hjá honum í vor. Það er torfbær á Arnarhóli, bara baðstofa þar sem Steini og ráðskona hans, hún Lauga, sofa, þar er eldavélin inni og skilvindan o.s.frv., en geymsla er víst frammi. Lauga var að steikja kleinur þegar við komum. Okkur var boðið inn og fengum kaffi og heitar kleinur og sódaköku, við biðum þar í 1 tíma. Það var gaman að koma þar, allt var svo hreinlegt og vel um gengið. Barbara varð svo hrifin af gamla vallgróna bænum að hún bað Steina um leyfi til að mála hann (bæinn) og hann sagði undireins: „Já!“ Svo héldum við nú frá Arnarhóli saddar og sælar, slógum í klárana og riðum hratt fram götur. Fyrir ofan Skallabúðir áðum við, en niðri í flóanum var allt hvítt af krúu og hávaðinn

frá þeim var eins og brimniður, en féll þó svo einkennilega vel inn í umhverfið að það varð róandi og fallett. Þar skiptum við um hesta, ég hafði riðið á Dadda og var orðin aum í rassinum, Barbara var svo góð að lána mér Rauð og honum reið ég eftir það. Svo héldum við ferðinni áfram, ég hafði ekki komið fram í Eyrarpláss í tvö ár. Þegar við sáum Eyrarplássið sagði Barbara: „Hugsa sér! Þetta er eins og maður gæti hugsað sér að það hafi verið fyrir 100 árum.“ Hún átti við gamla bæinn á Naustum, þar er torfbær gamall (og ljótur) og í túninu eru margir torfkofar, allt nema hlaðan, hún er úr járni. Á hinum bæjunum eru timburhús og á Efri-Eyri er nýlegt steinhús. Svo fórum við framhá Jaðri og af þeim stað var Barbara verulega hrifin og það er ég líka. Þar er torfbær og bletturinn kringum hann er sléttur og snotur, þakið á bænum er ekki allt hulið torfi, en veggirnir eru fallegir og stafninn er málaður daufrauður og grænt grasið fellur svo ákaflega vel við rauða litinn. Barbara sagði: „Þetta er eins og ævintýrastaður.“ Ég var í hjarta mínu sammála. Kvöldsólin sem skein undir skjáþykki litaði grjótið einhvern veginn daufrauðblátt og gerði þennan litla grasi gróna torfbæ ennþá meira aðlaðandi en ella.

Hjá hliðinu á Eyrartúninu (veginum réttara sagt) mættum við Guðríði á Efri-Eyri, með henni var telpa og lítill kálfur. Guðríður var að kalla á kýrnar sínar, þær komu hlaupandi ofan frá hlið og fremst fór stór og fönguleg kýr og fór mikinn, átti hún kálfinn. Guðríður klappaði henni eins og móðir barni sínu, „ertu þá komin, auminginn,“ og gældi svo á ný við hana.

Áfram héldum við og sáum regnboga sem hafði annan endann á Bjarnarhafnarfjalli, sem var töfrandi fallett í þessu kvöldsólarskini, sem aðeins kemur eftir regn, en hinn endinn var fyrir miðjum Eyrarbotni.

Mig langaði svo mikið að sjá Skálardal um sólarlag og þegar við komum upp að Hjarðarbóli beygðum við til vesturs og héldum yfir Bárarhals. Ég hefi tvisvar farið þar áður. Fyrir 8 eða 10 árum fór ég þar með mömmu og Dísu á Kampinum, þá syntu tíguleg svanahjón á neðri tjörninni. Við riðum greitt yfir hálsinn, en þegar við komum á vesturbrúnina, var sólin alveg að hverfa undir Barðastrandarfjöllin, svo við sáum ekki Skálardalinn um sólarlag, en við sáum annað, sem bætti það upp, nefnilega sólarlagið, sem er eitt allra fegursta sólarlag, sem ég hefi séð á ævinni. Það var ekki alveg logn en hlýtt og milt veður og litirnir í sjónum voru svo eftirminnilega bláir og einnig fjöllin. Skýin yfir sólinni urðu purpurarauð og sum eins og gull, það var svo fallett og sérkennilegt

að ég er viss um að ég fæ aldrei tækifæri til að sjá annað eins. Barbara var mjög hrifin og kvaðst aldrei hafa séð annað eins fagurt.

Við áðum þarna á hálsbrúninni. Svo héldum við áfram og riðum greitt. Barbara var að kenna mér að herma eftir uglu, og frá Bár – hún byrjaði altsvo hjá Bár – og þaðan var ég alltaf að æfa mig og alla leið heim. Hafi nokkur verið vakandi á Spjör eða Setbergi, þá hefir fólkíð haldið að við værum vitlausar eða það hefur orðið myrkfælið. Heim komum við kl. 11. Ég þakkaði Magnúsi kærlega fyrir „hempulánið“ – hann lánaði mér nefnilega regnkápu, sem kom sér vel, því það var dálítill rigning frá Hjarðarbóli og þegar við fórum fram hjá Setbergi fór ég af baki til að loka hliðunum. Barbara sagði að ég væri svo kvenleg í kápunni, hún náði mér niður á hæla, svo sagði hún: „Sigga, þegar maður sér aftan á þig, gæti maður haldið að langamma þín hafi verið kartöflupoki!“ – Ég drakk kaffi hjá þeim niðri, Magnús hafði heitt á könnunni, þegar við komum. Ég fór í rúmið kl. 12 og sofnaði undireins svefni hinna réttlátu.

21. ágúst. Hvalreki í Búlandshöfða, um 1000 marsvín komu á land, en mikið af þeim tók út aftur.

25. ágúst. Barbara og Magnús fóru út í Höfða að sjá hvalinn, Barbara málaði hann, en Magnús taldi rétt um 500. Þeim fannst þetta ævintýrlega stórkostlegt.

31. ágúst. Barbara, Vífill og Magnús fóru öll héðan í dag. Þau fóru yfir Arnardalsskarð, ég reiddi þau upp í Skarðið. Ég hafði aðeins einu sinni áður farið það, fyrir fimm árum, en það sem ég rataði ekki, rataði Rauður.

Ester Þórhallsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson, landfræðinemar

Gamlar lendingar í Eyrarsveit

Haustið 2001 fóru höfundar þessarar skýrslu ásamt öðrum landfræðinimum í námsferð á Snæfellsnes. Ferðin var hluti af námskeiði í Jarð- og landfræðiskor. Tilgangur námskeiðsins var að þjálfa nemendur í landfræðilegum vinnubrögðum, en vettvangsathugun er einmitt mikilvægur þáttur í slíkri vinnu.

Okkar verkefni fólst í því að skoða gamla lendingarstaði í Eyrarsveit og athuga hvort einhverjar menjar eru enn til.

Ágrip

Á Snæfellsnesi hefur löngum verið stunduð sjósókn ásamt landbúnaði. Róið var út frá flestum bæjum hér áður fyrr og má enn sjá ummerki um þessa horfnu tíð. Eyrarsveitin er engin undantekning í þessum efnum. Þaðan var róið frá flestum bæjum þegar veður leyfði og fólk var ekki upptekið við landbúnaðarstörf.

Hér á eftir er gerð grein fyrir því hvernig og hvar lendingarnar voru í Eyrarsveit frá miðri 19. öld og fram á miðja 20. öld. Kringum 1940 var byrjað að bæta höfnina í Grafarnesi og flest öll útgerð fluttist þangað skömmu síðar, en þó var róið frá nokkrum bæjum eitthvað lengur.

Þegar lendingarnar voru athugaðar bar að hafa í huga að það er töluvert landbrot vegna ágangs sjávar og því hefur landslag, og e.t.v. lendingarnar sjálfar, litið eitthvað öðruvísi út heldur en það sem sést í dag.

Enn eru til minjar frá þessum gamla tíma í Eyrarsveit, en þær eru ekki marg-

ar. Hjalla og spil er enn hægt að sjá við fjörurnar nyrst í Framsveitinni og annars staðar er hægt að sjá leifar af gömlum búðum. Einnig er varðveittur gamall bátur frá þessu tímabili á bænum Vatnabúðum.

Þegar allar lendingarnar voru athugaðar var ekki einungis nóg að líta á fjörurnar heldur þurfti að athuga vindáttir, sker, grynningar og landslag ásamt sjávangangi, því að allt þetta hefur áhrif á það hvort lending telst góð eða slæm. Yfirleitt voru lendingarnar taldar nokkuð góðar í Eyrarsveitinni og er hægt að ráða það af því að tiltölulega fá sjóslys hafa orðið í sveitinni.

Inngangur

Tilgangurinn með rannsókn þessari var að kortleggja og kanna lendingar frá Krossnesi og að Eyrarodda á tímabilinu frá miðri 19. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Gert var ráð fyrir að á útnesjunum hefði verið mest um útræði og því var megináherslan lögð á þau. Leitast var eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum:

Er enn hægt að sjá ummerki um gamlar lendingar?

Hvað einkennir lendingarstaðina? Hvað er sameiginlegt með þeim?

Eru þetta góðir lendingarstaðir? Hvaða vindáttir voru verstar?

Eru lendingarnar manngerðar eða af náttúrunnar hendi?

Gott er að hafa í huga að ágangur sjávar hefur haft talsverð áhrif á landslag í gegnum tíðina.

Framkvæmd

Byrjað var á því að móta rannsóknina og finna rannsóknarsvæði ásamt því að tímabil var afmarkað. Fyrir valinu varð Eyrarsveit. Næst voru heimildir og almennar upplýsingar athugaðar. Einnig voru loftmyndir fengnar af sveitinni og þær skoðaðar.

Því næst var brunað í Grundarfjörð. Fylgt var ströndinni og reynt var að ímynda sér hvernig aðkoman hefði verið. Athugað var hvort sker sáust, tegund fjörunnar, landslag og einkenni staðanna. Einnig var athugað hvort gamlar

leifar sáust ennþá. Talað var við nokkra heimamenn á bæjunum og gátu þeir frætt okkur um lendingarstaðina og bent okkur á gamlar minjar.

Eftir vettvangsferð var tekið til við að túlka allt sem kom fyrir sjónir. Einnig voru fleiri heimildir athugaðar og kort gerð. Við kortagerðina voru loftmyndirnar notaðar sem grunnur en önnur kort voru höfð til hliðsjónar, svo sem sjó-kort og staðfræðikort af sveitinni. Loks var sett saman skýrslan sem þú ert að lesa núna.

Sjósókn í Eyrarsveit

Mikil sjósókn hefur verið stunduð í Eyrarsveit í gegnum tíðina og er sjávarútvegurinn enn mikilvægur atvinnuvegur í sveitinni. Róið hefur verið frá nær öllum bæjum Eyrarsveitar (Jens Hermannsson, 1976). Í Eyrarsveit réru menn út á miðin þegar voraði og á haustin. Yfir hásumarið var lítið um róðra, því þá voru menn yfirleitt uppteknir af bústörfum og heyskap. Á veturna var frekar lítið um róður.

Miðin voru á Breiðafirði, rétt fyrir utan Grundarfjörð og notuðu menn kennileiti á landi og eyjar til að rata út á þau (Elís Guðjónsson og Guðjón Elfsson, 2000 og 2001).

Á haustin átti fiskur það til að ganga inn í Grundarfjörð og því nægði að fara út á fjörðinn til veiða, en annars var farið út á Breiðafjörðinn (Jens Hermannsson, 1976). Það sem var aðallega veitt voru ýsa, þorskur, lúða og selur (Elís Gunnarsson, 2001).

Bátarnir sem voru notaðir framan af voru aðallega feræringar og sexæringar. Áttæringar og tíæringar voru líka til, en ekki mikið notaðir í Eyrarsveitinni. Á miðri 19. öld fer árabátum fækkandi vegna aukinnar þilskipaútgerðar (Jens Hermannsson, 1976).

Þegar komið var að landi voru sker og rif stundum notuð til að rata inn og því var mikilvægt að þekkja vel til bæði á landi og sjó. Einnig þurfti að fylgjast með sjávarföllum, vindum og sjólagi (Lúðvík Kristjánsson, 1983). Ekki er vitað til þess að mörg slys hafi orðið í Eyrarsveitinni, en þó á eitt að hafa gerst rétt fyrir utan Eyrarodda og komst einn af (Hallur Pálsson, 2001), en tímasetningu á þessum atburði vantar.

Lendingar í Eyrarsveit eru aðallega þrenns konar: Malarfjara, klappir eða



Mynd 1. Gamalt spil við Vatnabúðir.

sandar. Hægt er að sjá í töflu 1 hvernig lendingin er á hverjum stað. Almennt voru lendingar í Eyrarsveit taldar góðar. Sumar voru góðar af náttúrunnar hendi, en aðrar þurfti að lagfæra, t.d. höggva í klöpp eða færa stóra steina. Stundum stóð maður á landi og vísaði leið inn, en slíkt var ekki algengt í Eyrarsveit. Þó hefur ef til vill maður staðið í landi til að byrja að festa reipið við spil (Lúðvík Kristjánsson, 1985).

Spilin voru notuð til þess að koma bátunum á þurrt land (mynd 1). Spilin virkuðu þannig að reipi var fest um staurinn og svo var staurnum snúið. Við það vast upp á reipið og báturinn dróst á þurrt (Lúðvík Kristjánsson, 1985).

Fyrir ofan lendingarnar voru oft hjallar. Í þeim voru geymd fiskiföng, farbúnaður og fiskur (mynd 2). Kölluðust þeir húshjallar (Lúðvík Kristjánsson, 1985).

Lendingarstaðir

Í meðfylgjandi töflu eru dregin saman þau atriði, sem höfðu áhrif á lendingar, og hvernig er umhorfs nú í dag.



Mynd 2. Hjallur við Vatnabúðið.

Við Kvíaós liggur Kvíabryggja. Fyrir 1930 hafði byggst upp dálítið þéttbýli á Kvíabryggju með nokkrum kotum, verslun og skóla.

Árið 1939 stóðu 20 hús á Kvíabryggju (Vilhjálmur Pétursson, 2001). Um 1940 hefjast hafnarframkvæmdir í Grafarnesinu og einnig er hafin bygging nýs hraðfrystihúss. Þetta hafði í för með sér að útgerð og fólk fluttist frá Kvíabryggju í Grafarnesið.

Staður	Stefna lendingar	Ummerki í dag	Fjörüuyfirborð	Sker og grynningar	Erfiðari wátta	Manngrö / náttúruleg
Kvíabryggja	SA	bryggja	sandur	engin, stutt í d+pi	NV, SA	náttúruleg
Búir	N	leifar af bú	a) allega sandur, stein	engin, stutt í d+pi	N	náttúruleg
Grund	N til NV		möl	engin, stutt í d+pi	?	náttúruleg
Hamrar	?		möl	engin, stutt í d+pi	?	náttúruleg
Vindás	?		möl	engin, stutt í d+pi	?	náttúruleg
Spjör	?		möl	sker, grunnsævi tals	ert	náttúruleg
Bár	V		möl	sker, grunnsævi miki?		náttúruleg
Naustáll	SV	leifar af bú	möl og klappir	sker, grunnsævi miki?		náttúruleg
Akurtrair	NV		möl	sker, grunnsævi miki?		náttúruleg
Vatnabúði	NV	spil, renna, steinar	sandur, mól og klappir	sker, grunnsævi miki	NA, A	a) hluta mannger
Skallabúði	NV	renna	sandur, mól og klappir	sker, grunnsævi miki	NA, A	náttúruleg
Naust	NV		möl	sker, grunnsævi miki	NA, A, S	náttúruleg
N+jabú	NV	spil, steinar	möl	sker, grunnsævi miki	NA, A, S	náttúruleg
Garðsendi	NV	spil, steinar	möl	sker, grunnsævi miki	NA, A, S	náttúruleg
Eyraroddi	V e) a NV	leifar af bú, steinar	renna (grítt) við klappir	sker, grunnsævi miki	NA, A, S	a) hluta mannger

Tafla 1: Niðurstöður úr vettvangsathugun.




Mynd 3. Höfnin á Kvíabryggju. Horft í SA til Kirkjufells.

Á Kvíabryggju er lending góð. Þar er ekki mjög brimasamt og fjaran er sendin (mynd 3). Hafnarskilyrði eru háð sjávarföllum. Mjög vindasamt er á Kvíabryggju og eru verstu vindáttirnar úr norðvestri og suðaustri. Úr norðvestri stendur vindur inn í ósinn, en úr suðaustri stendur vindur af landi og upp í höfnina. Ekki er mikið um sker og grynningar eru litlar (sjá töflu 1). Lendingin opnast til suðausturs (sjá kort 1).

Austan Kvíabryggju, norður undan Kirkjufelli er vík og er hún sendin. Í þessari vík var lending fyrir bæina Búðir og Hlein (nú eyðibýli). Versta vindáttin hefur e.t.v. verið norðvestanátt, því þá stendur upp í víkina. Einnig verður að sæta sjávarföllum til að komast inn í hana. Lítið er um sker og grynningar fyrir utan víkina (sjá töflu 1). Lendingin horfir til norðurs (sjá kort 1).

Grund stendur við Grundarkamp. Þar er mikill malarkambur og var lent á honum. Líklega hefur verið skjól fyrir sunnanáttinni. Í norðan- og norðvestanátt virðist vindur standa beint á lendinguna og ættu því að vera óhagstæðar áttir. Heimildum ber ekki saman um hvort lendingin hafi verið góð. Lendingin horfir mót norðri (sjá kort 1). Ekki er mikið um sker eða grynningar undan ströndinni (sjá töflu 1).



Kort 1. Lendingarstaðir í Eyraaródd, frá Krossnesi að Eyraaródda.

Vegna óhagstæðra veðurskilyrða var ekki unnt að skoða umhverfið frá Grund til Bárar nánar. Hér er aðallega stuðst við loftmyndir.

Norður af Grund er bærinn Hamrar. Þarna eru miklir sjávarhamrar og fyrir neðan er malarfjara. Lendingin snýr til vesturs (sjá kort 1). Óhagstæðar vindáttir geta verið allt frá norðri til suðvesturs, ásamt austanátt (sjá töflu 1).

Fyrir neðan bæinn Vindás eru hamrar og malarfjara fyrir framan. Varla teljum við að hér hafi verið lent sökum þess að fremur erfitt er að komast að fjörunni. Líklegra er að lent hafi verið við áróf Grjótár. Hér er lítið um sker og tiltölulega stutt er út á dýpi (sjá töflu 1).

Fyrir neðan Setberg er ströndin áþekkt og á Vindási, þ.e. hamrar og malarfjara fyrir neðan. Hér er einnig sama vandamál og á Vindási við að komast upp úr fjörunni (sjá töflu 1).



Mynd 4. Lendingin á Vatnabúðum. Örin til vinstri bendir á Altari. Örin til hægri bendir á stein sem var einnig notaður til að rata inn.

Við Spjör er malarfjara og þar stutt frá byrja hamrar sem ná suður að Grundararósum. Lendingin hefur verið áþekkt því sem sést á Akurtröðum. Bærinn Spjör er nú eyðibýli.

Það sem einkennir svæðið frá Bár og inn að botni fjarðarins er hamrabelti með malarfjöru fyrir neðan (sjá töflu 1). Talið er að lent hafi verið við áros Bárarár.

Við Naustál er landingin við klappir. Fyrir utan eru sker og er landingin háð sjávarföllum. Einnig er eitthvað um grynningar. Hér má sjá leifar af búðum. Óhagstæðar vindáttir geta verið að norðaustan ásamt vestlægari áttum (sjá töflu 1). Lendingin horfir til suðvesturs (sjá kort 1). Var þetta álitin ágætis landing.

Við Akurtraðir var góð landing. Hér er malarfjara og er hún háð sjávarföllum og hér eru talsverðar grynningar ásamt skerjum. Þegar stórstreymisfjara er getur hún náð langt út. Lendingin horfir mót norðvestri (sjá kort 1). Óhagstæðar vindáttir geta verið norðaustanátt og norðvestlægari áttir (sjá töflu 1).

Við Vatnabúðir er sérstök landing að því leyti að hún er að hluta tilhöggin. Talsvert er af skerjum fyrir utan og er landingin háð sjávarföllum. Til þess að



Mynd 5. Eldri lendingin á Skallabúðum. Óstaðfest.

rata inn á réttan stað hafa verið notaðir 2 steinar sem viðmiðun og kallast annar þeirra Altari (Elís Gunnarsson, 2001) (mynd 4). Á Vatnabúðum má enn sjá leifar af spili, sem notað var til þess að draga bátana á land, ásamt hjalli. Lendingin var almennt talin góð. Vindurinn gat haft áhrif á hvernig og hvort hægt var að lenda, en það voru austan- og norðaustanáttin sem voru hvað verstar. Lendingin snýr í norðvestur (sjá kort 1). Fjaran er sambland af klöppum og sandi (sjá töflu 1).

Á Skallabúðum eru tvær lendingar. Sú sem var fyrst í notkun er við bæinn (mynd 5). Hér sést móta fyrir rennu en við hana varð að sæta sjávarföllum og þarna eru klappir og grjót. Seinna var lendingin flutt austar og þar er malarfjara (mynd 6). Dýpið virðist ekki vera mikið hér undan landi og ekki skortir því skerir. Yngri lendingin snýr í norðvestur og virðist sú eldri gera það líka (sjá töflu 1).

Milli Skallabúða og Eyrarodda eru margir góðir lendingarstaðir og snúa þeir allir í norðvestur (sjá kort 1). Þó ber að varast að það eru smáklappir við ströndina sem flæðir að mestu yfir (mynd 7). Einnig er mikið af skerjum og rifjum



Mynd 6. Yngri lendingin á Skallabúðum. Horft til austurs.

ásamt grynningum sem ber að varast. Þegar austar dregur, nær bænum Naustum, fer sunnanátt að vera til бага, því vindur stendur af landi. Einnig eru norðaustan- og austanáttirnar erfiðar vegna sjólags. Lítið eitt austan við bæinn Naust til móts við Garðsenda standa enn leifar af gömlu spili áþekku því og er á Vatnabúðum. Einnig er hægt að sjá leifar af skipasmíðastöð hér (Hallur Pálsson, 2001) (mynd 8).

Einnig fengust upplýsingar um búð yst á nesinu sem hvergi er getið um í heimildum. Hér er hægt að sjá hleðslur frá búðinni. Þar er lending sem hefur verið tilhöggvin í klöppina að hluta og er hún háð sjávarföllum (myndir 9 og 10). Hér yst á nesinu eru stórar klappir og sker rétt fyrir utan. Vitað er um eitt sjóslys sem varð hér og komst einn af. Lendingin horfir til vesturs og norð-vesturs (sjá kort 1).



Mynd 7. Lending við bæinn Naust.

Túlkun

Lendingarstaðirnir voru almennt taldir góðir (allar heimildir). Tíðni sjóslysa er lág og segir það nokkuð um hversu góðar lendingar þetta voru.

Þær eru allar náttúrulegar og aðeins tvær hafa verið lagfærðar, þ.e. lendingarnar við Vatnabúðir og Eyrarodda.

Mikilvægt var að vera staðkunnugur, hvort sem ströndin var skerjótt eða ekki. Hægt er að skipta svæðinu sem var til athugunar í tvennt með tilliti til skerja og sjávardýpis. Frá Kvíabryggju inn að Grund og frá Grund út að Eyrarodda. Ströndin við Kvíabryggju hefur frekar lítið af skerjum og er stutt út á mikið dýpi. Ströndin í Framsveitinni er aftur á móti skerjótt og þar er grunn-sævi mikið.

Flestar lendingarnar í sveitinni eru í malarfjörum, en við Kvíabryggju er sandfjara og á nokkrum stöðum í Framsveitinni eru einnig klappir. Þéttbýlis-myndunin sem varð á Kvíabryggju fyrir 1940 bendir til þess að lendingarskilyrði hafi verið óvenjugóð. Hún stendur í góðu vari fyrir flestum vindáttum.

Yst í Framsveitinni hefur vindur talsverð áhrif á sjólag og þá einna helst norðaustan- og austanátt. Einnig hefur vindur af landi verið til boga.



Mynd 8. Leifar af smíðastöðinni við Nýjubúð.

Stefna lendinga yst í Framsveitinni hefur ráðist af því hvernig landið mótaði fjöruna og snúa þær í norðvestur. Sunnar í Framsveitinni þar sem sker eru færri eru lendingarnar ekki eins háðar vindum og sjólagi.

Lendingarstaðirnir hafa tekið breytingum með tímanum og í dag eru sum ummerki alveg horfin. Einnig hafa ummerki einsog hjallar og spil verið rifin eða látið undan í miklum veðrum. Ágangur sjávar er mikill og brýtur landið niður. Sker og rif hafa minnkað og jafnvel horfið. Sem dæmi má nefna að á Akurtröðum er fjaran orðin brattari (Þorkell Gunnar Þorkelsson, 2001). Lausir steinar geta hafa færst til og lent í lendingunni. Vindáttir skipta einnig mjög miklu máli við að ákveða hvort lending sé góð.

Þannig að það sem við sjáum í dag gefur okkur dálitla hugmynd um landslag og umhverfi fyrri tíma. Hvernig verða ummerkin eftir 100 ár?



Mynd 9. Hugsanlega landingin yst á Eyrarodda. Horft til vesturs.

Heimildaskrá

Elís Guðjónsson og Guðjón Elísson 2000: Gömul fiskimið og siglingaleiðir. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 1:99–105.

Elís Guðjónsson og Guðjón Elísson 2001: Gömul fiskimið. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 2:136–139.

Íslenzkar sjómælingar 1961: Vesturströnd Íslands, blað 42, Breiðafjörður. Reykjavík, Íslenzkar sjómælingar.

Jens Hermannsson 1976: *Breiðfirzkir sjómenn*. Reykjavík, Skuggsjá. 352 bls.

Landmælingar Íslands 1984: Aðalkort, blað 2, Miðausturland. Reykjavík, Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7654.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7655.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7656.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7657.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7689.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7690.

Landmælingar Íslands 1991: Svart/hvít loftmynd nr. 7691.



Mynd 10. Á Eyrarodda. Gæti verið tilhöggvið í klöppina.

Lúðvík Kristjánsson 1983: *Íslenskir sjávarhættir*, III. Reykjavík, Menningarsjóður. 498 bls.
 Lúðvík Kristjánsson 1985: *Íslenskir sjávarhættir*, IV. Reykjavík, Menningarsjóður. 546 bls.
 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson 1970: *Sýslu- og sóknarlýsingar*, III. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag. 352 bls.

Munnlegar heimildir

Elís Gunnarsson á Vatnabúðum (2001).
 Hallur Pálsson á Naustum (2001).
 Vilhjálmur Pétursson á Kvíabryggju (2001).
 Ingi Hans Jónsson (2001).
 Þorkell Gunnar Þorkelsson (2001).

Erla Dóris Halldórsdóttir, sagnfræðingur og hjúkrunarfræðingur

Hospítalseyri

Á sólbjörtum degi um miðjan júlí árið 2000 heimsótti ég Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu. Mig setti hljóða þegar ég stóð utan girðingar jarðarinnar Hallbjarnareyri þar í sveit og horfði niður eftir hlíðinni. Kyrrðin var algjör. Í hugskoti mínu birtist mynd úr grárri forneskju. Árið er 1655 og vor er í lofti. Fjögur afskræmd fórnarlömb holdsveikinnar birtast hvert af öðru og eru hingað komin til dvalar á holdsveikraspítalanum sem hafði verið settur á stofn nokkru áður. Afmynduð eru andlit þeirra með sárum og hnútum og fingurstubbar þeirra rotnandi vafðir í blóðugar léreftstuskur.


Einn hinna fjögurra holdsveikraspítala, Hallbjarnareyrarspítali eða Hospítalseyri eins og hann var einnig nefndur og var starfræktur í landinu á árunum 1655 til 1848, verður til umfjöllunar í þessari grein.

Þess ber að geta að ekki var hér um að ræða spítala í þeirri merkingu sem nú er lögð í orðið heldur var hér um að ræða athvarf fyrir umkomulausa holdsveika ómaga.



Holdsvæiki er langvinnur smitsjúkdómur af völdum holdsveikibakteríu er nefnist Mycobacterium leprae. Holdsvæiki skiptist í líkþrá og limafallssýki. Þessi mynd sýnir sjúkling með líkþrá, en sjúkdómseinkenni hennar koma aðallega fram í andliti og lýsa sér í hnútum og gera sjúklinginn óþekktanlegan.

*Fingurmissir af völdum
limafallssýkinnar, en þar ræðst
holdsveikibakterían á taugar.
Skemmd taug af völdum bakteríunnar
hindraði blóðflæðið þannig að
endurnýjun á vef átti sér ekki stað.
Af þeim sökum misstu
limafallssjúklingar fingur.
Eftir að fingur dattu af greri um
stubbana eins og
sjá má á myndinni.*



Hold sveiki veldur manndauða

Sögusvið Íslendinga um miðbik 17. aldar er óraveg frá því að vera glæsilegt. Hver holskeflan á fætur annarri ríður yfir landið í mynd harðæra, drepsóttar og eymdar. Þá herjar sjúkdómur eins og holdsveiki á landsmenn og veldur manndauða, en vanþekking á smitunarleið hans stuðlar enn frekar að útbreiðslu sjúkdómsins. Engir menntaðir lækna voru starfandi í landinu og alþýða manna varð að reiða sig á leikmenn læknisfræðinnar eins og það hafði gert í aldaradur.

Þegar Henrik Bjelke (1615–1683) æðsti embættismaður Danakonungs á Íslandi kom hingað til landsins árið 1651 stefndi hann fulltrúum Íslendinga, embættismönnum, prestum og bændum, til fundar við sig á Alþingi. Tilkynnti hann þeim að Friðrik Danakonungur III. (1648–1670) hefði ákveðið að gefa landinu fjórar af jörðum sínum til spítalahalds fyrir holdsveikisjúklinga. Forsaga þess máls var á þá leið að Brynjólfur Sveinsson í Skálholti (1639–1674) á að hafa borið undir Henrik Bjelke, þegar hann kom hingað til landsins fyrst árið 1649, að bæta aðbúnað holdsveikra hér á landi. Virðist sem holdsveikin hafi náð það mikilli útbreiðslu á Íslandi að mönnum stóð stuggur af og vildu láta gera opinberar ráðstafanir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Engar tölur liggja þó fyrir um hversu margir hafi haft sjúkdóminn, en sjúklingarnir hljóta þó að hafa verið mjög sýnilegir í þjóðfélaginu sökum útlitsins sem holdsveikin olli.¹

Jarðir þær sem Danakonungur gaf til spítalahalds fyrir fátæka holdsveikisjúklinga voru: Möðrufell í Eyjafirði handa norðlenskum holdsveikisjúklingum, Hörgsland á Síðu sem átti að þjóna austfirskum holdsveikisjúklingum,



Á Hallbjarnareyri í Eyrarsveit á Snæfellsnesi, eða Hospítalseyri eins og jörðin var nefnd, var starfræktur holdsveikraspítali handa vestfirskum holdsveikisjúklingum. Fyrstu sjúklingarspítalans komu þangað vorið 1655. Spítalinn var lagður niður með konungstilskipun árið 1848.

Klausturhólar í Grímsnesi handa sunnlenskum holdsveikisjúklingum og Hallbjarnareyri fyrir vestfirska holdsveikisjúklinga. Með stjórn spítalanna áttu svokallaðir *inspectores* (umsjónarmenn) að fara, en það voru biskuparnir báðir, í Skál-

holti og á Hólum í Hjaltadal, og lögmenn tveir í sínum lögmannsumdæmum. Þannig stjórnaði Skálholtsbiskup þremur spítölum, en Hólabiskup aðeins einum, það er Möðrufellsspítala. Lögmenn skiptu jafnt á milli sín og fékk hvor sína tvo spítala til umsjónar. Umsjónarmennirnir höfðu það hlutverk að sjá spítölunum fyrir hospítalshöldurum (forstöðumönnum) sem áttu að sjá um að tekjum spítalanna væri varið til uppihalds fátækum holdsveikisjúklingum.²

Danakonungur lagði enga fjármuni í rekstur spítalanna, einungis jarðirnar, og átti reksturinn einkum að byggjast á gjöldum fyrir hjúskaparleyfi með skyldum mönnum, ölmusugjöfum, gjöfum í sáttarmálum, svo og tekjum af kristjörðum, en það voru jarðir sem höfðu verið gefnar með því skilyrði að arður þeirra skyldi notaður til að standa straum af framfærslu fátækra manna. Einnig átti svokallaður spítalafiskur að standa straum af rekstrarkostnaði spítalanna, en þeir sem stunduðu útróðra skyldu gefa einn hlut af hverju skipi ákveðinn dag vertíðar til holdsveikraspítalanna.³

Framfærslugreiðsla holdsveikisjúklings á spítalanum var $3\frac{1}{2}$ hundrað (kúgildi) fyrir karlmann og $2\frac{1}{2}$ hundrað fyrir konu. Ef sjúklingurinn var ekki dæmdur ómagi bar frændum hans að greiða framfærslu hans á spítalanum, en annars var það á hendi sveitarhrepps viðkomandi holdsveikisjúklings að greiða

fyrir framfærslu hans á spítalanum. Ef sjúklingurinn átti eyri sjálfur átti spítalinn að fá hann. Á Alþingi árið 1654 þótti ástæða til að tvöfalda framfærslugreiðslu þeirra sjúklinga sem voru svo sjúkir og máttvana að þeir þurftu þjónustumanneskju með og skyldi greiðsla fyrir hana vera tvöföld framfærsla.⁴

Konungsjörðin Hallbjarnareyri í Eyrarsveit á Snæfellsnesi

Jörðin Hallbjarnareyri hafði verið konungsjörð í eigu Danakonungs til ársins 1652, en það ár gaf hann landinu hana til spítalahalds fyrir vestfirska, holdsveika ómaga sem áttu ekki í önnur hús að venda.

Vorið 1655 lögðust fyrstu fjórir holdsveikisjúklingarnir inn á holdsveikraspítalann á Hallbjarnareyri. Þórður Guðmundsson hafði verið ráðinn hospítalshaldari, en hann hafði verið leiguliði á jörðinni áður en spítalinn tók til starfa. Hospítalshaldarinn tók að sér framfærslu sjúklinganna fyrir ákveðna meðgjöf og miklu hefur þótt eftir að slægjast í þessu embætti, því hann fékk afgjaldslausu ábúð á spítalajörðinni, en það voru launin fyrir fyrirhöfnina í sambandi við spítalahaldið.⁵

Ásamt því að annast allt reikningshald spítalanna var hlutverk hospítalshaldarans að veita sjúklingum ljós, fatnað og næringu. Þá átti að hann að taka við svo mörgum holdsveikum mönnum sem komust fyrir á spítalanum.⁶

Engar teikningar hafa fundist af holdsveikraspítölunum sem reistir voru um miðja 17. öld. Ári áður en holdsveikraspítalinn á Hallbjarnareyri tók til starfa, virðist sem Brynjólfur biskup og Árni Oddsson lögmaður hafi ekki verið á eitt sáttir um það hvenær skyldi taka fyrsta sjúklinginn inn á spítalann. Samkvæmt bréfabókum Brynjólfs vildi hann útvega hospítalshaldara frá fardögum árið 1653 og láta hann innheimta tekjur til spítalans, annast byggingu hans og kaupa nauðsynlegar vörur, klæðnað og rúmfatnað fyrir væntanlega sjúklinga, en lögmaðurinn vildi ekki bíða eftir að spítalarnir yrðu byggðir heldur taka sjúklinga þegar í stað á bæinn á jörðinni. Brynjólfi biskupi fannst aftur á móti alveg ófært að blanda saman holdsveikum mönnum og heilbrigðum þegar svo næmur sjúkdómur átti í hlut, en á þessum tíma þekktu menn ekki bakteríuna sem veldur holdsveiki heldur var því almennt trúað að sjúkdómar dreifðust með eiturgufum (miasma) í andrúmsloftinu og að sjúkdómar bærust á milli

manna með snertingu. Árni lögmaður var á annarri skoðun og var ekki hræddur við að láta holdsveika menn og heilbrigða koma saman og taldi að Guðmundi varðveita menn frá því að smitast. Sú skoðun var einnig ríkjandi á þessum tíma að holdsveiki væri refsing Guðs.⁷

Þórður Guðmundsson, hinn nýskipaði hópítalshaldari, tók ekki sjúklinga inn á bæinn sinn heldur hafði hann látið reisa hús fyrir hina væntanlegu sjúklinga. Þau húsakynni fengu ekki góða dóma í bréfi sem Brynjólfur skrifaði eftir vísitasíuferð þangað stuttu eftir að spítalinn tók til starfa. Þótti biskupnum spítalatóftin vera í of mikilli fjarlægð frá bænum á jörðinni og spítalinn of þröngur að innan. Þegar kom að heimsókn Matthíasar Guðmundssonar sýslumanns Snæfellsnessýslu að Hallbjarnareyri árið 1658 höfðu lagfæringar á húsakynnum spítalans verið hafnar, því að í bréfi sem hann skrifaði eftir ferðina kom fram að spítalahúsið, sem var anddyri með útihurð, stofa, eldhús og baðstofa, hafi allt verið sterkt og stæðilegt með nýjum viðum.⁸

Holdsvéikraspítalarnir fjórir höfðu starfað í nærfellt heila öld þegar fyrst var gefin út reglugerð um starfsemi þeirra. Hinn 27. maí árið 1746 gaf Kristján Danakonungur VI. út „tilskipan um hópítölin á Íslandi“. Samkvæmt tilskipuninni skyldi enginn tekinn inn á spítalann, nema viðkomandi væri holdsveikur, fátækur og vinalaus og gæti framvísað vottorði frá sóknarpresti sínum og hreppstjóra um kristilegt líf og lifnað.⁹

Í tilskipuninni var einnig tekið fram að spítalarnir skyldu vera lausir við leka og þeir sjúku varðir fyrir frosti og kulda. Lítil reykháfur átti að vera á spítalanum „so þar geti í gegnum útgengið sá mikli reykur og suddi, sem uppstígur af soddan veikleika“.¹⁰ Ekki var þetta gert fyrir hina sjúku heldur þá sem aðstoðuðu þá. Þarna kemur greinilega í ljós hversu mikil ólykt fylgdi þessum sjúklingum, en ætla má að hún hafi stafað af rotnandi holdi þeirra sem oft datt af með tímanum. Það má líka ætla að þetta hafi verið gert til þess að láta eiturgufur (miasma) fara frá vistarverum sjúklinganna og út í andrúmsloftið. Á þessum tíma var allt það sem lyktaði illa talið vera eittraðar gufur. Og þegar fólk andaði að sér vondri lykt, sem í voru eittraðar gufur, gat það andað að sér sýkingarefnum sem gátu þróast upp í sjúkdóma eins og holdsveiki.¹¹

Sérstakar reglur voru settar hinum holdsveiku sem lögðust inn á holdsveikraspítalana. Til að mynda var inniliggjandi sjúklingi bannað að flakka um sveitir til að betla eða gefa sig að drykkjuskap eða öðru sem ekki þótti sæma

hospítalslimum. Og ef sjúklingar voru nöldursamir, hneigðir til drykkju eða óhóflegar tóbaksbrúkunar, átti prestur fyrst að áminna þá og ef ástandið lagaðist ekki mátti vísa sjúklingnum burt af spítalanum.¹²

Hospítalshaldarinn átti að hafa það margt vinnufólk að þeir sjúku fengju tilbærilega þjónustu. Árið 1658 var ákveðið á Alþingi að heilbrigður maki mætti þjóna holdsveikum maka sínum á spítölunum, ef hospítalshaldarinn óskaði þess, og hið sama átti við um börn holdsveikra foreldra, en þau máttu aðstoða foreldra sína á spítölunum.¹³

Þá bar vinnufólki sem starfaði við spítalann að umgangast þá sjúku með hógværð og gefa þeim af elskusemi sinni, jafnvel þó að geðsfar þeirra sjúku kynni ekki alltaf að vera þeim þægilegt. Sóknarprestur spítalanna áttu að heim-sækja sjúklingana af og til og athuga hvort þá vanhagaði um eitthvað. Sóknarpresturinn að Setbergi þjónaði sjúklingum Hallbjarnareyrarspítalans. Fyndi hann einhverja vankanta á högum sjúklinganna hafði hann leyfi til að áminna hospítalshaldarann. Ef sjúklingar komust ekki til kirkju á sunnudögum og öðrum helgidögum sökum veikinda átti hospítalshaldarinn að lesa fyrir þá guðspjallið. Þá skyldi hann á hverjum degi sjálfur lesa guðsorð fyrir sjúklinga, eða fá vinnufólkið til að gera það. Þá bar biskupunum að kaupa nauðsynlegar og uppbyggilegar bækur fyrir sjúklinga spítalanna. Í reikningsbókhaldi fyrir Hallbjarnareyrarspítalann fyrir árin 1830–1831 reiknar Jón Ásmundsson hospítalshaldari sér skaðabætur að upphæð 8 ríkisdalir og 37 skildingar fyrir ónýtar bækur. Tildrög málsins voru á þá leið að Jón mun hafa sinnt guðsorðalestrinum af svo mikilli kostgæfni fyrir sjúklinga spítalans að bækurnar, *Nýja messusöngsbókin* og *Sálmabókin*, *Jóns Vídalíns Húspostilla*, *Sturms Hugvekjur*, *Bjarnabænir*, *Anonymi Föstupredikanir* og *Passíusálmar Hallgríms Péturssonar*, voru orðnar ónothæfar með öllu vegna mikillar notkunar. Bjarni Thorsteins-son, amtmaður í Vesturamtinu, sem fór með stjórn spítalans, gerði athugasemd við Jón hospítalshaldara um að hann hefði enga heimild til að reikna sér bækurnar nema með leyfi Steingrims Jónssonar biskups yfir Íslandi. Það veitti biskupinn Jóni og fékk hann greiddar bækurnar.¹⁴

Þegar sjúklingar létust á holdsveikraspítölunum var það í verkahring hospítalshaldarans að veita þeim kristilega greftrun á kostnað spítalans. Hvorki presturinn sem jarðsöng né kirkjan skyldi hljóta nokkuð fyrir greftrun holdsveikisjúklinga.¹⁵

Óvinsæll skattur vegna Hallbjarnareyrarspítalans

Holdisveikraspítalarnir fjórir áttu strax frá byrjun við fjárskort að stríða og var Hallbjarnareyrarspítalinn engin undantekning í því sambandi. Fjárhagsvandræði á spítalanum voru orðin nokkuð mikil þegar hospítalshaldarinn, Guðmundur Sigurðsson, sagði starfi sínu lausu árið 1818 og enginn fékkst til að taka við embætti hospítalshaldara af þeim sökum og ekki þótti annað sýnt en að jörðin færi í eyði. Guðmundur hafði tekið við sem hospítalshaldari af föður sínum og búið þar í nokkurn tíma. Þegar Bjarni Thorsteinsson, amtmaður í Vesturamtinu, tók sæti í stjórn spítalans tók hann þegar til við að kynna sér fjárreiður spítalans og komst að þeirri niðurstöðu að spítalinn væri stórskuldugur. Aðalskýringin var talin sú að spítalajörðin var í fátæku héraði. Fiskihluturinn varð óvinsæll hjá alþýðu manna um allt land og eru dæmi þess að svikið hafi verið um þann fiskihlut sem ganga átti til spítalanna. Fiskihlutur til Hallbjarnareyrarspítalans kom aðallega úr Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, en þar voru fiskveiðar litlar og sömu sögu var að segja úr Mýrarsýslu og Strandasýslu. Í Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu voru fiskveiðar meiri, en ógjörningur hafði verið að fylgjast með fiskihlutnum úr svo fjarlægum sýslum og eins að koma honum í verð og senda hospítalshaldaranum. Hann hafði ekki haft tök á því að sækja hann sjálfur vegna mikillar fjarlægðar. Fjárhagur spítalans að Hallbjarnareyri stóð af þeim sökum á brauðfótum og var Bjarna amtmanni það ljóst að greiða þurfti skuldir spítalans með einhverju móti. Tekjurnar nægðu ekki einu sinni til að annast viðhald spítalans. Greip Bjarni þá til þess ráðs að leggja sérstakan skatt á almenning í Vesturamtinu árin 1822, 1823 og 1824 svo að hægt yrði að borga upp skuldir spítalans og halda honum gangandi. Þessi skattheimta skilaði þeim árangri að hægt var að halda starfsemi spítalans áfram og skuldir hans voru greiddar upp, en skatturinn olli mikilli óánægju meðal almennings í Vesturamtinu.¹⁶ Þrátt fyrir bágan fjárhagslegan aðbúnað spítalanna störfuðu þeir í tæp 200 ár áður en þeir voru lagðir niður árið 1848.

Landlæknir heimsækir Hallbjarnareyrarspítalann

Þegar landlæknisembættið var stofnað hér á landi árið 1760 varð Bjarni Pálsson (1719–1779) fyrstur til að gegna því embætti. Að auki var hann eini læknirinn með háskólapróf í læknisfræði hér á landi. Samkvæmt erindisbréfi hans frá 19.

maí 1760 átti hann að hafa eftirlit með spítölunum fjórum og skyldi heimsækja einn spítala á eigin kostnað árlega og skoða sjúklinga spítalans. Samkvæmt þessu liðu fjögur ár á milli heimsókna hans á spítalana. Heimildir eru fyrir því að Bjarni hafi á ferðum sínum hvatt hospítalshaldara til að rækta kálgarða og kartöflur á spítalajörðunum og gefa sjúklingum. Þá á hann að hafa hvatt þá til að gefa sjúklingum jurtir að borða að minnsta kosti tvisvar í viku (fjallagrös, skarfakál, hrafnaklukkur, njólablöð og ólafssúrur) og að auki kornmat með mjólk, brauð og grauta.¹⁷

Í september árið 1763 heimsótti Bjarni Pálsson landlæknir Hallbjarnareyrarspítala í fyrsta sinn og samkvæmt embættisbréfabók hans var hann ekki hrifinn af vistarverum sjúklinganna þar. Kveðst hann í bók sinni ekki vita hvort þær líktust fremur lambshúsum eða sjóbúðum. Virðist sem sjúklingar spítalans hafi þurft að sætta sig við orðinn hlut, því nokkur ár áttu eftir að líða þar til þáverandi hospítalshaldari, Guðmundur Sigurðsson, lét reisa nýtt spítalahús á Hallbjarnareyri. En það virðist hafa dugað skammt, því að árið 1816 var spítalahúsið að falli komið og ári síðar var reist nýtt spítalahús á jörðinni.¹⁸

Bjarni Pálsson, sem var önnur kafinn læknir, hóf að taka nemendur í lækna-nám fljótlega eftir að hann hóf að starfa sem landlæknir. Einn nemandi Bjarna var Hallgrímur Backmann (1739–1811), fjórðungslæknir í Vestfirðingafjórðungi, árið 1766. Eftir stofnun læknaumdæma í fjórðungunum var það í verkahring fjórðungslækna að fylgjast með holdsveikraspítölunum og átti það að vera á hendi Hallgríms að heimsækja sjúklinga Hallbjarnareyrarspítalans. Í erindisbréfi landlæknis og fjórðungslæknanna frá 25. febrúar 1824 var hvergi farið fram á að þeir skyldu hafa umsjón með sjúklingum á þessum spítölum. Eflaust hefur það ekki verið gert þar sem það þótti tilgangslaut og einnig vegna þess að læknarnir hafa hreinlega gefist upp á að lækna sjúklinga spítalans.¹⁹

Lát síðasta holdsveikisjúklingsins að Hallbjarnareyri

Árið 1848 samþykkti Danakonungur að leggja niður holdsveikraspítalana fjóra og gaf út tilskipun þess efnis hinn 23. ágúst sama ár þar sem sagði að engan holdsveikan mann skyldi taka inn á holdsveikraspítala á Íslandi. Einnig kom fram í umræddri tilskipun að spítalajarðirnar skyldu annaðhvort leigðar eða seldar og var það sett í hendur yfirstjórnar heilbrigðismála fyrir Ísland. Með

Það vald fór dómsmálastjórnarráðið í Kaupmannahöfn. Þá kom einnig fram að tekjum sem spítalarnir áttu, og einnig söluverði jarðanna þar sem þeir stóðu, skyldi safnað saman í einn sjóð, svokallaðan spítalásjóð/læknasjóð, sem síðan átti að nota til að efla framgang heilbrigðismála á Íslandi. Forsaga þess máls að spítalarnir voru lagðir niður var á þá leið að Jón Hjaltalín sem dvalið hafði í Danmörku við læknánám og störf kom til Íslands árið 1839 til að rannsaka holdsveiki. Heimsótti hann einn holdsveikraspítalann og komst að þeirri niðurstöðu að sjúklingar þar bjuggu í mjög óhreinum húsbýlum og fengu enga læknisaðstoð. Kom hann þá með þá tillögu að spítalarnir fjórir skyldu lagðir niður. Jón læknir taldi að holdsveiki væri arfgengur sjúkdómur og byggði þá skoðun sína á niðurstöðum talninga Steingrims Jónssonar þáverandi biskups og fleiri presta á holdsveikum árið 1837. Í þeirri talningu kom fram að nær allir holdsveikisjúklingar á Íslandi áttu holdsveika ættingja. Jón Hjaltalín taldi því enga þörf á því að gerðar yrðu opinberar ráðstafanir til þess að útrýma holdsveikinni þar sem hún væri senn að líða undir lok í landinu og mundi alveg hverfa með vaxandi menningu, þrífnaði og velmegun þjóðarinnar.²⁰

Með tilskipun Danakonungs frá árinu 1848 var holdsveikum úthýst frá spítölunum og eftir það hvíldi framfærsla þeirra á sveitarfélögum um allt land. Þrátt fyrir að spítölunum væri lokað var þeim sjúklingum sem voru á lífi og dvöldu á spítölunum ekki úthýst af spítalajörðunum. Á Hallbjarnareyri voru tveir sjúklingar á lífi árið 1848 og fengu að dvelja þar áfram. Eina breytingin sem varð á spítalanum var sú að ekki var tekið við fleiri sjúklingum, en spítalahluturinn var innheimtur eftir sem áður. Árið 1856 sagði Þorleifur Þorleifsson hospítalshaldari embætti sínu lausu og bauðst til að taka þann eina holdsveikisjúkling sem eftir var í spítalanum, en hinn sjúklingurinn hafði látist tveimur árum áður. Bauðst Þorleifur til að ala önn fyrir sjúklingnum fyrir helmingi minna meðlag en greitt hafði verið með honum. Féllust bæði Páll Melsted amtmaður í Vesturamtinu og Helgi G. Thordersen (1856–1866) biskup yfir Íslandi á það að spítalinn yrði lagður niður frá fardögum árið 1857 og jörðin síðan leigð. Sama ár gerðist það svo að bóndi nokkur bauðst til að taka jörðina á leigu og fór fram á að holdsveikisjúklingurinn sem þar var væri látinn fylgja jörðinni, því að með honum fengi hann meðgjöf sem var ákveðin helmingur af leigugjaldi jarðarinnar og var á það fallist. Síðasti hospítalshaldarinn flutti af jörðinni, en án sjúklingsins sem hann hafði óskað eftir að taka með sér. Það var svo

nokkrum árum síðar að sjúklingurinn, sem enn bjó á Hallbjarnareyri, sneri sér til hreppstjóranna í Eyrarsveit, Jóns Daníelssonar og Bárðar Þorsteinssonar, og sagðist ekki sjá annað en hann dæi úr hungri og klæðleysi ef ekkert yrði að gert. Hreppstjórnir kváðu það ekki á sínu valdi að gera neitt í málinu og bentu honum á að leita til sýslumannsins, Árna Thorlaciusar. Séra Árni Böðvarsson prestur í Setbergi lét mál sjúklingsins einnig til sín taka og skrifaði sýslumanninum bréf þar sem hann lýsti aðbúnaði sjúklingsins og föður hans sem einnig bjó með honum á Hallbjarnareyri. Kom fram að þeir feðgar byggju í útikofa, án ljósbirtu á kvöldin og nærðust á kjöti af sjálfdaudu hrossi frá húsbónda sínum. Þrátt fyrir það virðist ekkert hafa verið gert til að bæta aðbúnað sjúklingsins, en hann lést árið 1863 og var hann jafnframt síðasti sjúklingurinn sem hafði dvalið á einum af þeim fjórum holdsveikraspítölum sem höfðu þá verið starfræktir í rúm 200 ár. Sögu holdsveikraspítalans á Hallbjarnareyri var þar með lokið.²¹

Hospítalshaldarar á Hallbjarnareyri í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu á árunum 1653–1848

1653–1655 Þórður Guðmundsson, fyrrverandi ábúandi.

1655–1658 Jón Jónsson, frá Hraunskarði í Neshreppi.

1658–1662 Þórður Guðmundsson, í annað sinn.

1662–1678 Þorvarður Ólafsson, annar spítalahaldari af tveimur.

1662–1663 Jón Ólafsson (–1663) bróðir fyrrnefnda.

1663–1665 Guðrún Ásbjörnsdóttir, ekkja fyrrnefnda.

1665–1666 Þorleifur Jónsson, frá Eiði í Eyrarsveit.

1676–1678 Eyjólfur Þorsteinsson.

1678–1702 Salómon Jónsson (–1702).

1702–1704 Þórdís Hannesdóttir (1655–1704), ekkja fyrrnefnda.

1704–1707 Ámundi Árnason (1678–1708) sonur Árna Ásmundssonar prests að Setbergi.

1708–1727 Vigfús Árnason (1662–1727). Sýslumaður í Hnappadalssýslu 1705–27.

1728–1730 Jón Sigurðsson (–1730).

1730–1731 Þorkatla Þorgeirsdóttir, ekkja fyrrnefnda.

1731–1737 Jón Helgason.

- 1737–1750 Guðmundur Jónsson (–1784).
1750–1752 Jón Bergþórsson.
1752–1753 Þorgils Sigurðsson (–1753).
1753–1755 Ólafur Þorgilsson, sonur fyrrnefnda.
1755–1757 Jón Jónsson.
1757–1763 Þorsteinn Guðbrandsson.
1763–1778 Vigfús Helgason, áður hreppstjóri.
1778–1793 Sigurður Guðmundsson.
1793–1819 Guðmundur Sigurðsson (1763–1819), sonur fyrrnefnda.
1819–1820 Jón Hákonarson.
1820–1840 Jón Ásmundsson.
1840–1848 Þorleifur Þorleifsson (1800–1857) hreppstjóri.

Greinin byggist á bók minni, *Hold sveiki á Íslandi*, sem kom út á vegum bókaútgáfunnar Máls og myndar árið 2001. Þar er að finna nánari upplýsingar um holdsveiki á Íslandi.

Tilvísanir

- ¹ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*. Reykjavík 2001, bls. 43–44.
- ² Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 45–47.
- ³ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 45.
- ⁴ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 46–47.
- ⁵ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 50–52.
- ⁶ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 52.
- ⁷ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 50.
- ⁸ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 50.
- ⁹ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 51.
- ¹⁰ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 52.
- ¹¹ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 52.
- ¹² Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 52–53.
- ¹³ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 53.
- ¹⁴ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 53–54.
- ¹⁵ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 56.
- ¹⁶ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 57.
- ¹⁷ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 63–64.
- ¹⁸ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 64.
- ¹⁹ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 65–66.
- ²⁰ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 69–70.
- ²¹ Erla Dóris Halldórsdóttir: *Hold sveiki á Íslandi*, bls. 72–73.

Ásgeir Guðmundsson

Frakkar í Grundarfirði

Franskir hvalfangarar í Grundarfirði

Það setti mjög svip á sögu Eyrarsveitar um tæplega fjögurra alda skeið, að útlendir kaupmenn og fiskimenn voru mjög við hana riðnir. Áður hefur verið sagt frá erlendum kaupmönnum, sem þar voru, en auk þeirra létu Frakkar mjög til sín taka í Grundarfirði. Mest bar á þeim á seinni hluta 19. aldar, en þó voru nokkur dæmi þess, að þeir kæmu til Grundarfjarðar á fyrsta þriðjungi 18. aldar.

Elsta heimild um Frakka í Grundarfirði er frá upphafi 18. aldar. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er þess getið um jörðina Kirkjufell í Eyrarsveit, að þar hafi áður verið góð selveiði, en mjög hafi dregið úr henni í seinni tíð. Var því um kennt, að franskir hvalfangarar skytu þar stundum sel, „þegar þeir á vorin flakka þar fyrir framan,“ eins og segir í *Jarðabókinni*. Að öðru leyti fer engum sögum af selveiði Frakka í Eyrarsveit um þessar mundir, en samkvæmt því, sem segir í *Jarðabókinni*, virðast hafa verið einhver brögð að því, að þeir væru á selveiðum þar um slóðir. Í annálum frá 17. og 18. öld er allvíða minnst á franska hvalveiðimenn hér við land, einkum í sambandi við hrakninga, sem þeir lentu í.¹

Eigendur Kirkjufells voru þó ekki búnir að bíta úr nálinni með franska hvalveiðimenn, því að á Jónsmessu árið 1720 steytti franskt hvalveiðiskip á skeri

hjá Melrakkaey. Það losnaði af skerinu, og gátu skipverjar hleypt skipinu upp undir Kirkjufell. Það er varla í frásögur færandi, þó að skip strandi, en af skipstrandi þessu hlutust langvinn málaferli, og lauk þeim ekki fyrr en 11 árum eftir að skipið strandaði. Kom málið m.a. til kasta Alþingis, og var höfðað mál á hendur sýslumanni vegna afskipta hans af því og hann dæmdur til að greiða sekt. Verður því sagt nokkuð nánar frá skipstrandi þessu.

Það er af skipverjum á hvalveiðiskipinu að segja, að þeim varð ekki meint af volkinu. Þeir gripu til þess ráðs að skilja skipið eftir í Kirkjufellsfjöru og komust um borð í önnur frönsk hvalveiðiskip. Á manntalsþingi á Grund í júlí sama ár spurðist Bárður Þórðarson, lögsagnari Odds Sigurðssonar lögmanns og sýslumanns í Snæfellsnessýslu, fyrir um það, hvort Eyrsvaitungum virtist umrætt skip vera strandað, en þeir kváðu svo ekki vera. Steindór Finnsson í Krossnesi, sem var einn af eigendum Kirkjufells, skýrði frá því, að skipstjóri hvalveiðiskipsins, Vincent Sopotte, hefði falið sér að hafa eftirlit með skipinu og búnaði þess, þar á meðal nokkrum bátum. Þessu til staðfestingar fékk fransk skipstjórinn Steindóri skjal á frönsku, en honum var það ekki tiltækt á manntalsþinginu.²

Það var ætlun skipbrotsmanna að koma aftur að ári liðnu og gera við skipið, svo að það yrði sjófært á ný. Það gekk eftir, því að sumarið 1721 kom til Grundarfjarðar franskur skipstjóri, Adam Dargamaratre að nafni, ásamt sex öðrum nafngreindum löndum sínum, eins og greint er frá í *Hvammsannál*. Þá kom í ljós, að skipið var svo illa farið, að ekki reyndist unnt að gera við það, og hófust Frakkarnir þá handa um að rífa úr því það, sem nýtilegt var. Héldu þeir því verki áfram sumarið 1722. Þarna var um að ræða mastur, akkeri og allt tóg, en að auki léti Dargamaratre rífa skipið á báðar síður og einnig borðin úr káetunni, sem Frakkar höfðu lofað skriflega að láta Steindór Finnsson fá að launum fyrir að gæta skipsins auk sex tómrá tunna. Einnig voru borðin úr þilfarinu fjarlægð. Allt þetta fluttu Dargamaratre og félagar hans á brott með sér, en brenndu tréru-sl, sem ekki þótti svara kostnaði að flytja til Frakklands. Að svo búnu héldu þeir frá Grundarfirði og gerðu engar ráðstafanir með skipsflakið, hvorki að fela nokkrum að gæta þess né að borga eigendum Kirkjufells bætur fyrir tjón, sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir vegna umsvifa Frakka í landi jarðarinnar. Hins vegar létu þeir Steindór Finnsson hafa sex tómar tunnur fyrir að hafa gætt skipsins. Ýmislegt bendir til þess, að Eyrsvaitungar hafi átt nokkur

viðskipti við frönsku strandmennina. Í *Hvammsannál* greinir frá því, að hinn 8. nóvember 1720 hafi brotnað fjögur skip Magnúsar Jónssonar á Vatnabúðum og frönsk slupfa Steindórs á Krossnesi í mjög miklu landsynningsveðri. Slupfa er einmöstruð smáskúta og heitir á frönsku *chaloupe*. Virðist einsýnt, að Steindór Finnsson hafi keypt skútuna af frönskum hvalveiðimönnum, e.t.v. af skipbrotsmönnum, sem hann gætti flaksins fyrir.³

Þegar hér var komið sögu, töldu bæði Eyrsveitingar og Jóhann Gottorp sýslumaður, að Frakkar hefðu gengið frá skipinu og myndu ekki hirða meira um það. Þess vegna kvað sýslumaður upp dóm á héraðsþingi á Grund 28. október 1722 um franska skipið, og dæmdi hann, að eigendur Kirkjufells skyldu að sér taka, nýta og láta rífa það, sem eftir var af skipsflakinu sem skaðabætur fyrir það tjón, sem þeir höfðu orðið fyrir vegna strandsins. Hinn 3. desember sama ár kvaddi Gottorp sýslumaður sex bændur í Eyrarsveit í dóm til að virða flakið, og mátu þeir það á 99 vættir, en kostnað við að rífa það, sem var eftir af því, töldu þeir vera 66 vættir.

Að sögn sýslumanns olli tvennt því, að hann lét virða skipsflakið til fjár. Annars vegar vildi hann komast að raun um það, hve mikið að frágengnum ómaks- og erfiðislaunum fyrir að rífa skipið eigendur Kirkjufells kynnu að fá fyrir tjón á landi og lóð og þá pretti, sem Frakkar höfðu haft í frammi við þá, þegar þeir hirtu viðinn úr káetunni, sem þeir höfðu lofað þeim fyrir að gæta skipsins. Komst sýslumaður að þeirri niðurstöðu, að það gæti ekki verið minna en þær 33 vættir, sem voru eftir af andvirði skipsflaksins, þegar kostnaður við að rífa það, áður nefndar 66 vættir, hafði verið dreginn frá. Hins vegar lét sýslumaður virða flakið, ef vera kynni, að dómi hans yrði áfrýjað, vegna þess að hagsmunir konungs væru taldir hafa verið fyrir borð bornir.⁴

Árið 1725 kom Dargamaratre aftur til Grundarfjarðar ásamt fleiri Frökkum öllum að óvörum, og hirtu þeir nokkuð af skipsviðunum, en sýndu sem fyrr engan lit á því að borga jarðeigendum bætur fyrir ómak það og óhagræði, sem þeir höfðu haft vegna skipstrandsins. Þar við bættist, að bæði Frakkar og Íslendingar létu greipar sópa um fasta og lausa muni í flakinu, og að sögn Eyrsveitunga var ekki hægt að koma í veg fyrir það vegna yfirgangs Frakka.

Svo er að sjá sem yfirboðarar Gottorps sýslumanns hérlendis og í Danmörku hafi ekki frétt af strandinu og dómi sýslumanns fyrr en seint og um síðir. Á Alþingi 1727 spurðist Cornelius Vulf landfógeti fyrir um skipströnd hér við

land, og var því svarað til, að árið 1720 hefði franskt skip strandað í Gullbringusýslu og annað spænskt í Snæfellsnessýslu, en eigendur beggja hefðu ráðstafað þeim. Þarna hafði eitthvað skolast til með þjóðerni franska hvalveiðiskipsins, sem strandaði í Grundarfirði, en Íslendingar áttu á þessum árum í erfiðleikum með að gera greinarmun á frönskum og spænskum fiskimönnum, sem stunduðu veiðar hér við land. Síðla árs 1726 bárust rentukammerinu í Kaupmannahöfn óljósar fréttir af strandinu. Voru þær á þá leið, að í júní 1720 hefði strandað nálægt Grundarfjarðarhöfn franskt skip og hefðu skipverjar hleypt því upp í fjöru, eftir að leki hefði komið að því. Manni í byggðarlaginu hefði verið falið að hafa eftirlit með skipinu, en eigendur þess hefðu ekki vitjað þess aftur. Árið 1723 hefði skipið verið rifið, og viðurinn úr því, ásamt reiða og kaðlabúnaði, fallbyssum, akkeri og 200–300 tómum tunn-um, hefði verið fluttur burtu.⁵

Rentukammerið fól í maí 1727 Niels Fuhrmann amtmanni að komast að hinu sanna í málinu og senda kammerinu skýrslu um það. Amtmaður sneri sér til Gottorps sýslumanns og óskaði skýringa. Hann svaraði ekki bréfi amtmanns fyrir en um miðjan október, og var þá orðið of seint að senda rentukammerinu skýrslu þá, sem það hafði beðið um, þar eð öll skip voru þá sigld frá landinu. Þess vegna ítrekaði rentukammerið beiðni sína við amtmann í maí 1728. Hann sendi málgögnin til Kaupmannahafnar þá um sumarið. Auk bréfs Gottorps til amtmanns, þar sem hann gerði grein fyrir málavöxtum, voru einnig meðal málgagna skýrsla um skipstrandið eftir Vincente Sopitte skipstjóra á franska skipinu, dagsett 28. júní 1720, og bréf undirritað af Adam Dargamaratre 30. maí 1721, þar sem fram kom, að Steindór Finnsson átti að fá að launum fyrir að gæta skipsins viðinn úr káetu þess og sex tunnur, eins og áður hefur komið fram.

Nú fór Jóhann Gottorp sýslumaður einnig að hugsa sér til hreyfings, þegar yfirvöld í Kaupmannahöfn voru farin að kynna sér málið. Hinn 20. september 1728 lét hann taka þingsvitni á Grund í Eyrarsveit, og var gangur málsins rakinn þar eins og hann kom sýslumanni og Eyrarsveitungum fyrir sjónir. Kom þar m.a. fram, að þá var eftir af skipsflakinu bæði botn þess og meira en fimmti partur af stjórnborðssíðunni, sem hvort tveggja var sokkið í sand og því ekki unnt að nýta. Að auki voru eftir eitt akkeri og tvö hálf kartover (þ.e. fallbyssur), sem einnig voru sokkin í sand. Samkvæmt orðabók táknaði orðið *kartove* upp-

haflega 25 punda fallbyssu (1/4 af stærstu fallbyssum, sem voru 100 punda), en seinna var það notað um stuttar fallbyssur með mismunandi hlaupvídd, sem voru 20 pund eða stærri.^{6*}

Gera má ráð fyrir, að sýslumaður hafi látið taka þetta þingsvitni í því skyni að standa betur að vígi í hugsanlegum málarekstri vegna strandsins og dómsins, sem hann hafði kveðið upp árið 1722. Það fór líka svo, að eftir að rentukammerið hafði kynnt sér málskjölin lagði það fyrir Fuhrmann amtmann vorið 1729 að áfrýja dóminum og fá hann felldan úr gildi, því að kammerið taldi, að dæma hefði átt konungi skipsflakið til eignar, en ekki eigendum Kirkjufells, og vísaði í því sambandi til konunglegrar tilskipunar frá 26. maí 1595. Einnig fyrirskaði rentukammerið amtmanni að höfða mál á hendur Gottorp sýslumanni, sem það taldi, að hefði gerst sekur um embættisafglöp. Að því er varðaði hlut Fuhrmanns amtmanns í málinu, lét rentukammerið í ljós undrun sína á því, að hann hefði ekki tilkynnt yfirboðurum sínum um strandið og dóm Gottorps sýslumanns um það að fyrra bragði. Taldi kammerið, að amtmanni ætti að vera kunnugt um það, sem gerðist á Íslandi og lét í ljós þá von, að honum tækist að leiða málið til lykta.

Ofangreint bréf til Fuhrmanns amtmanns var dagsett 28. maí 1729, og virðist það hafa borist honum svo seint í hendur, að ekki vannst tími til að taka málið fyrir á Alþingi það ár. Það kom hins vegar til kasta þingsins árið 1730. Sækjandi í málinu var Jón Oddsson Hjaltalín héraðsdómari í Gullbringusýslu, og stefndi hann Jóhanni Gottorp og eigendum Kirkjufells, Steindóri Finnssyni, Gísla Teitssyni og Jóni Jónssyni, en verjandi þeirra var Ormur Daðason sýslumaður í Strandasýslu. Hvorki Jóhann Gottorp né eigendur Kirkjufells voru viðstaddir málf lutninginn, en verjandi þeirra lagði fram skriflega vörn í málinu fyrir þeirra hönd.⁷

Jóhann Gottorp vísaði til nokkurra greina í Norsku lögum og benti á, að þar sem áhöfnin hefði siglt skipinu til lands og hirt úr því flest, sem nýtanlegt var,

* Sumarið 1995, þegar Friðgeir Hjaltalín verktaki var við sandtöku í Kirkjufellsfjöru, fann hann fallbyssurnar tvær. Þær voru gerðar upp, og afhjúpaði Friðgeir aðra þeirra 14. júní 1997, þegar þess var minnst, að 100 ár voru liðin frá því að verslunarstaðurinn í Grundarfirði var fluttur frá Grundarkampi í Grafarnes. (Sbr. *Mbl.* 12.9 1995, 14. og 20.6. 1997.)

væri ekki unnt að telja það skipsflak. Hann bauðst til að borga þær 33 vættir, sem höfðu komið í hlut eigenda Kirkjufells, gegn því að málið yrði látið niður falla. Eigendur Kirkjufells kröfðust þess hins vegar að mega njóta sinnar jarðar friðheita eftir lögum og rétti og að dómur Gottorps, sem hefði verið óátalinn í átta ár, yrði óraskaður. Verjandi hinna stefndu, Ormur sýslumaður, fór þess á leit, að athugað yrði, hvort unnt væri að taka sök þessa til endanlegs dóms, þar sem hún væri orðin svo gömul, og lagði hann til, að henni yrði vísað til rentukammers. Sækjandi mótmælti því, og kvað Benedix Þorsteinsson lögmaður upp þann úrskurð, að taka skyldi málið til dóms.

Þessu næst krafðist sækjandi þess, að lagt yrði fram frumrit af virðingargerð þeirri, sem Gottorp sýslumaður lét gera um skipsflakið 3. desember 1722. Ekki var unnt að verða við þeirri kröfu, því að verjandinn hafði hvorki frumrit né afrit af umræddu skjali í sínum höndum, enda kvað hann Gottorp hafa sent amtmanni öll frumgögn í málinu. Sækjandi krafðist þess, að virðingargerðin yrði lögð fram, þar eð það væri bráðnauðsynlegt til að upplýsa málið. Þá hélt hann því fram, að kröfur þær, sem eigendur Kirkjufells kynnu að eiga á hendur Gottorp sýslumanni vegna máls þessa, gætu ekki hindrað framgang málsóknarinnar að því er varðaði hagsmuni konungs, heldur gætu þeir höfðað mál gegn sýslumanni, ef þeim sýndist svo. Að endingu sagði sækjandi, að hann gæti ekki haldið áfram sókn í málinu að sinni, vegna þess að hann vantaði umrædda virðingargerð. Krafðist hann þess að lokum, að Gottorp yrði ekki einungis dæmdur til að leggja fram virðingargerðina, heldur einnig dæmdur í sekt fyrir vanrækslu í starfi. Benedix Þorsteinsson lögmaður féllst á röksemdir sækjandans og komst að þeirri niðurstöðu, að Gottorp sýslumaður hefði gerst sekur um vanrækslu, þegar hann lét hjá líða að senda margnefnda virðingargerð með öðrum gögnum málsins, en hún væri mjög nauðsynleg til að upplýsa það. Þess vegna dæmdi lögmaður Gottorp sýslumann vegna þessarar vanrækslu að greiða innan sex vikna fjögurra ríkisdala sekt til holdsveikraspítalans á Klausturhólum og vera lögskyldugur til að mæta á Öxarárþingi 1731 og leggja fram í lögréttu umrædda virðingargerð og öll önnur skjöl sök þessari viðvíkjandi, og yrði þá endanlegur dómur kveðinn upp í málinu.⁸

Fuhrmann amtmáður spurðist fyrir um það hjá rentukammerinu, hvort ganga skyldi að boði Gottorps, að málið yrði fellt niður gegn því að hann borgaði þær 33 vættir af andvirði skipsins, sem höfðu runnið til eigenda Kirkjufells,

eins og hann hafði boðist til á Alþingi. Rentukammerið hafnaði því algjörlega, enda hafði verið ákveðið að kveða upp fullnaðardóm í málinu á Alþingi 1731.

Þegar málið var tekið fyrir þar þá um sumarið, var Jóhann Gottorp mættur og annaðist vörn sína sjálfur, en sækjandi var sem fyrr Jón Oddsson Hjaltalín. Gottorp gat ekki lagt fram í réttinum virðingargerðina frá 3. desember 1722, eins og hann hafði verið skyldaður til á Alþingi árið áður, því að hann hafði sent amtmanni frumritið, en hins vegar hafði honum láðst að taka afrit af því.

Sækjandi krafðist þess, að skipsflakið yrði dæmt konungi og vitnaði þeirri kröfu til stuðnings til tilskipunar Kristjáns 4. frá 26. maí 1595 um vogrek, Norsku laga og tilskipunar Friðriks 4. frá 21. mars 1705. Enginn ágreiningur var um það meðal málsaðila, að skipbrotsmennirnir frönsku höfðu haft fullan rétt til að hirða allt nýtilegt úr skipi sínu, en ágreiningurinn snerist um það, hvað skyldi verða um skipið, eftir að Frakkarnir höfðu gengið frá því.

Sækjandi hélt því fram, að líta bæri á leifarnar af skipinu sem vogrek, sem bæri að dæma konungi, en Jóhann Gottorp taldi, að lagagreinar þær, sem sækjandi vitnaði í, ættu við um skipsflak, sem enginn kæmist lifandi af, en slíkt vogrek féll sjálfkrafa til konungs. Gottorp hafði hins vegar byggt dóm sinn á öðrum greinum Norsku laga og tilskipun Friðriks 4. en sækjandi taldi, að ættu við um þetta mál. Jón Hjaltalín sækjandi fullyrkti, að með tilboði sínu að borga 33 vættir fyrir skipsflakið hefði Gottorp sjálfur gefið grunsemdir um að flakið væri konungseign. Gottorp kvaðst hins vegar hafa gert þetta tilboð til að firra sig málsókn og með því skilyrði, að hann mætti leita réttar síns hjá eigendum Kirkjufells, að því er varðaði endurgreiðslu á þeim 33 vættum, sem höfðu komið í þeirra hlut. Þar eð því hafði verið hafnað, vísaði hann til laga þeirra og tilskipana, sem hann hafði vitnað til máli sínu til stuðnings og krafðist algerrar sýknu.

Dómur Benedix Þorsteinssonar lögmanns í málinu var á þá leið, að það sem eftir var af skipsflakinu, þegar Frakkar skildu við það, var konungseign, og bar Gottorp sýslumanni að greiða konungi 2/3 af verðmæti flaksins samkvæmt áðurnefndri virðingargerð, þ.e. 66 vættir, en sýslumaður skyldi sjálfur fá í sinn hlut 1/3 sem bjarglaun. Gottorp áfrýjaði þessum dómi til konungs, en því var hafnað, og rentukammerið fól amtmanni vorið 1732 að innheimta sektina hjá sýslumanni. Þegar hér var komið sögu, var farið að halla undan fæti hjá Gottorp. Hann var orðinn stórskuldugur, því að hann var óhófsmaður mikill.

Þar við bættist, að hann átti við ýmsa örðugleika að etja í embættisrekstri sínum, og varð þetta til þess, að hann sagði af sér Snæfellsnessýslu og Stapaumboði þetta sama ár, en fékk þó ekki lausn frá hvoru tveggja fyrr en árið 1734, þegar Guðmundur Sigurðsson var skipaður sýslumaður í Snæfellsnessýslu.⁹

Ekki fór það svo, að afskiptum Jóhanns Gottorps sýslumanns af útlendum skipum í Eyrarsveit væri hér með lokið. Á manntalsþingi, sem hann hélt á Grund 12. júní 1732, var lagt fram bréf frá séra Jóni Magnússyni á Setbergi, þar sem fram kom, að skipstjóri að nafni Joseph Gote (eftir því sem lesið verður í dóma- og þingbókinni) á frönsku eða spænsku (Biskaya) hvalveiðiskipi og menn hans höfðu skilið eftir bát á lóð kirkjujarðarinnar Grundar árið fyrir rúmum fjórum árum. Bátur þessi var orðinn flak eitt, eftir að hafa verið að velkjast svo lengi í fjöruborðinu.

Sýslumaður kvað upp þann úrskurð, að séra Jón ætti að taka til sín flakið gegn því að greiða andvirði þess til konungs. Skipaði Gottorp nokkra menn til að meta flakið til fjár. Á héraðsþingi í Grundarfirði 9. ágúst sama ár lagði Steindór Finnsson fram virðingargerð vegna flaksins, og var það metið á 19 vættir og stafnakkerið á níu ríkisdali. Séra Jón Magnússon staðarhaldari Setbergskirkju leysti til sín skipshróið með því að greiða andvirði þess, og rann upphæðin í konungshirslu. Greinilegt var, að Gottorp lét sér að kenningu verða málareksturinn vegna hvalveiðiskipsins og niðurstöður hans, en bæði þessi mál voru svipaðs eðlis.¹⁰

Eftir þetta fer engum sögum af frönskum hvalveiðiskipum í Grundarfirði. Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* segir, að franskir og spænskir hvalveiðimenn hafi komið á Grundarfjörð fram undir 1720. Nær lagi væri að segja, að þeir hafi komið þangað fram undir 1730, en þá var hvalveiðum útlendinga hér við land að mestu lokið.¹¹

Franskir fiskimenn í Grundarfirði

Fiskveiðar Frakka hér við land hófust árið 1716, og stóðu þær óslitið til ársins 1792, en þá varð hlé á þeim, þar eð allt var í hers höndum í Frakklandi vegna stjórnarbyltingarinnar og Napóleonsstyrjaldanna. Þorskveiðar Frakka við Ísland hófust aftur árið 1815, og árið 1820 þótti frönsku stjórninni ástæða til að fela eftirlitsmanni fiskveiðimála, Noël de la Morinière, að kanna hafsvæði á

norðurslóðum með tilliti til fiskveiða. Dönskum stjórnvöldum var tilkynnt um þennan leiðangur, sem hófst vorið 1820, og gáfu þau út dreifibréf, sem var m.a. sent hingað til lands, þar sem lagt var fyrir embættismenn að greiða götu de la Morinière og láta honum í té upplýsingar, sem hann óskaði eftir. Í júlí 1823 sendi rentukammerið Bjarna Þorsteinssyni amtmanni í Vesturamtinu afrit af tilkynningu frá frönskum stjórnvöldum til skipstjóra franska fiskiskipa við Ísland um ástandið í Evrópu, og mæltist kammerið til þess við Bjarna amtmann, að hann kæmi tilkynningu þessari á framfæri við þá frönsku fiskveiðis- skipstjóra, sem stunduðu veiðar á miðum nálægt Vesturamtinu og hann kæmist í tæri við. Ekki var hlaupið að því, eins og amtmaður skýrði rentukammerinu frá um miðjan október sama ár, því að frönsku skipin, sem voru að veiðum á embættissvæði hans, héldu venjulega heim á leið í lok júlí. Bjarni taldi því ástæðulaust að senda sýslumönnum í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum umrædda tilkynningu, en hann kvað koma til greina að senda hana sýslumönnum árið eftir. Samkvæmt þessu stunduðu Frakkar ekki veiðar undan Snæfellsnesi á þessum árum, og ekki er kunnugt, hvenær þeir hófu veiðar á þeim slóðum.¹²

Vorið 1858 bar það til tíðinda í Grundarfirði, að inn á höfnina sigldi franskt fiskiskip, og var það upphafið að því, að franskir fiskimenn höfðu bækistöð þar um alllangt skeið og settu mjög svip á plássið. Hér var um að ræða fiskiskipið *Clementine* frá Paimpol á Bretagneska. Það hafði komið til Reykjavíkur 15. apríl. Um borð var fulltrúi útgerðarmanns í Paimpol, og gekk hann þegar á fund Trampe stiftamtmanns og tjáði honum, að hann hefði í hyggju að halda til Grundarfjarðar og setja þar á stofn fiskverkunarstöð og yrðu sendir þangað um 150 manns til að starfa við fiskverkunina. Einnig tjáði hann stiftamtmanni, að franska herskipið, sem væri væntanlegt til landsins, ætti að stofna aðra fiskverkunarstöð á Dýrafirði, og myndu starfa þar fleiri menn en í Grundarfirði.

Óhætt er að fullyrða, að stiftamtmanni hafi brugðið í brún, þegar hann heyrði þessi tíðindi, því að honum hefur án efa verið í fersku minni sú mála- leitan Frakka árið 1855 að fá að setja á stofn fiskverkunarstöð í Dýrafirði. Þessi beiðni olli miklum deilum á Alþingi og víðar, og fór svo, að þingið hafnaði henni. Kom fyrir lítið, þó að Jón Sigurðsson forseti væri hlynntur þessum áformum Frakka. Stiftamtmaður svaraði því til, að slík starfsemi bryti í bága við landslög, nema því aðeins að sá, sem stæði fyrir slíkum atvinnurekstri,

gerðist jarðeigandi og borgari í löggiltum verslunarstað og skip hans yrðu skráð í Danmörku.

Trampe stiftamtmaður skrifaði Páli Melsted amtmanni í Vesturamti samdægurs og skýrði honum frá því, sem gerst hafði og fól honum að gera þær ráðstafanir, sem hann teldi nauðsynlegar. Amtmaður skrifaði Árna Thorsteinson sýslumanni í Stykkishólmi og lagði fyrir hann að halda til Grundarfjarðar og kynna sér, hverjar væru fyrirætlanir Frakkanna og hvort þær brytu í bága við verslunarlöggjöfina. Ef svo var að dómi sýslumanns, bar honum að leggja bann við athöfnum Frakkanna og brýna það fyrir Eyrsvaitungum, að það væri brot á skyldu þeirra sem danskra þegna að láta Frökkunum í té lóð til eignar eða leigu, þar sem Frakkar gætu stundað atvinnustarfsemi, sem bryti í bága við lög.¹³

Bréf amtmanns var dagsett 26. apríl, og barst það sýslumanni í hendur daginn eftir, en þá var *Clementine* komin til Grundarfjarðar fyrir nokkrum dögum. Skipið hélt frá Reykjavík 18. apríl og sigldi inn á Grundarfjörð 23. apríl. Tveir menn komu brátt í land af skipinu, skipstjórinn og læknir að nafni L. Bouriaud, og var hann fyrir þeim. Þeir hittu að máli Jón Daníelsson borgara á Grund, en honum og Bouriaud gekk illa að gera sig skiljanlega, því að Frakkinn talaði hvorki dönsku né þýsku, og Jón kunni ekkert í frönsku. Með bendingum og skriflegum tilraunum gátu Frakkarnir gert Jóni skiljanlegt, hverjar fyrirætlanir þeirra væru, þ.e. að þeir höfðu í hyggju að kaupa lóðarspildu og verka þar fisk og einnig reisa þar hús, þar sem geyma átti vistir og veiðarfæri handa fiskiskipum. Jóni Daníelssyni skildist á Bouriaud, að þetta mál yrði komið á hreint, þegar franska herskipið, sem hafði eftirlit með frönskum fiskiskipum hér við land, kæmi til landsins eftir 2–3 vikur. Læknirinn vildi þegar fara að mæla upp landið, en Jón gat komið honum í skilning um, að hann yrði að bíða með það, þangað til sýslumaður kæmi á vettvang.

Árni Thorsteinsson hélt þegar í stað til Grundarfjarðar, þegar honum hafði borist bréf amtmanns, og kom þangað aðfaranótt 28. apríl. Hann hitti þegar að máli mann þann, sem var fyrir leiðangrinum. Reyndist hann heita Leon Bouriaud og vera læknir að mennt. Hann var fulltrúi útgerðarmanns í Paimpol, sem hét Sylvain Allenou, og var tilgangur ferðarinnar að taka á leigu land undir fiskverkunarstöð og gera tilraun til að verka fisk þar þá um sumarið. Var það ætlunin að hefja starfsemi í fiskverkunarstöðinni vorið 1859. Bouriaud gat

þess, að á vegum Allenous væri 21 fiskiskip á veiðum við strendur Íslands og tvö við Nýfundnaland. Jafnframt lét Bouriaud þess getið, að Allenou væri ekki á nokkurn hátt tengdur fiskveiðihlutafélagi því í Dunkerque, sem hafði haft í hyggju að koma á fót fiskverkunarstöð í Dýrafirði árið 1855. Ennfremur greindi Bouriaud sýslumanni frá því, að Allenou húsbóndi hans myndi halda til Kaupmannahafnar þá um vorið til að afla tilskilinna leyfa hjá dönskum yfirvöldum, og bjóst hann við því að fá nánari fréttir af því, þegar franska herskipið *l'Artemise* kæmi til Grundarfjarðar í maí.¹⁴

Bouriaud fullvissaði sýslumann um, að það væri ekki ætlun hans eða Sylvains Allenou að koma á fót umræddri fiskverkunarstöð í Grundarfirði í forboði yfirvalda, heldur óskaði hann einungis eftir að fá að verka til reynslu 100–200 fiska þá um sumarið. Sýslumaður brýndi fyrir honum, að hann yrði að fá tilskilin leyfi, áður en hann gæti hafist handa. Árni sýslumaður skýrði amtmanni frá þessu í bréfi dagsettu 29. apríl. Sýslumaður lét í ljós þá skoðun, að meira byggi á bak við hjá Bouriaud en að gera tilraun með að verka nokkra fiska. Væri vafasamt, að hann stæði í því umstangi að verða sér úti um borgararéttindi og lóð til þess eins að verka nokkra fiska í tilraunaskyni, heldur taldi sýslumaður, að tilgangur Frakkanna væri að reyna á þennan hátt að kom á fót þeim fiskverkunarstöðvum, sem þeir fengu ekki leyfi til að stofna í Dýrafirði og annars staðar árið 1855.

Með bréfi sínu til amtmanns sendi sýslumaður umsókn frá Leon Bouriaud, þar sem hann fór þess á leit, að honum yrði veittur borgararéttur í Grundarfirði og leyft að kaupa þar lóð. Einnig fór hann fram á, að fá að verka 100–200 þorska til reynslu þá um sumarið. Páll Melsted amtmaður skrifaði sýslumanni bréf 3. maí og fól honum að tilkynna Bouriaud, að hann yrði að öðlast borgaréttindi og setjast að hér á landi sem danskur borgari til að fá leyfi til að þurrka fisk. Því yrði Bouriaud að afsala sér frönskum ríkisborgarétti, sverja Danakonungi hollustueið og skip þau, sem myndu veiða fisk þann, sem ætti að verka hér á landi, yrðu að vera skráð í Danmörku.¹⁵

Amtmaður ritaði dómsmálaráðuneytinu 4. maí og gerði því grein fyrir mála-leitan L. Bouriaud og hverju hann hefði svarað henni. Hann lét í ljós þá skoðun, að það veki bersýnilega fyrir Frökkum að ná fótfestu hér á landi á mörgum stöðum og koma þar á fót litlum fiskverkunarstöðvum, sem myndu síðar færa út kvíarnar. Amtmaður taldi ólíklegt, að Frakkar myndu beita valdi til að koma

sínu fram, heldur gera þetta í skjóli þess, að yfirvöld hér á landi væru alveg varnarlaus gagnvart þeim („aldeles blottet for al executiv Magt og Myndighed“). Því gerði amtmaður það að tillögu sinni, að herskip yrði sent frá Danmörku hingað til lands þá um sumarið yfirvöldum til halds og trausts í þeirri viðleitni þeirra að hafa gætur á framferði Frakka og styrkja þau til að afstýra yfirgangi þeirra. Þetta væri þeim mun brýnna sem næstum engir embættismenn skildu frönsku. Ennfremur kvaðst amtmaður hafa ástæðu til að ætla, að embættismenn hér á landi greindi á um, með hvaða skilmálum mætti veita Frökkum borgararétt hér á landi og leyfi til að verka saltfisk og flytja hann úr landi, og bað amtmaður um úrskurð ráðuneytisins í því efni.

Meðan beðið var svars ráðuneytisins, skrifaði Árni Thorsteinsson sýslumaður Jóni Daníelssyni hreppstjóra á Kverná í Grundarfirði bréf dagsett 14. júní 1858. Sýslumanni hafði borist til eyrna, að ekki myndi vera ugglaust um, að skipverjar á fiskiskipinu *Clementine* hefðu í hyggju að flytja fisk í land í Grundarfirði og þurrka hann þar, þrátt fyrir að bann hefði verið lagt við því. Þess vegna fól sýslumaður Jóni hreppstjóra að gera allt, sem í hans valdi stæði, til að koma í veg fyrir þetta, þar á meðal að sjá til þess, að Grundfirðingar legðu þessu fyrirtæki Frakkanna ekki lið. Í bréfi til sýslumanns dagsettu 16. júní 1858 skýrði Jón Daníelsson borgari frá því, að franska skipið *Clementine* hefði komið til Grundarfjarðar af veiðum. Hann gat þess, að Bouriaud væri harður á því að leggja upp lítið eitt af fiski og verka hann til reynslu.¹⁶

Eins og við var að búast, undi Bouriaud svari amtmanns illa og leitaði ásjár hjá A. Veron foringja á herskipinu *l'Artemise*, en aðalverkefni þess var að vera frönsku fiskiskipunum hér við land til halds og trausts. Veron bar titilinn *Commandant la Station naval de SMI dans les meres du nord* (Foringi herflota hans keisaralegu hátignar í Norðurhöfum). Hann skrifaði Árna sýslumanni, Páli Melsted amtmanni og Trampe stiftamtmani bréf vegna þessa máls. Í bréfi til Árna sýslumanns 19. júní 1858 lét hann í ljós undrun sína á því, að Bouriaud væri gert að afsala sér frönskum ríkisborgararétti. Veron skoraði á sýslumann að láta Bouriaud njóta sama réttar hér á landi og danskir ríkisborgarar nytu í Frakklandi. Amtmaður svaraði bréfi foringjans 26. júní, og kvað við nokkuð annan tón en í bréfi hans til sýslumanns fyrr um vorið. Af svari amtmanns má ráða, að Bouriaud óskaði eingöngu eftir að kaupa lóðarspildu, en hefði fallið frá að nota hans til fiskverkunar, og væri þess vegna ekkert því til fyrirstöðu,

að hann keypti umrædda landspildu af Jóni Daníelssyni, ef hann greiddi tilskilda skatta og gjöld af henni og notaði hana ekki í öloglegum tilgangi. Ennfremur lét amtmaður þess getið, að það hefði aldrei verið skilningur sinn, að Bouriaud yrði að afsala sér frönskum ríkisborgararétti til að geta keypt lóð í Grundarfirði, heldur að hann yrði samkvæmt gildandi lögum að afsala sér borgararéttindum í einum kaupstað, áður en hann öðlaðist réttindi í öðrum, því að Bouriaud gæti ekki haft borgararéttindi í tveimur kaupstöðum (verslunarstöðum) samtímis.

Í bréfi Árna Thorsteinsson sýslumanns til amtmanns 20. júlí 1858 kom fram hið sama, að Bouriaud hafði breytt fyrri beiðni sinni um kaup á lóð til að verka þar fisk í að kaupa lóð til eignar og löglegrar notkunar. Þegar þetta lá fyrir, var ekkert því lengur til fyrirstöðu, að Bouriaud keypti margnefndan lóðarskika á Grundarkampi af Jóni Daníelssyni borgara. Ekki verður séð, að Jóni hafi verið það þvert um geð að selja Bouriaud lóðarspilduna á Grundarkampi. Í bréfi til sýslumanns 28. apríl 1858 sagðist Jón hafa fengið privatbréf frá Reykjavík með Fransmanninum, þar sem fullyrt væri, að Frakkar hefðu fengið leyfi hjá dönsku stjórninni til að reisa hús í Grundarfirði. „Líka er mér gefið í skyn, að ekki muni vera ráðlegt að neita þeim um „Byggegrund, Virkeplads etc.““ því þar geti verra út af komið.“ Gengið var frá kaupunum 30. júní, og var Árni sýslumaður viðstaddur þau sem notarius publicus. Kaupverð spildunnar, sem Bouriaud keypti fyrir hönd Sylvains Allenou, var 332 ríkisdalir og 32 skildingar. Að vestanverðu var hún $73\frac{1}{2}$ dönsk alin að breidd og takmarkaðist af landamerkjum Kvernár. Hún var $517\frac{1}{2}$ alin á lengd til austurs, en að austanverðu var breidd skikans 101 alin, og var sú lína samsíða vesturmörkum skikans og lá yfir svokallaða Skotþúfu á Grundarkampi. Sjávarmegin (norðanmegin) voru takmörk spildunnar við hæstu sjávarhæð (flóðhæð) og landmegin að hlífðinni, sem lá niður að Grundará, en þar voru litlar vörður, sem afmörkuðu lóðarskikann að sunnanverðu.¹⁷

Þar eð Árni Thorsteinsson hafði haft töluverð afskipti af þessu máli, kvaðst hann í bréfi til amtmanns 20. júlí 1858 hafa haft gott tækifæri til að komast að því, hver væri tilgangur Frakka með þessu fyrirtæki. Sýslumaður taldi sig hafa örugga vissu fyrir því, að Allenou hefði sent Bouriaud til Íslands í því skyni að kaupa lóð á hentugum stað, þar sem hægt væri annars vegar að reisa hús, þar sem geyma mætti veiðarfæri og þess háttar yfir veturinn og hægt væri að búa

skip á veiðar á vorin, og þar sem hins vegar væri unnt að stunda fiskverkun. Ekki þyrfti að taka fram, að Grundarfjörður væri mjög heppilegur staður. Inn-siglingin inn á höfnina væri mjög góð og höfnin sjálf mjög góð vor- og sumarhöfn, og gott vetrarlægi væri fyrir lítil skip í Grundará. Þá væri Grundarkampur mjög hentugur sem fiskverkunar- og byggingarsvæði.

En hvers vegna vildu Frakkar taka sér bólfestu í Grundarfirði? Þegar þeir birtust þar öllum að óvörum vorið 1858, kom það nánast eins og þruma úr heiðskíru loft. Enginn hafði átt von á því, að þeir ætluðu að hasla sér völl þar. Ýmislegt bendir til þess, að Sylvain Allenou útgerðarmaður hafi ekki valið Grundarfjörð sem bækistöð fyrir fiskiskip sín af handahófi, heldur að vel yfir-lögðu ráði. Að því er næst verður komist, komu Frakkar fyrst til Grundarfjarðar árið 1857. Í júnímánuði það ár sigldi franska herskipið *l'Artemise*, sem var að koma frá Dýrafirði, undir stjórn Verons sjóliðsforingja inn á Grundarfjörð, og voru á þriðja hundruð manns innanborðs. Veron mældi upp Grundarfjörð, og var uppdráttur af firðinum, sem byggður var á mælingum hans, gefinn út á prenti árið 1858. Ekki er loka fyrir það skotið, að Veron sjóliðsforingi hafi bent Allenou á, að Grundarfjörður myndi vera heppilegur sem bækistöð fyrir fiskiskip, enda er þar frá náttúrunnar hendi ein besta höfn á norðanverðu Snæfellsnesi og þótt víðar væri leitað. Árið 1858 kom *l'Artemise* aftur til Grundarfjarðar, og í júlímánuði það ár mældi Veron upp Kolgrafafjörð. Uppdráttur af firðinum var gefinn út árið 1860. Leiðsögumaður Verons við mælingarnar árið 1858 var Jónatan Jónsson í Garðshorni í Eyrarsveit.¹⁸

Hinn 6. nóvember 1858 ritaði Árni Thorsteinsson sýslumaður Páli Melsted amtmanni bréf, og kvaðst hann bæði vegna embættisskyldu sinnar og kvartana frá sýslubúum, sem hefðu framfæri sitt að mestu leyti af þorskveiðum, finna sig knúinn til að skýra frá tjóni því, sem fiskveiðar útlendinga uppi í landsteinum hefðu valdið upp á síðkastið. Á hverju vori í byrjun apríl þyrptust fjölmörg útlend fiskiskip, einkum frönsk, á miðin undan Snæfellsnesi og væru þar á veiðum 1/4–4 mílur undan landi. Mætti oft sjá þar á degi hverjum frá því á vorin og fram í ágúst fiskiskip svo langt sem augað eygði. Það væri venja þeirra að vera á veiðum uppi í landsteinum, þar sem von væri fiskjar, og láta síðan reka frá landi. Þá fylgdu þorsktorfurnar fiskiskipunum eftir og færu af þeim miðum, þar sem Íslendingar stunduðu veiðar á arabátum sínum, því að það væri venja hinna frönsku fiskimanna að fleygja samstundis fyrir borð inn-

volsi og hausum. Þar væri því um að ræða æti, sem þorskurinn sækti mjög í. Þetta hefði í för með sér, að íslensku fiskimennirnir fengju varla bein úr sjó vikum saman, eftir að hinir útlendu fiskimenn væru komnir á miðin. Þá hefði það einnig borið við, að útlend fiskiskip hefðu eyðilagt fiskilóðir fyrir íslenskum fiskimönnum. Sýslumaður taldi engan vafa leika á því, að útlendu fiskiskipin ættu sök á því, að veiðar Íslendinga hefðu brugðist gjörsamlega undanfarin tvö vor. Aflabresturinn hefði haft þær afleiðingar, að það jaðraði við hungursneyð í Breiðavíkurbreppi og Neshreppum báðum. Því væri brýnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fiskveiðar Íslendinga.

Þá benti sýslumaður á, að Grundarfjörður væri orðinn bækistöð fyrir frönsk fiskiskip. Því væri ástæða til að óttast lögbrot og brot á eignarrétti, eins og raunin hefði orðið annars staðar á landinu. Einnig væri ástæða til að óttast brot á verslunarlöggjöfinni. Sýslumaður benti á, að aðsetur hans í Stykkishólmi væri of langt frá Grundarfirði til þess að hann gæti haldið uppi árangursríkri löggæslu. Hann taldi nauðsynlegt, að tvö vel vopnuð herskip væru á sveimi undan Vesturlandi á sumrin frá 1. apríl til 31. ágúst til að koma í veg fyrir, að útlend fiskiskip væru á veiðum á fiskimiðum Íslendinga. Sýslumaður var einnig þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að hafa vopnað lið til taks í Grundarfirði til að halda þar uppi lögum og reglu. Ef þær ráðstafanir, sem hann hafði stungið upp á, væru ekki taldar framkvæmanlegar, fór hann fram á, að honum yrði a.m.k. látið í té öflugra lögregluvald í Grundarfirði næsta vor frá miðjum apríl, svo að honum yrði kleift að halda þar uppi lögum og rétti. Að lokum fór sýslumaður þess á leit, að honum yrðu láttnar í té leiðbeiningar um það, hvernig hann ætti að bregðast við, ef útlendir ríkisborgarar óskuðu eftir borgararétti í umdæmi sínu.¹⁹

Dönsk stjórnvöld treystu sér ekki til að láta sýslumanni í té vopnað lið eða sjá til þess, að löggæsla yrði aukin í Grundarfirði. Hins vegar var ákveðið að senda tvö dönsk herskip hingað til lands, eins og segir frá síðar.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins til Páls Melsteds amtmanns 27. júlí 1858 var svarað þeim spurningum, sem amtmaður hafði lagt fyrir ráðuneytið 4. maí sama ár. Ráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt tilskipun frá 17. nóvember 1786 væri ekki unnt að krefjast þess, eins og amtmaður hafði talið, að útlendingur yrði að afsala sér ríkisborgararétti sínum til að öðlast borgararétt hér á landi, enda sýndu aðrar tilskipanir óbeinlínis, að íslenskir borgarar gætu samtímis verið þegnar Danakonungs og einhvers annars konungs. Þeir,

sem öðlast höfðu borgararétt í verslunarstöðum á Íslandi, máttu kaupa land, versla og stunda hverja þá atvinnu, sem þeir vildu. Þeir höfðu og jafnan rétt á við landsmenn að stunda sjávarútveg, en samkvæmt tilskipun frá 13. júní 1787 mátti einungis hafa innlend skip til fiskjar hér á landi, og átti það jafnt við um útlendinga, sem settust að hér á landi og landsmenn sjálfa. Verslunarlögin frá 15. apríl 1854 breyttu engu í þessu efni, en samkvæmt þeim var þó heimilt að flytja fisk, sem var verkaður í landinu, til útlanda á útlenskum skipum, hvort heldur þegnar Danakonungs tækju þau á leigu eða útlendingar sendu þau þangað á sinn kostnað.²⁰

Ekki var laust við, að ýmsum Íslendingum stæði stuggur af umsvifum Frakka hér á landi, eins og ráða má af grein, sem birtist í *Þjóðólfi* haustið 1858. Þar kom fram, að útlendum fiskimönnum var heimilt að stunda veiðar upp að fjórum mílum frá landi, en í greininni var dregið í efa, að þeir héldu sig við þau takmörk. Enginn meinaði þeim að fara nær, og því skyldu þeir þá ekki sigla inn á mið Íslendinga og upp undir landsteina, ef fiskurinn væri mestur þar, enda væri hér í opið og varnarlaust hús inn að ganga. Frönskum fiskiskipum hefði fjölgað mikið við landið, og Frakkar færðu sig á hverju ári æ meira upp á skaftið og gerðu sig sífellt heimakomnari. Þeir lægju á innmiðum íslenskra fiskibáta, uppi í landsteinum og innfjarða, og víst væri, að þetta hefði opnað augu þeirra fyrir því, að hér væru firðir, sem væru bestu skipalegur og jafnvel herskipalegur, sem mætti víggirða. Frakkar væru farnir að leita fast eftir því að ná fótfestu hér á landi til að geta verkað afla sinn og væru farnir að kaupa hér skika af malarkambi við hinar bestu hafnir. Þá sigldu tvö frönsk herskip umhverfis landið á hverju sumri, sjálfsagt í orði kveðnu til þess að gæta réttinda franska fiskimanna, en foringjar hinna frönsku herskipa hefðu á síðari árum ekki farið dult með önnur erindi sín, að ná fótfestu hér við strendurnar og eignast hér lóðir við hinar bestu hafnir, enda væru þeir búnir að mæla flestar þeirra með mestu nákvæmni og gera uppdrætti af þeim. Á þessum höfnum vildu þeir fá að reisa stórkostlegar fiskverkunarbúðir til þess að geta verkað fisk hér á landi og síðan flutt út fisk þann, sem þeir öfluðu á ytri og innri fiskimiðum á mörg hundruð skipum. Fjögurra mílna bannið væri gleymt og fótum troðið, því að aldrei hefðu verið gerðar ráðstafanir til að framfylgja því. Frakkar litu nú á fiskimið Íslendinga nær og fjær sem eign sína. Þeir hefðu náð þessum fingri og héldu dauðahaldi í hann og þætti sjálfsagt að ná allri hendinni.²¹

Frakkar héldu burt frá Grundarfirði í ágúst 1858, og var því allt kyrrt um veturinn. Þeir komu aftur vorið 1859, og dró þá fljótt til tíðinda. Í maíbyrjun barst Árna Thorsteinsson sýslumanni það til eyrna, að nokkur frönsk skip væru komin til Grundarfjarðar og að vörum hefði verið skipað upp úr sumum þeirra. Sýslumaður hélt til Grundarfjarðar 12. maí til að kynna sér málið, og komst hann á snoðir um, að nokkru af timbri hafði verið skipað upp úr tveimur frönskum fiskiskipum frá Paimpol, sem voru í eigu Allenous útgerðarmanns og hétu *Nelly* og *Clementine*. Lögum samkvæmt var þetta ólöglegt, því að skipstjórar skipanna höfðu ekki orðið sér úti um leiðarbréf, eins og þeim bar að gera. Annað skipið, *Nelly*, var farið á veiðar, þegar sýslumaður kom á vettvang, en *Clementine* var enn þá úti á höfninni. Hann varð þess vísari, að upp úr skipunum hafði verið skipað nokkru af timbri og bjálkum og dálitlu af böndum, og var þessi viður ætlaður til einnar hæðar timburhúss, sem var 14 álnir á lengd og 8–9 álnir á breidd.

Þegar sýslumaður benti Bouriaud á, að hér væri um lögbrot að ræða (lög frá 1854 um verslunarfrelsi), svaraði sá síðarnefndi því til, að ekki væri sanngjarnt að krefjast greiðslu lestagjalds af skipunum, þar sem timbur það, sem hafði verið skipað upp úr þeim, væri ekki ætlað til sölu, heldur til smíði húss. Bouriaud féllst á að greiða til bráðabirgða lestagjald fyrir *Clementine*, 38 ríkisdali, 2 ríkisdali fyrir hverja rúmlest skipsins, en það var 19 danskar rúmlestir að stærð. Að öðru leyti var málinu skotið til úrskurðar Vesturamtsins. Páll Melsted amtmaður vísaði málinu til dómsmálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn með bréfi dagsettu 31. maí 1859. Hann óskaði eftir úrskurði ráðuneytisins, hvort sekta ætti Bouriaud fyrir ætlað brot á verslunarlöggjöfinni eða ekki. Amtmaður lét í ljós þá skoðun sína, að hugsanlega bæri að láta sekt falla niður, m.a. vegna ókunnleika Bouriaud á verslunarlöggjöfinni, og eins virtist honum réttast að fara varlega að Frökkum til að gefa ekki tilefni til þess að upp kæmu óþægilegar deilur.

Úrskurður ráðuneytisins var á þá leið, að rétt væri að sekta Bouriaud um 10 ríkisdali til sveitarsjóðs Eyrarsveitar, einkum vegna þess að hann gaf ekki yfirvöldum neina vísbendingu um það, þegar skipin komu til Grundarfjarðar, jafnvel þótt þau mættu ekki koma þangað að lögum beinlínis frá útlöndum, en lét hins vegar skipa leyfislaust á land nokkrum hluta af farmi þeirra. Þar eð einnig hefði átt að kaupa íslenskt leiðarbréf handa skipinu *Nelly*, fól ráðu-

neytið amtmanni að biðja sýslumann að reyna að ná hinu lögboðna lestagjaldi af skipi þessu hjá Bouriaud.²²

Meðan beðið var eftir úrskurði ráðuneytisins, bar það til tíðinda, að Jón Daníelsson borgari ritaði sýslumanni tvö bréf hinn 18. maí 1859. Í hinu fyrra sagði m.a. á þessa leið: „Smátt gengur byggingin hjá Frökkum og sýnist mér það allt vera í klúðri og vanefnum. Skipin eru nú öll burt í bráð.“ Í seinna bréfinu taldi Jón upp þær reglur, sem nauðsynlegt væri að setja vegna umgengni Frakka á kaupstaðarlóðinni og í nágrenni hennar. Samkvæmt því átti að banna Frökkum veiðiskap í Grundará og við land nema með samþykki Jóns, þeir mættu ekki snerta kýr, hesta og sauðfé eða gera nokkurt ónæði eða styggð, þeim væri bannað að ganga yfir tún eða jörð, sem ætti að yrkja, selaskot við landið og fuglaskot á landi væru þeim bönnuð án leyfis frá Jóni, og fyrir ýmsan átroðning, vatn, þvott o.s.frv. áskildi Jón sér 4 ríkisdali fyrir hvert skip, sem kæmi til Grundarfjarðar, en borga mætti í fleiru en peningum eftir samkomulagi.²³

Í byrjun ágúst 1859 dró enn til tíðinda í Grundarfirði, en hinn 5. þess mánaðar kom þangað fiskiskipið *Clementine* beina leið frá Bordeaux í Frakklandi. Árni Thorsteinsson sýslumaður krafði skipstjóra skipsins um íslenskt leiðarbréf og bannaði honum að flytja í land nokkuð af farmi skipsins, fyrr en búið væri að greiða hið fulla lestagjald, sem ákveðið var með lögum 15. apríl 1854, en það voru 2 ríkisdalir af hverju dönsku lestarrými í skipinu, eins og áður hefur komið fram. Bouriaud var hins vegar þeirrar skoðunar, að sýslumaður hefði rangt fyrir sér, þegar hann heimtaði íslenskt leiðarbréf og lestagjald samkvæmt áðurnefndum lögum. Máli sínu til stuðnings benti Bouriaud á, að skip það, sem um væri að ræða, væri fiskiskúta, sem hefði ekki komið til Grundarfjarðar í neinum verslunarerindum, heldur einungis í þeim tilgangi að leggja nokkuð af farmi sínum upp á lóð þá, sem verslunarhús S. Allenou í Paimpol ætti þar. Hefðu þessir hlutir sumpart verið ætlaðir honum sjálfum til eigin nota og sumpart tveimur frönskum klerkum, sem væru þar til húsa.

Þar eð verslunarhúsið hefði þannig aðeins ætlað að hagnýta sér eign sína, en alls ekki ætlað að versla með skipsfarminn, fór Bouriaud þess á leit, að skip það, sem í hlut átti, yrði undanþegið að greiða lestagjald það, sem krafist hafði verið, eða þá að gjaldið yrði a.m.k. lækkað svo, að það samsvaraði lestarrými því, er þeir hlutir fylltu í skipinu, sem voru fluttir í land úr því. Eftir nokkra

samninga milli sýslumanns og L. Bouriaud var málið útkljáð þannig, að Bouriaud var heimilt að flytja í land í Grundarfirði án þess að greiða lestagjald alla þá búshluti og vistir, sem tilgreindar voru á farmskrá skipsins, að undanskildum rúmlega 26 smálestum af salti, sem skyldi flutt í aðrar franskar fiskiskútur.

Bouriaud skaut málinu til dómsmálaráðuneytisins og óskaði úrskurðar um það, hvort yfirboðara sínum, S. Allenou, væri ekki heimilt að flytja í land í Grundarfirði á lóð þá, sem hann ætti þar, sérhvað það, sem snerti skip hans eða háseta, það sem veiddist eða það sem með þyrfti til fiskveiðanna, t.d. timbur, salt, lýsi, fisk o.fl., án þess að þurfa að greiða lestagjald það, sem ákveðið var að kaupför greiddu, eða að öðrum kosti hvort þetta væri ekki leyfilegt með því móti, að greitt væri fyrir skipin það gjald, sem samsvaraði lestarúmi því, sem það, sem flutt væri í land, fyllti í skipunum.²⁴

Páll Melsted amtmaður sendi dómsmálaráðuneytinu bænarskrá Bouriaud og álitsskjal sýslumannsins 25. október 1859 og óskaði þess um leið, að danski sendiherrann í París eða kjöræðismaður yrði látinn tilkynna hlutaðeigendum í Frakklandi úrskurð dómsmálaráðuneytisins í máli þessu. Kvaðst amtmaður hafa orðið þess áskynja, að Frakkar, sem kæmu til Grundarfjarðar, þættust hafa mætt minni greiðvikni hjá yfirvöldum hér á landi en þeir myndu hafa hlotið af hálfu stjórnarinnar, ef þeir hefðu snúið sér beint til hennar.

Svar dómsmálaráðuneytisins var á þá leið með tilvísun í lög og reglugerðir um fiskveiðar og verslun, að eftir ströngum rétti hefði átt að vísa burt hinum útlendu fiskimönnum, sem komu til Grundarfjarðar. Það væri einnig öldungis ljóst, að þeir mættu ekki flytja á land neitt af skipsfarmi sínum, hvort heldur það væri kaupeyrir eða sjávarafli, nema því aðeins að þeir svöruðu hinu lögboðna lestagjaldi. Þar eð þeir hefðu alls engan rétt til fiskveiða á Íslandi væri þeim enn síður heimilt að flytja þangað þá hluti, sem þeir þyrftu með til fiskveiða, t.d. timbur, salt, veiðarfæri o.fl., nema þeir yrðu sér úti um íslenskt leiðarbréf og greiddu gjald það, sem danskir og íslenskir þegnar yrðu að greiða, þegar eins stæði á. Að mati ráðuneytisins var því full ástæða til fyrir sýslumann, þegar hann synjaði formanni skips þess, er í hlut átti, að flytja á land salt það, sem nefnt var í farmskránni og ætlað var fiskiskútum verslunarhússins, þeim er væru á veiðum við Ísland, nema svarað væri lestagjaldi af öllu lestarúmi skipsins.

Ráðuneytið svaraði játandi því atriði, hvort sýslumaður hefði haft rétt fyrir sér í því, þegar hann heimtaði lestagjald af hlutaðeiganda, áður en hinir aðrir hlutir, sem nefndir voru í bréfi Bouriaud og ekki mætti álíta kaupeyri, væru fluttir á land. Þar eð verslunarlögin heimiluðu ekki með nokkru móti, að lestagjaldið væri lækkað að nokkru leyti, eins og beðið væri um í bréfi Bouriaud, var það niðurstaða dómsmálaráðuneytisins að hafna yrði allri málaleitun hans. Það ráðuneytið amtmann að tilkynna Bouriaud þetta og brýna fyrir honum, að bannað væri að hafa útlend skip til fiskveiða á Íslandi og flytja afla þeirra þar á land og því síður mætti verka fiskinn þar. Einnig ætti að láta Bouriaud vita, að útlend fiskiskip ættu ekki einu sinni rétt á því að koma á aðrar hafnir en þær, sem nefndar voru í 2. gr. laga 15. apríl 1854, en kæmu þau í öðrum erindum, hlytu þau, áður en leyft væri að flytja af skipi eða á nokkurn tollskyldan hlut, að kaupa íslenskt leiðarbréf samkvæmt hinum almennu ákvæðum í 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. Að endingu lét ráðuneytið þess getið, að ekki þætti næg ástæða til að láta hlutaðeigendur í Frakklandi fá vitneskju um úrskurðinn beina leið þangað, því í formlegu tilliti virtist það réttast, að amtið birti erindreka verslunarhússins úrskurð dómsmálaráðuneytisins vegna bréfs hans.

Sýslumaður birti L. Bouriaud úrskurð dómsmálaráðuneytisins frá 14. október 1859 og 8. febrúar 1860 með bréfum 4. apríl og 21. maí 1860. Í framhaldi af því greiddi Bouriaud sýslumanni samtals 153 ríkisdali og 72 skildinga í sekt og lestagjöld hinn 22. maí 1860. Það var sundurliðað þannig: 10 ríkisdala sekt til fátækra sjóðs Eyrarsveitar vegna ólöglegrar uppskipunar, 62 ríkisdala lestagjald fyrir skipið *Nelly*, 2x38 ríkisdala lestagjald fyrir skipið *Clementine* og 5 ríkisdalir og 72 skildingar í afgreiðslugjald vegna ofan nefndra fiskiskipa.²⁵

Eins og greint var frá hér að framan, höfðu bæði Páll Melsted amtmáður og Árni Thorsteinsson sýslumaður lagt það til við yfirvöld árið 1858, að dönsk herskip yrðu send hingað til lands yfirvöldunum til halds og trausts í þeirri viðleitni að hafa gætur á framferði Frakka og styrkja þau til að koma í veg fyrir yfirgang þeirra. Þessi beiðni bar þann árangur, að sumarið 1859 sendu dönsk yfirvöld hingað til lands herskipið *Örnin*, m.a. til þess að hafa gætur á frönskum fiskiskipum hér við land. *Þjóðólfrur* greindi frá, að franska herskipið *l'Artemis* hefði komið til Reykjavíkur 3. júní, en siglt vestur strax daginn eftir, og var getum að því leitt, að svo bráður bugur hefði verið undinn að brottförinni frá Reykjavík, vegna þess að herskipið *Örnin* var nýfarið frá Reykjavík til

Grundarfjarðar og Dýrafjarðar, þar sem frönsku fiskiskúturnar héldu sig helst. Hinn 5. júní kom annað danskt herskip til Reykjavíkur, korvettan *Valkyrien*. Framhald varð á eftirliti danskra herskipa með frönsku fiskiskipunum. Í júní-byrjun 1860 kom danska herskipið *Heimdal* til Reykjavíkur. Það hélt skömmu síðar til Grundarfjarðar og Stykkishólms. Seinna í sama mánuði kom franska herskipið *l'Artemis* til Reykjavíkur, og var það hér við land fram í miðjan júlí. Þetta var upphafið að því, að dönsk herskip voru við eftirlit hér við land á sumrin.²⁶

Í júnílok 1860 barst Árna Thorsteinsson sýslumanni sá kvittur til eyrna, að fiski hefði verið skipað upp úr tveimur frönskum fiskiskipum í Grundarfirði. Hann skýrði amtmanni frá þessu með bréfi 28. júní og taldi víst, að verka ætti fiskinn á lóð þeirri, sem verslunarhús S. Allenou átti þar í plássinu. Sýslumaður gat þess, að ef réttarpróf yrðu haldin í málinu, væri nauðsynlegt að skipa frönskumælandi túlk, sem væri viðstaddur prófin og gæti túlkað fyrir Bouriaud og menn hans. Sýslumaður kvaðst ekki treysta sér til þess vegna skorts á færni í að tala frönsku. Hins vegar kvaðst hann ekki vita til þess, að völ væri á nokkrum frönskumælandi manni í lögsagnarumdæminu, en unnt væri að ráða bót á því með því að skipa mann mæltan á latínu sem túlk, því að Bouriaud talaði latínu, en varla nokkur af þeim þremur Frökkum, sem voru auk hans í Grundarfirði þá um sumarið. Þess má geta, að sum bréf þau, sem Árni Thorsteinsson skrifaði L. Bouriaud voru á latínu.

Amtmaður fól sýslumanni að halda þegar í stað til Grundarfjarðar og rannsaka málið, enda væri það lögbrot að skipa upp fiski og verka hann og hefði Bouriaud verið bent á það oft en einu sinni. Við rannsókn sýslumanns kom í ljós, að hvíksögur þær, sem verið höfðu á kreiki um uppskipun á fiski úr frönskum fiskiskútum, voru tilhæfulausar með öllu. Þetta kom á daginn, þegar sýslumaður spurðist fyrir um þetta meðal íbúa Eyrarsveitar. Bouriaud neitaði því með öllu, að fiski hefði verið skipað upp úr skipunum, og til sanninda-merkis um það bauð hann sýslumanni að leita í franska húsinu, og bar sú leit engan árangur.²⁷

Í skjöllum Snæfellsnessýslu má sjá, að Árni Thorsteinsson sýslumaður gaf tvívegis út leiðarbréf handa fiskiskipinu *Clementine*, 38 ríkisdali í hvort skipti, og var fyrra skiptið 15. maí 1860. Síðar um sumarið, hinn 25. ágúst skrifaði Bouriaud Páli Melsted amtmanni bréf og fór þess á leit við hann, að hann mætti

láta skipa upp úr *Clementine* salti í Grundarfirði, án þess að skipið þyrfti fyrst að koma til Stykkishólms til að sýna skipsskjöl og kaupa íslenskt leiðarbréf, þar eð að öðrum kosti gæti skipið tafist á leið sinni til Frakklands með rúmlega 30 sjómenn. Amtmaður féllst á að veita þessa undanþágu gegn því að Bouriaud sendi tafarlaust til Stykkishólms eftir að skipið var komið til Grundarfjarðar með skipsskjölin og borgun fyrir að rita á þau og fyrir íslenskt leiðarbréf. Að því búnu væri heimilt að skipa saltinu upp í Grundarfirði. Árni Thorsteinsson sýslumaður tilkynnti Bouriaud þetta með bréfi á latínu 28. ágúst 1860, og greiddi hann fyrir leiðarbréfið 1. september.²⁸

Ári síðar, 27. júlí 1861, gaf sýslumaður út leiðarbréf handa fiskiskútunni *Clementine* og skipstjóra hennar, Dauphin frá Paimpol. Samkvæmt því var skipað upp salti úr skútunni í Grundarfirði í júlilok 1861. Samkvæmt verslunarskýrslum flutti Þorbjörn Helgason kaupmaður í Grundarfirði út ull með *Clementine* sumarið 1861. Þessi farmur átti upphaflega að fara með skipinu Ernest, sem hafði fært Þorbirni útlendan varning þá um sumarið, en einhverra hluta vegna var ullin send til útlanda með *Clementine*. Með skipinu fóru einnig 1400 kg af þorski á vegum L. Bouriaud, sem franskt fiskiskip hafði veitt. Þess má einnig geta, að síðast er vitað með fullri vissu um Bouriaud í Grundarfirði sumarið 1861.²⁹

Nú liðu nokkur ár, án þess að nokkuð væri minnst á umsvif Frakka í Grundarfirði í skjölum Snæfellsnessýslu og Vesturamtsins. Hinn 2. nóvember 1867 auglýsti Præben Böving sýslumaður upp úr þurru, að því er virðist, uppboð í Stykkishólmi á alls kyns glingri í eigu Sylvains Allenou. Þar var um að ræða bæði hand- og eyrnahringa, brjóstnálar, krossa, hjörtu og annað þvíumlíkt, „allt úr frönsku gulli,“ eins og sagði í uppboðsauglýsingunni, en í uppboðsbókinni voru gripirnir sagðir vera ýmislegir hringar, brjóstnálar, keðjur o.s.frv., „allt af semidór,“ en það er eins konar málmblandingur. Ekki er vitað, hvernig á þessum gripum stóð en þeir seldust fyrir 10 ríkisdali.

Nokkrum mánuðum síðar, í mars 1868, fóru hjólin að snúast á nýjan leik. Þá skrifaði Bergur Thorberg amtmaður Böving sýslumanni bréf þess efnis, að honum hefði borist til eyrna, að á undanförnum árum hefði salti verið skipað upp úr nokkrum frönskum fiskiskipum í Grundarfirði og það flutt í hús það, sem Frakki nokkur ætti þar og síðan flutt aftur um borð í frönsk fiskiskip og notað þar til að salta fisk. Amtmaður benti á, að ekki hefðu verið keypt íslensk leiðarbréf vegna þessara skipa, og því væri þetta athæfi brot á verslunarlöggjöfinni

frá 1854. Hann fól sýslumanni að afla nánari upplýsinga um þetta og sjá til þess, að slíkt endurtæki sig ekki.

Böving sýslumaður kvað sér allsendis ókunnugt um þetta, enda hefðu sér engar tilkynningar borist frá hreppstjórum Eyrarsveitar um uppskipun á salti í Grundarfirði. Sjálfur kvaðst hann ekki hafa heyrt minnst á þetta á ferðum sínum í Grundarfirði og ekki orðið var við neitt slíkt, enda hefði franska húsið verið tóm, að því er hann hefði komist næst. Þetta var ekki alls kostar rétt, því að í nóvember 1867 áfrýjaði Þorbjörn Helgason, borgari í Grundarfirði og umboðsmaður Sylvains Allenou, til sýslumanns útsvari, sem hreppstjórnir í Eyrarsveit höfðu lagt á franska húsið, en þar var einmitt minnst á, að salti hefði verið skipað upp í húsið. Nánar segir frá þessu máli hér á eftir.

Það vekur athygli, að þegar Bergur Thorberg amtmaður fór á stúfana í mars 1868, voru liðin tæp sjö ár frá því að síðast var getið um uppskipun á frönsku salti í Grundarfirði. Hins vegar er ljóst, að öll þessi ár hefur verið skipað upp salti í franska húsið, án þess að yfirvöldum hafi verið kunnugt um það eða að þau hafi skipt sér af því. Skýringin á ókunnugleika yfirvalda er sú, að vorið 1861 andaðist Páll Melsted amtmaður og Árni Thorsteinsson sýslumaður tók við embætti landfógeta og bæjarfógeta í Reykjavík sama ár. Eftirmönnum þeirra virðist ekki hafa verið kunnugt um umsvif Frakka í Grundarfirði. A.m.k. kom Böving sýslumaður af fjöllum, þegar Bergur Thorberg amtmaður krafði hann skýringar á málinu.³⁰

Böving sýslumaður skrifaði hreppstjórunum í Eyrarsveit, Jóni Thorsteinsson í Krossnesi og Stefáni Daníelssyni á Grund, og bað þá um nánari upplýsingar viðvíkjandi þessu máli. Hann lagði ríkt á við þá, að þeir hefðu vakandi auga með því, að ekki væri brotið á móti gildandi lögum, en samkvæmt þeim mættu útlend skip, hvort heldur þau væru kaupskip eða fiskiskip, ekki flytja neitt í land, hvorki af skipsfarminum né sjávarafla sínum eða af þeim hlutum, sem þau þyrftu með til fiskveiða, t.d. salt, veiðarfæri og timbur, án þess að kaupa íslenskt leiðarbréf. Sýslumaður bað hreppstjórana að tilkynna sér, ef brotið væri gegn þessum lögum. Hann bað þá einnig að útvega sér áreiðanlegar upplýsingar, ef útlend skip hefðu undanfarin ár flutt í land þess konar hluti, er að ofan voru nefndir, um nöfn skipanna og skipstjóranna, hvar skipin ættu heima og hverjir væru eigendur þeirra.

Hreppstjórnir kváðust hafa orðið vitni að því undanfarin ár, að þorsk-

veiðiskip hins franska manns, sem ætti hús í Grundarfirði, hefðu haft þann vana að losa það, sem þau hefðu haft afgang af salti, þegar þau hættu fiskveiðum hér við land á sumrin. Stundum hefði einnig verið flutt nokkuð út á skipin aftur, og eins höfðu hreppstjórnarnir séð frönsku sjómennina flytja á land smávegis af timbri og tjöru til franska hússins. Frá sumrinu 1865 til sama tímabils árið eftir hefðu þeir einnig flutt á land og geymt í húsinu nokkur þúsund faðma af fisk- eða silungsnetum. Nöfn á skipum þeim, sem hreppstjórnarnir vissu fyrir víst, að höfðu flutt salt á land í franska húsið, voru þessi:

1865 og 1866: *Quatres Frères* (skipstjóri Rolland), *Napoleon* (skipstjóri L'Egail) *Providence* (skipstjóri Duscen)

1867: *Napoleon* (skipstjóri Suvaraux) *Providence* (skipstjóri Cosanic).

Öll voru skip þessi í eigu Sylvains Allenou í Paimpol. Að lokum gátu hreppstjórnarnir þess, að töluvert af salti þessu væri geymt í franska húsinu í Grundarfirði.³¹

Böving sýslumaður skýrði amtmanni frá þessu og spurðist fyrir um, hvað hann ætti að gera frekar í málinu. Amtmaður fól honum að halda lögreglurétt í málinu, þannig að óyggjandi vissa fengist um lögbrot Frakka. Síðan yrði reynt að innheimta hjá hinum brotlegu lestagjöld og sektir. Ef það tækist ekki, yrði málinu skotið til dönsku stjórnarinnar og reynt að leysa það fyrir milligöngu hennar. Amtmaður fól sýslumanni einnig að leggja löghald á varning þann, sem kynni að vera í franska húsinu.

Á manntalsþingi í Grundarfirði 7. júní 1868 spurðist Böving sýslumaður fyrir um það, hvort einhver gæti gefið upplýsingar um það, hver þau frönsku skip og skipstjórnar hefðu verið, sem hefðu lagt upp salt í franska húsið. Stefán Daníelsson hreppstjóri var sá eini, sem kvaðst geta gefið upplýsingar um málið, og bar öllum saman um það.

Í framhaldi af þessu setti Böving sýslumaður lögreglurétt að Grund 10. júní. Kom þá fyrir réttinn Stefán Daníelsson hreppstjóri og bóndi á Grund. Hann skýrði svo frá, að árið 1865 hefði franska fiskiskipið *Quatres Frères*, skipstjóri Roland, losað salt í franska húsið í Grundarfirði, en Stefán gat ekkert sagt um, hve mikið það hefði verið. Hann minnti, að árið 1866 hefðu þrjú fiskiskip losað salt í þetta sama hús og tekið það aftur. Ekki mundi hann þó fyrir víst, hvort

einungis eitt eða fleiri skip fluttu saltið um borð aftur, en hann minnti, að þau hefðu verið þrjú, sem fluttu salt í land. Nöfn þessara skipa voru *Quatres Frères*, skipstjóri Cosanic, *Napoleon*, skipstjóri L'Egail og *Providence*, skipstjóri Duscen. Árið 1867 komu þessi sömu þrjú skip, og tvö af þeim, *Napoleon* og *Providence*, fluttu salt í land. Skipstjórinn á *Napoleon* hét Souar og á *Providence* Cosanic. Fiskiskipið *Quatres Frères*, skipstjóri Roui, flutti salt um borð úr húsinu. Hve mikið salt hefði verið flutt um borð eða í land í hvert skipti eða af hverju skipi, gat Stefán ekki sagt til um. Einnig höfðu Frakkar geymt um stund í húsinu mikið af þorska- eða silunganetum, en að öðru leyti höfðu Frakkar hvorki flutt veiðarfæri, fiskinn, sem þeir veiddu, eða verslunarvörur í land. Stefán kvaðst ekki með vissu geta sagt, hve stór þessi skip höfðu verið, og hann vissi ekki heldur, að þetta var óleyfilegt.

Sama dag, 10. júní 1868, setti Böving sýslumaður fógetarétt í franska húsinu. Var þá fyrir tekið samkvæmt skipun amtmanns í bréfi frá 1. maí 1868 að leggja löghald á salt það, sem hafði verið lagt þar upp ólöglega af frönsku fiskiskipunum. Á lofti hússins voru fáeinir diskar í kassa, nokkurt kassarúsl og fáein borð. Í einu herbergi í stofunni niðri voru fáeinar tómar tunnur, í öðru þrjár stólar, eitt rúmstæði, eitt gamalt segl og nokkurt rusl. Eitt herbergi var fullt af salti að sögn vitnisins Stefáns Daníelssonar. Þó gat hann ekki sagt með vissu, hvort það var alveg fullt, því að ekki var hægt að komast inn í herbergið, þar eð dyr þess voru læstar að innanverðu og saltið látið inn í gegnum lúgu fyrir utan, sem Frakkar höfðu neglt aftur. Fógeti innsiglaði dyrnar á þessu stofuherbergi með innsigli sýslunnar og lúguna einnig. Í öðru herbergi voru 20–30 tunnur af salti, og voru dyr þess einnig innsiglaðar. Því næst lýsti fógeti lög-haldi yfir saltinu og bað vitnið Stefán Daníelsson, að tilkynna hinum hlutaðeigandi frönsku skipstjórum, ef þeir kæmu til Grundarfjarðar, að þeim væri bannað að taka saltið eða farga því að viðlagðri hegningu.³²

Sýslumaður greindi amtmanni frá þessu í bréfi 13. júlí 1868 og gat þess m.a., að hann hefði boðið Stefáni Daníelssyni hreppstjóra að gera sér viðvart, ef einhver af þeim skipum, sem salti hefði verið skipað upp úr ólöglega, kæmu til Grundarfjarðar, svo að unnt væri að höfða mál gegn skipstjórum þeirra. Ekkert þeirra væri enn komið til Grundarfjarðar og heyrst hefði, að frönsku fiskiskipin hefðu leitað til Vestfjarða, en fá þeirra komið til Grundarfjarðar. Ástæðan til þess væri sú, að sumarið 1867 hefði franskt fiskiskip rekist á blindsker, sem

menn hefðu ekki vitað um og sokkið strax. Þetta hefði hrætt aðra franska fiskimenn frá því að koma til Grundarfjarðar. Áður en sýslumaður hélt frá Grundarfirði, skrifaði hann, eins vel og hann gat, nokkrar línur á frönsku til að skýra frönsku skipstjórunum frá því, að þeim væri óheimilt að skipa upp salti, nema kaupa fyrst íslenskt leiðarbréf. Einnig tilkynnti hann þeim, að löghald hefði verið lagt á saltið í franska húsinu og þeir yrðu dregnir fyrir rétt, ef þeir hreyfðu við því.

Amtmaður skrifaði dómsmálaráðuneytinu 18. sept. 1868 og greindi frá því, sem hafði gerst. Hann fór þess á leit við ráðuneytið, að leitað yrði atbeina utanríkisráðuneytisins við að krefjast þess af eiganda skipanna, að hann greiddi lestagjöld af þeim og hæfilega sekt vegna lögbrota þeirra, sem framin höfðu verið. Dómsmálaráðuneytið varð við þessari beiðni amtmanns. Utanríkisráðuneytið danska skoraði á Sylvain Allenou í Paimpol, eiganda umræddra fiskiskipa, að greiða af sjálfsdáðum hið lögboðna lestagjald og að auki sekt fyrir lagabrot þetta, sem dómsmálaráðuneytið þóttist eftir málavöxtum geta ákveðið 10 ríkisdali fyrir hvert skip, en það var minnsta hegning, sem gert var ráð fyrir í lögum frá 15. apríl 1854. Danski ræðismaðurinn í Nantes skrifaði S. Allenou tvívegis vegna áskorunar ráðuneytisins, en fékk ekkert svar, enda þótt hann vissi fyrir víst, að Allenou hefði a.m.k. borist seinna bréfið. Í tilefni af þessu skrifaði dómsmálaráðuneytið amtmanni og greindi honum frá málalokum. Ráðuneytið bað amtmann, ef næðist í þessi skip, að gera viðeigandi ráðstafanir til að bæði lestagjöldin af skipunum og eins sektir þær, sem að ofan var getið, yrðu goldnar, enda mætti ganga að því vísu, að Allenou væri ófánlegur til að greiða lestagjöldin og sektirnar.³³

Til er önnur heimild, þar sem kemur fram, að Allenou hafði fengið fregnir af því, að löghald hafði verið lagt á saltið. Hinn 29. janúar 1869 skrifaði Þorbjörn Helgason borgari í Grundarfirði, sem var umboðsmaður S. Allenou, Böving sýslumanni bréf, þar sem hann fór fram á, að sýslumaður léti sér í té eftirrit af löghaldsgerð þeirri, sem fram fór 10. júní 1868 á saltinu í franska húsinu og af bréfi amtsins til sýslumanns 1. maí 1868, þar sem mælt var fyrir um löghaldið. Skýringin á þessari beiðni Þorbjörns var sú, að Sylvain Allenou hafði skrifað honum og skorað á hann að útvega sér sannanir fyrir því, að yfirvöld í Snæfellsnessýslu hefðu lagt hald á saltið í franska húsinu. Sýslumaður varð við beiðni Þorbjörns, og hann hefur væntanlega sent Allenou skjölin.

Hinn 18. febrúar 1870 skrifaði Þorbjörn Helgason Bergi Thorberg amtmanni bréf vegna franska saltsins. Þorbjörn gerði að umtalfsni löghald það, sem hafði verið lagt á saltið. Hann kvaðst hafa verið fjarverandi, þegar það fór fram og því ekki hafa getað skýrt sýslumanni frá því, að hann ætti af téðu salti bátsfarn, sem Doysen skipstjóri hefði gefið sér árið 1867 fyrir ýmsa aðstoð, sem hann hafði veitt þeim skipum, sem Doysen var umsjónarmaður yfir fyrir Allenou. Þorbjörn gat ekki tekið við þessari saltgjöf í sitt eigið hús og fékk því leyfi hjá Doysen að geyma salt sitt saman við annað salt í franska húsinu og taka það þaðan, þegar hann þyrfti með. Því leitaði Þorbjörn aðstoðar amtmanns til að ná eign sinni, sem hann kvaðst þarfnast nauðsynlega, út úr húsinu. Til sannindamerkis um að hann færi með rétt mál, lét Þorbjörn fylgja bréfi sínu vottorð frá Stefáni Daníelssyni hreppstjóra, þar sem frásögn Þorbjörns var staðfest. En þrátt fyrir það fékk Þorbjörn ekki saltið, og tilkynnti amtmaður honum það munnlega.³⁴

Sylvain Allenou sneri sér til franskra stjórnvalda með beiðni um liðsinni þeirra vegna löghaldsins á saltinu, og í framhaldi af því ritaði franskri sendiherrann í Kaupmannahöfn danska utanríkisráðherra um bréf 7. maí 1869. Fór hann annars vegar þess á leit, að Allenou mætti vera undanþeginn því að greiða bæði lestagjald, sem bar að gjalda af skipum hans og sektir þær, sem mælt var fyrir um í lögum 15. apríl 1854, og að löghald, sem lagt hafði verið á vörurnar, sem skipað hafði verið upp í Grundarfirði, til tryggingar sektum og lestagjaldi, yrði látið niður falla. Hins vegar mæltist franskri sendiherrann til þess, að framvegis yrði frönskum fiskiskipum leyft, án þess að borga vörugjald, að leggja upp á Íslandi muni þá, sem þau þyrftu til atvinnu sinnar, með þeim skilyrðum, að ekki væri stunduð ólögleg verslun.

Dönsk stjórnvöld urðu við síðari ósk sendiherrans með útgáfu tilskipunar um fiskveiðar útlendinga við Ísland 12. febrúar 1872, en hins vegar sá dómsmálaráðuneytið ekki ástæðu til að taka til greina það, sem sendiherrann hafði farið fram á viðvíkjandi Allenou. Af saltinu er það að segja, að Bergur Thorberg amtmaður óskaði eftir með bréfi 30. sept. 1869 fyrir mælum dómsmálaráðuneytisins um það, hvað gera ætti við saltið. Svar ráðuneytisins var á þá leið, að saltið skyldi fyrst um sinn vera áfram í franska húsinu. Amtmaður skrifaði ráðuneytinu á nýjan leik 17. nóv. 1871 og skýrði frá því, að saltið hefði þegar rýrnað talsvert og myndi rýrna enn meira, ef það lægi lengur í franska húsinu,

enda væri húsið bæði ótraust og lekt, en hins vegar gæti það ekki borgað sig að flytja saltið í annað hús. Þess vegna spurðist amtmaður fyrir um það, hvort amtið ætti að gera ráðstafanir til að selja saltið. Dómsmálaráðuneytið fól amtmanni með bréfi 19. jan. 1872 að sjá um, að saltið yrði selt á opinberu uppboði, eins fljótt og auðið yrði. Í framhaldi af þessu lagði amtmaður fyrir sýslumann að selja saltið á opinberu uppboði hið allra fyrsta. Hann lét þess getið, að til þess að meiri von væri til þess að viðunandi boð fengist, væri hagfelldast að hafa það í uppboðsskilmálunum, að áreiðanlegum kaupendum yrði veittur átta vikna greiðslufrestur.³⁵

Skúli Magnússon sýslumaður hélt uppboð á saltinu í Grundarfirði að afloknu manntalsþingi 12. júní 1872. Þá voru liðin fjögur ár frá því að löghald hafði verið lagt á saltið, en því hafði verið skipað upp í húsið sumarið 1867, þannig að það hafði verið í húsinu í fimm ár, þegar uppboðið var haldið. Fyrir bragðið hafði saltið rýrnað mikið. Samkvæmt uppboðsbókinni var saltið í tveimur herbergjum í húsinu, suðurherberginu, þar sem bróðurparturinn af því var, og norðvesturherberginu. Samtals seldist saltið fyrir 73 ríkisdali og 44 skildinga. Frá þeirri upphæð dróst kostnaður að upphæð 6 ríkisdalir og 32 skildingar vegna mælingar á saltinu og afhendingar þess, sem Stefán Daníelsson annaðist, þannig að samtals fengust fyrir saltið 67. rd. 12 sk. Að sögn amtmanns var saltið mjög illa farið, og því var hann ánægður með, hve mikið hafði fengist fyrir það. Hann þakkaði það góðæri í efnahagsmálum („de heldigste Konjunkter“) og miklum skorti á salti í nærliggjandi verslunarstöðum.

Að mati dómsmálaráðuneytisins var þessi upphæð viðunandi borgun miðað við það, hvernig saltið var á sig komið. Upphæðin var þó naumast meira en hér um bil $1/2$ af lestagjaldi því, sem greiða átti af skipum þeim, sem í hlut áttu, en á hinn bóginn samsvaraði hún lægstu sektum samkvæmt 9. gr. í lögum 15. apríl 1854, svo að aðeins munaði 2 rd. 84 sk. Því komst dómsmálaráðuneytið að þeirri niðurstöðu, að sektirnar mætti greiða með því, sem fékkst fyrir saltið á uppboðinu og skyldi féð renna til fátækra sjóðs Eyrarsveitar. Að öðru leyti ákvað dómsmálaráðuneytið, að sökin mætti falla niður, einkum vegna þess að svo langur tími var liðinn frá því, að afbrotið var drýgt, og einnig vegna þess að önnur lög giltu um þetta þá. Þess vegna mæltist dómsmálaráðuneytið til við utanríkisráðuneytið, að það skýrði franska sendiherranum frá þessum úrskurði ráðuneytisins. Í samræmi við ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skoraði

Bergur Thorberg amtmaður á Skúla Magnússon sýslumann að borga hreppstjórunum í Eyrarsveit ofanefnda upphæð, 67 rd. 12 sk., bjóða þeim að færa hana með tekjum í næsta kostnaðarreikningi og senda sér hið fyrsta kvittun þeirra fyrir móttöku peninganna. Sýslumaður greiddi Eyrarsveit ofanefnda fjárhæð í ársbyrjun 1873.³⁶

Útsvar lagt á franska húsið

Haustið 1867 fóru hreppstjórnir í Eyrarsveit, Jón Thorsteinsson og Stefán Daníelsson, að velta því fyrir sér, hvort Sylvain Allenou bæri ekki að greiða eitthvað til sameiginlegra þarfa sveitarfélagsins, þar sem hann átti lóð og hús í Grundarfirði og fiskiskip á hans vegum lögðu upp salt og veiðarfæri í franska húsið. Niðurstaðan af bollaleggingum hreppstjóranna varð sú, að þeir lögðu fátækraútsvar á Allenou að upphæð 3 vættir og 20 fiskar (3¹/₂ vætt). Þeir tilkynntu umboðsmanni Allenous í Grundarfirði, Þorbirni Helgasyni borgara, um álagninguna 20. nóvember 1867 og bentu honum á, að ef hann vildi ekki borga útsvarið fyrir Allenou, yrði hann að áfrýja álagningunni til rétttra yfirvalda innan hálf mánaðar.

Þorbjörn skaut málinu til Bövings sýslumanns 21. nóvember 1867. Dró hann í efa, að Allenou bæri að greiða nokkurt tillag til fátækrafélagsins í Eyrarsveit af eignum sínum í Grundarfirði, þ.e. lóð og húsi, enda hefði hann engan arð eða ágóða af þeim. Úrskurður sýslumanns var á þá leið, að hreppstjórnir hefðu haft fulla heimild til að krefjast fátækraútsvars af húsi og lóð Allenous. Sýslumaður taldi, að alveg eins væri hægt að leggja útsvar á hús Allenous eins og á verslanir. Þó að Allenou hefði engar tekjur beinlínis af húsi sínu, hefði hann samt gagn af því sem geymsluhúsi, og gagn þetta hlyti að samsvara arði af því.³⁷

Þrátt fyrir þennan úrskurð sýslumanns tregðaðist Þorbjörn Helgason við að greiða útsvarið. Þar kom, að hreppstjórana þraut þolinmæði, og tæpu ári eftir að þeir höfðu lagt útsvarið á, hinn 24. okt. 1868, rituðu þeir Böving sýslumanni og fóru þess á leit við hann, að hann gæfi út lögtaksúrskurð, svo að þeir gætu tekið fjárnámi ýmsa hluti í húsinu og fyrir utan það til lúkningar útsvarinu. Sýslumaður gaf út lögtaksúrskurð 29. október 1868, en þegar hreppstjórnir ætluðu að taka lögtakið, reyndist lausafé það, sem kom í leitirnar, vera að verð-

mæti um $1\frac{1}{2}$ vætt. Þess vegna fóru þeir þess á leit við sýslumann að mega taka þær tvær vættir, sem á vantaði, af saltinu, sem var geymt í húsinu, en eins og greint var frá hér að framan, var lagt löghald á það sumarið 1868 til tryggingar sektum og lestagjaldi.

Meðan þessu fór fram, kærði Þorbjörn Helgason lögtaksúrskurðinn til Bergs Thorbergs amtmanns. Að sögn Þorbjörns notaði Allenou húsið ekki til annars en „að leggja upp í það lítilfjörlegt af skemmdu salti, sem hann hefur ætlað sínum eigin skipum, ef þau kynnu að komast í neyð með salt á meðan þau dvelja hér við land, en það hefur nú ei komið til, að það áminnsta salt hafi verið brúkað af eigandans skipum, sem máske þá hefði getað orðið reiðaranum til ágóða. Að öðru leyti veit ég ekki að herra Allenou hafi nokkur not af húsi því og lóð, er hann á hér, sem geti verulega álitist að honum sé til ágóða.“³⁸

Úrskurður amtmanns var á þá leið, að þar eð afnot þau, sem S. Allenou hefði af eign sinni í Grundarfirði, virtust vera mjög lítilfjörleg, þar sem þau væru að mestu leyti fólgin í því að geyma þar nokkuð af salti og veiðarfærum, gat amtið ekki séð, að þau væru sama eðlis og verslun fastakaupmanna í verslunarhúsum þeirra. Amtið gat heldur ekki álitist, að nein önnur lagaheimild væri til að krefjast (auka)útsvars til fátækra sjóðs Eyrarsveitar af Allenou, og því úrskurðaði amtið, að hann eða umboðsmaður hans fyrir hans hönd væri ekki skyldur að greiða gjald þetta. Amtmaður tilkynnti sýslumanni þennan úrskurð með bréfi 13. jan. 1869 og fól honum að kunngjöra hann Þorbirni Helgasyni og hreppstjórunum í Eyrarsveit, og gerði sýslumaður það 25. jan. 1869.³⁹

Verslun Stefáns Daníelssonar við Frakka

Hinn 31. okt. 1864 kærði Stefán Daníelsson bóndi á Grund til sýslumanns útsvar það, sem niðurjöfnunarnefnd Eyrarsveitar hafði lagt á hann það ár, að upphæð 4 vættir. Stefán bar útsvar sitt saman við þrjá aðra gjaldendur í sveitinni, eins og lög gerðu ráð fyrir, og fór þess á leit, að útsvarið yrði lækkað um eina vætt. Sýslumaður vísaði kæru Stefáns til niðurjöfnunarnefndarinnar, en í meðförum hennar tók málið óvænta stefnu. Nefndarmenn vísuðu ekki einungis á bug röksemdum Stefáns, heldur kváðu þeir sér og fleirum kunnugt um „verslun hans við hina frönsku fiskimenn, sem koma hér á hverju sumri, sem hann ekki mundi sækja með slíku kappi ... sem hann gjörir, væri hún ... honum

ekki í hag. Miklu fremur hafa þeir, er til þekkja, fulla sannfæringu um hið gagnstæða, því menn vita til þess, að hann lætur brúka og brúkar saltað heilagfiski frá frönskum, oftast til einnar máltíðar á dag fyrir sig og fólk sitt ár út og ár inn. Þar að auki hefur hann selt í haust á fimmtu vætt af frönsku brauði, auk þess, sem hann hefur sjálfur brúkað, og nokkuð af salti og færum o.fl. Og er þetta að okkar áliti augljós vottur um hagsmuni þá, sem hann hefur af viðskiptum við hina frönsku...“⁴⁰

Stefán taldi niðurjöfnunarnefndina gera úlfalda úr mýflugu í umfjöllum hennar um hagnað hans af verslun við franska fiskimenn, enda væri henni ókunnugt um, hvernig þessu væri varið: „Það er svo langt frá, að ég hafi öðlast neinn hagnað af kaupum þessum, að ég miklu framar í tímaspilli um háslátt og í því að farga sauðkindum, sem hvorki eru komnar í hold né ull, hefi áunnið mér töluvert tap. „Heilagfiskið“ hefir um of vaxið hjá nefndinni, þar sem einungis tvö hjú mín geta notið þess annan og þriðja hvern dag rúmlega hálf tónni, og hefi ég borgað þennan hinn skemmda mat með svo mörgum hlutum úr búi mínu, svo sem: prjónlesi, smjöri, tóbaki, kaffi og sykri o.fl., að bæði það og hin ónýtu færi og eins tvær tunnur salts verði fullborgað.“ Máli sínu til stuðnings lét Stefán fylgja nokkur vottorð, m.a. frá vinnufólki sínu, þess efnis, að sumarið 1864 hefði hann látið til franskra fiskimanna samtals fimm rosknar kindur og eitt lamb.⁴¹

Niðurjöfnunarnefndinni þótti sem fyrr lítið til röksemda Stefáns koma. Til viðbótar þeim vörum, sem Stefán hafði viðurkennt að hafa selt Frökkum, kvað nefndin hann hafa selt þeim rjóma, mjólk, skyr, búkhárvettlinga, pönnukökur og jafnvel rakka. Sýslumaður kvað upp úrskurð í kærumáli Stefáns Daníelssonar 30. mars 1865. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt væri að lækka útsvar Stefáns um $\frac{1}{2}$ vætt (20 fiska), úr 4 vættum í $3\frac{1}{2}$. Daginn eftir dæmdi sýslumaður Stefán til að greiða $\frac{1}{2}$ vætt í sekt til fátækra sjóðs Eyrarsveitar vegna ólöglegrar verslunar við franska sjómenn. Jafnframt setti sýslumaður ofan í við hreppstjórana í Eyrarsveit fyrir að hafa fyrst í umsögn þeirra um útsvarskæru Stefáns kært yfir ólöglegri verslun hans við Frakka.

Benti sýslumaður hreppstjórunum á, að þeim hefði átt að vera fullkunnugt um þetta athæfi hans og þeir sem lögregluþjónar í Eyrarsveit ættu að sjá um, að lögum væri framfylgt. Það var ekki fyrr en sýslumaður hafði áminnt hreppstjórana að annar þeirra, Guðbrandur Guðbrandsson, kærði Stefán Daníelsson

formlega fyrir sýslumanni fyrir að hafa „haft talsverða verslun við „framandi þjóðir“ á fisk- og milliflutningaskipum þeim, sem hafa komið hingað á Grundarfjörð, bæði með innlendar og aðfluttar, útlendar vörusortir“.⁴²

Stefán Daníelsson svaraði bréfi sýslumanns á þá leið, að hann kvaðst fús til þess að gefa Eyrarsveit en ekki greiða þá $1/2$ vætt, sem hann hafði verið sektaður um. Stefán benti sýslumanni á, að viðskipti sín við fiskimennina, hvort sem þeir hefðu verið franskir eða aðrir, hefðu verið gerð með fullu leyfi föður síns, Jóns Daníelssonar borgara í Grundarfirði. Til stuðnings þessari fullyrðingu lét Stefán fylgja bréfi sínu svohljóðandi yfirlýsingu frá föður sínum: „Þar eð öfundarmenn Stefáns sonar míns hafa kallað hans mjög litlu (ubetydelige) viðskipti við Frakka „Höndlun,“ þá auglýsi ég hér með, að mætti nokkuð því nafni heita í aðferð hans, gjörði hann það mín vegna í krafti minna höndlunarréttugheita og borgarabréfs.“ Stefán kvað hreppstjórunum hafa bersýnilega verið fullkunnugt um, að hann nyti borgararéttinda föður síns, og væri það ástæða þess, að þeir hefðu ekki kært sig til sýslumanns fyrir ólöglega verslun, heldur haft hliðsjón af verslun sinni við Frakka, þegar þeir lögðu útsvarið á sig. Þess vegna mótmælti Stefán því harðlega að greiða sekt vegna þessa máls, enda hefði hann ekki brotið gegn þeirri lagagrein, sem sýslumaður hafði tilgreint.⁴³

Hreppstjórnarnir í Eyrarsveit reyndu að innheimta sektina hjá Stefáni um miðjan september, en hann neitaði sem fyrr að borga. Þá sneri Guðbrandur Guðbrandsson sér til sýslumanns og óskaði eftir fulltingi hans við að innheimta sektina. Þegar svar barst ekki frá sýslumanni, sneri Guðbrandur sér til Bergs Thorbergs amtmanns. Kvaðst Guðbrandur hafa skrifað sýslumanni nokkrum sinnum vegna þessa máls árangurslaust og óskaði eftir því, að amtmaður hlutaðist til um, að málið yrði leitt til lykta sem fyrst.

Amtmaður skrifaði sýslumanni 3. febrúar 1866 og óskaði eftir skýringum á máli þessu, enda var honum að öllu leyti ókunnugt um það, hverjir málavextir voru. Það eð svar barst ekki frá sýslumanni, ítrekaði amtmaður beiðni sína um skýringar 26. apríl 1866. Sýslumaður skrifaði 1. maí og kvaðst ekki hafa vitað betur en að Stefán hefði greitt fiskana 20, sbr. tilboð hans að gefa fátækra sjóðnum þá. Böving sýslumaður skaut því til úrskurðar amtmanns, hvort ekki væri ástæða til af hálfu hins opinbera að höfða opinbert mál gegn Stefáni, úr því að hann hafði ekki greitt sektina. Amtmaður fól sýslumanni að halda réttarpróf í

málinu til að fá upplýsingar um það, hvort Stefán Daníelsson hefði gerst sekur um ólöglega verslun.⁴⁴

Sýslumaður stefndi Stefáni Daníelssyni til að mæta við réttarpróf í Grundarfirði 16. júní 1866, en daginn áður skrifuðu hreppstjórnarnir í Eyrarsveit, Bjarni Brandsson og Guðbrandur Guðbrandsson, sýslumanni bréf og skýrðu honum frá því, að Stefán Daníelsson hefði undanfarna daga, þ.e. síðast í maí og í byrjun júní, stundað talsverða verslun með inn- og útlendar vörur „við hinar framandi þjóðir, sem þá um dagana lágu hér á höfninni – firðinum á um og yfir tuttugu skipum“.

Við réttarprófið, sem fór fram á manntalsþingi í Grundarfirði, kom fátt nýtt fram. Stefán Daníelsson viðurkenndi að hafa selt framandi þjóðum sykur, kaffi og tóbak og keypt af þeim brauð, en hann kvað það hafa verið mjög lítið.

Verslun sú, sem hann hefði átt við hina útlendu sjómenn frá 1864, hefði verið fyrir hönd föður síns, Jóns Daníelssonar borgara. Þá hélt Stefán því fram, að aðrir sveitarmenn hefðu einnig átt viðlíka viðskipti og hann við sjómennina með því að selja þeim kindur o.fl. Guðbrandur Guðbrandsson vissi ekki, hve mikil viðskipti Stefáns við sjómennina höfðu verið, en hann taldi, að Stefán hefði einnig verslað fyrir eigin reikning frá 1864. Jón Daníelsson borgari bar það, að Stefán sonur hans hefði frá 1864 verslað við framandi þjóðir fyrir sinn reikning (þ.e. Jóns), þannig að þeir feðgar skiptu ágóða af versluninni, en í raun og veru hefðu þessi viðskipti verið svo lítilfjörleg, að þau gætu ekki kallast verslun. Fleira kom ekki fram við réttarprófið.⁴⁵

Nokkrum dögum eftir réttarprófið, 20. júní, skrifaði Guðbrandur Guðbrandsson hreppstjóri sýslumanni og afsakaði minnisleysi sitt við prófið með veikindum. Hann skýrði frá því, að Stefán hefði nýlega látið setja í stand herbergi á Grund og verslaði þar með ýmsar inn- og útlendar vörur, sem hann hefði bæði keypt á uppboði í Stykkishólmi og fengið hjá Páli Hjaltalín verslunarstjóra þar. Þá hefði hann einnig verslað með útlendar vörur, sem hann hefði í sameiningu við Þorbjörn Helgason borgara fengið mann til að sækja á hestum suður að Búðum á því tímabili sem hin útlendu skip voru flest á Grundarfirði. Kvaðst Guðbrandur geta sannað, að Stefán hefði selt ýmsar útlendar vörur í verslunarbúð sinni. Til marks um umsvif verslunar Stefáns nefndi Guðbrandur það, að hann hefði sjálfur keypt talsvert á fjórða hundrað pund af brauði af honum. Þá gerðist það og hinn 1. júlí 1866, að Þorbjörn Helgason borgari til-

kynnti sýslumanni, að hann hefði tekið Stefán Daníelsson sem féлага og sameignarmann (associé) í verslun sína í Grundarfirði.⁴⁶

Sýslumaður sendi amtmanni réttarprófið 18. júlí og gat þess um leið, að Stefán Daníelsson hefði beðið sig munnlega um borgararéttindi. Sýslumaður óskaði eftir úrskurði amtsins um það, hvort næg ástæða væri til að halda áfram rannsókn í málinu. Amtinu virtist ekki næg ástæða til að aðhafast frekar, einkum þar sem svo litlar og ónógar upplýsingar hefðu fengist um það, hvernig kaupskap Stefáns Daníelssonar hefði verið háttáð, að ólíklega virtist unnt að sanna á hann lagabrot. Hins vegar bað amtmaður sýslumanninn að hafa framvegis gætur á, að Stefán hefði ekki um hönd verslun, nema hann öðlaðist rétt til þess á löglegan hátt. Að því er varðaði sekt þá, sem Stefán hafði verið dæmdur í til sveitarinnar, féllst amtmaður á að taka mætti á móti henni sem gjöf frá Stefáni til sveitarinnar.⁴⁷

Stefán Daníelsson var ekki einn um að koma auga á það, að hagnast mátti á verslun við frönsku sjómennina. Árið 1868 sótti Hákon Bjarnason, verslunarstjóri á Þingeyri við Dýrafjörð, um leyfi til stjórnvalda til að mega koma upp sölubúð á Sveinseyrarodda við Dýrafjörð og selja frönskum sjómönnum ýmsa hluti, sem þá vanhagaði um, einkum alls konar tóbak, kaffi, sykur, áfenga drykki, tjöru, hamp, steinkol og annað, sem þyrfti til skipanna, og vettlinga og sokka handa skipshöfnunum. Svar danska dómsmálaráðuneytisins við þessari beiðni var á þá leið, að samkvæmt lögum þeim, sem þá voru í gildi, yrði slíkt leyfi ekki veitt.⁴⁸

Hreppstjórar í Eyrarsveit biðja um vopn

Tvennum sögum fer af samskiptum Frakka og íbúa Eyrarsveitar. Dr. Jón Stefánsson, sonur Stefáns Daníelssonar, bar frönsku sjómönnum mjög vel söguna í endurminningum sínum, *Úti í heimi*. Sagði hann, að þeir hefðu yfirleitt ekki unnið spellvirki eins og sjómenn annarra þjóða. Hins vegar kvað við allt annan tón hjá hreppstjórnum í Eyrarsveit, Jóni Thorsteinsson í Krossnesi og Stefáni Daníelssyni á Grund. Í árslok 1867 skrifuðu þeir P. Böving sýslumanni og kvörtuðu undan framferði fiskimannanna. Í upphafi bréfsins sögðu hreppstjórnarnir, að það væri auðséd, að þegar sjómönnum af mörgum skipum lenti saman, þar sem 20 manns væru á hverju skipi, myndi slíkur hópur ekki

ætið steðja á land upp með friði og spekt, enda hefði sú orðið raunin, því að á undanförunum árum hefði fólk á öllum þeim bæjum, sem lægju nálægt sjó, orðið fyrir svo miklum ágangi sér til stórtjóns, að varla væri þólandi. Hreppstjórnarnir lýstu athæfi frönsku sjómanna á þessa leið:

„Þeir hafa t.a.m. atið skothundi sínum á fé og látið hann drepa og færa sér kind, og ekki svarað nema illu um, þegar eigandinn leitaði bóta. Þeir hafa yfirfallið mann einn, sem eftir beiðni þeirra hafði vísað þeim á landtöku fyrir skip, svo hann naumlega komst frá þeim með lífi og limum. Þeir hafa verið með byssuskot á sel og æðifugl, hvar sem er og gjöreytt lagnir í Kirkjufellsskeri, og þessu líkt margt fleira. Þó að danska herskipið skjótist hér snöggvast inn, geta menn ekki vænzt neinnar verndar af slíku, þó svo getur áhitzt, að hér séu þá einmitt engin fiskiskip, en fullt af þeim bæði eftir og áður.“

Hreppstjórnarnir álitu það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir þennan yfirgang fiskimanna, að þeir hefðu einhver þau einkenni til að sýna þeim vald sitt með, ef bráðustu lífsnauðsyn kynni að bera til, því að ef til vill væri það hið einasta, sem „þessi lýður“ bæri virðingu fyrir og óttaðist. Þess vegna fóru hreppstjórnarnir þess á leit við sýslumann, að hann hlutaðist til um það við amtið, að þeim yrði látinn í té fullkominn lögreglumannaskjöldur (politiskilt) og lítil sexhlaupa skammbyssu (revolver).⁴⁹

P. Böving sýslumaður skýrði Bergi Thorberg amtmanni frá erindi hreppstjórnanna með bréfi dagsettu 26. jan. 1868. Hann lét þess getið, að kvartanir þeirra vegna framferðis Frakka væru á rökum reistar. Sýslumaður lagði til, að annar hreppstjórinn, Jón Thorsteinsson í Krossnesi, sem væri sérlega virðingaverður og áreiðanlegur maður, yrði látinn fá lögregluskilti og tvær skammbyssur, svo að hann gæti bæði sýnt frönsku sjómönnum tákn um vald sitt og varið sig, ef í harðbakka slægi. Þess vegna mælti Böving sýslumaður með erindi hreppstjórnanna við amtið, þó að hann efaðist um, að það yrði tekið til greina, því að sjálfur hafði hann ekki getað fengið handjárn handa sýslumannsembættinu, sem hann hafði beið um í maí 1866.

Amtmaður vísaði málinu til dómsmálaráðuneytisins. Hann lét í ljós þá skoðun, að varhugavert væri að láta hreppstjórana fá skammbyssur á kostnað hins opinbera, því að það kynni að leiða til blóðsúthellinga. Hins vegar lagði amtmaður til, að hreppstjórunum yrðu útveguð tvö einkennismerki og að kostnaðurinn við þau yrði greiddur úr jafnaðarsjóði amtsins. Dómsmálaráðuneytið

féllst á sjónarmið amtmanns og sendi honum tvö einkennismerki handa hreppstjórunum. Bergur Thorberg amtmaður sendi sýslumanni einkennismerkin og fól honum að afhenda þau hreppstjórunum, en það hann jafnframt að tilkynna þeim, að einkennismerkin ættu að fylgja hreppstjóraembættinu og því bæri þeim að afhenda þau eftirmönnum þeirra, þegar hreppstjóraskipti yrðu.⁵⁰

Skemmdir franskra sjómanna á varpi í Melrakkaey

Sumarið 1870 kærði séra Helgi Sigurðsson, prestur á Setbergi, til Skúla Magnússonar sýslumanns skemmdir, sem franskir sjómenn höfðu unnið á varpi í Melrakkaey, en hún er í eigu Setbergskirkju. Samkvæmt kæru séra Helga höfðu nokkrir skipverjar af fiskiskipi farið út í Melrakkaey hinn 11. júlí 1870 og drepð þar tvo lunda og þrjá æðarfugla og farið síðan burt með þá og einnig tekið nokkur æðarfuglasegg. Kæru séra Helga fylgdi skýrsla Stefáns Daníelssonar hreppstjóra og tveggja annarra manna um nafn skipsins og skipstjórans. Það hét *Marie Desiré*, S.B. 28, og skipstjórinn hét Guigel.

Séra Helgi kærði einnig yfir því, að áður nefnt sumar hefðu franskir skipstjórar mörgum sinnum skotið æðarfugl á Grundarfirði. Presturinn krafðist í fyrstu 50 rd. í skaðabætur, en hækkaði upphæðina síðar í 100 rd. Sýslumaður vísaði málinu til amtmanns, eins og venja var í slíkum tilfellum, 27. nóv. 1870, og amtmaður vísaði því til umsagnar dómsmálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn 29. jan. 1871. Ráðuneytið mæltist til þess við amtmann, að hann léti halda lögregluþróf til þess að skýra málið, þar eð ráðuneytið átti ekki hægt með eftir skýrslum þeim, sem því höfðu borist um þetta atvik, að gera ráðstafanir til að útvega þeim bætur, sem höfðu orðið fyrir tjóni.⁵¹

Lögregluþróf vegna skemmdanna í Melrakkaey var haldið í Grundarfirði 22. september 1871, og var það Skúli Magnússon sýslumaður, sem annaðist það. Fyrir réttinn komu tveir synir séra Helga, Helgi Helgason, 21 árs, og Jóhannes Helgason, 14 ára. Í vitnisburði þeirra kom fram nafn og númer skipsins og að það væri frá Porteux. Hinn 11. júní 1870 fóru þeir bræður út í Melrakkaey til að sækja egg og dún, og var skipið þá skammt frá eyjunni. Þegar þeir bræður komu upp á eyjuna, sáu þeir þar þrjá menn, stýrimann og tvo háseta af *Marie Desiré*. Ekki vissu bræðurnir, hvað menn þessir hétu. Stýrimaðurinn hélt á körfu, sem í voru tvær dauðar æðarkollur og ein hálf-

dauð, sem stýrimaður sneri úr hálsliðnum í þann mund sem bræðurnir komu að honum. Í körfunni var ennfremur einn lundi dauður og eitt æðarhreiður með u.þ.b. tveimur lóðum dúns og sjö æðareggjum í. Eldri bróðirinn reyndi að koma stýrimanninum í skilning um, að athæfi hans væri ólöglegt, en hann svaraði illu einu. Fóru stýrimaður og hásetarnir um borð í bát, sem beið þeirra við eyjuna og reru út í skip sitt. Þegar Frakkarnir voru farnir, gengu þeir bræður um eyjuna og sáu þá, að í u.þ.b. 10 hreiðrum voru eggin brotin og dúnn hafði verið rifinn úr þeim. Nokkrum lundaholum hafði einnig verið rótað upp, en aðrar skemmdir sáust ekki. Ekki sáu bræðurnir skotvopn hjá Frökkunum né nein verkfæri önnur en fiskikrækju, sem annar hásetinn var með.⁵²

Amtmaður sendi danska þýðingu af réttarprófinu til dómsmálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn 26. október 1871. Ráðuneytið skrifaði utanríkisráðuneytinu og fór þess á leit, að það léti í té aðstoð sína til þess, að þeim, sem hefðu gerst sekir um áðurnefnd spellvirki í Melrakkaey, yrði hegnt fyrir. Dómsmálaráðuneytið fór þess einnig á leit, að þess yrði krafist, að þeir, sem yrðu uppvísir að þessu, yrðu hver um sig dæmdir í 5 rd. sekt samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og að auki skyldaðir til að greiða hæfilegar skaðbætur. Utanríkisráðuneytið sneri sér til franskra stjórnvalda, sem hófu rannsókn í málinu. Samkvæmt bréfi, sem franskri utanríkisráðherrann skrifaði danska sendiherranum í París, áleit franska stjórnin, að nægar skýrslur væru ekki komnar fram til þess að draga nokkurn fyrir dóm, og spurði því dönsku stjórnina, hvort hún vildi leitast við að láta skýra málið betur.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnti landshöfðingja þessa niðurstöðu og bað hann að íhuga, hvort nokkur von væri til þess, að útvegaðar yrðu nægar skýrslur um mál þetta með því að halda nýtt próf, svo að unnt yrði að fá lagasönnur fyrir því, hvort skipverjar af fyrrnefndu skipi og þá hverjir af þeim, hefðu brotið gegn íslenskum veiðilögum. Niðurstaðan varð sú, að nýtt réttarpróf var haldið í Grundarfirði 6. og 8. nóvember 1874. Var þar m.a. fjallað um fullyrðingar sjómanna þeirra, sem fyrir sökum voru hafðir og höfðu komið fram við yfirheyrslur yfir þeim í Frakklandi, að Eyrsveitungar hefðu selt Frökkum á laun æðarfugla og egg þeirra. Fátt nýtt kom fram við réttarprófið, nema að þeir, sem báru vitni, kváðu engan fót vera fyrir þeirri fullyrðingu skipstjórans á *Marie Desiré*, að honum hefði verið gefið leyfi til að skjóta æðarfugl og að bæði hann og aðrir franskir fiskimenn hefðu átt kost á að fá æðarfugla hjá Íslendingum.⁵³

Bergur Thorberg amtmaður tók í sama streng í bréfi til landshöfðingja 16. desember 1874 um leið og hann sendi honum útskrift af réttarprófinu. Benti amtmaður á, að sökum þess, hversu mörg æðarvörp væru á Breiðafirði, væri almenningi þar um slóðir ljósari en nokkurs staðar annars staðar hin mikla þýðing æðarfuglsins sem varpfugls. Vegna hinna almennu hagsmuna af æðarvarpinu væri almenningsálit þar mjög sterklega á móti sérhverju broti á friðun fuglsins, svo að hverjum sem til þekkti, hlyti að þykja mjög ólíklegt, að framburður skipstjórans gæti verið sannleikanum samkvæmur, enda hefði ekkert komið fram, sem benti til þess.

Landshöfðingi sendi hin nýju gögn í málinu til ráðgjafans fyrir Ísland (Íslandsráðherra) 29. jan. 1875, en hann kom þeim á framfæri við utanríkisráðuneytið, og hófst þá á ný málarekstur vegna skemmdanna á varpinu í Melrakkaey. En danski sendiherrann í París hafði ekkert upp úr ítrekaðri mála-leitan út af þessu við frönsk stjórnvöld, því að þau vísuðu honum jafnan á bug með kurteislegum ummælum. Í bréfi til Íslandsráðherra benti danski utanríkisráðherrann á, að sendiherra Dana í París hefði m.a. bent á, að samkvæmt skýrslum um mál þetta virtust franskir sjómenn og Íslendingar hafa haft þau samskipti hvorir við aðra, að ástæða væri til að ráða hinum íslensku stjórnvöldum til að fara varlega í slík mál. Tók danski utanríkisráðherrann undir þetta. Að gefnu tilefni áleit utanríkisráðherrann sér skylt að leggja það til, að ekki væri framvegis verið að koma með kærur út af háttalagi útlendra fiskimanna við Ísland, nema þegar svo stæði á, að svo mikið væri í málið varið í sjálfu sér, að samsvaraði nokkurn veginn hinum miklu umsvifum, sem þyrfti að hafa fyrir, eða þar sem til væru svo öflug rök við að styðjast, að öll líkindi væru til, að málið hefðist fram án mjög stórkostlegrar fyrirhafnar. Á þennan hátt lauk málarekstrinum vegna skemmdanna, sem unnar voru á varpinu í Melrakkaey sumarið 1870, án þess að bætur kæmu fyrir eða lögum yrði komið yfir þá, sem skemmdirnar unnu. Atvik á borð við það, sem var lýst hér að framan, var ekki einsdæmi. T.d. voru skipverjar á fiskiskipinu *l'Immaculée Conception* frá Dunkerque sakaðir um að hafa valdið skemmdum á eggveri í Borgarfirði eystra árið 1869. Þeir neituðu sakargiftum og sögðu það alkunnugt, að Íslendingar seldu frönskum sjómönnum æðaregg og æðarfugla fyrir skonrok, salt eða þorskhausu.⁵⁴

Heilbrigðis- og sóttvarnaráðstafanir

Ekki gat farið hjá því, að ýmsir Eyrsveitungar bæru kvíðboga fyrir því, að heilbrigði sveitarbúa væri stefnt í voða vegna samskipta þeirra við hina útlendu sjómenn. Af því tilefni skrifuðu hreppstjórnarnir Bjarni Brandsson og Guðbrandur Guðbrandsson bréf til sýslumanns 5. maí 1865. Greindu þeir honum frá því, að til Grundarfjarðar kæmu á hverju sumri mörg útlend fiski- og millilandaskip frá framandi þjóðum og ýmsum stöðum. Fólk í byggðarlaginu færi um borð í flest, ef ekki öll þessi skip, og það jafnvel með fjölskyldur sínar, án þess að hafa nokkra vissu fyrir því, að næmir sjúkdómar væru ekki á þeim stöðum, sem skipin kæmu frá, eða á skipunum sjálfum. Hreppstjórnunum bauð í grun, að slíkar ferðir um borð í skipin væru bannaðar og gætu einnig verið hættulegar heilbrigði fólks í byggðarlaginu. Þeir töldu sér skylt að vekja athygli sýslumanns á þessu og báðu jafnframt um úrskurð hans, hvort þeim bæri að láta þetta mál til sín taka. Sýslumaður var ekki þeirrar skoðunar, því að hann skrifaði eftirfarandi athugasemd í bréfadagbók Snæfellsnessýslu: „Verð-ur ekki gaumur gefinn.“⁵⁵

Af heimildum má ráða, að það var ekkert einsdæmi, að Íslendingar lögðu leið sína um borð í frönsku fiskiskipin. Haustið 1869 lagði amtmaðurinn í norður- og austuramtinu fyrir sýslumanninn í Suður-Múlasýslu að sporna við því, að fransós bærisk í land með frönskum fiskimönnum og næði að breiðast út þar. Samkvæmt fyrirmælum amtmanns bar sýslumanni að koma í veg fyrir óþarfa samgöngur milli landsmanna og útlendra fiskimanna, svo sem unnt væri, einkum með því að leggja bann við, að innlent kvenfólk færi um borð í fiskiskipin og að Íslendingar tækju við fiskimönnum í híbýli sín að viðlagðri hegningu. Ennfremur skyldu bæði konur og karlar, sem grunur léki á, að væru smituð af fransós, sæta rannsókn og lækningu. Amtmaðurinn fór þess á leit við stjórnvöld, að þau féllust á þessar ráðstafanir, og þó að þau gætu ekki álitid, að lög væru til að grípa til þessara aðgerða, væri ekkert því til fyrirstöðu, að þær stæðu óraskaðar að svo komnu, þar sem sérstakar kringumstæður ættu í hlut og enginn hefði kvartað undan þessu.⁵⁶

Um miðjan apríl 1871 komu tvö frönsk fiskiskip inn á Reykjavíkurböfn með bólusjúka menn um borð (24 að tölu að því er sagt var). Í tilefni af þessum atburði og þar eð hugsanlegt var, að önnur frönsk fiskiskip, sem stunduðu fiskveiðar hér við land, væru ef til vill með bólusjúka háseta um borð, skrifaði

settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu, Árni Ó. Thorlacius, hreppstjórnum í Staðarsveit, Neshreppum báðum og Eyrarsveit bréf hinn 19. apríl 1871, þar sem hann lagði fyrir þá að banna öllum formönnum, hásetum þeirra og öðrum hreppsþúum allar samgöngur, bæði á sjó og landi, við hin frönsku fiskiskip, sem kynnu að koma á fiskimiðin eða í land í áðurnefndum hreppum. Máttu þeir, sem kynnu að bregða út af þessu, búast við að sæta ákæru og lögsókn, ef þeir óhlýðnuðust banni þessu, enda væri það mikils um vert fyrir almenning í Snæfellsnessýslu, að sjúkdómur þessi festi ekki þar rætur.

Sýslumaður sendi hreppstjórnum í Eyrarsveit sóttvarnafána, sem þeim bar að draga á stöng jafnskjótt og frönsk fiskiskip kæmu inn á fjörðinn, til að gefa þeim vísbendingu um, að þau skyldu hafna sig á hinu venjulega hafnarpláss. Ef frönsku fiskimennirnir kæmu í land á bátum sínum, máttu hreppstjórnarnir banna þeim í yfirvaldsins nafni allt samneyti við hreppsþúa og einnig að leggja skipum sínum annars staðar á firðinum en þeir voru vanir. Hins vegar mátti ekki banna þeim að taka vatn á skip sín.⁵⁷

Hættan á því að Íslendingar smituðust af bólusótt var talin vera svo mikil, að Bergur Thorberg amtmaður fól, að undirlagi landlæknis, sýslumanni að skipa sóttvarnanefndir á þeim stöðum, þar sem líkindi voru til, að frönsk fiskiskip kynnu að koma, og þá einkum í Grundarfirði og ef til vill einnig í Ólafsvík og á Búðum. Sýslumaður skipaði sóttvarnanefndir á þessum þremur stöðum. Í sóttvarnanefnd Eyrarsveitar voru skipaðir Stefán Daníelsson borgari og Þorbjörn Helgason hreppstjóri.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum var það hlutverk sóttvarnanefndarmanna að rannsaka skip, sem komu til Grundarfjarðar og spyrja skipstjórnara „hvort nokkur persóna er hafi bólusótt eða aðra pestnæma sótt, sje um borð, og ef það reynist svo á skipið að leggjast undir sóttvarnarvarðhald, þang að til að hinn sjúki getur sóttur orðið. Þar hjá á skýrsla þar um tafarlaust að gjörast til næsta yfirvalds, sem strax á að sorga fyrir móttöku hins sjúka og þar hjá sjá svo til, að hann með tilhlýðilegri varkárni flytjist á land. Sömuleiðis á rúm það, í hverju hann legið hefir ásamt þeim af honum brúkuðu klæðum vel að gegnumreykjast.“ Þar til þessar ráðstafanir höfðu verið gerðar, máttu skipverjar ekki hafa neitt samneyti við fólk í landi. Amtmaður lagði ríka áherslu á að áðurnefnd eftirgrennslan um heilbrigðisástand um borð í skipunum yrði gerð, áður en skipverjar hefðu nokkur samskipti við landsmenn, og að af

útlendum skipum mættu frönsk og ensk skip teljast tortryggilegust, eftir þeim fréttum að dæma, sem höfðu borist um bólusóttina erlendis.⁵⁸

Sóttvarnanefnd Eyrarsveitar hafði ekki starfað lengi, þegar ágreiningur kom upp meðal nefndarmannanna tveggja. Hinn 1. maí 1871 skrifaði annar sóttvarnanefndarmaðurinn, Þorbjörn Helgason, sýslumanni bréf og skýrði honum frá því, að tveimur dögum áður hefði franskt fiskiskip hleypt inn á Grundarfjörð. Þorbjörn fyrirbauð sveitarfólki að hafa nokkurt samneyti við Frakkana. Hann dró einnig sóttvarnafánann að hún, en þrátt fyrir það komu Frakkar í land og höfðu samneyti við fólk. Þorbjörn skýrði þeim frá því, að þeim væri óheimilt að koma í land, en vísaði þeim á vatn. Þrátt fyrir þetta óðu Frakkar í land og héldu sig þétt við húsin á Grundarkampi og höfðu samneyti við hinn sóttvarnanefndarmanninn, Stefán Daníelsson, að sögn Þorbjörns. Vegna alls þessa leitaði Þorbjörn ásjár sýslumanns og bað um aðstoð hans við að afstýra ferðum Frakka í land, enda gætu þeir orðið hættulegir landi og lýð.

Stefán Daníelsson fór einnig á stúfana og skrifaði sýslumanni bréf hinn 10. maí. Stefán lét í ljós þá skoðun, að heilbrigðiseftirlit það, sem gert var ráð fyrir, að færi fram um leið og skipin kæmu, væri ekki framkvæmanlegt, nema með því móti að sóttvarnanefndin hefði í höndum eitthvert það plagg frá yfirvöldum á frönsku, sem sýndi hinum útlendu mönnum, að sóttvarnamennirnir hefðu vald til að krefjast þess að fá að rannsaka skipin. Einnig áleit Stefán nauðsynlegt, að fleiri yrðu skipaðir í sóttvarnanefndina, t.d. tveir menn í Útsveit, þar eð fiskiskipin legðust þar oft á svokallaða Kirkjufellssanda. Mælti Stefán með bræðrunum Jóni og Georg Thorsteinsson í Krossnesi til þeirra starfa. Hins vegar taldi Stefán Þorbjörn Helgason miður heppilegan til að starfa í sóttvarnanefndinni, því að hann væri oftast fjarverandi og í ýmsu tilliti ekki vel fallinn til þessa starfa. Eitthvað virðist því hafa slest upp á venskap þeirra Stefáns og Þorbjörns frá því að sá síðarnefndi tók Stefán sem félag og sameignarmann í verslun sína árið 1868 (sjá hér að framan).⁵⁹

Sýslumaður varð ekki við þeirri beiðni Stefáns að skipa bræðurna í Krossnesi í sóttvarnanefndina. Eftirliti nefndarinnar var þannig háttað sumarið 1871, að þeir Stefán og Þorbjörn létu róa með sig út í frönsku skúturnar til að kanna, hvort allt væri með felldu um borð. Alls var um að ræða níu skip, og lágu fimm þeirra úti á firðinum, en fjögur fram undan Kirkjufelli. Kostnaður við eftirlitið var samkvæmt reikningi frá þeim félögum Stefáni og Þorbirni, sem dagsettur

var 7. október 1871, 14 ríkisdalir. Amtmaður féllst á reikninginn, og var upphæðin greidd þeim félögum 12. október.⁶⁰

Samskipti Grundfirðinga og Frakka

Það lætur að líkum, að mikil samskipti voru milli Eyrsvetunga og frönsku sjómannanna, sem komu til Grundarfjarðar á sumrin, enda lágu þar um 20 skútur í einu, þegar flest var. Frönsku sjómennirnir komu í land, m.a. til þess að taka vatn, og þá tókust kynni með þeim og Grundfirðingum. Áður hefur verið greint frá því, að Grundfirðingar fóru um borð í frönsku fiskiskipin, jafnvel með fjölskyldur sínar. Dr. Jón Stefánsson, sonur Stefáns Daníelssonar, sem var fæddur og uppalinn á Grund í Eyrarsveit, hefur lýst samskiptum frönsku sjómannanna og Eyrsvetunga í endurminningum sínum, *Úti í heimi*. Í Grundarfirði voru Frakkar kallaðir *Franskur*, fleirtala *Franskir*, eða *Fransar* og jafnvel líka *Flandrarar*, en flest frönsku fiskiskipin, sem komu til Grundarfjarðar, voru frá Bretagne.

Grundfirðingar versluðu við Frakka, eins og áður hefur komið fram. Fullur poki af hveitikexi, sem hét á frönsku *bisquit de Nantes* (kex frá Nantes), fékkst fyrir fullorðna kind, en 8–10 brauðkökur fyrir eina sjóvettlinga. Það var kallað að „trúkka“, þegar Grundfirðingar voru að versla við sjómennina, og töluðu þá Íslendingar og Bretónar sín á milli svokallað Flandramál. Það var sambland af frönskum orðum með íslenskum endingum og íslenskum orðum með frönskum endingum. Orðaforðinn var ekki mikill, en þó skildu hvorir aðra, þegar þeir töluðu saman á þessu nýgervingsmáli, Íslendingar og Frakkar.

Frönsku fiskimennirnir borðuðu hráan skelfisk úr fjörunni og drukku rauðvín með. Það þóttu Eyrsvetungum nýstárlegar neysluvenjur, og kunnu þeir ekki alls kostar að meta þær. Þá grófu Frakkar einnig rætur upp úr túnnum og átu þær. Þeir slógu upp balli fyrir sveitarbúa á grundinni fyrir norðan bæinn Grund, enda voru þeir yfirleitt glaðværir og hneigðir fyrir söng og dans. Dr. Jón Stefánsson segir frá því, að skipstjórinn á einu skipinu hafi orðið ástfanginn af dóttur efn aðra hjóna í sveitinni og hafi hún strokið með honum til Bretagne og þau síðan gengið í hjónaband í Paimpol. Ekki hefur tekist að sannreyna þessa sögu.⁶¹

Í ljósi hinna miklu samskipta, sem voru með frönsku sjómönnum og íbúum Eyrarsveitar, vaknar sú spurning, hvort ekki renni franskt blóð í æðum Grund-

firðinga. Svo mun þó ekki vera, að því er næst verður komist. Hinn 8. mars 1866 ól vinnukona í Gröf, sem var ekkja, stúlkubarn, sem hlaut nafnið Elína Kristín. Í prestsþjónustubók Setbergsprestakalls segir svo um faðerni barnsins: „Móðirin ...lýsir föður annan af 2 útlendum fiskimönnum.“ Í bréfasafni Snæfellsnessýslu er hins vegar að finna nánari upplýsingar um þetta mál. Þar kemur fram, að þegar barnið var skírt 12. mars, bað móðir þess um frest til að lýsa faðerninu, en í bréfi, sem Guðbrandur Guðbrandsson hreppstjóri skrifaði séra Árna Böðvarssyni á Setbergi 14. mars fyrir hennar hönd, lýsti hún faðerninu á þessa leið: „...að annar af tveimur útlendra fiskimanna, sem hún ekki hafi komist undan á síðastliðnu vori sje valdur að faðerni barnsins.“ Af barninu er það hins vegar að segja, að það dó 17. mars, níu daga gamalt. Samkvæmt prestsþjónustubók Setbergsprestakalls fæddust ekki fleiri börn í Eyrarsveit, sem áttu franskan föður, og rennur samkvæmt því ekki franskt blóð í æðum Eyrarsveitunga.⁶²

Eftir að frönsku sjómennirnir hættu að hafa afnot af franska húsinu í Grundarfirði, en þeir lögðu síðast upp salt þar árið 1867, eins og áður hefur komið fram, höfðu þeir ekki lengur fasta bækistöð þar. En þeir héldu samt áfram að koma þangað til að taka vatn og eiga viðskipti við sveitarbúa. Fáum sögum fer hins vegar af viðdvöl þeirra í Grundarfirði á árunum upp úr 1870.

Samkvæmt tilskipun frá 12. febrúar 1872 um fiskveiðar útlendinga hér við land, sem áður hefur verið greint frá, bar að innheimta hafnartoll af útlendum fiskiskipum, sem komu til hafna hér á landi. Fyrir að skoða skjöl fiskiskips og rita á þau bar að borga yfirvaldi því, sem í hlut átti, fjóra skildinga af hverri rúmlest og að auki helming þessa gjalds, ef sá, sem ritaði á skjölin, hafði til þess löggildingu samkvæmt opnu bréfi frá 28. des. 1836. Áðurnefnd tilskipun frá 12. febrúar 1872 gekk í gildi 1. júlí sama ár, og fékk Stefán Daníelsson á Grund löggildingu amtmanns til að skoða og árita á ábyrgð sýslumanns skipsskjöl franskra fiskiskipa, sem komu til Grundarfjarðar, samkvæmt hinu opna bréfi frá 28. des. 1836. Sonur Stefáns, dr. Jón Stefánsson, segir frá því í endurminningum sínum, að hann hafi róið með föður sínum á bátnum *Buslu* út í franskar skútur, sem lágu við akkeri á firðinum, þegar hann var að heimta löggjöld af þeim. Auk þess sem Stefán innheimti löggjöldin, drakk hann með þeim vín og verslaði við þá að sögn sonarins.⁶³

Oscar Clausen rithöfundur lýsti samskiptum Stefáns Daníelssonar við Frakka á þessa leið:

„...Stefán Daníelsson [var] sá maður í Eyrarsveit, sem hafði mest samskipti við Frakka, bæði sem hreppstjóri og síðar sem löggiltur skoðunarmaður skips-skjala og eins sem privatpersóna. Má segja, að hann hafi verið lengi eins konar fyrirsvarsmáður og umboðsmáður Eyrarsveitunga gagnvart hinum útlendu fiskimönnum. Hann var handgenginn Frökkum og átti við þá margvísleg samskipti. Þeir kölluðu hann oft „Guverneur de Grundarfjord,“ og var ekki laust við að Stefáni þætti gaman að og teldi upphefð í.“⁶⁴

Frönsku herskipin, sem voru hér við land til aðstoðar frönskum fiskiskipum, höfðu einnig viðdvöl í Grundarfirði. Ekki var laust við, að skipverjar á herskipunum hefðu í frammi ýmsan ójöfnuð við Grundfirðinga. M.a. bar það til tíðinda sumarið 1888, að sjóliðar á herskipinu *Chateau Renault* gerðust sekir um óspektir í Eyrarsveit, eins og kom fram í kæruskjali, sem Stefán Daníelsson sendi sýslumanni um athæfi þeirra. Skipið hafði legið á höfninni sunnudaginn 1. júlí, og að liðnu hádegi kom mikill fjöldi fólks í land af skipinu víðsvegar um fjarðarbotninn, en af klæðnaði þess að dæma var þar enginn yfirmaður með í för. Menn þessir fóru á nokkra bæi og gerðu þar ýmsan óskunda. Á einum bæ hafði einn skipverji í frammi ofríkistilburði við kvenfólk, og á öðrum bæ tóku skipverjar ófrjálsri hendi saltfisk, sem þar lá til þerris á grjótmöl. Um kvöldið ruddust nokkrir sjóliðar inn á heimili Stefáns, þegar hann var ekki heima, og höfðu á brott með sér tvær hálfflöskur af bjór og eina brennivínsflösku, sem var í ólæstum skáp. Ennfremur kvartaði Stefán undan því við sýslumann, að óðara en hin frönsku herskip hefðu hafnað sig, væri mesti manngrúi þotinn á land með ádrátt og ólæti í ám, hvar sem væri, án þess að spyrja hið minnsta um leyfi hjá landeigendum. Samkvæmt þessu virðist það hafa verið býsna algengt, að frönsk herskip kæmu til Grundarfjarðar um þessar mundir.⁶⁵

Ekkert minnir nú lengur á frönsku sjómennina, sem höfðu bækistöð í Grundarfirði. Franska húsið stóð autt um nokkra hríð, en svo keypti Stefán Daníelsson á Grund það. Hann reif húsið og borgaði prestinum á Setbergi, séra Þorvaldi Jónssyni, með timbri úr því fyrir að kenna syni sínum, dr. Jóni Stefánssyni, undir skóla. Séra Þorvaldur notaði timbrið úr franska húsinu til að endurbæta prestssetrið á Setbergi.⁶⁶

Sagnir herma, að sjúkraskýli hafi verið í franska húsinu, og er það ekki ólíklegt, þar sem Bouriaud, sem veitti starfseminni þar forstöðu, var læknir að mennt. Sagnir herma, að einnig hafi verið sérstakur grafreitir í nánd við

franska húsið og að þar hafi verið greftraðir rúmlega 30 franskir sjómenn. Þegar Frakkar fluttu bækistöð sína frá Grundarfirði, grófu þeir beinin upp og fluttu þau til Bretagne, þar sem þau voru grafin í sérstökum grafreit. Engar skjalfestar heimildir eru til um þetta.

Umsvif Frakka í Grundarfirði voru fyrst og fremst fólgin í því, að frönsku fiskiskúturnar lögðu upp salt og veiðarfæri í franska húsið á vorin. Þegar leið á sumarið, komu skúturnar inn á Grundarfjörð til að ná í salt og veiðarfæri og einnig til að taka vatn. Fiskiskipin voru einnig hreinsuð þar og gert við þau, og voru þau þá dregin á land og lágu þar um tíma. Það voru ekki einungis skip í eigu S. Allenou í Paimpol, sem komu til Grundarfjarðar, heldur einnig fiskiskútur frá öðrum bæjum á Bretagneska.

Það bar nokkrum sinnum við, að til Grundarfjarðar kæmu fiskiskútur, sem höfðu fengið áföll í hafi. Þannig kom þangað í júní 1858 skútan *Abondance*, sem hafði laskast svo mjög í óveðri, að ekki þótti svara kostnaði að gera við hana. Var skipið og búnaður þess seldur á opinberu uppboði í Grundarfirði. Vorið 1867 kom frönsk skonnorta, sem brotsjóir höfðu skolið á og brotið ofan af báðum möstrum og um leið tekið ýmislegt út af þilfarinu, þar á meðal þrjár koníaksámur og fjögur brauðföt. Einn hásetanna hafði dottið ofan úr stórseglsránni niður á þilfarið og dauðrotast. Var líkið flutt á land á Setbergi, því að frönsku prestarnir voru fyrir löngu fluttir til Reykjavíkur. Ekki var smíðuð kista utan um líkið, heldur var það saumað innan í segldúk, og svo grófu þeir frönsku það sjálfir, en fengu séra Helga Sigurðsson til að syngja yfir. Þetta sama vor fyrst frönsk skúta á grynningum út af Melrakkaey. Skipið sökk, en lengi á eftir sást á möstrin um fjöru. Áhöfnin bjargaðist í Melrakkaey og var sótt þangað. Skútan hafði steytt á blindskerjum, sem menn höfðu ekki vitað um fram að þessu, og varð þetta atvik til þess, að nokkuð dró úr komum franskra fiskiskipa um skeið til Grundarfjarðar, eins og áður hefur komið fram.⁶⁷

Franskir prestar í Grundarfirði

Veturinn 1859–60 höfðu tveir franskir prestar, þ.e. kaþólskir trúboðar, aðsetur í franska húsinu í Grundarfirði. Prestar þessir voru á vegum hins *Postullega umdæmis norðurheimskautsins*. Yfirmaður þess eða prefekt var rússneskur aðalsmaður, sem hafði tekið kaþólska trú, og hét hann Etienne Djunkovski. Hann

hefur orðið kunnur í *Dægradvöl* Benedikts Gröndals undir nafninu Djúnki. Tilgangurinn með starfsemi hins Postullega umdæmis norðurheimskautsins var að boða íbúum norðurhjarans kaþólska trú.

Tildrög þess, að prestar þessir, séra Bernhard og séra Baudoin eða Baldvin, eins og hann var kallaður á íslensku, settust að í Grundarfirði, voru þau, að þeir höfðu reynt árangurslaust að fá leyfi yfirvalda til að reisa hús á Seyðisfirði, og átti það að vera líknarheimili fyrir franska sjómenn. Þar hugðust þeir láta þá njóta líkamlegrar og andlegrar aðhlyningar og útdeila sakramentinu eftir helgisiðum kaþólsku kirkjunnar. Þegar leyfi fyrir húsbyggingunni fékkst loksins sumarið 1859, var Bernhard orðinn fráhverfur því að setjast að á Seyðisfirði til langframa. Í millitíðinni hafði það gerst, að Sylvain Allenu, útgerðarmaður í Paimpol, bauð þeim félögum afnot af húsi því, sem hann hafði látið reisa í Grundarfirði þá um sumarið.⁶⁸

Séra Bernhard kom til Grundarfjarðar 5. ágúst 1859, og sama dag sigldi inn á Grundarfjörð fiskiskútan *Clementine*, sem hafði innanborðs farangur hans og séra Baldvins. Ferðalag séra Baldvins varð hins vegar allsögulegt. Þegar þetta gerðist var séra Baldvin 28 ára að aldri. Hann hét fullu nafni Jean-Baptiste Baudoin og var frá Nouzon í Ardennafjöllum. Hann lagði upp frá Seyðisfirði í byrjun september 1859 áleiðis til Grundarfjarðar. Í fylgd með honum var Eiríkur Jónsson frá Seyðisfirði, 27 ára að aldri. Í Vopnafirði réð séra Baldvin fylgdarmann fyrir borgun, og var það Þorgrímur Laxdal frá Sunnudal í Vopnafirði, 25 ára að aldri.

Á Akureyri bættist í hópin Stefán Daníelsson frá Grundarfirði. Þannig stóð á ferðum Stefáns, að hann hafði hleypt heimdraganum vorið 1858 og haldið til Akureyrar, dvalið þar nokkurn tíma og unnið við bókband. Síðan hélt Stefán til Noregs og var þar hálf ár. Þaðan fór hann til Kaupmannahafnar, en þegar þangað kom, var hann orðinn uppiskroppa með peninga og greip þá til þess ráðs að fara að betla á götum borgarinnar sér til lífsviðurværis. Hann var handtekinn fljótlega og dæmdur til 14 daga hegningarvinnu fyrir betl. Við yfirheyrslur gaf Stefán rangar upplýsingar um sjálfan sig. Hann var með vegabréf frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, og því sagðist hann vera fæddur í þeirri sýslu og að faðir sinn hét Daníel Jónsson, en eins og áður hefur komið fram, hét hann Jón Daníelsson. Tilgangur Stefáns með þessum ranga framburði var að komast hjá því að verða sendur til heimkynna sinna í Grundarfirði.⁶⁹

Þegar Stefán hafði aflánað refsingu sína, var hann sendur til Akureyrar til

sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, en þá kom hið sanna í ljós. Sýslumaður gerði þegar í stað ráðstafanir til að senda Stefán til áttþaga hans. M.a. keypti hann hest handa honum fyrir 7 spesíur og hnakk fyrir 6 rd., en sýslumaður hafði heyrt, að faðir Stefáns væri velmegandi maður. Svo vildi til, að séra Baldvin og fylgdarmenn hans komu til Akureyrar, meðan Stefán var þar, og fól sýslumaður Þorgrími Laxdal að sjá til þess, að Stefán kæmist í hendur sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.

Þeir félagar lögðu af stað frá Akureyri 15. september. Í fyrstu bar ekkert til tíðinda á ferðalaginu, en þegar þeir voru komnir á Haukadalsskarð, hafði Stefán Daníelsson orð á því við Eirík Jónsson, að hann hefði týnt buxum, sem hann hefði geymt undir frakkabarmi sínum og yrði hann að fara að leita að þeim. Hvarf hann þeim síðan sjónum, og sáu þeir hann ekki eftir það. Hinir fengu sér hins vegar að borða, og skoðaði séra Baldvin þá í koffort sín og saknaði þá peninga sinna, sem voru allir farnir úr pyngjunni, svo að ekkert var eftir nema pyngjan eintóm, en þegar séra Baldvin lagði upp frá Seyðisfirði, voru í henni u.þ.b. 850 frankar í gullpeningum.

Þeir félagar svipuðust um eftir Stefáni en án árangurs. Þeir héldu því áfram ferð sinni til Grundarfjarðar með hest Stefáns og hnakk. Þegar þeir komu til Stykkishólms 22. september, kærði séra Baldvin peningahvarfið, og kvað hann líklegt, að Stefán Daníelsson myndi vera valdur að því. Sýslumaður tók skýrslu af séra Baldvini og ferðafélögum hans, Eiríki Jónssyni og Þorgrími Laxdal. Þegar séra Baldvin kom til Grundarfjarðar 24. september og tók farangur sinn upp úr kofforti sínu, fann hann hér og hvar á botninum 700 franka, þannig að honum taldist til, að það vantaði 160–170 franka. Taldi hann, að þeim hlyti að hafa verið stolið. Sýslumaður rannsakaði mál þetta ekki frekar og yfirheyrði t.d. ekki Stefán Daníelsson, þegar hann skilaði sér fótgangandi heim til sín seint og um síðir. Féll mál þetta svo niður í bili.⁷⁰

Af séra Bernhard, félagi séra Baldvins, sem hét fullu nafni Bernhard Bernhard og var franskur að þjóðerni, fæddur árið 1821, er það að segja, að hann hélt frá Bordeaux 19. júlí 1859 með fiskiskipinu *Clementine* í eigu Allenous útgerðarmanns. Skipið kom til Reykjavíkur 1. ágúst, og framvísaði Lacroix skipstjóri þar skipsskjölum og heilbrigðisvottorði við yfirvöld. Séra Bernhard steig af skipsfjöln í Reykjavík og hitti að máli franska ræðismanninn í bænum, Randrup lyfsala, og fól honum að kaupa tiltekna jörð og hús í bænum, því að

séra Bernhard var enn ekki orðinn fullgildur borgari og mátti því ekki kaupa sjálfur fasteign í landinu. Jafnskjótt og Randrup lyfsali hafði fest kaup á jörðinni, átti hann að láta séra Bernhard vita. Dvöl þeirra Bernhards og Baldvins í Grundarfirði var eingöngu hugsuð til bráðabirgða, því að ætlun þeirra var að setjast að í Reykjavík til frambúðar og stunda þar trúboð, enda lá það í augum uppi, að mun vænlegra og árangursríkara var að stunda trúboð í þéttbýlinu þar en í strjálbýlinu. Því má segja, að þeir Bernhard og Baldvin hafi tjaldað til einnar nætur í Grundarfirði.⁷¹

Séra Bernhard hélt ríðandi til Grundarfjarðar og kom þangað 5. ágúst, eins og áður sagði, sama dag og *Clementine* sigldi inn á Grundarfjörð með farteski hans innanborðs. Eins og greint er frá hér að framan, lenti í nokkru stappi milli L. Bouriaud og Árna Thorsteinsson sýslumanns út af farmi skipsins, en málið var leyst til bráðabirgða þannig, að Bouriaud var heimilað að skipa á land farmi skipsins að undanskildum rúmlega 26 smálestum af salti. Farmurinn, sem um var deilt, var bæði á vegum Bouriaud og prestanna tveggja. Þar var um að ræða, samkvæmt farmskýrslu, sem var dagsett í Bordeaux 19. júlí 1859, eina tjörutunnu, 6 smjörkvartil, poka af baunum, 12 flöskur af ólífuolíu, 500 kg af skonroki (bisquit), 10 kassa sem í voru nærfatnaður, rúmföt, eldhúshöld, borðbúnaður, mataráhöld, franskar bækur, pappír, óskilgreind matvæli og tómar flöskur, 12 kassa með húsgögnum, ofn með tilheyrandi rörum, tunnu af hveitimjöli og tvær tunnur af hrísgrjónum.⁷²

Séra Bernhard fluttist í franska húsið við komuna til Grundarfjarðar, og hinn 24. september kom séra Baldvin, eins og áður sagði. Þeir hófust handa um að breyta risinu í kapellu, en þar var hátt til loftis. Um þetta leyti var að alast upp í Grundarfirði unglingsstúlka, Anna Thorlacius, dóttir Jóns Daníelssonar borgara og kaupmanns á Grund. Hún átti heima steinsnar frá franska húsinu, og þar sem faðir hennar hafði mikil samskipti við frönsku prestana, kynntist hún starfi þeirra vel af eigin raun. Hún lýsir fyrstu messunni í kapellunni, sem 12–14 íbúar úr sveitinni sóttu, á þessa leið í endurminningum sínum:

„Nú fórum við inn, og stóðu þá prestarnir í forstofunni, skryðdir messuklæðum. Þeir vísuðu okkur leið að stiga. En hversu undrandi urðum við ekki, þegar við komum upp á skörina, allt uppljómað og smekklega skreytt blómum. Loftið höfðu þeir málað himinblátt og sett á það logagylltar stjörnur. Maður varð heillaður af öllu saman. Altaristaflan var María mey með barnið í

fanginu, ekki máluð, heldur úthöggvin – og af slíkri snilld, að það var eins og hún væri lifandi. Brüssel-gólfábreiða var fyrir framan altarið og náði fram á skör. Kaleikur stóð á altarinu í hvert sinn, sem messað var, því að þeir gengu ávallt til altaris sjálfir, og ofan á þetta allt bættist reykersisilmurinn ... Einkum hrifu þau mig blómin, sem þarna voru. Þau voru raunar búin til af manna-höndum, en eigi að síður vöktu þau unaðslegar tilfinningar.⁷³

Um þessar mundir var andúð á kaþólsku landlæg hér á landi, og fóru prestarnir tveir ekki varhluta af því fyrst í stað. Þannig greinir Anna Thorlacius frá því, að þegar fjölskylda hennar og fleira fólk var á leið í fyrstu messuna hjá frönsku prestunum, varð á vegi þeirra maður á hestbaki, sem spurði þau, hvert þau væru að fara. Þegar hann heyrði, að þau voru á leið til messu hjá kaþólikkunum, brást hann hinn versti við og hótaði að kæra fólkid fyrir prestinum á Setbergi. Boði þess um að koma með því til messunnar hafnaði hann á þeim forsendum, að hann vildi ekki láta steypa sér í glötun.

Anna Thorlacius nefnir annað dæmi um það, hve fólk var hrætt við prestana. Þeir voru lítt vanir húsverkum og matseld og vildu því fá stúlku, sem var í húsmennsku hjá foreldrum Önnu, til að annast húshald sitt, en stúlkan var ófáanleg til þess, þó að húsbændur hennar legðu fast að henni að gera það. Hún óttaðist, að hún kynni að fá óorð á sig af prestunum, ekki af því að þeir voru kaþólskir, heldur af því að þeir voru franskir. Kom fyrir lítið, þó að prestarnir byðu henni gott kaup, og átti hún þó að sofa á heimili Önnu á nóttunni. Síðar á ævinni iðraðist konan þess sárlega að hafa ekki ráðist til prestanna, enda hefði hún getað lært ýmislegt hjá þeim, t.d. tungumál, enda var hún nám-fús og góðum gáfum gædd að sögn Önnu.⁷⁴

Upp frá þessu messuðu frönsku prestarnir á öllum kaþólskum messum og sunnudögum. Fyrst í stað voru fáir við messu hjá þeim, en brátt fjölgaði hjá þeim, svo að kapellan var troðfull. Ekki vildu prestarnir kannast við, að það væri ætlun þeirra að snúa íbúum Eyrarsveitar til kaþólskrar trúar fremur en þeir vildu sjálfir, en tóku fram, að allir væru velkomnir. Anna Thorlacius kom oft í kirkju til kaþólsku prestanna ásamt foreldrum sínum og systkinum. Séra Baldvin flutti ávallt ræðurnar og lagði áherslu á, að mest væri um vert að breyta vel og minnast orða Jesú Krists. Á kyndilmessu brá hann út af vananum, en þá hélt hann rammkaþólska ræðu og sagði, að þeir, sem fylgdu lúterstrú, „færu beina leið niður“. Ekki féll þessi boðskapur í góðan jarðveg meðal kirkjugesta,

og lét faðir Önnu þau orð falla við prestana, að hvorki hann né neinn af sínu fólki kæmi frammar til þeirra, ef framhald yrði á slíkum ræðuhöldum. Eftir þetta deildi séra Baldvin ekki á lúterstrú í ræðum sínum, heldur lagði áherslu á, að menn breyttu sem mest eftir kenningum Krists. Þegar frá leið, fækkaði kirkjugestum mjög, og kom varla nokkur maður að hlusta á séra Baldvin.⁷⁵

Til er önnur heimild um dvöl frönsku prestanna í Grundarfirði veturinn 1859–60, en það er fréttaklausa, sem birtist í *Þjóðólfi* vorið 1860. Þar var þess getið, að prestarnir hefðu lítt leitast við að vinna aðra til að taka kaþólska trú eða að boða trúna. Að sögn blaðsins voru flestir við messu hjá prestunum á aðfangadagskvöld jóla, nálægt 30 sveitarbúar, en síðan miklu færri oftast nær, 5–10 eða þar um bil. Séra Baldvin fékk þann dóm hjá blaðinu að farast það furðu áheyrilega að flytja ræður á íslensku. *Þjóðólfi* gaf þá skýringu á kirkjusókn Eyrsvaitunga í kaþólsku kapellunni, að ekki væri um það að ræða, að nokkur hefði veikst í hinni lútersku trú, heldur hefði tvennt komið til, annars vegar forvitni og nýjungagirni einstakra manna, en klerkarnir sjálfir verið vinsælir af sveitarbúum. Hins vegar hefði þá um veturinn komið upp talsverður ágreiningur milli nokkurra sóknarmanna og sóknarprestisins, séra Jóns Benediktssonar. Taldi blaðið það skýra að einhverju leyti, að Eyrsvaitungar sóttu í kirkju hjá prestunum.

Eftir því sem íbúar Eyrarsveitar kynntust prestunum betur, hvarf þeim allur ótti við þá. Þeir urðu vel látnir af öllum, sem kynntust þeim eða skiptu við þá sakir dagfars þeirra, góðvilja, gestrisni og hjálpsemi, einkum við sjúka, en þeir veittu öllum, sem eftir því leituðu, ókeyypis læknishjálp. Að sögn Önnu Thorlacius ímynduðu menn sér, að þessar lækningar þeirra kæmu til af því, að þeir ætluðu að gera alla kaþólska. Prestarnir höfðu fleira fyrir stafni en að messa og stunda lækningar. Bernhard stundaði verkamannavinnu um tveggja mánaða skeið, og honum var einnig boðið að kenna frönsku í Stykkishólmi og Reykjavík. Óvíst er, hvort hann þáði þessi boð, en þetta sýnir, að traust hefur verið borið til hans.⁷⁶

Það voru einkum tveir menn í Eyrarsveit, sem frönsku prestarnir höfðu samskipti við. Það voru Jón Daníelsson borgari og kaupmaður á Grund og séra Jón Benediktsson á Setbergi. Einkum hafði sá fyrrnefndi mikil samskipti við prestana og sat löngum á tali við þá um margvísleg efni. Höfðu hvorir tveggja ánægju af. Lagðist það orð á, að Jón Daníelsson væri orðinn kaþólskur, svo

paulsætinn var hann hjá frönsku prestunum. Að sögn Önnu Thorlacius lét faðir hennar þessi orð falla um þá: „Þetta eru sannarlega vandaðir menn, og svo er gaman að fræðast af þeim.“ Þá var séra Jón Benediktsson tíður gestur á heimili prestanna, og hafði hver yndi af öðrum.

Þeir séra Bernhard og séra Baldvin voru allólíkir í hátt. Sá fyrrnefndi var fyrrmannlegur og alvörugefinn, en séra Baldvin unglingslegur í mörgu. Eitt sinn stalst Baldvin með Eiríki, Austfirðingnum, sem hafði komið með prestunum frá Seyðisfirði, út með sjó til að skjóta sendlinga, en þegar þeir komu upp á kampinn, sáu þeir séra Bernhard úti fyrir húsinu. Fleygði þá Baldvin byssunni og gekk heim, en Bernhard ávitaði hann harðlega fyrir tiltækið. Eftir þetta fór Baldvin aldrei út að skjóta sendlinga. Hann hefur sennilega verið vanur að skjóta fugla á heimaslóðum sínum í Ardennafjöllum.⁷⁷

Til marks um þá viðhorfsbreytingu, sem varð í garð frönsku prestanna, má geta þess, að séra Bernhard var boðið til veislu, sem skólasveinar í Reykjavík héldu á afmælisdegi Friðriks 7. konungs 6. október 1859 til heiðurs konungi. Til hennar var boðið helsta fyrirfólki landsins, og þar var séra Bernhard sessnautur lúterska biskupsins. Þetta þótti Djunkovski góð tíðindi, og taldi hann þetta til marks um það, að starf kaþólsku prestanna myndi bera góðan árangur.

Breytt viðhorf í garð prestanna kom einnig fram í skrifum *Þjóðólfs* um þá. Sumarið 1858 fór blaðið hörðum og óvirðulegum orðum um trúboð séra Bernhards á Seyðisfirði, en haustið 1859, þegar blaðið sagði frá því, að prestarnir hefðu sest að í Grundarfirði, var komið annað hljóð í strokkinn. Þá sagði blaðið frá á hlutlausan hátt og forðaðist að kveða upp nokkra dóma. Þegar *Þjóðólfur* greindi frá því vorið 1860, að prestarnir væru í þann veginn að setjast að í Reykjavík, fór blaðið mjög lofsamlegum orðum um þá og átti vart nógu sterk orð til að lýsa því, hve miklir ágætismenn þeir væru.

Eins og áður segir, var dvöl frönsku prestanna í Grundarfirði aðeins til bráðabirgða. Þegar í október 1859 festi Randrup ræðismaður kaup á jörðinni Landakoti í Reykjavík. Vorið 1860 fóru prestarnir að hugsa sér til hreyfings, og hinn 14. maí 1860 kom séra Bernhard alkominntil Reykjavíkur og settist að í Landakoti, en að sögn *Þjóðólfs* hafði séra Baldvin í hyggju að dveljast áfram í Grundarfirði, a.m.k. sumarlangt. Þannig lauk vetursetu frönsku prestanna í Grundarfirði.⁷⁸

Ekki var þó sagan af frönsku prestunum í Grundarfirði öll, þó að þeir væru

farnir þaðan. Tæpu ári eftir að þeir voru alfarnir frá Grundarfirði, nánar tiltekið í apríl 1861, ritaði Stefán Daníelsson Árna Thorsteinsson sýslumanni bréf, þar sem hann gerði að umtalsefni peningahvarfið, sem séra Baldvin taldi sig hafa orðið fyrir, þegar Stefán varð honum samferða frá Akureyri haustið 1859, og presturinn kenndi honum um. Eins og áður sagði, var málið látið niður falla, þegar séra Baldvin fann peningana í tösku sinni við komuna til Grundarfjarðar. Stefán taldi, að brýnt væri að leiða það til lykta: „Þar eð nú mér saklausum þykir þetta illa farið, og því ekki viðunandi fyrir mig, þá ætla ég að beiðast þess, að þeim prófum, er byrjuð voru, verði framhaldið, og sökin leidd til lykta, þannig að ég geti fengið frífinningardóm og sannað sakleysi mitt fyrir almenningsálit.“

Árni sýslumaður vísaði málinu til Páls Melsteds amtmanns, og kvað hann upp þann úrskurð, að ekki væri nein ástæða til af hálfu réttvísinnar að halda máli þessu lengra áfram en þegar væri orðið, og eins gæti ekki orðið um það að ræða, að sýknudómur (frífinningardómur) gengi í því á kostnað hins opinbera, þar sem kringumstæður þess þættu ekki gefa ástæðu til þess. Þar með var mál þetta endanlega úr sögunni.⁷⁹

Sú spurning vaknar, hvers vegna Stefán Daníelsson fór á stúfana 1¹/₂ ári eftir að atburður þessi gerðist og tæpu ári eftir að prestarnir voru farnir frá Grundarfirði. Líklegasta skýringin er sú, að hann hafi talið brýna nauðsyn til að fá skorið úr því með óyggjandi hætti, að hann hefði ekki verið valdur að „peningahvarfinu“, þannig að ekki félli blettur á mannorð hans. Ljóst er, að engir peningar hurfu frá séra Baldvini, því að eftir að hann fann peningana í kistli sínum, lét hann málið niður falla, og yfirvöld voru sama sinnis. Atburður þessi hafði engin áhrif á feril Stefáns Daníelssonar, þegar fram í sótti, því að hann gerðist forustumaður í málefnum sveitar sinnar.

Tilvísanir

- ¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Snæfellsnessýsla V. Kaupmannahöfn 1931–1933, 274.
- ² Þ.Í. Snæf. IV, 2. a. Dóma- og þingbók 1714–1721, 313–14; *Annálar 1400–1800* II. Rvík 1927–1932, 687.
- ³ *Annálar 1400–1800* II, 690–92; Þ.Í. Skjalasafn amtmanns. Bréf úr Snæfellsnessýslu til amtmanns 1720–1755 I, 65. Bréf Gottorps sýslumanns til amtmanns, 13.10. 1727; Dómur Gottorps sýslumanns kveðinn upp í Grundarfirði 28.10. 1722; *Alþingisbækur Íslands* XI. 1721–1730. Rvík 1969, 598.
- ⁴ Þ.Í. Skjalasafn amtmanns. Bréf úr Snæfellsnessýslu 1720–1755 I, 65. Bréf Gottorps sýslumanns til amtmanns, 13.10. 1727; Dómur Gottorps sýslumanns kveðinn upp í Grundarfirði 28.10. 1722; Dómur um verðmæti skipsflaksins kveðinn upp í Grundarfirði 3.12. 1722.
- ⁵ *Alþingisbækur Íslands* XI, 392, 598; Þ.Í. Skjalasafn amtmanns II, 5 A, 1725–1730, 17.5. 1727.
- ⁶ Þ.Í. Skjalasafn amtmanns II, 5 A, 1725–1730, 17.5. 1727, 28.5. 1728, 28.5. 1961, 729; Skjalasafn amtmanns. Bréf úr Snæfellsnessýslu 1720–1755 I, 65. Þingsvitni tekið í Grundarfirði 28.9. 1728 um skipstrandið; *Alþingisbækur Íslands* XI, 598; *Orðbog over det danske Sprog*. Grundlagt af Verner Dahlerup. X. København 1928, 132.
- ⁷ Þ.Í. Skjalasafn amtmanns II, 5 A, 1725–1730, 28.5. 1729, 31.3. 1730; *Alþingisbækur Íslands* XI, 596–99.
- ⁸ *Alþingisbækur Íslands* XI, 596–600.
- ⁹ Þ.Í. Skjalasafn amtmanns II, 5 B, 1731–1734, 14.4. 1731, 12.3. 1732; *Alþingisbækur Íslands* XII. 1731–1740. Rvík 1971, 25–27; Bogi Benediktsson: *Sýslumannæfir* III. Rvík 1905–1908, 212.
- ¹⁰ Þ.Í. Snæf. IV, 2. c. Dóma- og þingbók 1729–1734, 173, 180.
- ¹¹ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. I. bindi. Rvík 1943, 257, 434; Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600–1939*. Rvík 1987, 26.
- ¹² Elín Pálmadóttir: *Fransí biskvi. Frönsku Íslandssjómennirnir*. Rvík 1989, 296–99; Þ.Í. Skjalasafn rentukammers. Isl. Journ. 13, nr. 1154; nr. 1227; Skjalasafn Vesturamts. VA III 86, nr. 1492.
- ¹³ *Þjóðólfur*, 17.4. og 24.4. 1858; Einar Laxness: *Íslandssaga* I. Rvík 1995, 104–05; Þ.Í. VA-J 16, nr. 1674; Snæf. II. Bréf, nr. 247, 26.4. 1858; nr. 249, 24.4. 1858.
- ¹⁴ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 249, 24.4. 1858; VA-J 16, nr. 1674.
- ¹⁵ Þ.Í. VA-J 16, nr. 1674; Snæf. II. Bréf, nr. 252, 3.5. 1858.
- ¹⁶ Þ.Í. Bréfabók Vesturamts, nr. 1135, 4.5. 1858; Snæf. III. Bréfabók, nr. 743, 14.6. 1858; Snæf. II. Bréf, nr. 292, 16.6. 1858.

- ¹⁷ Þ.Í. Einkaskjöl. E. 273; Bréfabók Vesturamts, nr. 1257, 26.6. 1858; Snæf. III. Bréfabók, nr. 765, 20.7. 1858; Snæf. XXVI, 4.d. Ýmiss skjöl. 5. Reikningar yfir sjóleiðabréf 1856–1875; Handritadeild Landsbókasafns (HLBS), Lbs. 2420, 4to.
- ¹⁸ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 765, 20.7. 1858; VA-J 12, nr. 392; *Þjóðólfur*, 4. júlí 1857.
- ¹⁹ Þ.Í. Snæf. III, nr. 818, 6.11. 1858.
- ²⁰ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I*. 1854–1863. Kaupmannahöfn 1864, 225–26.
- ²¹ *Þjóðólfur*, 11.10. 1858.
- ²² Þ.Í. VA-J 16, nr. 1674; Bréfabók Vesturamts, nr. 439, 31.5. 1859; Snæf. II. Bréf, nr. 568, 31.5. 1859; nr. 678, 29.12. 1859.
- ²³ HLBS. Lbs. 2420, 4to.
- ²⁴ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 591, 5.8. 1859; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1029, 22.10. 1859; VAJ 16, nr. 1674.
- ²⁵ Þ.Í. Bréfabók Vesturamts, nr. 640, 25.10. 1859; Snæf. II. Bréf, nr. 771, 11.4. 1860; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1163, 4.4. 1860; nr. 1187, 21.5. 1860, nr. 1188, 22.5. 1860; VA-J 16, nr. 1674; *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I*, 331–34.
- ²⁶ *Þjóðólfur*, 10.6. 1859, 7.6 1860, 30.6. 1860.
- ²⁷ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 1214, 28.6. 1860; Snæf. II. Bréf, nr. 844, 30.6. 1860; VA-J 12, nr. 1632.
- ²⁸ Þ.Í. Snæf. XXVI. Ýmiss sköl. 5. Reikningar yfir sjóleiðabréf 1856–1875; VA-J 12, nr. 1270, 25.8. 1860; Snæf. II. Bréf, nr. 892, 27.8. 1860; HLBS. Lbs. 2419, 4to.
- ²⁹ Þ.Í. Snæf. XXVI. Ýmiss skjöl. 5. Reikningar yfir sjóleiðabréf 1856–1875; Snæf. XXIII. Verzlunarskýrslur. 3. 1851–1877; Snæf. II. Bréf, nr. 1206, 27.7. 1861.
- ³⁰ Þ.Í. Snæf. VIII. 6. Uppboðsbók 1863–1873, 96; Snæf. IX. 1. Uppboðsskjöl 1842–1872, 2.11. 1867; Snæf. II. Bréf, nr. 1747, 3.3. 1868; Snæf. III. Bréfabók, nr. 471, 4.3. 1868; Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV. Rvík 1951, 132; Agnar Kl. Jónsson: *Lögfræðingatal*. Rvík 1976, 63.
- ³¹ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 471, 4.3. 1868; VA-J 16, nr. 1674.
- ³² Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 510, 14.4. 1868; Snæf. II. Bréf, nr. 1809, 1.5. 1868; Snæf. IV, 20. Dóma- og þingbók 1867–1871, 44, 48–50; Snæf. Fógetabók 1825–1889, 156–58.
- ³³ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 615, 13.7. 1868; Bréfabók Vesturamts, nr. 376, 18.9. 1868; nr. 257, 30.9. 1869; *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II*. 1864–1869. Kaupmannahöfn 1870, 611–12.
- ³⁴ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 107, 29.1. 1869; Skjalasafn Vesturamts, nr. 1432, 18.2. 1870.
- ³⁵ Þ.Í. VA-J 16, nr. 1674; Bréfabók Vesturamts, nr. 257, 30.9. 1869; nr. 429, 17.11. 1871; nr. 729, 4.4. 1872.
- ³⁶ Þ.Í. Snæf. VIII, 6. Uppboðsbók 1863–1873, 158–59; Snæf. II. Bréf, nr. 1235, 4.7. 1872; nr. 1343, 26.10. 1872; nr. 1537, 12.4. 1873; Bréfasafn Vesturamts, nr. 1046, 17.7. 1872.

- ³⁷ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 1661, 20.11. 1867; 21.11. 1867; Snæf. III. Bréfabók, nr. 336, 3.12. 1867.
- ³⁸ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 714, 29.10. 1868; Snæf. II. Bréf, nr. 66, 4.1. 1869; VA-J 16, nr. 1674.
- ³⁹ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 78, 13.1. 1869; Snæf. III. Bréfabók, nr. 819, 25.1. 1869; 820, 25.1. 1869.
- ⁴⁰ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 614, 31.10. 1864; nr. 651, 21. 11. 1864; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1424, 5.11. 1864.
- ⁴¹ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 657, 9.12. 1864.
- ⁴² Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 705, 10.1. 1865; nr. 772, 5.4. 1865; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1576, 30.3. 1865; nr. 1577, 30.3. 1865; nr. 1578, 1.4. 1865; nr. 1579, 1.4. 1865.
- ⁴³ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 798, 16.5. 1865.
- ⁴⁴ Snæf. II. Bréf, nr. 862, 15.9 og 16.9 1865; nr. 1011, 3.2. 1866; nr. 1088, 26.4. 1866; nr. 1113, 11.5. 1866; VA-J 14, nr. 1274; Snæf. III. Bréfabók, nr. 2000, 1.5. 1866.
- ⁴⁵ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 2044, 5.6. 1866; VA-J 14, nr. 1274; Snæf. IV, 19. Dóma- og þingbók 1865–1867, 54–55.
- ⁴⁶ Þ.Í. VA-J 14, nr. 1274, 20.6. 1866; 1.7. 1866.
- ⁴⁷ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 2049, 18.7. 1866; Snæf. II. Bréf, nr. 1183, 24.7. 1866.
- ⁴⁸ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* II, 588.
- ⁴⁹ Jón Stefánsson: *Úti í heimi*. Rvík 1949, 21–22; Þ.Í. VA-J 16, nr. 1674.
- ⁵⁰ Þ.Í. VA-J 15, nr. 1093; Bréfabók Vesturamts, nr. 842, 3.3. 1868; Snæf. II. Bréf, nr. 1865, 15.7. 1868; *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* II, 536–37.
- ⁵¹ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 546, 22.8. 1870; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1438, 22.11. 1870; Snæf. V, 5. Dómsskjöl 1853–1876; Bréfabók Vesturamts, nr. 702, 29.1. 1871; nr. 180, 27.7. 1871; *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870–1875. Kaupmannahöfn 1875, 188–89.
- ⁵² Þ.Í. Snæf. IV, 20. Dóma- og þingbók 1867–1871, 326–31.
- ⁵³ Þ.Í. Bréfabók Vesturamts, nr. 372, 26.10. 1871; *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III, 253–54; 618–19; Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 1741, 1.9. 1873; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1066, 17.11. 1874; nr. 1068, 18.11. 1874.
- ⁵⁴ Þ.Í. Bréfabók Vesturamts, nr. 865, 16.12. 1874; *Stjórnartíðindi* 1876, B 12, 81.
- ⁵⁴ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 783, 5.5. 1865; Snæf. I. Bréfadagbók Snæfellsnessýslu 1865, 10.5. 1865.
- ⁵⁵ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III, 1.
- ⁵⁶ Þ.Í. Snæf. III. Bréfabók, nr. 1593, 19.4. 1871.
- ⁵⁷ Þ.Í. Bréfabók Vesturamts, nr. 922, 29.4. 1871; Snæf. III. Bréfabók, nr. 1608, 30.4. 1871; nr. 1609, 1.5. 1871.
- ⁵⁸ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, nr. 730, 1.5. 1871; nr. 734, 10.5. 1871.


- ⁵⁹ Þ.Í. VA III 358, 7. og 12.10. 1871.
- ⁶⁰ Jón Stefánsson: *Úti í heimi*, 21–22.
- ⁶¹ Þ.Í. Prestsþjónustubók Setbergs 1856–1914, 37, 343; Snæf. II. Bréf, nr. 1039, 16.3. 1866.
- ⁶² *Lovsamling for Island XXI*. 1871–1874. Kjøbenhavn 1889, 178–80; Þ.Í. VA-J 16, nr. 1994, 16.7. 1872; Bréfabók Vesturamts, nr. 1047, 17.7. 1872; Jón Stefánsson: *Úti í heimi*, 21.
- ⁶³ Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi I*. Hafnarfjörður 7, 106–07.
- ⁶⁴ Þ.Í. Snæf. II. Bréf, 24.7. 1888.
- ⁶⁵ Jón Stefánsson: *Úti í heimi*, 27–28.
- ⁶⁶ Þ.Í. Snæf. VIII. 5. Uppboðsbók 1852–1863, 14.6. 1858; Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi I*, 71–72.
- ⁶⁷ Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 17. Rvík 1987, 56–76.
- ⁶⁸ Þ.Í. VA-J 12, nr. 2242. Útskrift af pólitiréttarprotocol Snæfellsnessýslu, 22. og 25.9 1859, dags. 20.4. 1861; Snæf. II. Bréf, nr. 612 (Afhörung over Fabrikarbeidere i Kjøbenhavns Fattigvæsens Tvangs- og Arbeidsanstalt paa Ladegaarden, 23.7. 1859; Kjøbenhavns Magistrats 3die Afdeling, 1.8.1859.)
- ⁶⁹ Þ.Í. VA-J 12, nr. 2242. Útskrift af pólitiréttarprotocol Snæfellsnessýslu 22. og 25.9. 1859, dags. 20.4. 1861.
- ⁷⁰ Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi*, 77.
- ⁷¹ Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi*, 77; Þ.Í. II. Bréf, nr. 591, 5.8. 1859.
- ⁷² VA-J 12, nr. 2242. Útskrift af pólitiréttarprotocol Snæfellsnessýslu 22. og 25.9. 1859, dags. 20.4. 1861; Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II*. Hafnarfjörður 8, 230.
- ⁷³ Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II*, 230, 232.
- ⁷⁴ Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II*, 231–33.
- ⁷⁵ Þjóðólfur, 26.5. 1860; Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II*, 232–33; Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi*, 81–82.
- ⁷⁶ Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi*, 82; Oscar Clausen: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II*, 233–34.
- ⁷⁷ Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi*, 82–83; Þjóðólfur, 12.6. 1858, 15.10. 1859, 26.5. 1860.
- ⁷⁸ Þ.Í. VA-J 12, nr. 2242, 18.4. 1861, 30.4. 1861; Snæf. II. Bréf, nr. 1191, 8.7. 1861.

Guðjón Elísson og Elís Guðjónsson

Fiskimið og kort

Í Álnum


Böðvarsgil
Eftir Matarfelli og Nasa.




Holusteinn
Eftir Matarfelli og Nasa. Byrjað á 80–90 fm og 3–4 bjóð lögð fram.




Hóllinn
(Á Nefjum) Hafrafell fram úr Eyrarfjalli og Mávahnúkur fast upp á Stöð. Rönd af Matarfelli fram úr Nasa (fyrir austan alla hryggi).





Gíslamið

Hornið eftir röndinni (Berserkur) undan fram af litla hrygg 60 fm. Endinn á Bekrabletti í Stöðina á Austurfall og lagt í landið.




Eftir Háf og Holusteini

Tekið til á fullu dýpi og lagt fram. Tekið er til með Háf blindan undir Eyraarfjalli og lagt fram. (Háfurinn kemur undan.) Lagt eftir Holusteini, sem er steinn austan í Stöð sem ber í vesturjaðar á Kirkjufelli. Þá eru holudyr lokaðar.



Eftir Dyrabrún

Eftir rétt opnum dyrum á Dyrabrún og eftir Djúphnúfu á Matarfelli (Búrfelli) við Nasa (Hreggnasa). Lagt fram yfir hrygginn og niður.



Árnaflaga

Austur og dýpra af Bárðargrunni. Vesturjaðar á Felli ber í þrjár hnúfur á Stöð og Strákur í fremri öxl á Bjarnarhafnarfjalli. (Fiski og lúðumið.)



Bårðargrunn

Dýpra af Hrísakletti eftir Hrísakletti í efri Hrísar og Skipsþúfu á Bjarnarhafnarfjalli undan Eyrarfjalli.



Vestan við Árnaflögu

Hrói (djúp-Hrói) blindur. Vestur undir 6 mílum. Beint fram úr Árnaflögu upp á hrygg á 70 fm. Þá er Hrói orðinn laus sunnan við Ennið.

Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits sem er þriðja heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Í ritinu er fjallað um elstu ljósmyndirnar frá Grundarfirði. Grein er um upphaf vélbátaútgæðar í Eyrarsveit. Saga Grundarréttar er rakin. Fjallað er um fræðslumál í Eyrarsveit á tuttugustu öldinni. Sagt er frá uppbyggingu Hraðfrystihúss Grundarfjarðar 1940-1950. Tekinn hefur verið saman fróðleikur um gamlar lendingar í Grundarfirði. Frásögn af mjólkurstöðinni í Grundarfirði sem rekin var 1964-1974. Grein er um holdsveikraspítalann sem starfræktur var á Hallbjarnareyri. Vinabæjarheimsókn til Pampol í Frakklandi árið 2002 er gerð skil og ítarleg grein er um veru Frakka í Grundarfirði á 18. og 19. öldinni. Að venju er birtur annáll síðastliðins árs. Síðast en ekki síst eru nokkrar greinar frá Grundfirðingum sem ólust upp í byggðarlaginu á seinni hluta 20. aldar. Í bókinni eru nokkur kort sem sýna fiskimið og lýsingar. Samhliða útgáfu á þessari bók létum við prenta mynd sem fylgir bókinni og er hún 100 x 33 cm að stærð og sýnir fjallahringinn umhverfis Grundarfjörð með örnefnum.

